**DÝRIN OKKAR**

*Hamingjusamir hundar í hundafimi*

Sérblað um gæludýr

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**HEIMA ER BEST**

*Litríkt og fallegt heimili í Hafnarfirði*

Sérblað um heimili, fjölskyldu og mat

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. febrúar 2007 — 32. tölublað — 7. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR



**Árin 33**

Ferill og list Rúríar á Sjónþingi Gerðubergs.

MENNING 36

**Allt rekið ofan í þá**

„Í umræðum síðustu mánaða um öryggi Íslands í kalda stríðinu hefur allt verið rekið ofan í þá, sem deilt hafa á stefnu íslenskra stjórnvalda á þeirri tíð," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 26



**Grátlegt tap**

Strákarnir okkar köstuðu frá sér sigrinum gegn Rússum í gær.

ÍÞRÓTTIR 46 & 48

**Ragnheiður Steinunn í Sirkusviðtalinu**




SIRKUS Í MIÐJU FRÉTTABLAÐSINS

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTA OG VINDUR** - Í dag verður vaxandi suðaustanátt 8-18 m/s, hvassast með ströndum sunnan og vestan til síðdegis. Rigning eftir hádegi um sunnan- og vestanvert landið en úrkomulítið austan til. Hiti 0-8 stig, svalast austan til.

# Bíræfið alþjóðlegt skafmiðasvindl til landsins

**European Lottery Guild sendir nú skafmiða í pósti til greiðslukortahafa. Þeir innihalda vinninga, en til að innheimta þá á móttakandi að gefa upp kortanúmer. ELG er sagt nýtt nafn á alræmdu svikafyrirtæki.**

**SVINDL** European Lottery Guild sendir þessa dagana vandaða skafmiða til landsmanna. Skafmiðarnir eru prentaðir á góðan litpappír og útskýringarnar prentaðar á glæsilegt bréfsefni. Erfitt er að geta sér til um hvaðan bréfið er sent, því það er ekki frímerki á umslaginu, heldur stimpill á ensku. Svarumslag til pósthólfs í Amsterdam fylgir með.

Skafmiðarnir innihalda háa dollaravinninga, en til að njóta þeirra þarf vinningshafi að gefa upp greiðslukortsnúmer sitt, ásamt gildistíma og öryggisnúmeri.

Af útliti og umbúðum má álykta að fyrirtækið sé traust og kann því að vera freistandi fyrir grandalaust fólk að slá til. Sé European Lottery Guild hins vegar slegið upp á leitarsíðu, kemur í ljós að það er víða ásakað um svindl og tengsl við El Gordo, fræga spænsk/nígeríska svikamyllu.

Vefsíður neytenda víða um heim vara við fyrirtækinu sem mun hafa farið á hausinn 1996, en þá voru höfuðstöðvar þess í Kanada. Nú þykir líklegt að það starfi í Hollandi eða Bretlandi, en í þeim löndum mun vera frjálslegt lagaumhverfi fyrir happdrættisstarfsemi hvers konar.

Bergþóra K. Ketilsdóttir, forstöðumaður upplýsingatækni hjá Kreditkortum hf., segir að Kreditkort hafi nýverið fengið ábendingu um skafmiðana frá korthafa. Enn sé ekki vitað til að nokkur hafi fallið í gildruna. „En reynslan sýnir að þegar einn eða tveir fá svona sendingu, þá fá hana fleiri. Í fyrra kom til dæmis tilboð þar sem fók var beðið að skrá sig á ráðstefnu og gefa upp kortanúmerin sín og þá voru bréfin í þúsundatali," segir Bergþóra.

„Nú til dags er fólk orðið meðvitaðara um þessi mál vegna fjölda rusltölvupósts, en þetta virðist vera sérstaklega glæsileg tilraun til svindls og því má segja að aldrei sé góð vísa of oft kveðin." **- kóþ**



**SUNGIÐ Á SJÖ TUNGUM** Þessir krakkar úr Hlíðaskóla sungu á sjö tungumálum á opnunarráðstefnu nýrrar menntaáætlunar Evrópusambandsins í Borgarleikhúsinu gær. Í ár mun Landskrifstofa Íslands úthluta styrkjum að upphæð um 220 milljónum króna til verkefna hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Menntaáætlun ESB ýtt úr vör:

## Veruleg framlög til Íslands

**MENNTAMÁL Nýrri Menntaáætlun Evrópusambandsins 2007-2013 var formlega ýtt úr vör í Borgarleikhúsinu í gær.**

**Frá árinu 1995 hafa um 8.500 einstaklingar notið styrkja í gegnum Menntaáætlun ESB. Mesta hlutfallslega aukning á þátttöku frá upphafi er í Erasmus-stúdentaskiptum til Íslands. Árið 2000 voru erlendir Erasmus-háskólastúdentar á Íslandi 142 en árið 2006 voru þeir orðnir 270.**

**Framlög til Íslands úr Menntaáætlununum á tímabilinu 1995-2006 voru um tveir milljarðar króna. Mesta aukningin var á framlögum í gegnum samkeppnissjóði um tilraunaverkefni á sviði starfsmenntunar. Ísland var með eitt hæsta árangurshlutfall þátttökulanda í þeirri áætlun.**

**Hæstu framlögin komu í gegnum Leonardo-starfsmenntaáætlunina eða tæplega 1,2 milljarðar króna. Fjárveiting til Menntaáætlunar ESB fyrir tímabilið 2007-2013 er áætluð um 700 milljarðar íslenskra króna. - shá**

Kári Jónasson lætur af störfum sem ritstjóri Fréttablaðsins:

## Jón Kaldal verður ritstjóri

**FRÉTTABLAÐIÐ** Kári Jónasson lætur af störfum sem ritstjóri Fréttablaðsins í næstu viku en Jón Kaldal, núverandi aðstoðarritstjóri, tekur við ritstjórastarfi við hlið Þorsteins Pálssonar. Ritstjóraskiptin voru kynnt starfsmönnum í gær og sagði Kári við tækifærið tímann á Fréttablaðinu hafa verið áhugaverðan og skemmtilegan. „Það hefur mikið gengið á í fjölmiðlaheiminum og hjá 365 frá því að ég kom til starfa hér en nú eru mál komin í fastari farveg og gott að láta af störfum við þær aðstæður," sagði Kári sem verður 67 ára í næstu viku.



JÓN KALDAL



KÁRI JÓNASSON

Kári hóf störf á Fréttablaðinu haustið 2004. Hann hafði þá verið fréttastjóri RÚV í átján ár en starfað þar um þrjátíu ára skeið.

Þar á undan vann hann á Tímanum í tíu ár með eins árs hléi 1967 til 1968 þegar hann var upplýsingafulltrúi hægri umferðar. Blaðamennskuferill Kára hófst hjá tímaritum Sambandsins í janúar 1962 og spannar því 45 ár. Kári er heiðursfélagi Blaðamannafélagsins en hann var formaður þess um þriggja ára skeið.

Jón Kaldal var ritstjóri tímaritanna Iceland Review, Atlantica og Skýja frá 1996 en kom til starfa á Fréttablaðinu í mars 2004.

Fréttablaðið þakkar Kára vel unnin störf.









## SPURNING DAGSINS



*Freyr, kanntu einhverjar sirkuskúnstir?*

**„Já, ég á spákonu.“**

Freyr Einarsson, fyrrverandi ritstjóri DV, hefur tekið við stöðu dagskrárstjóra á sjónvarpsstöðinni Sirkus en Sirkusstjórinn Árni Þór Vigfússon er hættur. Sambýliskona Freys er sjónvarpsþulan og spákonan Ellý Ármannsdóttir.

Ný og afdráttarlausari skýrsla vísindamanna Sameinuðu þjóðanna:

# Hlýnun jarðar er af mannavöldum

**PARÍS, AP** Ný skýrsla Sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem verður kynnt í París í dag eftir langa bið, dregur upp dekkri mynd af áhrifum mannsins á hlýnun jarðar en áður hefur komið fram. Er þetta fjórða skýrslan sem nefndin gefur út síðan 1990 og búist við að hún muni hafa áhrif á stefnu stjórnvalda og fyrirtækja um allan heim.

Fulltrúar frá 113 ríkjum, sem fundað hafa undanfarna daga við lokagerð skýrslunnar, þurfa að sættast á hvert einasta orð í tólf til fimmtán blaðsíðna skýrslunni en búist er við að nú hafi náðst samstaða um afdráttarlausari afstöðu gagnvart áhrifum mannsins á hlýnun andrúmsloftsins en áður hefur tekist.

Samkvæmt uppkasti og nefndarmönnum mun skýrslan segja „mjög líklegt,“ sem merkir 90 prósent vissu, að loftslagsbreytingar orsakist af eldsneytisbruna manna sem leiði þess að hitastig muni hafa hækkað um 1,5 til 5,8 gráður á Celsíus árið 2100. Hugsanlega verður orðalaginu „mjög líklegt“ breytt í „nánast öruggt“ sem merkir 99 prósent líkur.

Í skýrslunni kemur fram mat vísindamanna á ástandinu í dag og hvernig það muni þróast en ekki eru lagðar til neinar leiðir til að bregðast við hlýnun jarðar. **- sdg**



**SETIÐ Á RÖKSTÓLUM** Vísindamenn frá 113 löndum sitja í Sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Maður dæmdur í Hæstarétti:

# Eitt ár fyrir kynferðisbrot

**DÓMSMÁL Maður var dæmdur í eins árs fangelsi í Hæstarétti í gær fyrir kynferðisbrot gegn konu. Hann var ákærður fyrir að hafa reynt að hafa mök við hana gegn vilja hennar á veitingastað fyrir þremur árum.**

**Í dómnum segir að konan hafi ekki getað spornað við verknaðinum vegna ölvunar og svefndrunga.**

**Niðurstaða héraðsdóms í málinu var eins árs fangelsi og var hún staðfest af Hæstarétti í gær. Maðurinn var jafnframt dæmdur til að greiða konunni 400 þúsund krónur í miskabætur.** **- sþs**

Stjórnmálakönnun Capacent:

# Samfylking aldrei lægri

**STJÓRNMÁL Fylgi Samfylkingar hefur aldrei verið lægra á kjörtímabilinu samkvæmt nýrri skoðanakönnun Capacent. Vinstri grænir eru eini flokkurinn sem bætir við sig fylgi.**

**Innan við helmingur þjóðarinnar styður ríkisstjórnina eftir því sem fram kemur í niðurstöðum könnunarinnar, en sagt var frá þeim í fréttum Ríkissjónvarpsins í gær. Sjálfstæðisflokkur fengi 37 prósent, Framsóknarflokkur níu prósent, Samfylking 22 prósent, Vinstrihreyfingin - grænt framboð 21 prósent og Frjálslyndi flokkurinn fengi níu prósenta fylgi.** **- sþs**



**FRÍKIRKJUVEGUR 11** Tilboðin koma í ljós í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tilboðsfresti lýkur í dag:

# Margir skoða Fríkirkjuveg 11

**REYKJAVÍK** Nokkur fjöldi mun hafa skoðað húsið á Fríkirkjuvegi 11 sem Reykjavíkurborg hefur auglýst til sölu. Frestur til að skila inn tilboðum rennur út klukkan þrjú í dag.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa nokkrir hópar komið á staðinn með það í huga að skoða alvarlega kaup á húsinu. Eins og fram hefur komið verður ekki eingöngu litið til þeirrar upphæðar sem menn eru tilbúnir að greiða heldur einnig til sögu hússins og þess hlutverks sem væntanlegir kaupendur ætla húsinu í framtíðinni.

Fáist engin viðunandi tilboð að mati borgaryfirvalda verður húsið ekki selt. **- gar**

# Bifhjól lögreglunnar með eftirlitsbúnað

**Samstarfssamningur um stóraukið umferðareftirlit var undirritaður í gær. 218 milljónum er varið í aukið eftirlit umfram það sem nú er. Vonast er til að þetta verði til að snúa við þeirri þróun sem varð í umferðinni á síðasta ári.**

**SAMGÖNGUR** Vonir standa til að samstarfssamningur um sérstakt umferðareftirlit og sjálfvirkt hraðaeftirlit verði til þess að snúa við þeirri óheillaþróun sem varð í umferðinni á síðasta ári.

Þetta kom fram á fundi Ríkislögreglustjóra, Umferðarstofu og Samgönguráðuneytisins sem haldinn var í tilefni undirritunar samstarfssamningsins í húsakynnum Samtaka endurhæfðra mænuskaddaðra í gær.

Samningurinn felur í sér að á næstu tveimur árum verður samtals 218 milljónum varið í aukið umferðareftirlit umfram það hefðbundna sem verið hefur. Auk þess var undirritaður samningur um sjálfvirkt hraðaeftirlit.

Markmið þeirra áætlunar sem samningurinn er grundvallaður á er að draga úr fjölda banaslysa og alvarlegra slysa í umferðinni. Þannig að fjöldi slysa verði ekki meiri hér á landi en gerist í þeim löndum sem náð hafa bestum árangri í umferðaröryggi.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri greindi frá því að með samningnum yrði hægt að stýra markvissara umferðareftirliti um land allt en um hundrað milljónum verður varið í sérstakt umferðareftirlit til lögregluembætta á helstu þjóðvegum landsins með áherslu á þekkta slysstaði. Þá verður fjörtíu milljónum varið í kaup á átta bifhjólum til viðbótar við þau sex sem nú eru í notkun og segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, hjólin ein öflugustu tæki sem notuð séu við eftirlit í umferðinni en þau verða öll notuð á höfuborgarsvæðinu. Nýju hjólin verða búin ratsjárbúnaði og myndavélum sem gera lögreglumönnum frekar kleift að stunda eftirlit einir. Að auki verður hraðamyndavélum fjölgað, úrvinnsla sekta og tæknivinnu gerð markvissari, ratsjártækjum fjölgað um landið og ellefu öndunarsýnamælum með meðfylgjandi tölvubúnaði keypt fyrir lögregluembættin. Þá verður fræðsla til tilvonandi ökumanna aukin mikið.

„Þetta skiptir verulegu máli og er eitt af grundvallaratriðum til að auka umferðaröryggi,“ segir Sigurður Helgason, verkefnisstjóri Umferðarstofu. Hann sagði að kapp yrði lagt á að ná aftur þeim árangri sem náðist hér á landi á tíunda áratugnum en þá var Ísland með einna fæst banaslys miðað við höfðatölu í heiminum. **karen@frettabladid.is**



**SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Fulltrúar ríkislögreglustjóra, Umferðarstofu og Samgönguráðuneytis undirrituðu samstarfssamning sem ætla er að auka umferðareftirlit og draga úr banaslysum og alvarlegum umferðarslysum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**FRÁ KIRKJUTEIGI** Húsið mun hafa skemmst nokkuð

Lögreglan í Keflavík:

# Íkveikja og bílþjófnaður

**LÖGREGLUMÁL** Maður var handtekinn í Keflavík í gær, grunaður um að hafa brotist inn í íbúðarhús við Kirkjuteig og kveikt síðan í því.

Eftir íkveikjuna mun maðurinn hafa stolið bíl á bifreiðaverkstæði og keyrt á ofsahraða út í Garð. Þar höfðu lögreglumenn hendur í hári hans og að sögn Víkurfrétta var af honum bæði áfengis- og brunalykt.

Maðurinn gisti fangageymslur Keflavíkur í nótt og mun hafa neitað aðild að málinu.

Lögreglan á Suðurnesjum varðist allra frétta í gærkvöldi, en Víkurfréttir greindu frá. **- kóþ**

Áfram miðar í Byrgismálinu:

# Guðmundur í skýrslutöku

**LÖGREGLUMÁL Guðmundur Jónsson, fyrrverandi forstöðumaður Byrgisins, mætti til skýrslutöku hjá embætti sýslumannsins á Selfossi í gærmorgun. Skýrslutakan stóð frameftir degi.**



**GUÐMUNDUR JÓNSSON**

**Fjórar konur hafa lagt fram kæru á hendur Guðmundi fyrir að misnota traust þeirra meðan þær voru skjólstæðingar í Byrginu og stofna þannig til kynferðissambands við þær. Guðmundur hafði boðað að hann myndi leggja fram kæru á hendur einni þeirra fyrir nauðgun. Hann hafði ekki lagt fram þá kæru síðdegis í gær.** **-jss**


## BÍLL DAGSINS
## OPEL ZAFIRA DIESEL

Nýskr. 07.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 69 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** | **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Lítið farið eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar:

# Matur á leikskólum misjafn að gæðum

**LEIKSKÓLAR** Matseðlar margra leikskóla eru ekki í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar og hjá flestum leikskólum er upplýsingum til foreldra ábótavant. Nákvæmar upplýsingar um mataræði barna á leikskólum eru mikilvægar foreldrum svo að þeir geti haft þær til hliðsjónar þegar eldað er heima og þannig séð til þess að fæða barnsins verði ekki of einhæf.

„Á leikskólanum gefst einstakt tækifæri til að móta neysluvenjur barnanna og um leið er hægt að kenna þeim að njóta góðrar og hollrar fæðu,“ segir Anna Sigríður Ólafsdóttir, lektor í næringarfræðum við Kennaraháskóla Íslands en hún var meðal þeirra sem ritstýrðu Handbók um leikskólaeldhús á vegum Lýðheilsustöðvar sem kom út árið 2005. Samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar er lögð áhersla á að gefa ekki ungum börnum saltríkan mat, en slík fæða er samt sem áður á borðum sumra leikskólabarna, einu sinni eða oftar í viku.



**ANNA SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR**

Nánar um málið í sérblaðinu Heima er best sem fylgir Fréttablaðinu í dag. **-mhg**

## REYKJAVÍKURBROG

### Segja frávísun vera pólitíska

Svandís Svavarsdóttir, borgarráðsfulltrúi vinstri grænna, segir að úrskurður félagsmálaráðuneytis um að vísa frá kæru á samþykkt borgarstjórnar vegna sölu á Landsvirkjun vera pólitíska. „Félagsmálaráðuneytið hefur því miður valið að taka pólitíska afstöðu til kærunnar en ekki málefnalega. Það ber að harma,“ bókaði Svandís í borgarráði í gær.

## STJÓRNMÁL

### Framtíðarland fundar

Framtíðarlandið hélt spjallfund í Kornhlöðunni á bak við Lækjarbrekku í Bankastræti í gær. Fundurinn var ætlaður til óformlegra samræðna um hugsanlegt framboð Framtíðarlandsins. Að sögn fundargesta var engin ákvörðun tekin um framboð, en félagsfundur er á miðvikudag.

Fjölskyldan hjá SPRON

# Allt að 68.672 kr. endurgreiðsla á einstakling



*Vilt þú slást í hópinn og eiga kost á endurgreiðslu að ári?*

Skilvísir viðskiptavinir fjölskylduþjónustu SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2006. Endurgreiðslan nam allt að 68.672 krónum á einstakling í fjölskylduþjónustunni.

Þetta er aðeins hluti af ávinningnum af því að vera í fjölskylduþjónustu SPRON – og það besta er að þjónustan kostar ekkert.

**Endurgreiðsla ársins 2006 samanstendur af:**

- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar eða víxla
- 50% af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- 5% af öllum tryggingaiðgjöldum hjá Verði Íslandstryggingu

Skráðu fjölskylduna á **spron.is**
og þú gætir tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.

spron

**Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is**

## GENGIÐ 01.02.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,2 | 68,52 |
| Sterlingspund | 134,01 | 134,67 |
| Evra | 88,72 | 89,22 |
| Dönsk króna | 11,897 | 11,967 |
| Norsk króna | 10,914 | 10,978 |
| Sænsk króna | 9,814 | 9,872 |
| Japanskt jen | 0,5659 | 0,5693 |
| SDR | 101,95 | 102,55 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,12

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Verslunarmenn mótmæla vinnubrögðum Samkeppniseftirlitsins:

# Aðferðir minna á lögregluríki

**NEYTENDAMÁL** Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna, mótmælir því harðlega að Samkeppniseftirlitið hvetji starfsfólk fyrirtækja sem vinni við dreifingu, framleiðslu og sölu á matvöru til að tilkynna um hugsanleg brot á samkeppnislögum.

Hann segir að með því sé verið að innleiða rannsóknaraðferðir svipaðar þeim sem tíðkast í lögregluríkjum. Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að við rannsóknir samkeppnisyfirvalda verði að gæta eðlilegs meðalhófs og slíkar rannsóknir megi ekki íþyngja einstaklingum eða fyrirtækjum meira en nauðsynlegt er.

Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, tekur undir orð Andrésar í fréttatilkynningu. Hann segist telja að með þessum málflutningi sé Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, að hvetja starfsmenn í matvöruverslunum til að bregðast trúnaðarskyldu til atvinnuveitenda sinna. Eftirlit hins opinbera sé með því komið út fyrir þau mörk sem hægt er að samþykkja.

Samkeppnisyfirlitið hvatti einstaklinga og fyrirtæki til að benda á hugsanleg brot á samkeppnislögum í fyrradag. Hægt er að senda ábendingu í gegnum vefsíðu samtakanna, og þarf ekki að skrifa undir hana með nafni. - sþs



**MATVÖRUVERSLUN** Hægt hefur verið að senda nafnlausar ábendingar gegnum vef Samkeppniseftirlitsins í nokkurn tíma, en sérstaklega var minnt á það í tilkynningu í fyrradag.

Eitt og hálft ár í Hæstarétti:

# Dómur barnaníðings styttur

**DÓMSMÁL Tæplega fimmtugur maður var dæmdur í eins og hálfs árs fangelsi í Hæstarétti í gær fyrir kynferðisbrot gagnvart fimm stúlkubörnum og vörslu barnakláms.**

**Héraðsdómur hafði áður dæmt manninn í tveggja ára fangelsi en Hæstiréttur stytti dóminn um hálft ár að teknu tilliti til dómaframkvæmdar réttarins í málum sem varða hliðstæð brot.**

**Manninum var einnig gert að greiða telpunum samtals 2,6 milljónir króna í miskabætur ásamt vöxtum.** - sþs



**LANDSÞING** Listar tilbúnir fyrir 1. mars.

Frjálslyndi flokkurinn:

# Unnið að skipan framboðslista

**STJÓRNMÁL** Stefnt er að því að framboðslistar Frjálslynda flokksins vegna þingkosninganna í vor verði tilbúnir fyrir 1. mars.

Magnús Reynir Guðmundsson, framkvæmdastjóri flokksins, segir þann hátt hafðan á að kjördæmafélög geri tillögu til miðstjórnar sem svo tekur lokaákvörðun um skipan listanna. „Menn eru rétt að byrja að skoða þessi mál,“ segir Magnús Reynir sem vonast til að febrúarmánuður dugi til verksins þó stuttur sé.

Af þeim flokkum sem eiga menn á þingi eru Frjálslyndir skemmst á veg komnir við frágang lista. - bþs

### LEIÐRÉTTING

Ranghermt var á bls. 12 í Allt-blaðinu í gær að líkamsræktartímar á vegum Ljóssins og Hreyfingar væru í húsnæði Ljóssins við Hagatorg. Hið rétta er að þeir eru í Hreyfingu að Faxafeni 14 og hófust í gær undir stjórn Guðrúnar Sigurðardóttur sjúkraþjálfara. Skráning í hópana fer hins vegar fram í Ljósinu, endurhæfingar-og stuðningsmiðstöð krabbameinssjúkra, í síma 561-3770.

### LEIÐRÉTTING

Ingunn Agnes Kro, dóttir Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra, var rangnefnd í frétt á blaðsíðu 54 í blaðinu í gær. Hún var sögð heita Lilja Sólveig sem er nafn yngri dóttur ráðherra. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Þáttum forsetans hefur verið eytt

**Búið er að eyða flestum sjónvarpsþáttum Ólafs Ragnars frá áttunda áratugnum. Einnig Kastljóssþáttum Vilmundar Gylfasonar sem mörkuðu tímamót í blaðamennsku. Orökin er fyrst og fremst bágur fjárhagur Ríkisútvarpsins.**

**FJÖLMIÐLAR** Búið er að eyða flestum af sjónvarpsþáttum Ólafs Ragnars Grímssonar frá áttunda áratugnum og sömu sögu er að segja af Kastljóssþáttunum sem Vilmundur Gylfason starfaði við.

Þeir Vilmundur og Ólafur innleiddu nýjan stíl á áttunda áratugnum, sem markaði tímamót í blaðamennsku. Þérun var afnumin og viðtöl áttu helst að vera í beinni útsendingu. Áður voru viðtöl stundum tekin aftur þangað til ráðamenn voru sáttir við útkomuna. Nú var þeim engin vægð sýnd. Þátturinn Bankavaldið frá 1970 vakti til að mynda mikla athygli, en þar mætti Ólafur bankastjórum og gagnrýndi. Alls mun Ólafur Ragnar hafa gert á bilinu tuttugu til þrjátíu þætti í svipuðum dúr.

Þessu efni var eytt kerfisbundið af starfsmönnum Ríkisútvarpsins, en þeir áttu engra kosta völ, segja heimildarmenn Fréttablaðsins. Þrýstingur mun hafa komið frá fjársnauðri tæknideild RÚV um að endurnýta hin dýru myndbönd og hins vegar frá filmusafninu, sem skorti rými á meðan RÚV var enn til húsa á Laugavegi.

Heimildarmönnum ber saman um að það hafi verið framkvæmdastjóri RÚV sem skar úr um að endurnýta ætti myndböndin, en endanleg ákvörðun um hvað skyldi geymt og hvað grisjað hafi verið tekin af yfirmönnum innlendrar deildar og umsjónarmönnum þáttanna. Þannig er til í skjalasafni RÚV fyrirskipun frá Eiði Guðnasyni, þáverandi umsjónarmanni Kastljóss, um að ekki skuli geymd filma úr einum þættinum.



**ÚTÞURRKAÐ** Hér sést yfirlit þáttar frá 1975 með viðtali Vilmundar Gylfasonar við Vigdísi Finnbogadóttur, þáverandi leikhússtjóra. Rætt var „um nýtt borgarleikhús sem ráðgert er að reisa“. Þættinum var eytt. FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS



**ÚR SKJALASAFNI RÍKISÚTVARPSINS** Hér leynast mörg skjölin um „útþurrkaða“ dagskrárgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS

„Þetta snýst um peninga,“ segir Elín S. Kristinsdóttir, safnastjóri RÚV: „Á þessum árum voru böndin dýr og þegar þrengt er að fjárhagslega, þá er spurning hvað lendir undir niðurskurðarhnífnum. Grisjun er vanþakklátt starf og menn geta auðvitað verið misvitrir. Til dæmis sá það enginn fyrir að Ólafur Ragnar yrði forseti Íslands.“

Árið 2003 tóku lög um skylduskil safna gildi. Í þeim er ákvæði um að öll útsend dagskrá RÚV skuli varðveitt. Áður voru reglur um að geyma ætti efni í átján mánuði áður en þeim væri eytt. Elín segir þó að upp úr 1990 hafi litlu sem engu verið eytt. Hún bendir á að enn séu til verðmæt gögn hjá RÚV. Áherslu ætti að leggja á varðveislu þeirra, en ekki einblína á hluti úr fortíðinni sem ekki verða bættir.

Meðal efnis frá þessum árum sem finnst í spjaldskrá RÚV og því líklega á filmu, er Kastljóssþáttur frá árinu 1976 í umsjá Ómars Ragnarssonar. Þar ræddu þeir Ólafur Ragnar og Þorsteinn Pálsson, sem síðar varð forsætisráðherra, um „hugsanlega litvæðingu sjónvarps“. klemens@frettabladid.is

Samgönguráðherra á Alþingi:

# Samgöngumál ekki rædd nú

**STJÓRNMÁL** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hvetur þingmenn til að ræða ekki um samgöngumál fyrr en vegaáætlun er komin fram.



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**

Björgvin G. Sigurðsson Samfylkingunni vildi vita hvaða áform væru uppi um lagningu Suðurlandsvegar í kjölfar frétta Sjónvarpsins um að stefnt væri að því að leggja 2+1 veg í fyrstu en tvöfalda hann síðar.

Sturla sagði samgönguáætlun verða lagða fram á næstunni og bað þingmenn um að bíða rólega. Tók hann þó fram að hann væri fullfær um að ræða um hönnun vega þar sem hann væri sérstaklega menntaður í þeim efnum.

Björgvin fékk ekki svör við spurningum sínum. - bþs

Samtök atvinnulífsins:

# Gegn þungatakmörkunum

**SAMGÖNGUR** Talsmenn Samtaka atvinnulífsins telja þungatakmarkanir á flestum vegum landins hafa í för með sér að afhending vöru tefst, vöruverð er hærra en ella og alls kyns óvissa og óþægindi skapist. Þetta segir í fréttabréfi Samtaka atvinnulífsins sem kom út í gær.

Reglulega megi heyra af umkvörtunum flutningafyrirtækja vegna þessara mála. Samtökin telja mikilvægt að á þessu verði ráðin bót og taka undir hvatningu Samtaka verslunar og þjónustu um tíu ára stórátak í vegamálum. - sþs





ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 35911 01/07

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás Borgarnes - Stykkishólmur - Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FROSTAKAFLI**

Það er víða vindasamt nú með morgninum en eftir hádegi er vaxandi suðaustanátt sunnan og vestan til og í kvöld vex vindur á ný á Norðausturlandi með vætu. Á morgun verðum við með hviðukennda suðvestanátt en á sunnudagsmorgun snýst hann í norðanátt, nokkuð stífa norðan til á landinu. Við þetta frystir um allt land þegar líður á sunnudaginn. Á mánudag herðir frostið en syðra hlánar á þriðjudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Vaxandi suðaustan átt, 5-10, hvassast síðdegis. Rigning. Hiti 3-7 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C skúrir | London | 11°C skýjað | Alicante | 14°C skýjað |
| Þórshöfn | 8°C hálfskýjað | París | 10°C skýjað | Mallorca | 13°C léttskýjað |
| Osló | 2°C skýjað | Frankfurt | 9°C skúrir | Algarve | 15°C skýjað |
| Stokkhólmur | 3°C skúrir | Friedrichshafen | 2°C slydduél | Krít | 15°C skúrir |
| Gautaborg | 6°C skúrir | Berlín | 8°C skúrir | Las Palmas | 19°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Svínakjötsútsala 20-50% afsláttur



| | | |
|---|---|---|
| Svínahnakki | 966kr/kg | ~~1.487~~kr/kg |
| Svínasnitsel | 974kr/kg | ~~1.499~~kr/kg |
| Svínagúllas | 983kr/kg | ~~1.512~~kr/kg |
| Svínaskankar | 199kr/kg | ~~399~~kr/kg |
| Svínahakk | 639kr/kg | ~~799~~kr/kg |

Ferskar **svínalundir**

TILBOÐ 1.493kr/kg
Verð áður 2.298,-



35% afsláttur við kassa

Danskur **hamborgarhryggur**

TILBOÐ 1.299kr/kg
Merkt verð 1.998,-



**Svínakótilettur**

TILBOÐ 977kr/kg
Verð áður 1.629,-



Kjöt & fisktorgið

**Svínasíður** úr kjötborði

TILBOÐ 449kr/kg
Verð áður 598,-



Kjöt & fisktorgið

**Svínabógur** úr kjötborði

TILBOÐ 499kr/kg
Verð áður 690,-




**Geeta's Mango Chutney** hefur slegið í gegn í Hagkaupum. Nú kynnum við nýjung: **Geeta's Onion Chutney** - þú verður að prófa!




**Hydroxycut**
- Eitt vinsælasta brennsluefni á Íslandi síðustu ár. Eykur grunnbrennslu líkamans og minnkar matarlyst




**Froosh ávaxta smoothie**
- 100% hreinn, án allra aukaefna og sykurs




**Magnum ís**
- í miklu úrvali

Gildir til 4. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú að evran verði tekin upp hér á landi?*

| | |
|---|---|
| Já | 62% |
| Nei | 38% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú með yfirdrátt?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Botnplata tónlistarhússins:

# Steyptu þúsund rúmmetra í gær

**FRAMKVÆMDIR** „Við erum að byrja upppsteypu á húsinu fyrir alvöru og þetta er fyrsti áfanginn í því,“ segir Sigurður Ragnarsson, framkvæmdastjóri Austurhafnarverkefnis hjá ÍAV. Í gær voru steyptir eitt þúsund rúmmetrar af botnplötu tónlistar- og ráðstefnuhússins. Frá því klukkan sex um morguninn var 130 steypubílum ekið í húsgrunninn. Um einn sjötti hluti botnplötunnar var steyptur í gær. „Við verðum að steypa upp húsið næstu fjórtán til fimmtán mánuði. Allan þann tíma þurfum við að jafnaði að hella úr einum steypubíl á hverjum klukkutíma,“ segir Sigurður. - gar



Samtök atvinnulífsins:

# Samkeppnislög gegn málfrelsi

**ATVINNULÍF** Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir frumvarp um breytingar á samkeppnislögum vera gegn málfrelsi og skoðanafrelsi.

Hann segir þann þátt frumvarpsins sem snýr að starfsemi fyrirtækja sé um margt mjög sérstakur og ef það verði að lögum yrði það mjög heftandi fyrir starfsemi samtaka í atvinnulífinu. Þetta kemur fram í fréttabréfi Samtaka atvinnulífsins.

Í frumvarpinu, sem liggur fyrir á Alþingi, er gert ráð fyrir nýjum og að einhverju leyti hertum refsiheimildum. - sþs

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar:

# Samkomulag um eftirfylgni

**NEYTENDUR Viðskiptaráðherra greindi í gær frá samkomulagi sem viðskiptaráðuneytið hefur gert við Alþýðusamband Íslands, Neytendasamtökin og Neytendastofu um eftirfylgni með aðgerðum ríkisstjórnarinnar til lækkunar á matvælaverð.**

**Tollalækkanir og lækkun á virðisaukaskatti á matvöru, tekur gildi 1. mars, og eiga þær aðgerðir leiða til 14 til 16 prósenta lækkunar á matavælalið vísitölu neysluverðs. Með því er ætlunin að matvælaverð hér á landi sambærilegt við meðalverð á Norðurlöndum. „Það er mikilvægt að almenningur sé vakandi með okkur í þessu máli og fylgist með verðinu,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.** - kdk



**CARUSO** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að staðnum.

Eldsvoði á Caruso:

# Var að kveikja á pitsuofni

**LÖGREGLUMÁL** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að veitingastaðnum Caruso í fyrradag eftir að vegfarandi hafði tilkynnt um að mikinn reyk legði frá matsölustaðnum. Tveir dælubílar voru sendir á staðinn ásamt sjúkrabíl og lögreglu. Þegar þeir komu á staðinn kom hins vegar í ljós að starfsmenn Caruso höfðu einungis verið að kveikja á pitsuofni staðarins og reykurinn því eðlilegur.

Jose Garcia, eiganda Caruso, fannst málið fremur skondið. „Ég sá slökkviliðsbílinn fyrir utan og fór bara að hlæja og hugsaði með mér hvað þessir vitleysingar væru að gera þarna. Það var bara verið að kveikja á pitsuofninum og þá kemur svolítill reykur upp um strompinn.“ - þsj

## LÖGREGLAN

### Innbrot í Konukot

Brotist var inn í Konukot, athvarf heimilislausra kvenna, klukkan 16 í gær. Öryggisvörður kom á staðinn og fann brotinn glugga. Rótað hafði verið til í kotinu en engu stolið. Vörðurinn fann þá konu, sem faldi sig inni í skáp. Reyndist hún vera vistkona í Konukoti og orðin þreytt.

## UMFERÐIN

### Keyrt út af vegi

Umferðarslys varð á Vesturlandsvegi við Mógilsá um sjöleytið í gærkvöldi. Ökumaður á fertugsaldri missti stjórn á bíl sínum og slasaðist þegar hann valt út af veginum. Hann var sendur á slysadeild og í blóðprufu. Maðurinn er ekki talinn mikið slasaður.

# Vel gefnir strákar tölvufíkn að bráð

**Sálfræðingur segir að ungum piltum stafi sérstaklega hætta af nettölvuleikjum. Hann segist vita um fjölda tilfella þar sem þurft hafi aðstoð lögreglu til að losa börn úr tölvum. Ungir tölvuleikjanotendur þarfnist hjálpar í miklum mæli.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ungum drengjum stafar hætta af tölvuleikjafíkn, mikilvægt er að fleiri úrræði séu í boði fyrir þennan hóp því sjálfsvígshótanir og sjálfvígstilraunir eru mjög algengar meðal þeirra sem þjást af þessari fíkn,“ segir Eyjólfur Örn Jónsson, sálfræðingur sem mikið hefur fjallað um netfíkn.

Unglingspiltur missti stjórn á sér eftir að foreldrar hans höfðu brugðið á það ráð að segja upp netáskrift til að reyna losa hann úr tölvunni. Svo harkalega brást drengurinn við að kalla þurfti til lögreglu.

Eyjólfur segist hafa heyrt af fjölda svipaðra tilfella í starfi sínu. Nú sé svo komið að stærsti hópur þeirra sem leita sálfræðihjálpar hjá honum séu ungir menn sem misst hafa stjórn á lífi sínu vegna tölvuleikjanotkunar.

„Það er engin spurning að hægt er að tala um netfíkn. Tölvuleikjafíknin er stærsti angi hennar og orðið stórt og mikið vandamál þótt engin úrræði séu til hér á landi við henni,“ segir Eyjólfur. Hann vísar því á bug að tal um tölvuleikjafíkn sé í ætt við þá umræðu sem til dæmis hefur skapast um sjónvarpsefni og jafnvel bókalestur. Margir af þeim stóru leikjum sem eru vinsælir eru til þess gerðir að fólk ánetjist þeim. Þeir sem eru í hvað mestri áhættu eru ungir velgefnir menn sem ekki hefur gengið vel í félagslífi og leita spennu í tölvuleikjum. „Þegar spilað er á netinu skuldbindur maður sig við aðra spilara og eignast því líf þar sem maður getur stjórnað betur en því raunverulega. Það getur svo orðið til þess að áhuginn dofnar á því sem raunverulegt er,“ segir hann og bætir við að þó afleiðingar þessarar fíknar séu ekki líkamlegar fylgi henni mikil andleg stöðnun. Félagslegur þroski sé oft langt undir því sem eðlilegt er og tengsl við samfélagið slæm.

Eyjólfur segir skort á úrræðum vegna þessarar fíknar mikinn og bendir á að meðferðarstofur hafi meðal annars verið opnaðar í Bandaríkjunum og Hollandi sem taki á þessari fíkn.

Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir Barna- og unglingageðdeildar, segir að í flestum tilfellum sé tölvunotkun þeirra barna sem eru skjólstæðingar BUGL, ein og sér ekki sérstakt vandamál heldur blandist hún öðrum svo sem kvíða og þunglyndi. Erfitt sé að segja til um hvort tölvuleikirnir séu orsökin eða afleiðingin í ferlinu. karen@frettabladid.is

> „Mikilvægt er að fleiri úrræði séu boði fyrir þennan hóp því sjálfsvígshótanir og sjálfvígstilraunir eru mjög alengar meðal þeirra sem þjást af þessari fíkn.“
>
> EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON SÁLFRÆÐINGUR.



**UNGIR MENN Í ÁHÆTTU** Sálfræðingur vísar því á bug að hægt sé að bera umræðu um tölvuleikjafíkn saman við þá sem hefur átt sér stað um sjónvarpsgláp og jafnvel bókalestur.



**ÓLAFUR Ó. GUÐMUNDSSON YFIRLÆKNIR BUGL** segir erfitt að segja til um hvort tölvuleikjanotkun sé orsök eða afleiðing þeirra vandamála sem skjóstæðingar BUGL glíma við.



**EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON SÁLFRÆÐINGUR** segir úrræði skorta við tölvuleikjafíkn.



**SKÝRSLA UM SVIFRYK** Kristín Sigfúsdóttir, Hermann Tómasson formaður bæjarráðs Akureyrar, Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra.

Skýrsla um svifryksmengum:

# Fræðsla í stað boða og banna

**UMHVERFISMÁL** Tillögur starfshóps sem umhverfisráðherra skipaði til að fara yfir stöðu svifryksmengunar og möguleika til úrbóta voru gerðar opinberar á fréttamannafundi á Akureyri í gær.

Á fundinum upplýsti Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra að unnið verði gegn svifryksmenguninni með fræðslu og efnahagslegum og skipulagslegum leiðum í stað boða, banna eða strangra viðurlaga. Starfshópurinn telji til dæmis ekki raunhæft að banna nagladekk miðað við þær margbreytilegu aðstæður sem við er að glíma í vetrarakstri á Íslandi.

Tillögur starfshópsins eru m.a. þær að takmarka beri notkun nagladekkja með efnahagslegri hvatningu og kynning á ónegldum vetrardekkjum verði aukin. - ind

Persónuvernd og SWIFT:

# Of miklu miðlað vestur um haf

**BRUSSEL, AP Seðlabanki Evrópu ætti að gera meira til að hindra ólöglega áframsendingu persónuupplýsinga úr bankamillifærslukerfinu SWIFT til bandarískra yfirvalda í nafni hryðjuverkavarna. Þennan úrskurð kvað Persónuvernd Evrópusambandsins (EDPS) upp í gær.**

**Peter Hustinx, yfirmaður EDPS, sagði Seðlabanka Evrópu verða að axla ábyrgð sem aðili að eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með því að SWIFT-fyrirtækið fari að gildandi evrópskum lögum um persónuvernd. Hann sagði ekki hægt að una við þann „leynilega, lögleglega og víðtæka aðgang“ sem bandarísk yfirvöld fengju að bankaupplýsingum Evrópubúa í gegn um SWIFT.** - aa

## SLÖKKVILIÐIÐ

### Enn meira annríki

Tíðir sjúkraflutningar voru á höfuðborgarsvæðinu í gær, annan daginn í röð. Slökkviliðsmenn fóru fleiri en sextíu ferðir yfir daginn. Orsakir þessa mikla álags eru almennir sjúkraflutningar, slys, veikindi og bráðaflutningar. Allt gekk þó vel fyrir sig.

Bann við reykingum á opinberum stöðum í gildi í Frakklandi:

# 175.000 útsendarar sekta brotlega

**FRAKKLAND, AP** Bann við reykingum á opinberum stöðum tók gildi í Frakklandi í gær, en það er talið munu geta breytt ímynd landsins sem þekkt er fyrir reykfyllt kaffihús og filterlausar keðjureykingar.

Hinar 15 milljónir reykingamanna í Frakklandi eiga nú á hættu að verða sektaðir kveiki þeir í vindlingi á vinnustöðum, í skólum, flugstöðvum, sjúkrahúsum og öðrum opinberum stöðum innandyra.

Yfir 175.000 útsendarar heilbrigðisráðuneytisins hafa umboð til að sekta þá sem eru staðnir að því að hlíta ekki banninu um sem svarar 6.000 krónum og yfirmenn á vinnustöðum, sem láta slíkt brot óátalin, um sem svarar 12.000 krónum.

Eftir ár mun bannið einnig ná til veitinga- og vínveitingahúsa.



**ÚTHÝST** Skrifstofufólk í La Defense-hverfinu í París reykir úti í gær. MYND/AP

Frönsk yfirvöld hafa heitið hverjum þeim, sem hættir að reykja endurgreiðslu á útgjöldum fyrir níkótíntyggjói og öðrum slíkum hjálpartækjum upp á sem svarar 4.500 krónum á ári. - aa

www.toyota.is




## Nýr Corolla - frumsýndur 3. febrúar

Núna kynnist þú stærri Corolla en þú hefur áður þekkt. Hann er glæsilega hannaður og hefur framúrskarandi aksturseiginleika. Innanrýmið er meira en áður og þar hefur verið nostrað við hvert smáatriði til að tryggja öryggi og þægindi farþega og ökumanns. Nýr Corolla er bíllinn sem þig langar í, bíllinn sem leyfir þér að vera eins og þú vilt vera, þar sem þú nýtur þín best.

Komdu á frumsýningu á nýjum Corolla um helgina hjá umboðsmönnum Toyota um allt land.

Opið laugardag 12-16 og sunnudag 13-16.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070




Frávísunarkrafa Ragnars Aðalsteinssonar vegna þjóðlendukrafna á Norðurlandi:

# Nefndin hafnaði kröfunni

**ÞJÓÐLENDUMÁL** Óbyggðanefnd hefur hafnað frávísunarkröfu Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, sem hann setti fram fyrir hönd nokkurra skjólstæðinga sinna, á þjóðlendukröfum ríkisins á austanverðu Norðurlandi.

Í svari óbyggðanefndar kemur fram að Ragnar nefni ekki tilteknar jarðir þegar hann krefst frávísunar þjóðlendukrafna ríkisins. Þess vegna svarar nefndin bréfi Ragnars eins og hann eigi við allar þjóðlendukröfur ríkisins á austanverðu Norðurlandi.

Í bréfinu kemur fram að rökstuðningur Ragnars fyrir frávísunarkröfunni, að ríkið hefði ekki fært fram nægjanleg gögn fyrir þjóðlendukröfum sínum á svæðinu þegar það setti þær fram, samræmdist ekki þjóðlendulögunum, því rannsóknin á kröfunum hefði ekki hafist. Ef nefndin myndi vísa kröfunni frá væri hún að leggja efnislegt mat á hana án þess að það lægju fyrir nægilegar upplýsingar um réttmæti hennar. Eins kemur fram í bréfinu, og er vísað í dóm því til stuðnings, að ekkert í þjóðlendulögunum bendi til þess að óbyggðanefnd geti ekki gert kröfur í landssvæði sem jarðeigendur hafi þinglýstar eignarheimildir fyrir.



**ANDRI ÁRNASON** Hæstaréttarlögmaðurinn hefur, líkt og óbyggðanefnd, hafnað kröfu Ragnars fyrir hönd fjármálaráðuneytisins.

Tveimur varakröfum Ragnars var einnig hafnað.

Ragnar sagði í gær að hann væri ekki búinn að taka ákvörðun um hvernig hann myndi bregðast við höfnunni, hvort hann færi með málið fyrir dómstóla eða ekki. Hann ætlar að bera höfnunina undir skjólstæðinga sína. **- ifv**

# Vaxandi hætta talin á átökum við Írana

**Ásakanir bandarískra ráðamanna um að Íranar kyndi undir uppreisn í Írak og átök við bandaríska hermenn þar í landi, efld viðvera bandarískra herskipa á Persaflóa og fleira veldur spennu sem talin er auka hættu á að til átaka komi.**

**ÍRAN, AP** Tónninn í samskiptum Bandaríkjastjórnar við ráðamenn í Íran hefur harðnað til muna að undanförnu og óttast sérfræðingar að lítið megi út af bera til að til stríðsátaka komi.

Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna – sá sem hringdi í Geir H. Haarde þann 15. mars í fyrra til að tilkynna um brottför varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli, sagði í gær að bandarískir hermenn hefðu handtekið í Norður-Írak nokkra Írana sem grunaðir væru um að hafa útvegað uppreisnarmönnum úr röðum sjía-múslima í Írak háþróuð vopn og sprengiefni. Íranar halda því fram að mennirnir séu diplómatar.

George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði fyrr í vikunni að herlið Bandaríkjamanna í Írak myndi grípa til aðgerða gegn Írönum sem staðnir væru að verki í Írak. „Auki Íran við hernaðarleg afskipti sín í Írak, hermönnum okkar eða saklausum Írökum til skaða, munum við svara fyrir okkur af festu,“ sagði Bush. Hann lagði þó áherslu á að engin áform væru uppi um að ráðast inn í Íran.

Írak er orðið vettvangur fyrir átök Írana og Bandaríkjamanna. Íranar ögra tilkalli Bandaríkjamanna til hernaðarlegra yfirráða á Persaflóasvæðinu. Spennan sem þetta skapar veldur Íraksstjórn áhyggjum, en sjíinn Nouri al-Maliki forsætisráðherra treystir jafnframt á góð tengsl við ráðamenn í Teheran.



**MINNAST BYLTINGAR** Opinber hátíðarhöld hófust í Íran í gær í tilefni af átján ára afmæli klerkabyltingarinnar. Vinsælt er að hrópa vígorð gegn Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hinn 20. janúar var fjórum bandarískum hermönnum rænt og þeir drepnir í Karbala, helgri borg sjía í Mið-Írak, og fimmti hermaðurinn féll í skotbardaganum. Ónafngreindur bandarískur hermálafulltrúi greindi frá því að meðal þess sem verið væri að kanna væri hvort íranskir útsendarar hefðu annað hvort framkvæmt árásina eða staðið á bak við hana. Væru þær grunsemdir byggðar á óvenjulegum aðferðum sem beitt var, þar með talið vopnum og einkennisbúningum sem kunna að hafa verið bandarísk. Getum hefur verið leitt að því að árásin í Karbala væri hefndaraðgerð vegna handtökunnar á Írönunum fimm nokkrum dögum fyrr.

Bandaríkjaher í Írak er sagður ætla að efla til muna gæslu við landamærin að Íran, í því skyni að hindra vopnasmygl, og efld viðvera bandarískra herskipa á Persaflóa er einnig ótvíræð viðvörun til ráðamanna í Teheran.

Sameining Iðnskólans og Fjöltækniskólans undir heitinu 2t Tækniskólinn:

# Skólarnir tveir sameinist

**MENNTAMÁL** Skólayfirvöld Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands kynntu hugmynd að sameiningu skólanna tveggja á um tvö hundruð manna fundi í Iðnskólanum í gær. Hugmyndin að sameiningunni er komin frá Baldri Gíslasyni, skólameistara Iðnskólans, og Jóni B. Stefánssyni, skólameistara Fjöltækniskólans.

Ef af sameiningunni verður er ein tillagan að nafni nýja skólans, 2tTækniskólinn, segir Baldur, og bætir því við að önnur breyting á rekstrarfyrirkomulaginu sé sú að skólinn verði einkarekinn en fái áfram fjárstuðning frá ríkinu, svipað og Verslunarskóli Íslands.



**BALDUR GÍSLASON OG JÓN B. STEFÁNSSON** Skólameistarar Iðnskólans og Fjöltækniskólans voru kátir fyrir framan Iðsnkólann á Skólavörðuholti í gær eftir að hugmyndir um sameiningu skólanna tveggja höfðu verið kynntar. FRÉTTABLADID/ANTON

Baldur segir að næsta skrefið í sameiningarferlinu verði að menntamálaráðuneytið muni taka afstöðu til hugmyndarinnar. „Hversu hratt þetta ferli mun ganga fyrir sig ræðst af því hversu vel gengur að gera samkomulag við ráðuneytið um sameininguna,“ segir Baldur og bætir því við að ráðuneytið hafi tekið vel í hugmyndina. „Allar viðræður við ráðuneytið eru vel á veg komnar en það á eftir að loka samningunum.“

Hann segir að kennslan innan skólanna verði að mestu óbreytt til að byrja með af sameiningunni verður og að nýi skólinn verði áfram til húsa í skólabyggingunum tveimur, Iðnskóla Reykjavíkur á Skólavörðuholti og húsi Fjöltækniskólans, gamla Stýrimannaskólanum. **- ifv**

ÍSLENSKA SIA.IS MSA 36038 02/07

# Snemma beygist rörið




MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

## SYKURSKERT KÓKÓMJÓLK ER HELMINGI LÉTTARI

Sykurskerta Kókómjólkin inniheldur helmingi minni viðbættan sykur og fitu en hefðbundin Kókómjólk og orkuinnihaldið er fjórðungi lægra.

Yfir 80% af mjólkursykrinum hafa verið klofin og hentar drykkurinn því flestum þeim sem hafa mjólkursykursóþol.



**TUNGLSKIN** Fullt tungl í ljósaskiptunum rammað inn í dökkar útlínur götuljóss í Mexíkóborg. NORDICPHOTOS/AFP

Ráðherrar segja ljóst hver beri ábyrgð á að Wilson Muuga verði flutt af strandstað:

# Eigandinn ber alla ábyrgð

**STJÓRNMÁL** Eiganda Wilson Muuga ber skylda til að fjarlægja skipið úr Hvalsnesfjöru og bera af því allan kostnað.

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra fullyrtu það á Alþingi í gær.

Björgvin G. Sigurðsson Samfylkingunni vildi svör við spurningu um hver beri ábyrgð á að skipið verði fjarlægt auk þess sem hann lagði áherslu á að aðgerðum yrði hraðað því umhverfisslys væri yfirvofandi.

Jónína Bjartmars kvað lög segja til um að ábyrgðin væri eigandans. Honum bæri að fjarlægja skipið og það ekki seinna en sex mánuðum eftir strand. Jafnframt hvíldi siðferðisleg og samfélagsleg ábyrgð á eiganda því miklir hagsmunir væru í húfi. Þá væri þess beðið að eigandinn greiddi þann kostnað sem þegar hefur fallið til vegna strandsins.

Sturla Böðvarsson tók undir með Jónínu og sagði engan afslátt gefinn. Ábyrgðin væri eigendans. Sturla sá um leið ástæðu til að hvetja þingmenn til að leggjast ekki á sveif með útgerðarmönnum og tryggingafélögum sem vilja víkja sér undan ábyrgð.

Báðir ráðherrarnir sögðu að ef ekki vildi betur myndi ríkið sækja rétt sinn fyrir dómstólum.

- bþs



**Á STRANDSTAÐ** Eigandinn ber ábyrgð og kostnað, að mati ráðherra.

RÚV sent út um gervihnött:

# Náist á sjónum og í strjálbýlinu

**SAMGÖNGUR Ríkisútvarpið verður sent út um gervihnött í læstri dagskrá, til þess að sjómenn og fólk á strjálbýlli svæðum landsins eigi greiðan aðgang að sjónvarps- og útvarpsdagskrá RÚV.**

**Til að geta tekið við útsendingum þarf gervihnattadisk og viðtæki með rauf fyrir aðgangskort að Conax-myndlyklakerfinu. Kortin munu fást hjá RÚV.**

**Verkið var ekki útboðsskylt og er áætlaður heildarkostnaður 150 milljónir króna, næstu þrjú árin. Samningurinn var undirritaður í gær af fulltrúum RÚV, Telenor, Fjarskiptasjóðs og samgönguráðuneytis.**

- kóp






**RÉTTINDAMÁLIN VERÐI TEKIN Í GEGN** Haukur Þorvaldsson, sem sjálfur hefur greinst með krabbamein, telur að þeir sem greinst hafa með krabbamein fái ekki sömu þjónustu og aðrir sjúklingahópar innan heilbrigðiskerfisins. Hann telur brýnast að nýstofnað hagsmunafélag, Vonin, taki réttindamál þeirra öryrkja sem greinst hafa með krabbamein í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Sjö rúm fyrir krabbameinssjúklinga

**Krabbameinssjúklingar líða fyrir að fá ekki sömu þjónustu og aðrir sjúklingahópar. Húsnæðismálin eru í ólestri, að mati formanns Vonarinnar. Á LSH eru aðeins sjö rúm fyrir sjúklinga með krabbamein.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Hagsmunasamtök krabbameinsgreindra, Vonin, hafa verið stofnuð. Haukur Þorvaldsson, formaður Vonarinnar, segir að samtökin muni berjast fyrir bættum hag krabbameinssjúklinga. Hagsmunamál þeirra séu í ólestri því engin hagsmunasamtök krabbameinsgreindra hafi verið til í landinu. Krabbameinsfélögin teljist ekki hagsmunasamtök.

Haukur segir að víða sé pottur brotinn. Krabbameinssjúklingar líði fyrir að fá ekki sömu eða svipaða þjónustu innan heilbrigðiskerfisins og aðrir sjúklingahópar. „Hópur krabbameinsgreindra stækkar ár frá ári og nú eru í landinu um níu þúsund menn sem hafa verið greindir með krabbamein í meira en fimm ár. Við krabbameinsgreindir teljum mikið vanta á að við fáum sömu þjónustu og aðrir,“ segir Haukur.

Brýnast er, að hans mati, að taka réttindamál krabbameinsgreindra öryrkja í gegn. Haukur bendir á að stöðugt fleiri verði öryrkjar eftir því sem fleiri greinast með krabbamein í samfélaginu. „Margir láta líka hjá líða að sækja rétt sinn til Tryggingastofnunar því að fólk hefur nóg að gera við að berjast við sjúkdóminn og lyfjameðferðirnar.“

Haukur telur að bæta þurfi aðstöðu fólks með krabbamein innan Landspítala-háskólasjúkrahúss. Færustu læknar og hjúkrunarfræðingar séu þar við störf en húsnæðismálin séu fyrir neðan allar hellur. Lyfjameðferðin fari til dæmis fram í gamla hluta LSH og þar sé þröng á þingi.

„Fólk situr í öllum kimum til að fá lyfjameðferðirnar sínar. Krabbameinsdeildin er með tólf rúm á móti sjötíu rúmum hjartasjúklinga. Við liggjum á hinum og þessum deildum spítalans þegar við þurfum að leggjast inn,“ segir hann.

Endurhæfingarþjónustuna má bæta, að mati Hauks, ekki síst sálrænu endurhæfinguna. Hann telur nauðsynlegt að byggja krabbameinssjúklinga upp andlega eftir meðferð þannig að fólk geti notið morgundagsins.

Haukur Þorvaldsson greindist sjálfur með ólæknandi krabbamein, hið sjaldgæfa silfurfrumukrabbamein, í mars 2005 og hefur verið öryrki frá fyrsta degi. Um fjörutíu manns mættu á stofnfundinn.

ghs@frettabladid.is






Hannes H. Gissurarson telur að kjör fátækra á Íslandi séu einna best í Evrópu:

# Kjör fátækra batnað mikið

**FÉLAGSMÁL** Tekjur þeirra 10 prósenta af íslensku þjóðarinnar sem eru fátækust hafa hækkað um 50 prósent meira árlega, á árunum 1995 til 2004, en hjá þeim fátækustu í hinum OECD-ríkjunum. Þetta kom fram í fyrirlestri sem Hannes H. Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, hélt í Háskóla Íslands í gær. Í fyrirlestrinum sagði Hannes að tekjur þessa hóps á Íslandi hefðu hækkað um 2,7 prósent á ári á tímabilinu, en um 1,8 prósent að meðaltali í hinum OECD-ríkjunum.

Í fyrirlestri Hannesar kom einnig fram að kjör fátækasta fólksins væru best á Íslandi, Sviss og Noregi af OECD-ríkjunum.

Hannes segir að sú ályktun sem hann dragi af þessari niðurstöðu sé sú að kjör hinna fátækustu á Íslandi séu góð í samanburði við önnur lönd og að þau hafi batnað mikið á liðnum árum. „Breytingarnar á hagkerfinu síðastliðin 15 ár hafa minnkað ójöfnuð meðal manna,“ segir Hannes.

Að mati Hannesar er niðurstaðan í fyrirlestri hans sú að íslenska leiðin, sem snýst um öflugt atvinnulíf og rausnarlega velferðaraðstoð án mikillar tekjujöfnunar, sé betri leið en bandaríska og sænska leiðin. „Ég er eingöngu að benda á að það er ekki nóg að bera kjör tekjulægsta hópsins á Íslandi saman við kjör tekjuhæsta hópsins, heldur eigum við að bera kjör hinna tekjulægstu hér á landi saman við kjör þeirra tekjulægstu í öðrum löndum. Þar kemur Ísland vel út,“ segir Hannes. - ifv



**HANNES H. GISSURARSON** Segir kjör þeirra fátækustu hér á landi hafa hækkað 50 prósent meira á ári en hjá hinum fátækustu í hinum OECD-ríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Stækkun sveitarfélaga:

## Dygðu ekki í eitt sveitarfélag

**SVEITARSTJÓRNIR** Frumvarp fimm þingmanna Samfylkingar um breytingar á lögum á þann veg að lágmarksfjöldi íbúa hvers sveitarfélags yrði eitt þúsund í stað 50 íbúa eins og nú var á dagskrá Alþingis í gær. Þetta kemur fram á fréttavefnum strandir.is þar sem nánar segir að miðað sé við þriggja ára aðlögunartíma þannig að lágmarksstærðin yrði þessi við næstu sveitarstjórnarkosningar. „Erfitt er að sjá hvernig Strandir koma út úr slíkri sameiningu vegna dreifbýlis og vegalengda, því það er rétt á mörkunum að það nægi að sameina til dæmis allt héraðið og Reykhólahrepp svo dæmi sé tekið,“ segir á strandir.is - gar



**JÓHANN ÁRSÆLSSON**



**RANNSÓKN LOKIÐ** Litvinenko á dánarbeði á sjúkrahúsi í Lundúnum í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Scotland Yard lýkur rannsókn:

## Mál Litvinenkos til saksóknara

**LONDON, AP Breska lögreglan sendi niðurstöður tveggja mánaða rannsóknar á dauða rússneska njósnarans fyrrverandi, Alexanders Litvinenkos til saksóknara á miðvikudag, sem mun út frá þeim ákveða hvort einhver verði ákærður í málinu.**

**Lögreglan neitaði að gefa upp hvort einhverjir grunaðir væru nefndir en slíkar niðurstöður eru yfirleitt ekki birtar fyrr en lögreglan telur sig hafa afdráttarlausar vísbendingar um sekt, að sögn fulltrúa hjá saksóknara.**

**Litvinenko, sem lést af völdum eitrunar af geislavirku efni í nóvember, sakaði á dánarbeði sínum rússnesk stjórnvöld um að standa á bak við eitrunina.** - sdg

**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Nýr dósent í lýðheilsufræði**

Dr. Unnur A. Valdimarsdóttir hefur verið ráðin dósent og forstöðumaður Miðstöðvar Háskóla Íslands í lýðheilsufræði sem er nýtt þverfræðilegt meistara- og doktorsnám við háskólann. Fyrstu stúdentarnir hefja nám haustið 2007. Unnur lauk doktorsprófi í klínískri faraldsfræði frá krabbameinsdeild Karolinska Institutet í Stokkhólmi árið 2003 og hefur starfað þar síðan.






**VINNUPALLAR HRUNDU** Aðfaranótt mánudags var mikið hvassviðri í Vínarborg, sem varð til þess að þessir stillansar hrundu. Fjöldi bifreiða skemmdist verulega en ekkert manntjón varð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Handtökurnar í Birmingham:

## Níu grunaðir yfirheyrðir

**ENGLAND, AP** Breska lögreglan yfirheyrði í gær níu menn, sem handteknir voru í Birmingham í fyrradag, grunaðir um samsæri um að ræna breskum hermanni sem játar íslamstrú og ætla að pynta hann og myrða og setja upptöku af ódæðinu á netið.

Mannránsáformin, sem að sögn breskra fjölmiðla var ætlað að vera í stíl við aftökur á erlendum gíslum í Írak, kváðu hafa verið komin á lokastig þegar upp um það komst.

Er það þakkað mánaðalöngu eftirliti hryðjuverkavarnalögreglu með hinum grunuðu. - aa



**HANDTÖKUR ÚTSKÝRÐAR** Íbúi í Alum Rock-hverfi innflytjenda í Birmingham þiggur dreifibréf um handtökurnar úr hendi lögregluþjóns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Akraneskaupstaður:

## Nýjar greiðslur til foreldra

**AKRANES Bæjarstjórnin hefur samþykkt að hefja svokallaðar umönnunargreiðslur til foreldra frá og með 1. febrúar.**

**Greiðslurnar eiga að gera foreldrum auðveldara að vera heima hjá börnum sínum eða greiða dagforeldri. Upphæð greiðslnanna er 31.500 fyrir foreldra í sambúð, en 38.500 fyrir einstæða.**

**„Ég fagna þessu," segir Vilhjálmur Birgisson hjá Verkalýðsfélagi Akraness: „Þarna er nýr valmöguleiki sem er að koma upp. Vissulega vildi maður sjá þessar upphæðir hærri."** - kóp

Nýtt vefsvæði Vildarbarna:

## Sjötíu börn fái að ferðast í ár

**HJÁLPARSTARF** Opnaður hefur verið nýr vefur Vildarbarna, sem er ferðasjóður fyrir langveik börn. Sjóðurinn var stofnaður af Icelandair.

Í ár er stefnt að því að styrkja sjötíu langveik börn til ferðalaga erlendis og er það í tilefni af sjötíu ára afmæli Icelandair.

Sigurður Helgason er formaður sjóðsins og segir í tilkynningu að markmiðið sé að sem allra flestir geti nýtt sér sjóðinn. Eitt hundrað fjölskyldur hafi verið styrktar síðan árið 2003, en nú vilji félagið gera enn betur. Verndari sjóðsins er frú Vigdís Finnbogadóttir. - kóp

Guðlaugur Þór Þórðarson leggur fram frumvarp:

# Léttvín í verslanir

**STJÓRNMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson Sjálfstæðisflokki mælti í gær fyrir frumvarpi um að einkasala ríkisins á sölu léttvíns og bjórs verði afnumin.

Er þetta í fjórða sinn sem mælt er fyrir málinu.

Guðlaugur sagði núverandi fyrirkomulag úrelt enda uppruni þess frá haftatímum.

Flutningsmenn frumvarpsins eru úr þremur fjölmennustu þingflokkunum og kom fram í máli Guðlaugs að hann hefði orð þingmanna frjálslyndra fyrir stuðningi við það.

Þuríður Backman VG lýsti flokk sinn andvígan málinu og sagði mikilvægt að aðgengi að áfengi væri takmarkað þar sem vá stafaði af því. - bþs



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON



**ÍSLENSKUKENNSLAN** Verð á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga hefur lækkað og aðsóknin hefur víða aukist.

Lækkað verð á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga:

# Aðsókn á námskeið hefur aukist mikið

**INNFLYTJENDAMÁL** Verð á 50 stunda námskeiði í íslensku fyrir útlendinga hefur lækkað víðast hvar um landið úr 35-40 þúsund krónum í 11-12 þúsund krónur þó að ekki sé enn ljóst hvaða styrkur fáist frá menntamálaráðuneytinu. Aðsóknin hefur að sama skapi aukist víða.

Í Borgarbyggð hefur verðið lækkað í 11 þúsund krónur og verða útlendingarnir að hafa 80 prósenta mætingu til að fá þetta verð. Miðað er við að verkalýðsfélög greiða verðið niður um 75 prósent og eru þá eftir um 2.500 krónur. Aðsóknin hefur aukist mikið frá því í haust.

Guðrún Vala Elísdóttir, námsráðgjafi á Akranesi, kennir útlendingunum íslensku og segir að langbest sé að kenna á laugardögum en þá komi upp það vandamál að menn vilji ekki tapa launum.

„Fólk vill vinna og lætur það ganga fyrir. Ég finn ofboðslegan mun á fólki eftir því hvort námskeiðið er á laugardegi eða að kvöldi til í miðri viku. Fólk er ekki eins þreytt á laugardögum," segir hún.

Verð hefur einnig lækkað hjá Fræðsluneti Austurlands. „Við hentum okkur út í djúpu laugina því að við vitum ekki hvað við fáum frá menntamálaráðuneytinu en vonandi gengur þetta upp," segir Laufey Eiríksdóttir, verkefnisstjóri hjá Fræðsluneti Austurlands. - ghs




Verðsamanburður gerður 11.01.07

VERÐSAMANBURÐUR – VERÐ PER MÁNUÐ!

| | elísabet | TM | Sjóvá | Sjóvá Strax | VÍS | Vörður |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skyldu- og framrúðutrygging | 5.081 kr. | 6.530 kr. | 6.839 kr. | 6.018 kr. | 6.750 kr. | 6.377 kr. |
| Kaskó- og skyldutrygging* | 6.951 kr. | 8.758 kr. | 10.329 kr. | 9.089 kr. | 9.463 kr. | 8.982 kr. |
| % dýrari en elísabet m.v. Kaskó- og skyldutrygging* | | 26% | 49% | 31% | 36% | 29% |

* miðað við 50.000 kr. sjálfsábyrgð

2002 árg. · 890.000 kr. · 1600 vél

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.

Kvenfélagið Hringurinn:

## Gáfu slysadeild leikjatölvu

**MANNÚÐARSTARF** Kvenfélagið Hringurinn hefur fært slysa- og bráðadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss gjafir til að stytta börnum stundir meðan dvalið er á biðstofunni.

„Kvenfélagið Hringurinn færði fyrir nokkru slysa- og bráðadeild LSH að gjöf leikföng, húsgögn, leikjatölvu, sjónvarp og DVD-tæki á biðstofu fyrir börn. Gjöf þessi á eftir að gleðja mörg börn sem leita á deildina og stytta þeim stundir,“ segir um gjöf kvenfélagskvennanna í tilkynningu frá Jóni Baldvini Halldórssyni, upplýsingafulltra landspítalans. - gar



Blaðamannafundur Pútíns:

## Segir tortryggni óverðskuldaða

**RÚSSLAND, AP** Á árvissum blaðamannafundi sínum í gær sagði Vladimír Pútín Rússlandsforseti efnahag lands síns í stöðugum uppgangi, en landið væri óverðskuldað tortryggt erlendis og sjálfur væri hann tortrygginn í garð áforma Bandaríkjamanna, ekki síst hvað varðar eldflaugavarnaáætlun þeirra.

Á fundinn mætti metfjöldi blaðamanna, alls 1.232, og hann stóð yfir í þrjá og hálfa klukkustund.

Spurningarnar sem Pútín fékk sneru mikið að vangaveltum um hvað verður þegar síðara kjörtímabili hans lýkur að ári. - aa



**VETRARVEÐUR** Kona mokar snjó fyrir framan þýska bjórauglýsingu í Kænugarði, höfuðborg Úkraínu. Mikið hefur snjóað í Úkraínu undanfarna daga. NORDICPHOTOS/AFP



**JACQUES CHIRAC** Í kröggum vegna misvísandi ummæla um Íran. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ummæli Chiracs um Íran:

## Dregur eigin orð til baka

**FRAKKLAND, AP** Jacques Chirac, forseti Frakklands, sagði í viðtali við þrjú dagblöð að það væri „ekki sérstaklega hættulegt“ þótt Írönum tækist að koma sér upp kjarnorkuvopnum – og skyldu Íranar reyna að beita slíkum vopnum gegn Ísrael yrði Teheran umsvifalaust „eytt“. Hann dró síðan ummælin til baka.

Ummælin lét forsetinn falla í viðtali við blöðin New York Times, International Herald Tribune og Le Nouvel Observateur á mánudag, en daginn eftir kallaði hann blaðamennina á sinn fund til að freista þess að endurskoða orð sín.

Forsetaskrifstofan gaf síðar frá sér yfirlýsingu, þar sem áréttað var að hvorki frönsk stjórnvöld né alþjóðasamfélagið myndu „líða það“ að Íranar kæmu sér upp kjarnorkuvopnum. - aa



**VILHJÁLMUR Þ VILHJÁLMSSON** Borgarstjóri segir frammistöðu handboltalandsliðsins þjóðinni til sóma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tillaga borgarstjóra samþykkt:

## Landsliðið fær eina milljón

**SVEITARSTJÓRNIR** Handboltalandslið Íslendinga fær eina milljón króna í styrk úr borgarsjóði. Tillaga þessa efnis frá Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra var samþykkt í borgarráði í gær. „Landslið Íslands hefur á heimsmeistaramótinu í handknattleik sem fram fer í Þýskalandi þessa dagana sýnt frábæra frammistöðu og verið landi og þjóð til mikils sóma. Af því tilefni leggur borgarstjóri til við borgarráð að Reykjavíkurborg heiðri HSÍ og landslið okkar,“ sagði í tillögu borgarstjórans. - gar

### AKUREYRI

**Gæsluvelli lokað**

Hætta á rekstri á gæsluvellinum Eiðsvelli á Akureyri. Að sögn skólanefndar bæjarins hefur nýting gæsluvallarins minnkað mikið á undanförnum árum. Börn á aldrinum tveggja til sex ára séu almennt í leikskóla í dag.




BÓNUS
Bónustilboð í 5. viku 2007
Skynsemin
500g
199 KR.
Bónuskaffi
500 GRÖMM
BÓNUS kaffi
ENGIN VERÐHÆKKUN
BLANDAÐ FYRIR BÓNUS
Beinhreinsaðir íslenskir laxabitar
norðanfiskur
Íslenskir laxabitar kílóverð nú:
798 KR.
Merkt verð 999KR.
Ferskir blandaðir bitar kílóverð nú:
291 KR.
Merkt verð 530KR.
Ferskir bitar
45% afsláttur við kassann
Bónus býður betur!
EKKERT BRUDL
ÍSLANDS LAMB
Weekend steak
40% afsláttur við kassann
Beinlaus lambasteik kílóverð nú:
1019 KR.
Merkt verð 1698KR.
Beinlaus lamba helgarsteik
ERAN/Landlist
Ferskar Ali svínakótelettur
Ferskar svínakótelettur kílóverð nú:
1101 KR.
Merkt verð 1573KR.
SVÍNAKJÖT
30% afsláttur við kassann
Á erfiðu blettina:
BÓNUS Scrubstone
Skrúbbsteinn
298 KR.
400g + svampur
Bónus HREINSISTEINN m/SVAMPI 400g dós
Nýtt!
BÓNUS LEÐUR-ÁBURÐUR
Leðurfeiti
398 KR.
200g
LEÐURÁBURÐUR 200g
Appelsínur
89 KR.
kílóverð
Gul epli
89 KR.
kílóverð
HREINGERNINGARLÖGUR
Bónus OXY 750 ml og Bónus hreingerningarlögur 1.5 lítri
Hreingerningarlögur
259 KR.
1.5 lítri
BÓNUS Alhliða hreingerningarlögur
UPPÞVOTTAVÉLADUFT
1.5 kíló um 75 þvottar
Uppþvottaduft
298 KR.
1.5 kíló
BÓNUS Uppþvottavéla duft
SÉRFRAMLEITT ÞVOTTAEFNI Í ÚRVALI í 1.5 lítra brúsum
Fyrir ullina, silkið, litaða þvottinn og ALLT!
Þvottalögur
398 KR.
1.5 lítrar
Þvottalögur
398 KR.
1.5 lítrar
Nýtt!
BÓNUS Alhliða Fljótandi þvottaefni
BÓNUS
BÓNUS COLOR Fljótandi þvottaefni
Bónus OXY blettahreinsibrúsi
Bónus OXY hreinsilagarbrúsi 750ml
OXY 750 ml
259 KR.
HREINSIEFNI/BLETTA
Nýjar Bónusvörur á betra verði!

# velur Bónus!

Frosið og snyrt
lambalæri
Tilboðsverð nú:
878 KR.kg
og undir 1000KR.
kílóið ALLA DAGA!

EKKERT BRUÐL

...fyrir góðan dag!

ENGIN VERÐHÆKKUN

Ferskar bringur

37,5% afsláttur við kassann

FERSKAR BRINGUR
kílóverð nú:
1599 KR.
Merkt verð 2565KR.

LAMBALÆRI FROSIÐ OG SNYRT
KÍLÓVERÐ NÚNA:
878 KR.
Venjulegt verð í Bónus 989KR.
Merkt verð er 1098KR.

Bónus hangiálegg
KÍLÓVERÐ:
1998 KR.

Samlokuskinka
KÍLÓVERÐ NÚ:
699 KR.
Merkt verð 776KR.

Reykt skinka
KÍLÓVERÐ NÚ:
799 KR.
Merkt verð 888KR.

Bónus vínarpylsur
kílóverð nú:
539 KR.
Merkt verð 599KR.

ENGIN VERÐHÆKKUN

Þessar Bónusvörur frá Síld og fisk hafa ekki hækkað í verði!

EKKERT BRUÐL

2 lítrar
279 KR.
Allar tegundir

Sítrónur
89 KR.
kílóverð

Sjáðu verðið!

ENGIN VERÐHÆKKUN

www.bonus.is




Fasteignasalar telja margt benda til líflegra viðskipta á árinu 2007:

# Spá hækkandi fasteignaverði

**FASTEIGNIR** Greiningardeild Félags fasteignasala telur að líflegt ár sé fram undan á fasteignamarkaðnum.

Fasteignasalar segja góðar horfur í atvinnumálum og góðan kaupmátt vísbendingu um að fasteignaverð hækki.

Að því er segir í athugunum greiningardeildar Félags fasteignasala leiðir aukin velmegun yfirleitt til þess að fleiri fermetrar húsnæðis verði á hvern einstakling. Einnig sé lánaframboð nú meira en árið 2006. „Viðskiptabankarnir eru almennt farnir að lána aftur til fasteignakaupa eftir að hafa nánast dregið sig út af markaðnum í fyrra,“ segir greiningardeildin.


**GRÉTAR JÓNASSON** Framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.

Þá er sagt að hjöðnun verðbólgu ásamt fyrirhugaðri lækkun á virðisaukaskatti á matvæli muni leiða til hagstæðari umhverfis fyrir kaupendur fasteigna. Mikil eftirspurn hafi verið í janúar og sala aukist.

Fasteignasalar segja mikla fólksfjölgun leiða til aukinnar eftirspurnar. Enn hafi ekki skilað sér að fullu hækkun á verðmæti lóða og tiltekinna staðsetninga. „Sú hækkun virðist í sumum tilfellum ekki vera komin að fullu inn varðandi notaðar eignir,“ segir greiningardeildin.

Eina forsenduna fyrir aukinni eftirspurn segja fasteignasalar vera ört vaxandi áhuga útlendinga á að kaupa húsnæði á Íslandi. „Ekkert lát virðist á þeirri þróun,“ segir greiningardeildin sem kemst að þeirri niðurstöðu að verð fasteigna muni á þessu ári hækka „nokkuð umfram verðbólgu.“ - gar

# Ráðherrar ræddu raflögn til Færeyja

**Jóannes Eidesgaard, lögmaður Færeyinga, hóf opinbera heimsókn til Íslands á miðvikudag með viðræðum við forsætisráðherra. Auk samninga um viðskipti, fiskveiðar, flug og siglingar ræddu þeir möguleika á að Færeyingar keyptu rafmagn frá Íslandi.**

**FÆREYJAR** Möguleikinn á því að Íslendingar sæju Færeyingum fyrir rafmagni var meðal þess sem til umræðu var á fundi Jóannesar Eidesgaard, lögmanns Færeyinga, og Geirs H. Haarde forsætisráðherra á miðvikudag, á fyrsta degi þriggja daga opinberrar heimsóknar lögmannsins til Íslands.

Á blaðamannafundi að loknum viðræðum þeirra í Ráðherrabústaðnum í Reykjavík sagði Eidesgaard þá mjög áhugasama um möguleikann á að lagður yrði rafstrengur frá Íslandi til Færeyja; það gæti dregið mjög úr þörf Færeyinga fyrir innflutta olíu og þar með hjálpað þeim að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ráðherrarnir sögðust þó aðeins hafa rætt þetta á almennum nótum þar sem formleg athugun á því hvernig standa mætti að slíkri framkvæmd hefði ekki farið fram.

Öllu nær framkvæmd er hins vegar lagning nýs fjarskiptastrengs frá Færeyjum til meginlands Evrópu, sem bæði Færeyingar og Íslendingar eru að sögn ráðherranna áhugasamir um að verði einnig lagður til Íslands, til viðbótar við FARICE-strenginn.

Ráðherrarnir sögðust hafa rætt öryggismál á Norður-Atlantshafi í ljósi þess að ekkert varnarlið er nú lengur á Íslandi. Þeir hefðu einnig rætt þörfina á að komið yrði upp nýrri ratsjá í stað þeirrar sem Atlantshafsbandalagið rak í grennd við Þórshöfn þar til henni var lokað nú um áramótin. Þar sem Íslendingar annast einnig loftferðaeftirlit í færeysku lögsögunni er það að sögn ráðherranna gagnkvæmt hagsmunamál beggja þjóða að ratsjá verði starfrækt í Færeyjum, í nafni öryggis á íslenska flugumferðastjórnarsvæðinu.


**VINAFUNDUR** Jóannes Eidesgaard, lögmaður Færeyinga, og Geir H. Haarde forsætisráðherra í Ráðherrabústaðnum. Lögmaðurinn opnaði færeyska viðskiptaráðstefnu í Reykjavík í gær en heimsókn hans lýkur í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ráðherrarnir lögðu báðir áherslu á mikilvægi þess að framkvæmd Hoyvíkursamkomulagsins svonefnda tækist vel, en svo er nefndur víðtækur fríverslunar- og viðskiptasamningur landanna sem gekk í gildi í nóvember.

Báðir lýstu ráðherrarnir ánægju með nýlegan fjölþjóðasamning um síldveiðar, en þeir hörmuðu jafnframt að ekki skyldi enn hafa tekist að ná samkomulagi um tvíhliða samninga grannþjóðanna um loðnuveiði.

audunn@frettabladid.is

Kosið um deiliskipulag í Hafnarfirði 31. mars:

# Orðalag spurningar um álver í skoðun

**HAFNARFJÖRÐUR** Samþykkt hefur verið í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að ganga til íbúakosninga um deiliskipulagstillögu að stækkaðs álvers í Straumsvík laugardaginn 31. mars. Tillagan var samþykkt með mótatkvæði vinstri grænna.


**GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR**

Málsmeðferðarreglur vegna íbúakosninga voru samþykktar á bæjarstjórnarfundi á fimmtudag. Reglurnar gilda um íbúakosningar og skoðanakannanir meðal bæjarbúa. Einfaldur meirihluti þeirra sem nýta sér atkvæðisrétt sinn ræður.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi vinstri grænna, segir að auglýsing á deiliskipulagstillögu Alcan fari nú ofan í skúffu þar til niðurstaða atkvæðagreiðslunnar liggur fyrir. „Við erum andsnúin þessu. Við teljum eðlilegra að kjósa um hvort það eigi að stækka álverið eða ekki,“ segir hún.

Kjörstjórn Hafnarfjarðar hefur verið falið að hefja undirbúning að kosningunni. Ákveðið hefur verið að utankjörfundaratkvæðagreiðsla fari fram frá og með 15. febrúar.

Aukabæjarráðsfundur verður í dag. Meðal annars verður rætt um orðalag á spurningunni sem borin verður upp í kosningunni. Ákveðið hefur verið að leyfa hagsmunaaðilum að taka þátt í að móta orðalagið. - ghs

Rannsókn á Hafravatni:

# Kanna umfang mengunar

**UMHVERFISMÁL** Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis ætlar að gangast fyrir ítarlegri rannsókn á lífríki og efnum í Hafravatni. Er rannsóknin gerð vegna áhuga hjá heilbrigðiseftirlitinu á að kanna þau stöðuvötn sem næst liggja þéttbýli.

Að rannsókninni lokinni á að vera hægt að segja betur til álagsþol Hafravatns vegna mengunar. Stöðugt eru fleiri sem sækja útivistarsvæði þar sem aðgangur er að vatni og því mikilvægt að kanna áhrifin á stöðuvötn.

„Hafravatn varð fyrir valinu þar sem það er á mörkum þéttbýlis og má búast við að aukinn ágangur verði umhverfis vatnið á næstu árum,“ segir í bréfi Þorsteins Narfasonar, framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins, til bæjarráðs Mosfellsbæjar, sem samþykkti að taka þátt í kostnaði við verkefnið. - gar

# Útsala

## 30–90% afsláttur af nýjum og nýlegum bókum




-50%

Almennt verð: 1.990 kr.
Tilboðsverð: 990 kr.



-40%

Almennt verð: 4.290 kr.
Tilboðsverð: 2.490 kr.




-75%

Almennt verð: 3.990 kr.
Tilboðsverð: 990 kr.



-42%

Almennt verð: 3.490 kr.
Tilboðsverð: 1.990 kr.




-50%

Almennt verð: 3.780 kr.
Tilboðsverð: 1.890 kr.



-70%

Almennt verð: 4.990 kr.
Tilboðsverð: 1.490 kr.



AÐEINS 100 EINTÖK

Almennt verð: 19.980 kr.
Tilboðsverð: 9.980 kr.




-36%

Almennt verð: 4.690 kr.
Tilboðsverð: 2.990 kr.




-33%

Almennt verð: 2.990 kr.
Tilboðsverð: 1.990 kr.



-50%

Almennt verð: 3.990 kr.
Tilboðsverð: 1.990 kr.



-44%

Almennt verð: 2.490 kr.
Tilboðsverð: 1.390 kr.




AÐEINS 100 EINTÖK

Almennt verð: 12.980 kr.
Tilboðsverð: 6.490 kr.




-51%

Almennt verð: 4.680 kr.
Tilboðsverð: 2.290 kr.



-30%

Almennt verð: 2.290 kr.
Tilboðsverð: 1.590 kr.




-55%

Almennt verð: 4.480 kr.
Tilboðsverð: 1,990 kr.



-50%

Almennt verð: 4.980 kr.
Tilboðsverð: 2.480 kr.



-63%

Almennt verð: 5.480 kr.
Tilboðsverð: 1.990 kr.



-41%

Almennt verð: 4.280 kr.
Tilboðsverð: 2.490 kr.




-55%

Almennt verð: 4.480 kr.
Tilboðsverð: 1.990 kr.




AÐEINS 100 EINTÖK

Almennt verð: 3.280 kr.
Tilboðsverð: 1.490 kr.

Á eymundsson.is finnurðu lista yfir alla útsölutitlana og þar geturðu líka keypt bækurnar og fengið þær sendar án nokkurs sendingarkostnaðar! Listinn er uppfærður daglega því nýir titlar eru stöðugt að bætast við.

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**BLÓMARÓS** Maður getur alltaf á sig blómum bætt eins og þessi maður sýndi fram á þegar hann spígsporaði um verslanamiðstöð í Hong Kong í blómaskrúða. NORDICPHOTOS/AFP

Skot- og sprengjuæfingasvæði Bandaríkjahers ná yfir 24 þúsund hektara lands:

# Hreinsun mun taka áratugi

**UMHVERFISMÁL** Um 90 svæði, sem ná yfir rúmlega 24 þúsund hektara lands, voru notuð til skot- og sprengjuæfinga Bandaríkjahers á þeim tíma sem herinn dvaldi hér á landi. Flest svæðin eru á Reykjanesi og á höfuðborgarsvæðinu en einnig í öðrum landshlutum. Þetta kom fram í svari Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra á Alþingi við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar, þingmanns Samfylkingarinnar.

Í svari ráðherra kemur einnig fram að þótt mörg svæði séu þekkt þurfi að rannsaka þau mun betur til að áætla magn skota og sprengna á hverju svæði fyrir sig.

Af þeim 73 svæðum sem skráð eru, en beðið er upplýsinga frá Bretlandi um önnur 27 svæði, eru greinargóðar upplýsingar til um 29 þeirra. 36 svæði frá því í seinni heimsstyrjöldinni eru ókönnuð. Ekki er heldur útilokað að fleiri svæði bætist við eftir því sem gagnaöflun vindur fram. Landhelgisgæslan fékk árið 2002 tækjabúnað sem leitar að sprengjum undir yfirborði, en það hefur bætt forsendur til gagnaöflunar til muna.

Ekki hefur verið áætlað hversu langan tíma gagnaöflun og hreinsun æfingasvæðanna tekur. Til samanburðar á hreinsun á 500 til 1500 hektara svæði á Vogaheiði að ljúka árið 2012. Bandaríski herinn notaði svæðið frá 1952-1960 til að æfa skotárásir með sprengjuvörpum, fallbyssum, skriðdrekum og öðrum vopnum sem landherir nota. Kostnaður við hreinsunina er ókunnur. - shá



**YFIRLITSKORT** Á þessi korti má fá grófa hugmynd um það verk sem framundan er.

Serbar um Kosovo-áætlun:

# Segja tillögur þvert á skilyrði

**SERBÍA, AP** Áætlun Sameinuðu þjóðanna um framtíðarstöðu Kosovo gengur þvert á óskir Serbíustjórnar um að héraðið verði eftir sem áður formlega innan landamæra Serbíu. Þetta sögðu fulltrúar Serba í viðræðunum um Kosovomálið í gær, daginn áður en erindreki SÞ, Martti Ahtisaari, kynnir áætlunina fyrir fulltrúum Serbíustjórnar og hinnar kjörnu héraðsstjórnar Kosovo.

Slobodan Samardzic, meðlimur serbnesku samninganefndarinnar, tjáði serbneska sjónvarpinu að hugmyndir Ahtisaaris „gengju þvert á skilyrði Serbíu“. - aa

Bæjarstjórn Seltjarnarness:

# Neita að borga meira til Strætó

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Seltjarnarness segir tillögu stjórnar Strætó bs. um nýja kostnaðarskiptingu stangast á við ákvæði samkomulags eigenda Strætó, sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Ekki megi breyta kostnaðarhlutföllum milli eigenda nema samsvarandi breyting verði á þjónustunni eða um það samið. Seltirningar segja að frá því samkomulagið um Strætó bs. var gert hafi þjónusta Strætó við Seltirninga aðeins breyst óverulega. Þá hafi íbúafjöldi bæjarins staðið í stað, öfugt við Reykjavík og Kópavog. Því sé ekki hægt að fallast á að framlag Seltjarnarness hækki um 90 prósent. - gar



**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON**

Íslensk börn með tvöfalt fleiri skemmdar tennur en börn í nágrannalöndunum samkvæmt Munnís-rannsókn:

# Tannskemmdir algengari hjá strákum

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslensk börn eru að meðaltali með tvöfalt fleiri skemmdar tennur en börn í Svíþjóð og er tannheilsa þeirra sú versta á Norðurlöndum. Þetta er niðurstaða Munnís-rannsóknarinnar sem gerð var um allt land. Niðurstöður rannsóknanna voru birtar í gær. Þar kom meðal annars fram að hjá tólf ára barni á Íslandi eru að meðaltali rúmlega tvær fullorðinstennur skemmdar og þarfnast viðgerða eða hafa þegar verið fylltar. Meðal fimmtán ára unglinga eru að meðaltali fjórar tennur skemmdar. Skemmdir eru algengari hjá strákum en stelpum.

Tannheilsu fer því hrakandi og segir í skýrslunni að áhyggjuefni sé hve mikið það færist í vöxt að ekki sé gert við skemmdir. Um 17 prósent barna fara ekki í reglulegt eftirlit hjá tannlækni, verst er ástandið á Vestfjörðum en best í Skagafirði.

„Mjög mikilvægt er að fólk geri sér grein fyrir því að aðgengi að tannheilsuþjónustu hér á landi er ekki nægilega gott,“ segir Hólmfríður Guðmundsdóttir, tannlæknir hjá Lýðheilsustöð og heilsugæslunni. Hún segir Íslendinga búa við annað kerfi en það sem tíðkast hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. Kostnaðarhlutdeild foreldra sé mun meiri hér á landi en áður var og það hafi orðið til þess að dregið hafi úr komu barna til tannlækna. Kerfið þurfi að taka það athugunar. - kdk



**HÓLMFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR TANNLÆKNIR OG VERKEFNISSTJÓRI TANNVERNDAR Á LÝÐHEILSUSTÖÐ** segir aðgengi Íslendinga að tannlæknum ekki nægilega gott miðað við það sem gerist hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


Verð frá 2.680.000 kr.*

Fjölhæfur eins og þú

Það þarf töluverða fjölhæfni til að vera framkvæmdastjórinn á heimilinu, útsjónarsami uppalandinn og meistarinn í hvers kyns útréttingum. Mercedes-Benz B-Class er hinn fullkomni fjölskyldubíll og býr yfir sveigjanleika sem fáir aðrir bílar geta státað af. Hann er ótrúlega rúmgóður miðað við hversu nettur og lipur hann er auk þess að vera kraftmikill, þægilegur og sportlegur, allt í senn.

Þessi glæsilegi meðlimur Mercedes-Benz fjölskyldunnar hefur náð frábærum árangri í öryggisprófum og hlaut m.a. 5 stjörnur í EURO-NCAP. Há staða sætanna eykur öryggi farþega verulega og gerir allt aðgengi að bílnum þægilegra. Þá er B-Class frægur fyrir að vera eyðslugrannur og hefur dísilknúni CDI bíllinn unnið til verðlauna í sparaksturskeppnum bæði hér heima og erlendis. Komdu í sýningarsal okkar að Laugavegi 170 og mátaðu bíl sem er fjölhæfur eins og þú.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · ASKJA er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi.



**SETTIST FYRIR FRAMAN GRÖFUNA** Hópur mann fylgdi í kjölfar Bryndísar Schram og þá var vinnu hætt. FRÉTTABLAÐIÐ/STÖÐ 2

Framkvæmdir við Álafosskvos:

## Bryndís stöðvar skurðgröfurnar

**SAMGÖNGUR** Varmársamtökin stöðvuðu fyrirhugaðar vegaframkvæmdir við tengibraut um Álafosskvos í Mosfellsbæ í fyrradag.

Að sögn Sigrúnar Pálsdóttur, stjórnarmanns samtakanna, mættu tæplega fimmtíu manns til mótmælanna. Meðal þeirra var Bryndís Schram. Hún tók sig til og settist fyrir framan skurðgröfu, sem hætti að moka. Fleiri úr hópi mótmælenda fylgdu á eftir og var vinna þá lögð niður að mestu. Seinna kom byggingarfulltrúi og stöðvaði framkvæmdir alveg. Hann gaf ekki skýringar á því, segir Sigrún.

Helgafellsbyggingar ehf. stefna nú að því að reisa 1.200 íbúðir á svæðinu, segir Sigrún. Einnig sé gert ráð fyrir 10.000 bíla umferð á dag á þessu „vinsælasta útivistar- og ferðamannsvæði Mosfellsbæjar“.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir meðal annars að byggðin hafi verið á skipulagi í 24 ár og ætti ekki að koma á óvart. **- kóþ**

# Örfirisey taki fljótt breytingum

**Þyrping ehf. vill fá að gera landfyllingar og reisa nýja byggð fyrir 4.500 manns á landfyllingum út fyrir Örfirisey. Björn Ingi Hrafnsson, formaður starfshóps um framtíð Örfiriseyjar, boðar alþjóðlega ráðstefnu.**

**SKIPULAGSMÁL** „Ég held að enginn hafi gert sér grein fyrir því hvað það er stutt í það að Örfirisey taki ótrúlegum breytingum,“ segir Björn Ingi Hrafnsson, formaður starfshóps um framtíð Örfiriseyjar.

Þyrping ehf. vill reisa íbúðabyggð fyrir 4.500 manns á 25 hektara landfyllingu út af Ánanaustum í Örfirisey. Oddur Víðisson, framkvæmdastjóri Þyrpingar, segir það mundu svara mikilli eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði miðsvæðis í Reykjavík, ekki síst við sjávarsíðuna. Á svæðinu, sem nefnt verði Hólmar, verði bæði fjölbýlishús og sérbýli. Gert verði ráð fyrir lóðum fyrir skóla, íþróttaaðstöðu, sundlaug og annarri þjónustu.

„Með skipulagi í Hólmum verður leitast við að skapa sem best veðurskilyrði og tryggja gott útsýni. Áætlað er að mynda sjávarlón með flóðgáttum sem halda vatnsborði stöðugu svo ekki gæti flóðs og fjöru. Aðgengi að sjó verður óheft. Bílastæði íbúa verða að mestu neðanjarðar og net gangstíga mun tryggja gönguleiðir sem ekki liggja yfir umferðargötur,“ segir í greinargerð Þyrpingar sem vonast til að geta hafist handa innan tveggja ára.



**ODDUR VÍÐISSON**



**BJÖRN INGI HRAFNSON**

„Frumkvæði Þyrpingar sýnir að það eru fjölmargir sem hafa áhuga á að koma að þessari uppbyggingu,“ segir Björn Ingi Hrafnsson, sem undirstrikar þó að framtíðarskipulag Örfiriseyjar allrar sé í skoðun og ekkert hafi verið ákveðið. Fleiri en Þyrping hafi óformlega lýst áhuga á að koma að uppbyggingunni. Örfirisey sé einstök og ekki megi klúðra verkefninu.

Björn Ingi segir að hluti undirbúningsins sé að kynna sér hvernig best hafi verið staðið að uppbyggingu á sambærilegum svæðum annars staðar í heiminum. Tveir menn hafi í síðustu viku farið í kynnisferð til Kaupmannahafnar og Árósa. Fleiri skoðunarferðir til útlanda sé áætlaðar.

„Við erum í sambandi við fjölmarga erlenda ráðgjafa og hugmyndin er að efna hér til alþjóðlegrar ráðstefnu um skipulag eyjarinnar og framtíð hennar,“ segir Björn Ingi.

Miklir olíutankar eru í Örfirisey. Björn Ingi segir öryggi þeirra og framtíð til skoðunar hjá hópi sérfræðinga. Þá þurfi að hyggja vel að burðargetu núverandi gatnakerfis og bregðast við ef úrbóta sé þörf.

„Það greinilegt að það er allt á fleygiferð í skipulagsmálum í Örfirisey og það er fínt,“ segir Björn Ingi. **gar@frettabladid.is**



**ÖRFIRISEY OG HÓLMABYGGÐIN** Tölvuteiknaða byggðin á myndinni sýnir tillögu Þyrpingar um nýja byggð í Örfirisey. MYND/ÞYRPING



**HÓLMAR** Ný byggð í Örfirisey. MYND/ÞYRPING



## „ORÐRÉTT“

### *Er það kannski vinsælast?*

**„Ekki slæmt að vera vinsælust. Takk kærlega fyrir að kjósa mig það.“**

ÞAKKARRÆÐA LAY LOW ÞEGAR HÚN TÓK VIÐ VERÐLAUNUM FYRIR AÐ VERA KOSIN VINSÆLASTI FLYTJANDINN Á ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNUNUM

**Borgarleikhúsið 31. janúar**

### *Sá iðnvæðinguna fyrir.*

**„Þórður kakali rak á sínum tíma einskonar stóriðjustefnu í þágu sterkrar ættar og konungsvaldsins.“**

JÓHANNES EIRÍKISSON PRENTARI TELUR STJÓRNVÖLD HAFA AFSALAÐ SÉR FORRÆÐI YFIR AUÐLINDUM LANDSINS.

**Morgunblaðið 1. febrúar**

*nær og fjær*
# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? BRAGI ÓLAFSSON RITHÖFUNDUR

## Með tvær bækur í smíðum



Bragi Ólafsson rithöfundur er með tvær skáldsögur í smíðum. „Önnur bókin er tengd Sendiherranum, sem kom út fyrir jólin, það koma fyrir persónur úr þeirri bók en ég er ekki að skrifa um sama ljóðskáldið sem fór á ljóðahátíð í Litháen,“ segir Bragi sem nýlega fékk rithöfundalaun til þriggja ára. „Rithöfundalaunin gera alveg ómetanlegt gagn, ég hef fengið þau í nokkur ár og reiði mig mikið á þau. Launin eru í kringum 200 þúsund á mánuði.“ Bragi segir að sögusvið bókarinnar sé ekki Litháen, heldur Reykjavík og ónefnd hafnarborg í Evrópu. „Hin gerist í Reykjavík.“ Bragi sinnir barnauppeldi og skrifar þessa dagana. „Ég byrja að skrifa klukkan 9 og skrifa í svona sex tíma á dag í tveimur lotum. Ég skrifa nokkurn veginn á skrifstofutíma, en svo auðvitað eins og allir sem skrifa og búa til sögur þá er ég með hugann við þetta allan daginn og jafnvel meðan ég sef líka,“ segir Bragi sem skrifar bæði heima hjá sér en einnig í húsnæði úti í bæ. Rithöfundurinn segist hafa nánast orðið hrærður yfir þeim viðtökum sem Sendiherrann fékk um jólin. „Ég átti ekki alveg von á því að hún fengi svona góðar almennar viðtökur, seldist svo víða,“ segir Bragi og bætir því við að bókin hafi selst í tvöfalt meira upplagi en síðasta bók hans.

## NÝYRÐASAMKEPPNI:
### ERTU TÍSKUVITI?

■ Námsgagnastofnun og málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum stóðu fyrir Nýyrðasamkeppninni „Nýyrði vantar“ fyrir skömmu. Verðlaunaorðið var tískuviti sem er þýðing á enska orðinu „trendsetter“. Önnur nýyrði sem bárust voru til dæmis orðin dagfínn sem þýðing á orðinu „casual“, að þræða netið en ekki „sörfa, reynir fyrir „wannabe“ og bræðingur sem þýðing á „fusion“, þá er hægt að segja bræðingsmatargerð en ekki fusion-matargerð.



## SJÓNARHÓLL
### METHAGNAÐUR BANKANNA



**HELGI RAFN INGVARSSON**
Tónlistamaður

## *Spurning um hagnaðinn*

„Ég veit nú ekki mikið um þessi mál. En ég hugsaði nú með mér í morgun hvað ég myndi gera ef ég væri bankastjóri eins þessara banka. Sjálfur myndi ég hafa mjög gaman af því að gefa öllum starfsmönnum mínum góðan bónus,“ segir Helgi Rafn Ingvarsson, tónlistamaður. Hann segir að þótt alltaf sé gaman að heyra af góðri afkomu fyrirtækja veki fréttir af hagnaði bankanna óneitanlega upp spurningar. „Tölurnar eru svo háar að maður veltir því fyrir sér hvort einhverjum þurfi ekki að blæða til að ná þeim. Annars þá er ég nú svo ný farinn að búa að ég þekki þessi mál ekki almennilega. Eftir nokkur ár á ég eftir að þekkja þetta betur.“

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Sjónvarpsefni sem klikkar ekki

**Árstími spurningakeppnanna er runninn upp. Sjónvarpsþátturinn Meistarinn hóf göngu sína á ný í gær og síðar í mánuðinum hefst fyrsta sjónvarpsumferðin í Gettu betur.**



GETTU BETUR Spurningakeppni framhaldsskólanna hefur verið á dagskrá frá árinu 1986 og er alltaf jafn vinsæl.

Spurningakeppnir eru sívinsælt sjónvarpsefni. Allt frá árdögum sjónvarps hafa spurningakeppnir í einhverri mynd verið á dagskrá og vinsældirnar láta sjaldnast á sér standa. Viltu vinna milljón, Kjördæmin keppa, Popppunktur og SPK eru allt dæmi um vinsæla sjónvarpsþætti þar sem barist var um að svara rétt. En hvers vegna eru spurningakeppnir svona vinsælar?



**ÞORBJÖRN BRODDASON**

„Í fyrsta lagi getum við samsamað okkur þátttakendum því þetta er venjulegt fólk eins og við,“ segir Þorbjörn Broddason prófessor í fjölmiðlafræði. „Í öðru lagi veita spurningakeppnir okkur tækifæri til þátttöku í miðli sem býður ekki upp á þátttöku annars. Við getum setið heima og svarað spurningunum jafnvel þótt enginn heyri í okkur og þannig berum við okkur saman við þátttakendurna og uppgötvum að við erum alls ekki svo vitlaus,“ segir Þorbjörn og bætir því við að spennan hafi einnig sitt að segja. „Spurningakeppnir eru vinsælar á sama hátt og handbolti eða aðrar keppnir eru vinsælt sjónvarpsefni. Áhorfendur sækja í spennu og í spurningakeppnunum er aðeins einn sigurvegari. Að auki getur áhorfandinn skipað sér í lið, líkt og í boltanum, þú heldur til dæmis með gamla skólanum þínum og þar með magnast stemningin.“

Það eru ekki aðeins keppendurnir sem verða að hetjum á skjánum heldur eiga spyrlarnir það til að verða hálfgerðar stjörnur. „Vinsældir sumra spurningaþátta byggjast á spyrlinum. Magnús Magnússon heitinn var til dæmis geysivinsæll spyrill,“ segir Þorbjörn.

Spurningakeppnir ná greinilega að sameina ýmsa þætti sem áhorfendum líkar. Og ekki nóg með það heldur telur Þorbjörn einnig að keppnir af þessu tagi séu vinsælar meðal framleiðenda. „Spurningaþættir hljóta að vera tiltölulega ódýrir í framleiðsu miðað við vinsældir. Leikið efni kostar til að mynda mun meira, en þarna ertu með fólk af götunni, sem þiggur ekki laun, í aðalhlutverkum,“ segir Þorbjörn sem sjálfur skemmtir sér konunglega yfir spurningaþáttum í sjónvarpi.

thorgunnur@frettabladid.is



MEISTARINN Jónas Örn Helgason sigraði í spurningakeppninni Meistaranum árið 2006.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÁRNI TORFASON



Verði þér að góðu
– úrval af gómsætum fiskréttum
Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir
FISKISAGA Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is




**1.199** kr/kg. áður 1.724 kr/kg.
Gourmet hunangsgrísakótilettur




**179** kr/kg. áður 299 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingavængir




**487** kr/kg. áður 649 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingalæri




**461** kr/kg. áður 614 kr/kg.
Gourmet grillborgarar m/brauði




**399** kr/stk. áður 499 kr/stk.
Freschetta Brickoven pizzur




**127** kr/pk. áður 159kr/pk.
Nettó samlokubrauð - gróft




**99** kr/stk.
T2 peru og sítrónu - 2 ltr.




**344** kr/stk. áður 459 kr/stk.
Nettó vanilluís og súkkulaðiís - 3 ltr.

H-N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 2. febrúar til 4. febrúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

## Svona erum við

> Vegnir meðalársraunvextir innlánsstofnana 2000-2005




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

# *Hefur alhliða eftirlit með markaðinum*

Samkeppniseftirlitið er sú ríkisstofnun sem á að tryggja að íslensk fyrirtæki haldi sig innan ramma samkeppnislaga. Eitt af stærstu málunum sem eftirlitið hefur rannsakað undanfarið er samráð olíufélaganna, en á hverjum tíma eru fjölmörg mál til rannsóknar hjá eftirlitinu.

**Hvernig komast mál á dagskrá hjá samkeppniseftirlitinu?**
Eftirlitið tekur mál á dagskrá ef rökstuddar kvartanir berast um óeðlilega viðskiptahætti, en einnig hefur eftirlitið heimildir til þess að taka upp mál ef starfsmönnum þess þykir ástæða til. Hægt er að senda eftirlitinu ábendingar, jafnvel nafnlaust, á vef samkeppniseftirlitsins. Þar kemur fram að slíkar ábendingar geti leitt til athugana ef næg ástæða þykir til. Einnig er hægt að kvarta formlega.

Á síðasta ári skilaði eftirlitið af sér 52 ákvörðunum í málum sem höfðu verið til meðferðar, og árið 2005 voru þau 27.



**Hvert er markmiðið með rannsóknum Samkeppniseftirlitsins?**
Markmið samkeppniseftirlitsins er að framfylgja samkeppnislögum, og markmið eftirlitsins því samhljóða markmiðum laganna. Þau eru meðal annars þau að efla virka samkeppni í viðskiptum með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlun og auðvelda aðgang nýrra aðila að markaði.

En samkeppniseftirlitið hefur einnig eftirlitshlutverk með ríkinu, því það á einnig að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni, og benda stjórnvöldum á leiðir til að stuðla að virkari samkeppni. Samkeppniseftirlitið stundar einnig almennt eftirlit á ýmsum samkeppnismörkuðum hérlendis, og kannar eignatengsl og tengsl stjórnarmanna á milli fyrirtækja.

## SPURT & SVARAÐ

MENNTAMÁL

### *Opna fyrir samskipti*

Menntaáætlun Evrópusambandsins var kynnt í Borgarleikhúsinu í gær. Ragnhildur Zoëga, verkefnastjóri hjá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, segir tilganginn að opna fyrir samskipti til landa Evrópu.



**RAGNHILDUR ZOËGA** Verkefnastjóri Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.

**Hvenær hóf Ísland þátttöku í þessum áætlunum?**
Okkar þátttaka hófst árið 1995 og hefur þróast og aukist með árunum, eftir því sem fleiri vita af þessu sækja fleiri um. Það sem er skemmtilegast í þessu er að þetta er á öllum skólastigum, alveg frá leikskóla og upp í háskóla, fullorðinsfræðslustofnanir og starfsmenntun.

**Hvað breytist með sameiningunni?**
Breytingin er kannski mest fyrir neytandann. Með sameiningunni er þetta allt sett á einn stað. Áætlanirnar sköruðust að sumu leyti eins og til dæmis fullorðinsfræðslan sem var hjá Sókrates og starfsmenntun sem var hjá Leonardo skaraðist. Það á að einfalda þetta og gera aðgengilegra fyrir neytandann.

# Taka fylgi frá vinstriflokkunum

**Þrjú ný framboð eru að íhuga að bjóða fram til Alþingis í kosningunum í vor. Þessi framboð eru tveir hópar öryrkja og eldri borgara og samtökin Framtíðarlandið. Fyrri tvo hópana má staðsetja vinstra megin við miðlínu stjórnmálanna en Framtíðarlandið virðast vera Hægri-græn umhverfisverndarsamtök. Sérframboð á vegum Jóns Baldvins Hannibalssonar og Margrétar Sverrisdóttur hafa einnig verið nefnd til sögunnar.**

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, telur að ástæðan fyrir framboðinu sé fyrst og fremst sú að þeir sem standi að þeim séu fullir af gremju í garð stjórnvalda og hvernig þau hafa staðið að málefnum aldraðra, öryrkja og að umhverfismálum.

„En það getur einnig verið að þessir hópar treysti ekki stjórnarandstöðunni til að bæta stöðuna komist hún til valda eftir kosningar," segir Baldur og bætir því við að það sé athyglisvert að þessir hópar vilji ekki leita á náðir stjórnarandstöðunnar með sín mál. „Það er umhugsunarvert fyrir stjórnarandstöðuna, sem hefur fjallað mikið um helstu kosningamál þessara framboða, málefni aldraðra, öryrkja og umhverfismál, að hugsanlega verði sérstök framboð til að vinna að þeim," segir Baldur.

Auður Styrkársdóttir stjórnmálafræðingur telur að vangaveltur þessara hagsmunahópa um framboð kunni að þrýsta á stjórnmálaflokkana til að skerpa stefnu sína fyrir kosningar. „Hótunin um framboð kann að duga til að flokkarnir taki við sér og sinni stefnumálum hagsmunahópanna betur. Þetta er hugsanlega áskorun til allra flokka," segir Auður.

Einar Mar Þórðarson, stjórnmálafræðingur hjá félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, segir að ástæðan fyrir framboði öryrkja og aldraðra sé sú að þessir hópar séu ósáttir við stöðu sína í samfélaginu og vilji breyta henni. „Þau vilja koma manni á þing eða vekja athygli á stefnumálum sínum með því að fara í framboð."

Einar segir að Framtíðarlandið sé ósamstæður hópur en að samtökin virðist vilja stofna Hægri-grænan flokk á Íslandi. „Það er hins vegar ekki ljóst hvaða stefnu samtökin taka ef þau bjóða fram því þau hafa ekki gefið það út." Einar segist halda að fólkið sem stendur að Framtíðarlandinu vilji ekki kjósa vinstri-græna vegna þeirrar vinstrislagsíðu sem er á flokknum. „Þetta er fólk sem skilgreinir sig til hægri en vill setja umhverfismálin á odinn."



**ALÞINGISHÚSIÐ** Álitsgjafar Fréttablaðsins eru sammála um að ef verður framboðum hópanna þriggja muni þeir taka fylgi frá vinstriflokkunum í þingkosningunum í vor.

### Afleiðingar framboða á niðurstöður kosninganna

Baldur telur að ef Framtíðarlandið, sem hefur umhverfismál sem sitt helsta stefnumál, bjóði fram sé líklegt að framboðið taki fylgi frá vinstri-grænum og Samfylkingunni. „Það er áfall fyrir báða flokkana ef Framtíðarlandið fer fram. Umhverfisverndarsinnar sem annars myndu kjósa þessa flokka gætu kosið Framtíðarlandið." Baldur telur að framboð aldraðra og öryrkja muni einnig taka fylgi af Samfylkingunni og vinstri-grænum en einnig af stjórnarflokkunum, sérstaklega Sjálfstæðisflokknum sem njóti mikils stuðnings meðal aldraðra.

Auður telur að ef af framboðunum verður muni þau taka fylgi af vinstriflokkunum, Samfylkingu og vinstri grænum, því þau séu sprotinn úr þeim farvegi. „Ég held hins vegar að þessi framboð muni ekki fá mikið fylgi ef þau bjóða fram, þetta eru framboð sem berjast fyrir einhverju einu máli," segir Auður.

Einar Mar segir að ef flokkarnir bjóði fram muni þeir fyrst og fremst taka fylgi frá vinstriflokkunum. „Fólkið sem mun kjósa þessa flokka er óánægt með núverandi stöðu í stjórnmálunum og myndi líklega frekar kjósa stjórnarandstöðuflokkana," segir Einar. Hann telur að stjórnarandstöðuflokkarnir muni hagnast á framboði flokkanna.

### Jón Baldvin og Margrét

Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi ráðherra, að hann hyggðist ekki stofna til framboðs í kosningunum í vor. Hann útilokaði hins vegar ekki að hann myndi bjóða sig fram til Alþingis í einhverjum stjórnmálaflokki.

Margrét Sverrisdóttir, sem nýlega gekk út úr Frjálslynda flokknum, segir að hún útiloki ekki að stofna til framboðs á landsvísu í kosningunum í haust. „Ég útiloka ekkert. Þetta fer allt eftir því hvað fólkið mitt, þeir sem fylgdu mér út úr flokknum og fleiri, vill gera og það liggur ekki fyrir enn," segir Margrét. Hún segist ekki hafa átt í neinum formlegum viðræðum við stjórnmálaflokka um að ganga til liðs við þá.

### FRAMBOÐ ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA



**ARNDÍS BJÖRNSDÓTTIR**

**Forystumenn:** Arndís H. Björnsdóttir, Kristján Guðmundsson, Guðjón Tómasson, Bryndís Jónsdóttir og Albert Jensen.
**Helstu stefnumál:** Bæta kjör eldri borgara og öryrkja. Vilja fá leiðréttingu á þeim ójöfnuði sem er í íslensku samfélagi. Að það verði samræmi í launum landsmanna. Bætur á heilbrigðis- og menntakerfinu.
**Hvaða líkur eru á framboði:** Sterkar líkur.
**Hvenær verður tekin ákvörðun um framboð:** Fljótlega.

### FRAMBOÐ ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA



**ARNÞÓR HELGASON**

**Forystumenn:** Arnþór Helgason, fyrrverandi formaður öryrkjabandalagsins, Arnór Pétursson, Hannes Sigurðsson, Baldur Ágústsson, fyrrrum flugumferðarstjóri, Guðbjörn Jónsson og Baldur Ágússtson.
**Stefnumál:** Meðal annars bætt kjarastaða fatlaðra og aldraðra, endurskoðun laga um almannatryggingar og umhverfismál.
**Líkur á framboði:** Helmingslíkur.
**Hvenær verður tekin ákvörðun um framboð**: Taka þarf ákvörðun fyrir miðjan febrúar til að tími verði til skipuleggja framboðið.

### FRAMTÍÐARLANDIÐ

**Forystumenn:** í stjórn félagsins eru Andri Snær Magnason, Birkir Björnsson, Irma Erlingsdóttir, María Ellingsen, Ósk Vilhjálmsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir, Reynir Harðarson, Rögnvaldur J. Sæmundsson og Þóra Ellen Þórhallsdóttir.
**Stefnumál:** Sterkt atvinnulíf án stóriðjustefnu. Umræða á eftir að fara fram um önnur stefnumál.
**Líkur á framboði:** Mjög sterkar raddir innan Framtíðarlandsins sem finnst að það eigi að vera framboð. Þeir innan Framtíðarlandsins sem helst vilja bjóða fram eru hægra megin við miðju en finna sig ekki innan Sjálfstæðisflokksins vegna stóriðjustefnu flokksins. Á eftir að ræða hugmynd um framboð við almenna félagsmenn.
**Hvenær verður tekin ákvörðun um framboð:** Á næstunni.



**ANDRI SNÆR MAGNASON**



FRÉTTASKÝRING
INGI FREYR VILHJÁLMSSON
ingifreyr@frettabladid.is

Hreinar hendur
örugg samskipti
Jóhanna Runólfsdóttir
*sjúkraliði, ráðgjafi hjá RV*
Á tilboði í febrúar 2007
DAX Handspritt, krem, sápur ofl.



268 kr.
DAX Handáburður
250 ml
Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
25 ára Rekstrarvörur 1982–2007
TUNGLIÐ RV6224A




KRÓNAN KRÓNAN KRÓNAN

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.91 **+0,23%** **Fjöldi viðskipta:** 546 **Velta:** 11.992 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petroleum** | +1,42% | **Eimskiptafélagið** | -1,23% |
| **Teymi** | +1,33% | **Össur** | -0,90% |
| **Atorka** | +1,25% | **365** | -0,71% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,19 -0,71% ... Actavis 70,40 +0,14% ... Alfesca 4,83 +0,63% ... Atlantic Petroleum 573,00 +1,42% ... Atorka 6,60 +1,23% ... Bakkavör 67,20 +0,15% ... Eimskipafélagið 32,20 -1,23% ... FL Group 29,60 +1,02% ... Glitnir 25,60 1,19% ... Kaupþing 952,00 +1,09% ... Landsbankinn 30,10 +0,00% ... Marel 73,80 +0,00% ... Mosaic Fashions 14,95 +0,70% ... Straumur-Burðarás 19,20 +0,52% ... Össur 110,00 -0,90%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Skattfrjálsar mútugreiðslur

**Til varnar mál- og skoðanafrelsi**
Samtök atvinnulífsins mótmæla harðlega hertum refsiheimildum sem ráð er fyrir gert í frumvarpi til breytinga á samkeppnislögum sem nú liggur fyrir. Í fréttabréfi samtakanna er bent á að ákvæði þar sem starfsmönnum og stjórnarmönnum fyrirtækja er bannað að hvetja til samráðs bjóði heim hættu á geðþóttaréttlæti. „Skortur á ásetningi eða gáleysi skiptir ekki máli,“ segir þar. Samtökin segja ný lög setja málfrelsi þeirra skorður þar sem ekki megi lengur hvetja til aðgerða á borð við að sneitt sé hjá „gerviverktökum“. Fyrir utan þetta segir SA marga meinbugi aðra á frumvarpinu.



**Bannað að múta í útlöndum**
Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur gert gangskör gegn spillingu hvers konar sem þrífst í stjórnkerfi aðildarríkja stofnunarinnar á þessu ári. Stofnunin segir í nýlegri bókun sinni að Pólverjar verði að taka sig á í andlitinu og loka fyrir göt í dómskerfinu sem geri fjármálayfirvöldum erfitt um vik að kæra stjórnendur pólskra fyrirtækja sem gerst hafi uppvísir að því að múta erlendum embættismönnum. Er stjórnvöldum í Póllandi álasað fyrir að gera fyrirtækjum hátt undir höfði og bendir á að mútugreiðslur séu frádráttarbærar frá skatti. Gera má ráð fyrir að ríkisskattstjóri ræki hér upp stór augu ef stjórnendur íslenskra fyrirtækja reyndu slíkan frádrátt í næsta framtali.

## MARKAÐSPUNKTAR

Icetec, félag í eigu Inga Guðjónssonar stjórnarformanns og fyrrum framkvæmdastjóra Lyfju, hefur keypt 61 prósents hlut Lyfju í Litís ehf. Litís rekur keðju apóteka í Litháen. Ingi á eftir kaupin 95 prósent í Litís en Lyfja rest.

Ríkisjóður skilaði um 66,7 mailljarða króna rekstrarafgangi á árinu 2006, en 32 milljörðum árið áður. Fjármálaráðuneytið birti í gær tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs. Tekjur jukust um 40 milljarða milli ára, fyrir utan tekjur af sölu Símans. Gjöld hækkuðu um tvö prósent.

Seðlabanki Bandaríkjanna tilynnti um óbreytta stýrivexti á fundi í gær. Vextir ytra hafa staðið í 5,25 prósentum síðan um miðjan júní í fyrra. Sérfræðingar spá óbreyttum vöxtum á næsta vaxtaákvörðunardegi bankans í marslok.

# Stork græðir í stormi

Hollenska fyrirtækjasamstæðan Stork hagnaðist á síðasta ári um 150 milljónir evra, eða sem nemur 13,3 milljörðum króna. Stork hefur síðustu misseri deilt við stærstu hluthafa um stefnu, en Marel vill kaupa matvælavinnsluvélahluta Stork.

„Endanleg niðurstaða Stork á afar stormasömu ári er með ólíkindum góð. Við náðum góðum árangri með bæði innri og ytri vexti,“ segir Sjord Vollebrecht, forstjóri Stork. Greiningardeild Landsbankans bendir á að velta Stork Food Systems, matvælavinnsluvélahlutans, hafi numið 326 milljónum evra í fyrra. „Vöxtur Food Systems var 36 prósent á milli ára,“ segir Landsbankinn og bendir á að þótt vöxtur Marels hafi verið mikill sé Food Systems talsvert stærra félag. „En alls óvíst er hvort eða hvenær Marel fær tækifæri til að kaupa hollenska félagið.“

Deilur stjórnar Stork við hluthafa hafa snúist um hvort selja bæri hluta samstæðunnar og einbeita sér að kjarnastarfsemi. Í tilkynningu félagsins kemur fram að afráðið hafi verið að selja prenthluta Stork á þessu ári, en hluti var seldur fyrir áramót. Þessi hluti vegur hins vegar ekki þungt í heildarrekstrinum og ríkir enn óvissa um sölu annarra hluta. Hollenskur viðskiptadómstóll skipaði félaginu nýverið tilsjónarstjórnarmenn til að vinna að lausn deilunnar við hluthafa. **- óká**

# Capacent bætir við sig í Danmörku

Capacent tilkynnti í gær um kaup á danska markaðsrannsóknafyrirtækinu Epinion. Tekjur félagsins á síðasta ári námu fimm hundruð milljónum íslenskra króna.

Skúli Gunnsteinsson, forstjóri Capacent, segir kaupin mikilvægt skref í því markmiði félagsins að byggja upp norður-evrópskt félag á sviði ráðgjafar, rannsókna og ráðninga. Epinion er þriðja félagið sem Capacent kaupir í Danmörku. Ráðgjafaeining KPMG var keypt í desember árið 2005 og Logistic Group í júní 2006.

Capacent leitar jafnframt frekari tækifæra í Skandinavíu og í Norður-Evrópu. „Við eigum von á að félagið muni stækka hratt á næstu tveimur árum,“ segir Skúli. „Miðað við þau markmið sem við höfum sett okkur er ljóst að það verður ekki eingöngu með innri vexti heldur jafnframt með yfirtökum eða sameiningu við annað félag. Við eigum þegar í viðræðum við nokkra aðila. Það á eftir að koma í ljós hvað kemur út úr þeim.“

Velta Capacent jókst úr 1.300 milljónum árið 2005 í 4,5 milljarða á síðasta ári. Það markmið hefur verið sett að hún verði komin yfir tíu milljarða króna árið 2009. Stefnt er að því að skrá félagið á hlutabréfamarkað í maí það ár.



**Í KAUPMANNAHÖFN** Capacent hefur keypt danska markaðsrannsóknafyrirtækið Epinion.

Eftir kaupin á Epinion starfa 260 manns hjá Capacent í Danmörku og á Íslandi. **- hhs**




# Hagnaður OMX eykst

Norræna kauphallarsamstæðan OMX skilaði 911 milljónum sænskra króna í hagnað á síðasta ári. Þetta jafngildir rúmum 8,9 milljörðum íslenskra króna. Tilsamanburðar nam hagnaðurinn ári fyrr 543 milljónum sænskra króna, eða rúmum 5,3 milljörðum íslenskra.

OMX-samstæðan rekur kauphallir á Norðurlöndum, að Noregi undanskildum, og í Eystrarsaltslöndunum. Samstæðan tók meðal annars yfir rekstur Kauphallar Íslands í desember í fyrra.

Rekstrarhagnaður í fyrra nam 1,2 milljörðum króna, 11,8 milljörðum íslenskra króna, samanborið við 910 milljónir sænskra króna, eða rúmra 8,9 milljarða íslenskra króna.

Haft er eftir Magnusi Böcker, forstjóra OMX, í tilkynningu að síðasta ár hafi á margan hátt verið metár hjá OMX enda hafi rekstrarafkoman aldrei verið betri. Hagnaður á hlut jókst um 64 prósent miðað við árið á undan og arðsemi eigin fjár nam 20 prósentum. „Eftir nokkurra ára tímabil uppbyggingar hefur OMX nú náð sterkri stöðu meðal kauphalla á alþjóðavettvangi en kauphallamarkaðurinn einkennist af örum vexti.“

Böcker sagði ennfremur á uppgjörsfundi að þótt stjórn OMX hefði heimild til þess að kaupa allt að tíu prósent eigin bréfa þá væru litlar líkur á að það yrði raunin og líklegra að ekkert yrði af kaupunum.

- jab

# *FL Group spáð methagnaði*

FL Group er spáð methagnaði á fjórða ársfjórðungi 2006 en þó munar miklu á afkomuspám bankanna sem eru frá 27,5 til 35,5 milljörðum króna. Félagið birtir uppgjör sitt í dag. Mikill hagnaður skýrist aðallega af söluhagnaði á Icelandair Group og gengishagnaði af innlendum og erlendum hlutabréfum. Eins og oft áður ríkir nokkur óvissa um stöðu gjaldeyrisjöfnuðar FL sem kann að skýra mikinn mun á spám.

Meðaltalsspá bankanna hljóðar upp á 31,9 milljarða króna hagnað en aðeins einu sinni hefur það gerst að félag hafi skilað yfir þrjátíu milljörðum krónum í hús á einum ársfjórðungi. Það var þegar Kaupþing hagnaðist um 35,4 milljarða á þriðja ársfjórðungi 2006.

- eþa

**SPÁR UM AFKOMU FL GROUP Á 4. ÁRSFJ. 2006 ***

| | |
|---|---|
| Spá Glitnis | 35.542 |
| Spá Kaupþings | 32.662 |
| Spá Landsbankans | 27.499 |
| Meðalstalsspá | 31.901 |

* Í milljónum króna

# Vissu að baráttan yrði erfið

## Nýjum eigendum tókst ekki að bjarga Tæknivali. Rákust fljótt á veggi.




**NÝBÚNIR AÐ KAUPA** Stefán Jóhannesson stjórnarformaður og Magnús V. Snædal, forstjóri Tæknivals, nýteknir við fyrirtækinu í marsbyrjun í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Engir eftirmálar verða gagnvart fyrri eigendum Tæknivals vegna gjaldþrots fyrirtækisins, að sögn Stefáns Jóhannessonar, stjórnarformanns eignarhaldsfélagsins Byrs. Félagið keypti Tæknival af Fons, sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, í byrjun mars í fyrra.

Stefán segir að ljóst hafi verið í nokkurn tíma í hvað stefndi, en ötullega hafi verið unnið að því að reyna að bjarga fyrirtækinu. „Til þess voru kannski ekki margar leiðir, helst að taka félagið í gegn um nauðasamning og fá nýtt fjármagn inn í félagið með nýjum hluthöfum. Við lögðum mikla vinnu í að reyna að landa þessu en það hafðist ekki.“ Á honum er engu að síður að skilja að róðurinn hafi verið heldur þyngri en búist var við þegar Byr keypti Tæknival fyrir tæpu ári síðan. „Við hins vegar vissum frá upphafi að þetta væri áhætta, en rákumst mjög flótt á ákveðna veggi sem kom okkur dálítið á óvart.“

Stefán vill þó ekki fara nákvæmlega í saumana á því hvaða hlutir þetta voru en áréttar að fyrirtækið hafi dregið á eftir sér hala vandamála árum saman. „Okkur tókst því miður ekki að leysa þau öll og ljóst að skorti á vilja hjá sumum þeim sem við höfum sest niður með til að koma til móts við félagið þótt það væri mjög aðþrengt.“

Ekki er enn ljóst hversu umfangsmikið gjaldþrot Tæknivals er en í gang er að fara hefðbundið ferli með skiptastjóra þar sem auglýst er eftir kröfuhöfum. Skiptastjóri hefur verið skipaður Sigurmar K. Albertsson hæstaréttarlögmaður.

Áhrifin af gjaldþroti Tæknivals segir Stefán ekki verða mikil á starfsemi Byrs. „Fjárfestingin í þessu var mjög lítil þótt auðvitað hafi verið sett í þetta ómæld vinna og tími. Eignarhaldsfélagið heldur bara áfram að sinna öðrum verkefnum.“

- óká

# Lítil áhrif af evrubreytingu

Ef öll fyrirtæki Kauphallarinnar tækju þá ákvörðun að skrá hlutafé sitt í evrum myndi það ekki hafa teljandi áhrif á peningamálastjórn Seðlabankans, jafnvel þótt öll velta yrði í annarri mynt en krónu. Þetta er mat Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Kauphallar Íslands. „Ég lít þannig á að það sé fyrst og fremst verið að skipta um reiknieiningu.

Þótt fyrirtæki taki ákvörðun um að fara yfir í evruna eða aðra mynt held ég að það hafi lítil sem engin áhrif á peningamálastjórnina. Það er best að fyrirtæki taki þessa ákvörðun út frá eigin hagsmunum. Það leiðir til bestu niðurstöðu fyrir hagkerfið í heild.“

Þórður telur þó þá þróun að hagkerfið hafi á undanförnum árum verið að færa sig í ríkari mæli yfir í evrur hafi að sjálfsögðu einhver áhrif á peningamálastjórnina þótt þessi aðgerð út af fyrir sig hefði það ekki. „Ég held reyndar að áhrifin af því að bankarnir færi eigið fé sitt í evrur séu stórlega ofmetin. Það myndi í mesta lagi hafa áhrif á gengi krónunnar rétt á meðan breytingin væri að eiga sér stað.“

- hhs




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Evra í stað krónu:

## Trúarbrögð eða skynsemi?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Á úthallandi vetri á fyrra ári sagði aðalhagfræðingur Seðlabankans í þessu blaði að ekki væri ólíklegt að ávinningurinn af sjálfstæðum gjaldmiðli væri minni en enginn. Segja má að sú grein hafi markað upphaf þeirrar umræðulotu um krónu og evru sem staðið hefur með litlum hléum síðan.

Umræðan um þetta mikilvæga viðfangsefni hefur þó í sumum tilvikum farið út um víðan völl. Því er til að mynda haldið fram að helsta röksemdin fyrir upptöku evru sé slæm stjórn efnahagsmála. Væri sú raunin er einsýnt að einfaldara væri að bæta efnahagsstjórnina en taka upp evru. Slæm efnahagsstjórn með evru hefði sömu eða jafnvel verri áhrif en með krónu.

Reynt hefur verið að gylla evruna með tilvísunum í meðaltal verðlags á neysluvörum í evrulöndunum. Þá er ekki að því gætt að laun hér eru umtalsvert hærri en í mörgum þeirra. Það er því með öllu óraunhæft að telja fólki trú um að verðlag hér geti farið niður fyrir meðaltal á Norðurlöndunum þar sem lífskjör eru svipuð. Einu gildir hvaða mynt við notum í því tilliti.

Á sama hátt er reynt að ýta umræðunni um evruna út af borðinu með einföldum staðhæfingum. Þær helstu eru að efnahagssveiflur hér séu með öðru móti en á meginlandinu og aldrei megi fórna sjálfstæði landsins í peningamálum. Þó að þetta séu réttmæt umræðuefni eru á þeim fleiri hliðar en ein.

Í fyrsta lagi hefur íslenskt efnahagskerfi gjörbreyst og margt bendir til að sveiflur þess séu nú meir í takt við viðskiptalöndin en áður var. Í annan stað er það staðreynd að kostir Seðlabankans eru oftar en ekki þvingaðir leikir vegna utanaðkomandi áhrifa, eins og Ólafur Ísleifsson lektor hefur nýlega bent á í Markaði Fréttablaðsins. Hvað er þá eftir af sjálfstæðinu?

Ástæðan fyrir evruumræðunni er fyrst og fremst sú að reynslan hefur nú sýnt að erfitt er að tryggja nægjanlegan stöðugleika með lítilli mynt í ölduróti frjálsra fjármagnsflutninga. Það hefur verið þrautin þyngri að sýna fram á að atvinnulífið hafi trú á að varanlegur stöðugleiki og króna fari saman til lengri tíma.

Spurningin er þá sú hvort sjálfstæð peningamálastjórnun, sem er meir í orði en á borði, er eftirsóknarverðari en stöðugra efnahagsumhverfi. Verulega gild rök fyrir þeim kosti hafa ekki verið færð fram. En vitaskuld þarfnast álitaefnið umræðu áður en ákvarðanir eru teknar.

Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbendingar, lýsir því fyrir skömmu í riti sínu á einkar skýran hátt að að evran er ekki lausn á neinum yfirstandandi efnahagsvanda. Tækju Íslendingar hana upp væru þeir einfaldlega að skipta um efnahagsumhverfi.

Þeir hyrfu úr kerfi, segir ritstjórinn, þar sem hægt væri að hafa áhrif á eignir og afkomu alls almennings í einu vetfangi og yrðu að „sætta sig við“ að ekki væri hægt að breyta gildi peninganna með stjórnvaldsákvörðun eða spákaupmennsku. Niðurstaða hans er þessi: „Stuðningur við evruna er ekki trúaratriði heldur einfaldlega skynsemi.“

Alltént er það skynsemi að brjóta viðfangsefnið til mergjar. Það er hins vegar ekki vel fallið til kosningaslagsmála. Það eina sem skiptir máli er að dyrunum sé haldið opnum þannig að á næstu fjórum árum verði unnt að komast að niðurstöðu. Óviturlegt er að stíga skref í þessa átt nema um það verði breið samstaða í þjóðfélaginu. Hún verður ekki til með hnútukasti heldur rökræðum.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

OPIÐ HÚS HJÁ SVFR
Föstudaginn 2. febrúar
Dagskrá:
::: Bjarni Brynjólfsson – nýr ritstjóri Veiðimannsins
::: Veiðistaðalýsing - Norðurá, Bjarni Júlíusson
::: Kynning á árshátíðinni
::: Myndagetraunin
::: Vísubotnakeppni
::: Happahylurinn
ALLIR VELKOMNIR - HÚSIÐ OPNAR KL. 20.00
SVFR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvorki heima né erlendis

Halldór Blöndal hyggst boða forsetaritara fyrir utanríkisnefnd og spyrja hann út í setu Ólafs Ragnars Grímssonar í þróunarráði Indlands. Tengsl forsetans þykja ekki tilhlýðileg embætti hans. Egill Helgason skrifar um þetta mál og segir að fátt viti Halldór og vinir hans skemmtilegra en að koma Ólafi í bobba. „Það voru hann og Davíð sem héldu heimastjórnarafmælið snemma árs 2004 og pössuðu vandlega að forsetinn kæmi þar hvergi nærri,“ segir Egill. Staða Ólafs er nokkuð snúin. Honum koma hvorki heimastjórnarafmæli við né erlendar þjóðir.



### Utanríkisráðherra ekki ofboðið

Valgerður Sverrisdóttir virtist þó ekki í nöp við utanlandsferðir Ólafs eins og kom fram á Stöð 2 í gær. „Nei, nei. Þetta er ekki þannig mál að neinum sé ofboðið held ég. Þó er þetta engu að síður mál sem við sem sitjum í ríkisstjórn teljum að verði að vera í lagi. Og eftir viðtöl milli ráðuneytisins og forsetaskrifstofu er ég sannfærð um að þannig er það líka hinum megin. Þannig að þetta er fyrst og fremst að mínu mati mál sem við getum haft í betri farvegi. Þannig að þá þurfi ekki að vera um neinar uppákomur að ræða,“ segir Valgerður. Henni er ekki ofboðið, svo mikið er víst.



### Skilningur

Pétur Gunnarsson rifjar upp á síðu sinni þegar Kjartan Gunnarsson greindi frá því í október á síðasta ári að flokksbundnir Sjálfstæðismenn væru orðnir 45 þúsund. „Á þennan mælikvarða mætti segja að það væri hreint afhroð ef fylgi Sjálfstæðisflokksins í þingkosningunum yrði minna en svona 41,6%,“ segir Pétur en bætir við að nú hafi hann skiling á því að nýr framkvæmdastjóri, Andri Óttarsson, vilji ekki að fjöldi skráðra flokksmanna spyrjist út.

karen@frettabladid.is

# Allt rekið ofan í þá



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON
**Í DAG** | Leyniþjónusta

Í umræðum síðustu mánaða um öryggi Íslands í kalda stríðinu hefur allt verið rekið ofan í þá, sem deilt hafa á stefnu íslenskra stjórnvalda á þeirri tíð. Umræðurnar hófust, þegar dr. Þór Whitehead prófessor sagði í tímaritinu Þjóðmálum frá öryggisdeild íslensku lögreglunnar, sem hafði gætur á ráðstjórnarvinum. Þá kvaðst Guðni Th. Jóhannesson hafa heimildir fyrir því, að Ólafur Jóhannesson, sem lengi var formaður Framsóknarflokksins og dómsmálaráðherra, hefði ekki vitað af þessari öryggisdeild. Þetta greip fréttamaður Stöðvar tvö á lofti og flutti frétt um „leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins“. Andstæðingar Sjálfstæðisflokksins kættust mjög og skeyttu engu, að Guðni kvað nafngiftina ekki frá sér komna.

Össur Skarphéðinsson spurði hér í blaðinu, hvort „leyniþjónusta Sjálfstæðisflokksins“ bæri ábyrgð á eftirgrennslan, sem Þór sagði frá í ritgerð sinni, um hugsanleg tengsl Svavars Gestssonar við hina illræmdu leyniþjónustu Austur-Þýskalands, Stasi. Hún fór fram eftir hrun Berlínarmúrsins haustið 1989. Þór upplýsti, að tveir samráðherrar Svavars í ríkisstjórninni 1988-1991, Steingrímur Hermannsson og Jón Baldvin Hannibalsson, hefðu sent íslenskan embættismann til Þýskalands í því skyni að afla upplýsinga um Svavar.

Guðni Th. Jóhannesson sá sig síðan knúinn til að greina opinberlega frá því, að hann hefði nú heimildir fyrir því, að Ólafur Jóhannesson hefði vitað um öryggisdeildina, enda hefði starfsemi hennar verið eðlileg í kalda stríðinu. Þessi yfirlýsing Guðna þótti af einhverjum ástæðum ekki eins fréttnæm og hin fyrri.

Áður hafði Jón Baldvin Hannibalsson fullyrt opinberlega, að í utanríkisráðherratíð sinni 1988-1995 hefði sími sinn verið hleraður. Davíð Oddsson, sem var forsætisráðherra frá 1991, vísaði þessu á bug og upplýsti, að tæknimenn Atlantshafsbandalagsins hefðu kannað reglulega, hvort símar ráðherra væru hleraðir. Jón Baldvin brást ókvæða við og hnýtti ýmsum atriðum við sögu sína. Nokkrir fleiri gáfu sig fram, allt alræmdar skrafskjóður, sem sögðu síma sína hafa verið hleraða. Hefði þurft fjölmennt starfslið til að hlusta á allt þeirra tal. Ríkissaksóknari tók málið til rannsóknar, og kom í ljós, að ásakanir Jóns Baldvins voru hugarburður.

Þessum hugarburði rugluðu sumir saman við það, sem þeir Guðni Th. Jóhannesson og Þór Whitehead höfðu upplýst, að öryggisdeild lögreglunnar fékk nokkrum sinnum í kalda stríðinu heimild til hlerana, meðal annars hjá Kjartani Ólafssyni, þá framkvæmdastjóra Sósíalistaflokksins. Kjartan krafðist aðgangs að gögnum um málið, sem Guðni Th. Jóhannesson hafði setið einn að á Þjóðskjalasafninu. Menntamálaráðherra veitti Kjartani aðganginn með sérstökum úrskurði, eins og sjálfsagt var. Það er hins vegar kaldhæðni, að Kjartan hafði verið framkvæmdastjóri flokks, sem hafði árum saman haft vinsamleg samskipti við Austur-Þýskaland, þar sem stjórnvöld beittu hlerunum og njósnum til að kúga þegna sína. Hér voru hins vegar aðeins hafðar gætur á örfáum mönnum, sem grunaðir voru um að hafa í hyggju ofbeldi.

Einn undarlegasta þáttinn í þessum umræðum átti Jón Ólafsson Moskvufari. Hann skrifaði nokkrar blaðagreinar um, að lítil sem engin hætta hefði verið af íslenskum kommúnistum og því síður af Ráðstjórnarríkjunum. Rússneskir leyniþjónustumenn hefðu haldið sér til hófs á Íslandi, og eftir dauða Stalíns hefðu Ráðstjórnarríkin ekki lengur verið alræðisríki. Í Moskvu hafði Jón kannað skjöl um samskipti íslenskra kommúnista og ráðstjórnarinnar og birt um bók 1999, Kæru félagar. Sú bók sýnir þrátt fyrir margvíslegan hálfsannleik áhuga ráðstjórnarinnar á Íslandi og þjónustulund íslenskra kommúnista við hana, eins og Þór Whitehead og Björn Bjarnason rifjuðu upp.

Þeir Þór og Björn hafa hrakið fullyrðingar Jóns Ólafssonar með góðum rökum. Auðvitað voru íslenskir kommúnistar ekki deigari baráttumenn eða óeinlægari í trú sinni en skoðanasystkini þeirra erlendis. Þeir höfðu hér þjálfaðar baráttusveitir fyrir stríð, skipulögðu nokkrum sinnum götuóeirðir og höfðu í hótunum við ráðamenn. Þeir þáðu stórfé úr sjóðum Kremlverja til flokks síns og bókaútgáfu. Ráðstjórnarríkin voru langt fram eftir tuttugustu öld alræðisríki, sem skirrðist ekki við að beita valdi. Nokkrir njósnarar leyniþjónustu hersins störfuðu jafnan í sendiráði þeirra í Reykjavík. Við vitum aðeins um þau dæmi, þegar mistókst að fá Íslendinga til aðstoðar. Tilraun róttæklinga til að gera gys að þessari ógn og viðbrögðum íslenskra ráðamanna við henni er óvirðing við fjölmörg fórnarlömb Kremlverja um heim allan.

# Stefnumót um umhverfismál

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál



GUÐMUNDUR HÖRÐUR GUÐMUNDSSON

Umhverfisráðuneytið og Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands hafa ákveðið að efna til Stefnumóta í vetur, þar sem brýn umhverfismál verða rædd á opnum fundum. Munu sérfræðingar ráðuneytisins og stofnana þess ásamt nemendum og kennurum Háskóla Íslands miðla af þekkingu sinni og taka þátt í umræðum.

### Hvað svífur yfir Esjunni?

Á fyrsta stefnumótinu, sem fram fer í Tæknigarði í dag og hefst kl. 12.15, verður svifryk til umræðu og spurt verður hvað svífur yfir Esjunni. Þetta er áleitin spurning í ljósi nýlegra niðurstaðna vísindamanna sem benda til þess að svifryk sé enn skaðlegra heilsu almennings en áður var talið. Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra kynnti í gær skýrslu um svifryksmengun og boðaði leiðir til úrbóta. Þar á meðal undirstrikaði hún mikilvægi þess að efla almenningssamgöngur og vakti í þeim efnum athygli á að Akureyringar felldu niður fargjöld í strætisvagna um síðustu áramót. Í kjölfarið hefur farþegum í strætisvögnum Akureyrar fjölgað um 60%. Nauðsynlegt er fyrir höfuðborgarbúa að ræða hvernig þeir geti fetað í fótspor Akureyringa í þessum efnum og vonandi getur Stefnumót umhverfisráðuneytisins og Stofnunar Sæmundar fróða í dag orðið vettvangur slíkrar umræðu. Þar verður einnig rætt um orsakir svifryksmengunar, áhrif hennar á heilsu fólks og fyrirhugaðar aðgerðir stjórnvalda til úrbóta.

### Umræður forsenda sjálfbærrar þróunar

Umræður, menntun og fræðsla á sviði umhverfismála eru forsendur sjálfbærrar þróunar og þess að einstaklingar og samfélög læri að lifa í sátt við náttúruna. Vonandi geta stefnumót umhverfisráðuneytisins og Stofnunar Sæmundar orðið góður vettvangur slíkrar umræðu og fræðslu.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi umhverfisráðuneytisins.*


Síðasti dagur
3. febrúar
ÚTSÖLULOK
Takmarkað magn
allt á að seljast
Gildir meðan birgðir endast
3+2 sæta
kr. 69.000
10000
E20052006
TÍU
ÞÚSUND
KRÓNUR
PENINGABANKI
ÍSLANDS
20-70%
afsláttur
Sófasett
Heilsudýnur
King dýnur frá kr. 50.000
Útlitsgallaðir rafmagnsbotnar
Náttborð
Höfuðgaflar
Kommóður
Smávara og gjafavara
Uppseldur
Má prútta
Inngangur
Klettháls 13
HÚSGÖGNIN
HEIM
AKUREYRI
Svefn & heilsa
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# Hefur Þórarinn gleymt einhverju?

UMRÆÐAN
Meðferðarúrræði


G. HELGA INGADÓTTIR

Ég verð að segja að það hryggði mig að hlusta á hann Þórarin Tyrfingsson í Kastljósinu fimmtudagskvöldið 18. jan. síðastliðinn, þar sem hann lýsir yfir þeirri skoðun sinni að Samhjálp og meðferðarheimilið í Hlaðgerðarkoti sé rekið af ofsatrúarfólki.

Samhjálp heyrir undir Fíladelfíu - Hvítasunnumenn og hafa þeir rekið meðferðarstarf síðan á 8. áratugnum, með nokkuð farsælum árangri, eftir því sem ég best veit.

SÁÁ hefur einnig verið með farsælt meðferðarstarf og ekki allt sérfræðingar í læknisfræðum, sem þar starfa. Hjá SÁÁ eru gjarnan ráðgjafar starfandi sem þekkja sjúkdóminn af eigin raun. Enda er sú skoðun ríkjandi að óvirkum ölkum gangi best að hjálpa ölkum sem eru að koma úr neyslu.

**Staðreyndin er nú sú að meðferðin í Hlaðgerðarkoti er byggð á þekkingu á sjúkdómnum alkóhólisma og þar koma læknar að og greina sjúklinga.**

SÁÁ á sínum tíma var með kapellu inni á Vogi, sem fólk var hvatt til að nota og leita til guðs síns, reyna að öðlast einhvern frið í sálina. Á Staðarfelli er falleg sveitakirkja og notuðu vistmenn hana oft á dag, til bæna eða bara að sitja þar inni og hugleiða með sjálfum sér, var það talið gott og uppbyggilegt fyrir sjúklingana. Enda er talað um í AA-bókinni að ómögulegt sé að takast á við alkóhólisma án trúar, í eigin mætti. Ennþá þykir AA-bókin vera eigulegur og góður gripur innan AA-samtakanna.

Ég hygg að ennþá sé fólk, sem fer í meðferð hjá SÁÁ, hvatt til að notfæra sér fundina innan AA samtakanna. En eru þá AA-samtökin ekki hættuleg? Þar er trúfrelsi og tjáningarfrelsi. Þú mátt alveg eins tjá þig um trú þína sem hluta af þinni reynslu, eins og um t.d. vinnuna þína, eða um hvað annað sem þú vilt. Þessi samtök eru fyrir þá sem hafa sjúkdóminn alkóhólisma og þeirra meginþema er 12-spora kerfið. Í sporunum er mikið talað um guð og menn eru hvattir til að vinna sporin.

Meðferðin hjá SÁÁ er að jafnaði ekki lengri en 4-6 vikur og læknar ekki sjúkdóminn. Þó er boðið upp á eftirmeðferð í sumum tilvikum, sem stendur í lengri tíma. AA er meðalið sem alkinn er hvattur til að taka inn, notfæra sér fundina og sporin, sem eru trúarhvetjandi.

Eitt af aðaleinkennum sjúkdómsins er afneitunin, sjálfsblekkingin og lygin. Sjúklingurinn getur lent inni í þessu ferli, jafnvel án þess að vera í neyslu, þá er það kallað þurrafylleri. Dómgreind alka sem er á þurrafylleríi er oft og tíðum svipuð og hann væri í neyslu. Og þá er voðinn vís, því að þar sem sjúkdómurinn er virkur í atferli, þá líða margir þjáningar, sem að sjúklingnum standa og verða meðvirkir, ef ekki er gripið inn í. Allir alkóhólistar geta orðið virkir í hegðun sinni, slegið niður í sjúkdómnum. Þetta veit Þórarinn, en hann minnist ekki á þetta einu orði, heldur eyðir öllu púðrinu í að úthrópa Samhjálp.

Mér finnst það mjög ábyrgðarlaust að ráðast á stofnun eins og Samhjálp á opinberum vettvangi, sem hefur unnið gott og göfugt starf og kalla þá trúarofstækismenn. Með hvaða hætti komu Samhjálparmenn að Byrginu? Voru þeir þar innan veggja með eftirlit? Bera þeir ábyrgð á þessum harmleik?

Staðreyndin er nú sú að meðferðin í Hlaðgerðarkoti er byggð á þekkingu á sjúkdómnum alkóhólisma og þar koma læknar að og greina sjúklinga. Alkar sem fá meðferð í Hlaðgerðarkoti sækja einnig fundi hjá AA eftir meðferð og eru hvattir til þess.

Við lifum í þjóðfélagi þar sem við viljum að jafnrétti og bræðralag sé haft að leiðarljósi. Með því að hengja bakara fyrir smið er réttlætið ekki í hávegum haft. Í Byrginu voru einstaklingar sem ekki voru velkomnir í meðferð hjá SÁÁ, þar sem þeir voru jafnvel búnir að fá þar fleiri en eina meðferð og talið að sú meðferð dygði þeim bara ekki.

Ég vona að stjórnvöld og þeir sem inni á Alþingi starfa sjái að sér og hafi umræðuna lausa við fordóma, þegar þeir fjalla um mál Byrgisins og vímuvarnarmál almennt. Að menn sem sitja á þingi geti tekið undir þessi ábyrgðarlausu orð Þórarins um Samhjálp er þekkingarleysi. Þess í stað ættu þeir hinir sömu að koma með einhverjar raunhæfar lausnir. Hvað á að gera við skjólstæðinga Byrgisins, þessu fólki duga engar 4-6 vikur hjá SÁÁ, né annars staðar, heldur þarf þetta fólk mikið meiri stuðning en svo. Það þarf líka einhvern samastað. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í þeim málum?

Menn hrópa oft hátt að þeir sem kenna sig við Krist séu fullir af fordómum, en hvað er þetta? Hvar er umbyrðarlyndi þeirra sem hæst hafa nú? Er ekki mál að linni og menn sýni andlegan þroska, ef þeir hafa hann?

*Höfundur er söngkona og leirlistamaður.*

# Efnahagsstjórn, hagvöxtur og Vestfirðir

UMRÆÐAN
Byggðamál


GUÐBJARTUR HANNESSON

Ég var að lesa furðulega grein ráðherrans Einars K. Guðfinnssonar sem hann kallar „Vonbrigði ESB – daðrara“ á vefnum www.bb.is frá 25. janúar síðastliðnum. Greinin vakti ekki athygli mína fyrir skrifin um Evrópusambandið og stöðu íslensku krónunnar, ég vissi að Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki né þorir að ræða það mál né skoða. Sennilega veit ráðherrann ekki að í Vaxtasamningi Vestfjarða 1) er tilgreind sem ein helsta ógnun svæðisins að: „Sterk staða krónunnar og gengissveiflur, skaða samkeppnishæfni samkeppnis- og útflutningsgreina s.s. sjávarútvegs, iðnaðar og ferðaþjónustu og getur torveldað vöxt“ (bls. 38).

***Það sem ráðherrann kallar „pólitíska stefnumótun“ ríkisstjórnarinnar, kalla ég stjórnleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.***

Ráðherrann segir í greininni að viðskiptahallinn sé til staðar en fari ört minnkandi og að verðbólgan sé of mikil en hjaðni hratt. Þetta les ég þannig að efnahagsbatinn í landinu hefur verið greiddur með miklum erlendum lántökum, ekki síst vegna þenslu af stóriðju- og virkjanaframkvæmdum, aðgerðum ríkisstjórnar og útlánakapphlaupi einkavæddu bankanna á húsnæðismarkaði á sama tíma. Það er gott að spá er lækkaðri verðbólgu, en gleymdi ráðherrann ekki að taka fram að skaðinn er skeður, verðbólgan hefur þegar hækkað skuldir heimila og fyrirtækja um tugi ef ekki hundruð milljarða. Gleymdi ráðherrann ekki að taka fram að vaxtaokrið hefur kostað sömu aðila álíka upphæðir. Áhrif verðbólgunnar verða ekki tekin til baka, við megum borga hærri afborganir af húsnæðislánum okkar næstu 25-40 árin.

Gaman væri ef ráðherrann lýsti „tækjum og tólum“ efnahagsstjórnar ríkisstjórnarinnar, sem hann segir að hafi verið notuð til að bregðast við ójafnvægi í þjóðarbúskapnum. Var ekki aðal „tólið“ frestun á vegaframkvæmdum á Vestfjörðum sl. sumar? Eru það okurvextirnir á einstaklinga og smærri fyrirtæki, þá sem ekki hafa þegar fært lán sín í erlenda gjaldmiðla? Er það togstreitan á milli stýrivaxtahækkana Seðlabankans og þenslufjárlaga ríkisstjórnarinnar, sem varð til þess að erlent matsfyrirtæki lækkaði lánshæfismat íslenska ríkisins rétt fyrir jólin?

Ráðherra nefnir réttilega að hér hefur verið óverulegt atvinnuleysi, sem betur fer, en gleymdi hann ekki að nefna að skortur á vinnuafli hefur kallað á langan vinnudag og á stóraukinn fjölda innflytjenda? Var það þetta sem fyrrverandi fjármálaráðherra og núverandi forsætisráðherra var að stuðla að þegar hann rökstuddi afnám hátekjuskatts með því að hann væri vinnuletjandi?

Það sem ráðherrann kallar „pólitíska stefnumótun“ ríkisstjórnarinnar, kalla ég stjórnleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, sem hefur kallað yfir okkur ójafnvægi og leitt til umræðunnar um stöðu íslensku krónunnar.

Ég vænti þess að reyndir stjórnmálamenn, stjórnarþingmenn og ráðherra eins og Einar K. Guðfinnsson skýri betur fyrir Vestfirðingum hvers vegna íbúum hefur fækkað á svæðinu um 20% á árunum 1990-2003 og af hverju íbúaþróunin er enn á niðurleið. Skyldi kvótakerfi í sjávarútvegi og landbúnaði eiga sinn þátt í því? Hver kom því kerfi á? Skyldu samgöngumál fjórðungsins eiga sinn þátt í íbúaþróuninni? Hver fer með samgöngumálin? Stuðlaði sala Landsímans með grunnnetinu að bættum hag Vestfirðinga? Stuðluðu helmingaskipti ríkisstjórnarinnar á ríkisbönkunum að bættri stöðu landsbyggðarinnar? Ef svo er, lýsir það sér þá helst í uppkaupum þeirra sem fengu bankana að gjöf á jörðum í héraðinu? Það er mörgum spurningum ósvarað um efnahagsstjórn eða stjórnleysi sl. ára og ég treysti því að ráðherrann upplýsi íbúa Vestfjarða og þjóðina alla betur um ágæti stefnunnar.

*Höfundur skipar 1. sæti Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi.*

# Trúboðar veikja stoðir menntakerfisins

UMRÆÐAN
Vinaleið


AUÐUR LILJA ERLINGSDÓTTIR

Ég hef hingað til haft lítið að klaga upp á íslensku þjóðkirkjuna. Að vísu er ég ekki í henni og ég er hlynnt því að kirkjan ræki sitt starf án stuðnings ríkisins. Sú staðreynd að ég er hlynnt aðskilnaði ríkis og kirkju hefur þó hingað til haft lítil áhrif á viðhorf mín til kristinnar trúar og framgöngu þeirra sem aðhyllast slík trúarbrögð og forsvarsmanna þjóðkirkjunnar hér á landi. Þó svo að ég trúi ekki hef ég alltaf borið virðingu fyrir rétti annarra til að trúa.

Þessi lífssýn mín hefur tekið miklum breytingum eftir að þjóðkirkjan hóf að stunda trúboð meðal grunnskólabarna. Ég get ekki virt rétt annarra en um leið sætt mig við að minn réttur sé fótum troðinn. Þegar dóttir mín mun hefja nám í grunnskóla vona ég svo sannarlega að hún fái notið óhlutdrægs uppeldis í skólanum líkt og ég leitast við að veita henni sjálf.

Hér er ég að vísa til svokallaðrar „Vinaleiðar“ þjóðkirkjunnar sem er að sögn talsmanna kirkjunnar kristileg sálgæsla sem fer fram í opinberum skólum. Að mínu mati á ekkert trúfélag erindi með trúboð í grunnskóla landsins enda geri ég þá kröfu til íslenska menntakerfisins að það sé fullfært um að sinna sálgæslu nemenda án aðstoðar trúfélaga, djákna og presta. Ég geri kröfu til jafnréttis og hlutleysis í íslensku menntakerfi þar sem borin er virðing fyrir trú eða trúleysi nemenda. Einhliða trúarbragðafræðsla líkt og kristinfræði er sömuleiðis tímaskekkja í nútímasamfélagi enda tel ég að nemendur myndu græða mun meira á lærdómi í siðfræði, mannréttindum og trúarbragðafræðum.

Virðum rétt hvers annars.

*Höfundur er formaður Ungra vinstri grænna.*


HEILDSÖLUVERÐ Á VEIÐIVÖRUM




ÞAÐ STYTTIST Í FYRSTU VORSENDINGARNAR.
VIÐ SELJUM ELDRI VEIÐIVÖRUR Á KOSTNAÐARVERÐI OG HEILDSÖLUPRÍS Á LAGER OKKAR Í SKEIFUNNI 8

Neopren vöðlur frá 6.995 (áður 16.995)
Öndunarvöðlur frá 9.995 (áður 21.900)
Veiðijakkar frá 5.000 (áður 12.995)
Flugustangir frá 1.995 (áður 5.995)
Kaststangir frá 1.995 (áður 4.995)
Fluguhjól frá 1.995 (áður 4.995)

Kasthjól frá 995 (áður 2.995)
Skotveiðijakkar 14.995 (áður 24.900)
Skotveiðibuxur 10.995 (áður 18.900)
10 spúnar aðeins 1.995 (áður 3.950)
Flugulínur frá 1.500 (áður frá 4.995)
og margt fleira á ótrúlegu verði

OPIÐ Í ÖRFÁA DAGA
KOMDU STRAX Í DAG ÞVÍ SÍÐAST SELDIST ALLT UPP Á 5 DÖGUM
OPIÐ FRÁ 13 TIL 19
BRÁÐ EHF.

## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]

**Rafkaup** í Ármúla er með útsölulok um helgina. Lampar, kastarar, krónur og veggljós eru á stórlækkuðu verði og auðvelt að gera góð ljósakaup. Afslátturinn er frá 30 til 70% og það munar um minna.

**Lambakjöt** er á einkar góðu verði í Nóatúni þessa helgi. Mestur afsláttur er á lambaframhryggjarsneiðum úr kjötborðinu. Þær eru á 998 krónur kílóið og lækka um 44%.



**Anas** í Hafnarfirði hefur heldur betur lækkað verð á útsöluvörunum og því er eflaust hægt að gera þar góð kaup þessa helgi

**Hressó** er með tilboð á plokkfiski á löngum laugardegi á morgunn. Hægt er að fá tvo skammta á verði eins.

## GÓÐAN DAG

**Í dag er föstudagurinn 2. febrúar, 33. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.06 | 13.41 | 17.18 |
| Akureyri | 10.03 | 13.26 | 16.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Kristján með nýbakaða svellandi heita ístertu sem hann hefur sérhæft sig í að baka upp á síðkastið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Dreymdi ístertuna hennar ömmu

***Kristján B. Jónasson bókmenntafræðingur vaknaði einn morguninn með hugmynd að frumlegri en einfaldri tertu í höfðinu.***

„Ég skal gefa þér uppskrift að tertu sem mig dreymdi,“ segir Kristján hlæjandi þegar hann er rukkaður um efndir á gömlu loforði um matarviðtal. „Ja, þetta er ekki venjuleg terta heldur bakaður ís sem er mjög fínn í eftirrétt og ég er ekki að grínast þegar ég segi að mig hafi dreymt hann. Amma mín bjó svona eftirrétt til þegar ég var lítill og svo kom hann til mín í draumi þannig að þegar ég vaknaði þá langaði mig í hann. Ég fór að rukka ömmu um uppskriftina en hún var eiginlega búin að gleyma að hún hefði nokkru sinni kunnað að gera svona heita ístertu. Smám saman rifjaðist það upp og með hennar hjálp lærði ég að búa hana til.“

Kristján kveðst hafa gert tertuna tvisvar á síðustu þremur vikum við mikinn fögnuð þeirra sem hafi smakkað. „Tertan einfaldlega slær í gegn, jafnvel hjá þekktum matgæðingum,“ segir hann og bætir við. „Bestur er þessi réttur ef hann er borinn fram með súkkulaðiköku. Þú getur hugsað þér. Heitur ís með súkkulaðiköku. Það er snilld. Svo er ekkert mál að búa þetta góðgæti til.“

Uppskriftina er að finna á bls. 4.

*gun@frettabladid.is*

## Fitulitlir og léttir réttir

LÉTTARI RÉTTIR ER NÝJUNG SEM SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS KYNNIR UNDIR HINU ÞEKKTA VÖRUMERKI 1944.

Sjö nýir réttir hafa bæst við 1944 línuna. Þeir eru í léttari kantinum og eiga það sammerkt með þeim 1944 réttum sem fyrir voru á markaðinum að vera tilbúnir til neyslu á aðeins örfáum mínútum. Léttari réttir samanstanda annars vegar af réttum sem tilheyrðu hinni hefðbundnu 1944 línu en hafa verið lagaðir til, og hins vegar af nýjum réttum sem þróaðir hafa verið á síðustu mánuðum. Þeir innihalda 3% eða minna af fitu og hitaeiningarnar eru því færri í þeim en hefðbundnu réttunum. Allir eru þeir án msg.



Nýju 1944 réttirnir sem SS hefur sent á markað fást í flestum búðum.






**Heimatilbúnar pitsur eru dásamlegar.** Það er gaman að búa þær til með fjölskyldunni í eldhúsinu og þær eru alltaf góðar á bragðið. Tilvalið er að nota niðurskorið grænmeti frá deginum áður á pitsuna.

**Er fyrirtækið eða klúbburinn þinn að leita að nýjum og spennandi leiðum til að halda árshátíð?**

Við á Galbi bjóðum upp á ferskt og vel valið hráefni sem þú grillar síðan á ekta kóreskri grill pönnu, flutt inn sérstaklega fyrir okkur. Við bjóðum upp á val á tveim forréttum:

Parma skinka með minari mari sósu og muchae salat eða
Asískir vindlar: Þunnir og stökkir deigvindlar með grænmetis- og kjúklingafyllingu og asísku kryddi.

**Aðalréttir:**
Steinbítur marineraður með myntu og hnetum eða Mínútu steik (180 gr.) marineruð í ekta kóreskri bbq sósu. Hrísgrjón, grænmeti og sósur fylgja með. Við gerum hráefnið í aðalréttinn klárt og hjálpum ykkur af stað!

**Desert:**
Ekta súkkulaði kaka eða ljúffengur ís Aðeins 4.100 kr.

Gerum gott ennþá betra og bætum við Torres víni með matnum! Taktu tilboðið fyrir ofan og fáðu 1 fordrykk, 1 glas af Torres víni með forréttinum og 1 glas með aðalréttinum fyrir aðeins 1.400 kr. á mann aukalega! Þetta tilboð gildir alla daga fram að 30. apríl 2007. Hópar frá 30 til 45 manns geta fengið veitingasalinn út af fyrir sig ef óskað er.




GALBI RESTAURANT
KOREAN BARBEQUE
Barónstígur 2-4, Reykjavík
Pöntunarsími 867 4448
galbi@galb.is • www.galbi.is

# Ný súpa sérhvern dag

***Ýmsar súpur eru í boði í Café Hafnarborg, kaffistofu Hafnarborgar í Hafnarfirði.***

„Hér er boðið upp á allt mögulegt, með áherslu á létta rétti og kaffiveitingar," segir Sigrún Fanný Jónsdóttir, rekstrarstjóri Café Hafnarborgar.

„Hér fást til að mynda kökur og samlokur að ógleymdu hádegishlaðborðinu," heldur Sigrún áfram. „Hádegishlaðborðið samanstendur alltaf af salati, heitum réttum og súpum, sem er allt breytilegt frá degi til dags. Menn geta þannig gætt sér á ljúffengri melónu- og engifersúpu, kívísúpu eða tómatsúpu framreiddum með nýbökuðu brauði. Það fer allt eftir því hvað listakokkurinn okkar, hún Ruby, sem er frá Singapúr, kýs að galdra fram þann daginn."

Sigrún lýsir matnum, þar á meðal súpunum, sem skemmtilegri samblöndu íslenskrar og singapúrskrar eldamennsku, sem hafi farið vel ofan í Íslendinga. „Fólk er alls ekki hrætt við að prófa nýjungar og er mjög ánægt með að fá eitthvað annað en blómkálssúpu," segir hún og hlær.

Hér að neðan eru uppskriftir að fimm súpum sem kokkur Café Hafnarborgar var svo vænn að eftirláta lesendum og ætti að gefa þeim ágæta innsýn í það sem þar er í boði.

*roald@frettabladid.is*



Þessi skemmtilegi skúlptúr, sem kallast Hornsteinn, eftir Gest Þorgrímsson, er á meðal þeirra listaverka sem gestir Café Hafnarborg geta notið.

## Kartöflusúpa

Venjulegar og sætar kartöflur.

**INNIHALD:**
1 bolli bökunarkartafla í kubbum
1 bolli kartafla í kubbum
1 msk. ólífuolía
salt og pipar eftir smekk
½ tsk. af vel söxuðum hvítlauk og lauk
1 tsk. steinselja
½ tsk. af garðablóðbergi
grænmetiskraftur, 2 bollar soð
1 tsk. cajun-kryddblanda
1 tsk. sýrður rjómi (eftir smekk)

**AÐFERÐ:**
Hitið vatn í potti. Steikið kartöflur, lauk og hvítlauk. Blandið vel saman og steikið vel. Setjið grænmetiskraft út í vatnið. Setjið kartöflur einnig út í og sjóðið rólega. Setja cajun-krydd saman við og sjóðið. Setjið steinselju síðast út í og sýrðan rjóma ef óskað er.








## Melónu- og engifersúpa

**INNIHALD:**
½ bolli niðurskorin kantalópumelóna
½ bolli niðurskorin hunangsmelóna
½ bolli niðurskorin græn melóna
1 msk. ólífuolía
1 stk. skorinn vorlaukur
1 stk. skorinn laukur
½ tsk. rifið engifer
½ tsk. rifinn hvítlaukur
1 tsk. steinselja
salt og pipar eftir smekk.
saxað rautt chilli, mjög lítið
kraftur: ýmist fiskur, kjúklingur eða lamb, 2 bollar soð.

**AÐFERÐ:**
Steikið hvítlauk, lauk, engifer, melónur og chilli. Setjið kraft út í. Blandið svo salti, pipar og steinselju saman við.

# *Kryddblönduð tómatsúpa*



**INNIHALD:**
1½ msk. ólífuolía
1 dós marðir tómatar
½ tsk. niðursöxuð fersk basil
½ tsk. saxaður hvílaukur
½ stk. saxaður laukur
½ saxað chilli
svartur pipar og salt eftir smekk.
grænmetiskraftur, 2 bollar soð.

**AÐFERÐ:**
Steikið hvítlauk, lauk og basil í nokkrar mínútur. Bætið tómötum í dós saman við og svo salti, pipar og chilli-pipar. Ef súpan er súr er hægt að bæta púðursykri eða hunangi út í.

# *Fisk- og rækjusúpa, með kókos og saffron*

Má nota ýsu og lax og blandaðan fisk.

**INNIHALD:**
1 msk. ólífuolía
1½ bolli af blönduðum fiski skornum í strimla
1 bolli kókosmjólk
nokkrir strimlar af saffron
fiskikraftur, 2 bolla soð
1 tsk. steinselja
salt og pipar eftir smekk
ferskt, rifið turmerik, haft um það bil jafn stórt og litli putti
ferskt sítrónugras, notið stærri helminginn en aðeins hálft
1 stk. ferskur hakkaður laukur
½ tsk. engifer
½ tsk. hvítlaukur



**AÐFERÐ:**
Steikið lauk, engifer, hvítlauk, turmerik, sítrónugras og steinselju í nokkrar mínútur. Setjið kókosmjólk út í, því næst kraftinn og sjóðið í nokkrar mínútur. Setjið fiskinn og rækjurnar varlega út í. Sjóðið í nokkrar mínútur.



Réttirnir í Café Hafnarborg eru samblanda af íslenskri og singapúrskri eldamennsku, sem kokkurinn Ruby galdrar fram úr erminni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

## Leggir með ljúfum lauk og sætum kartöflum

Sætar kartöflur eru svo góðar að það er hægt að borða þær út í eitt, sérstaklega á veturna. Hér eru þær í samfloti með kjúklingakjöti, en gætu allt eins lagt lag sitt við góðan fisk eða svínakjöt í þessum rétti. Laukurinn ljúfi toppar svo dæmið.

**7-10 kjúklingaleggir**
**olía til steikingar**
**1 sæt kartafla (meðalstór)**
**2-3 lúkufylli af fersku spínati**
**2 msk. ólífuolía**
**1 tsk. rifinn ferskur engifer**
**1 rauður laukur**
**1/8 rauðkálshöfuð (má sleppa)**
**olía til steikingar**
**2 msk. balsam-edik**
**1 tsk. púðursykur**

1. Flysjið sætu kartöfluna og skerið hana í mjög þunnar sneiðar. Setjið sneiðarnar í ílát ásamt spínatinu og veltið upp úr blöndu af ólífuolíu og rifnum engifer.

2. Saltið og piprið kjúklingaleggina og steikið þá í ólífuolíu á heitri pönnu í um 3 mínútur á hvorri hlið þangað til hamurinn hefur brúnast nokkuð.

3. Setjið spínatið og sætu kartöflurnar í botninn á eldföstu fati og raðið kjúklingaleggjunum þar ofan á. Bakið í 200 gráðu heitum ofni í 25-30 mínútur.

3. Skerið laukinn í örfína fleyga og rauðkálið í ræmur. Hitið olíu í potti og steikið laukinn og rauðkálið við vægan hita í um 15 mínútur, setjið þá púðursykur og edik út í, hrærið og steikið áfram í 5 mínútur. Saltið og setjið svo lauk-sultuna yfir kjúklingaleggina og bakið með réttinum síðustu 5-10 mínúturnar.

Borðið með brakandi góðu salati.





# Heit ísterta

UPPSKRIFT FRÁ KRISTJÁNI B. JÓNASSYNI BÓKMENNTAFRÆÐINGI.

**1 svampbotn**
**fersk jarðaber, sulta eða annað ávaxtakyns**
**2 l ís (jarðarberjaís er bestur)**
**2 eggjahvítur**

**1 dl sykur**

Ef svampbotninn er þykkur er betra að kljúfa hann og nota bara annan helminginn. Hann er lagður í botninn á eldföstu formi og jarðarber, sulta eða ávextir breitt yfir hann. Eggjahvíturnar og sykurinn er stífþeytt og ofninn stilltur á 200. Síðan er ísnum hrúgað í formið, ofan á botninn með ávöxtunum og eggjahvíturnar látnar hjúpa hann. Forminu brugðið inn í heitan ofninn og haft þar þangað til marensinn er orðinn gullinn að lit. Þá er kakan tilbúin á borðið og bragðast afar vel með þungri, sætri súkkulaðiköku.



Fjöruborðið
Og hafið sagði ok.
Við Fjöruborðið
Eyrarbraut 3 • 825 Stokkseyri • S. 483 1550
www.fjorubordid.is • INFO@FJORUBORDID.IS

Bloggaðu með símanum!
Hvar sem er og hvenær sem er!




Viltu sei'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg
BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi



Borgarinn glóðaður á grillinu hjá Tomma.

# Bæjarins bestu borgarar

***Í Reykjavík er hægt að fá hamborgara á mörgum stöðum en sumir eru betri en aðrir.***

Uppruna eins vinsælasta réttar jarðar, hamborgarans, má rekja allt aftur til tíma Rómverja. Í þá daga tíðkaðist sala á kjötbollum í brauði víða, en hamborgarinn, eins og við þekkjum hann í dag kom þó ekki til sögunnar í endanlegri mynd fyrr en í kringum 1917. Þremur árum síðar var fyrirbærið alþekkt um gervöll Bandaríkin og í dag eru margir sem líta á hamborgara og franskar sem þjóðarrétt Bandaríkjamanna.

Vinsældir hamborgarans fóru fljótt að teygja anga sína út fyrir Bandaríkin. Í dag eru til ótal margar keðjur sem sérhæfa sig í hamborgaragerð og „sama“ hamborgarann má fá í nánast hvaða borg sem er í heiminum.

Íslendingar voru fremur fljótir að taka við sér í hamborgaramálum, en fyrstu hamborgararnir voru seldir í Reykjavík í kringum 1950, meðal annars á Austurbar sem þá var í Austurbæjarbíói og á Hressó. Til að byrja með voru margir óvissir um hvernig bæri að bera þennan rétt fram og lengi vel var hægt að fá hamborgara með tómatsósu, sinnepi og steiktum lauk. Í dag selja flestir veitingastaðir í borginni hamborgara og oft er hægt að fá þá í mismunandi útfærslum (þó ekki með steiktum lauk). Sum veitingahús hafa skipað sér sess sem fyrirmyndar hamborgarastaðir en meðal þeirra eru til dæmis Grillhúsið í Tryggvagötu og Vitabar á Bergþórugötunni sem býður upp á eðalborgarann, Gleym-mér-ei.

Margir myndu vilja borða hamborgara á hverjum degi, en þó má ætla að hjá flestum sé þetta helgarmatur og þá sérstaklega ef fólk hefur stundað einhvers konar skemmtanir daginn áður. Þannig er hamborgarinn oftar en ekki sefandi og seðjandi í senn og orkan frá honum gerir mönnum kleyft að komast út í næstu myndbandaleigu til að geta haldið afslappelsinu áfram.

*mhg@frettabladid.is*



Á **Vitabar** koma margir fastagestir og þeir sem hafa einu sinni bragðað á stolti staðarins, gráðaostborgaranum Gleym-mér-ei, gleyma honum ei.



Hjá **Kaffi Victor** í Hafnarstræti eru nokkrir girnilegir hamborgarar á matseðilinum. Hér er einn slíkur, Victor De luxe með hvítlaukssósu, Parmaskinu, mozzarella og spældu eggi. Svolítið frábrugðið hefðbundinni samsetningu, en óhemju girnilegt og gott.



Stökkar, franskar kartöflur og bráðinn ostur á brjálæðislega girnilegum hamborgara frá **American Style**, en það er ein vinsælasta hamborgarakeðja landsins.



**Grillhúsið** í Tryggvagötu er með betri hamborgarastöðum borgarinnar. Þar er amerísk stemning í hávegum höfð. Rokkmunir á veggjum, kók í gleri og ostborgarar sem segja sex.



Tommi á **Hamborgarabúllu Tómasar** er ókrýndur hamborgarakonungur Íslands. Hann stofnaði fyrstu íslensku hamborgarastaðakeðjuna upp úr 1980 og nutu hamborgarar hans strax mikilla vinsælda. Í dag rekur Tommi nokkrar Hamborgarabúllur á höfuðborgarsvæðinu og óhætt að fullyrða að þar séu einhverjir mestu eðalborgarar Íslandssögunnar á boðstólum.

**Langur laugardagur á sér langa hefð.**
Dagurinn á sér erlenda fyrirmynd þar sem kaupmenn í Kaupmannahöfn höfðu fyrir sið að halda verslunum opnum lengur fyrsta laugardag í mánuði.



Kaffi Hljómalind er notalegur staður. Þar er allt hráefni lífrænt ræktað og gæði matarins eftir því. Allur ágóði af kaffihúsinu rennur ýmist til góðgerðarmála eða til að lækka vöruverð, því Kaffi Hljómalind er ekki rekið í gróðaskyni.

# Heitir drykkir og dásamlegar kökur

*Kaffi Hljómalind býður bestu kökur bæjarins og dásamlegt kaffi á aðeins sex hundruð krónur í tilefni af löngum laugardegi á Laugavegi.*

Í tilefni af löngum laugardegi ætlar Kaffi Hljómalind að bjóða upp á heitan drykk og köku að eigin vali á aðeins sex hundruð krónur.

Kökurnar á Kaffi Hljómalind eru með þeim bestu í bænum og meðal þeirra má nefna; eplaböku, möndluköku, súkkulaðiköku, döðluköku með karamellu og banaköku sem inniheldur engar mjólkurvörur. Þau sem hafa einu sinni smakkað heimagerða Hljómalindarköku eiga erfitt með að fara annað, því þær hreinlega bráðna í munninum og því um að gera að nýta sér þetta góða tilboð.

Á Kaffi Hljómalind er allt hráefni sem notað er í mat, kökur og drykki lífrænt ræktað og þar er reynt að skipta sem mest með „fair trade“ viðskiptaháttum, „svo ekki sé níðst á verkamönnum í þróunarlöndunum“, segir Einar Rafn Þórhallsson, starfsmaður á kaffihúsinu, og bætir því við að allt kaffi staðarins komi frá Súmötru en með því að kaupa kaffi þaðan vilja eigendurnir styrkja Súmötru eftir flóðbylgjuna sem skall þar á fyrir þremur árum.

„Við erum einnig með úrval af gómsætum mat og drykkjum; súpu, lasagna, hummus, brauð, safa, kökur og kaffi ásamt heimagerðu engiferöli.“

Til að standa undir nafni stendur Hljómalind reglulega fyrir tónleikum, tvisvar til þrisvar í hverri viku. „Hér er opið fram eftir kvöldi en við framreiðum samt ekki áfengi. Þetta gerir okkur kleift að halda tónleika sem allir geta komið á því það er ekkert aldurstakmark þar sem ekkert áfengi er veitt. Allur ágóði af kaffihúsinu fer svo í góðgerðarmál, eða í að lækka vöruverðið, því Kaffi Hljómalind er ekki rekið í gróðraskyni. Reyndar er þetta líka samvinnurekið í þeim skilningi að allir sem hér vinna eiga kaffihúsið. Núna eru sjö eigendur að kaffihúsinu,“ segir Einar.

Þessa dagana eru liðsmenn Hljómalindar að leita sér að nýju húsnæði þar sem eigandi þess ætlar sér að rífa það og reyna að byggja verslunarmiðstöð. Einar er ekki mjög hress með þetta, enda erfitt að finna hentugt húsnæði í miðbænum.

Spurður að því hvort Kaffi Hljómalind sé hippakaffihús svarar hann svo hlæjandi: „Þetta er allavega ekki það sem maður kallar „posh“.“

mhg@frettabladid.is

# Kvenlegt með dúkkulegu yfirbragði

*Sumarlína Orginal 2007 er komin í Verksmiðjuna að Skólavörðustíg 10 í Reykjavík.*

Það er hönnuðurinn Heiða Eiríksdóttir sem stendur á bak við Orginal, sem nú er í verslunum bæði hjá frændum vorum í Danmörku og Finnlandi. Heiða lærði fatahönnun í Danmörku og lýsir fatnaðinum sem kvenlegum, þó fönkí með dúkkulegu yfirbragði.



Ævintýri og dúkkulegt yfirbragð er þema í sumarlínu Orginal fyrir 2007. Sumarlegur kjóll sem virkilega hleypir ímyndunaraflinu af stað.

Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu



ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036

LANGUR LAUGARDAGUR
GÖTUMARKAÐUR
LAUGAVEGI 91
- opið í dag 11:00 - 18:30
- opið Laugardag 11:00 - 18:00
ALGJÖRT VERÐHRUN
...á fatnaði, skóm og fylgihlutum

| | | |
|---|---|---|
| BOLIR | FRÁ: | 990 |
| DÖMUSKÓR | FRÁ: | 1.990 |
| HERRA GALLABUXUR | FRÁ: | 2.990 |
| DÖMUSTÍGVÉL | FRÁ: | 2.990 |
| ÚLPUR | FRÁ: | 4.990 |
| JAKKAFÖT | FRÁ: | 7.990 |
| DIESEL GALLABUXUR | FRÁ: | 4.990 |
| HERRA LEÐURJAKKAR | FRÁ: | 5.990 |
| DÖMU GALLABUXUR | FRÁ: | 3.990 |
| DIESEL BARNAFÖT | AFSLÁTTUR | 70% |

Kíkið við á Laugaveg 91 og gerið frábær kaup

OPIÐ
Í DAG 11-18:30
LAUGARDAG 11-18:00

galleri laugavegi 91



CENTRUM eva gs skór galleri sautján

Fallegar íslenskar peysur
Handprjónasambandið
Skólavörðustíg 19 • Iðu, Lækjargötu 2A.
s. 552 1890 • www.handknit.is



ÚTSÖLUSPRENGJA
5 verð á tilboðsborði
1000 500 3000 2000 1500
Útsölulok
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

**65%** Bónus slær í gegn að þessu sinni með þorsk og ufsa í 400 gramma pakkningum á 99 krónur er voru áður á 299 krónur.




**HAGKAUP** – Tilboðin gilda til 4. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínabógur úr kjötborði | 499 | 690 | 499 | 30 |
| Svínasíður úr kjötborði | 449 | 598 | 449 | 25 |
| Svínalundir | 1.493 | 2.298 | 1.493 | 35 |
| Svínagúllas | 1.058 | 1.512 | 1.058 | 30 |
| Svínasnitsel | 1.049 | 1.499 | 1.049 | 30 |
| Svínahnakki | 966 | 1.487 | 966 | 35 |
| Svínaskankar | 199 | 399 | 199 | 50 |
| Svínahakk | 623 | 779 | 623 | 20 |
| Svínakótilettur | 977 | 1.629 | 977 | 40 |
| Danskur hamborgarhryggur | 1.298 | 1.998 | 1.298 | 35 |
| Mini gulrætur 454 g | 272 | 389 | 590 | 30 |
| Magnum Caramel & Nuts | 449 | 749 | 449 | 40 |
| Magnum Light Classic 3 stk. | 335 | 559 | 335 | 40 |
| Magnum 7sins Snack Jealousy/R | 479 | 799 | 479 | 40 |

**KRÓNAN** – Tilboðin gilda til 4. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa grillaður kjúklingur kaldur | 499 | 799 | 499 | 45 |
| Móa kjúklingapíta | 599 | 899 | 599 | 35 |
| Goða folaldakjöt reykt/saltað m/beini | 398 | 679 | 398 | 40 |
| Gourmet ofnsteik m/dönskum blæ | 1.236 | 1.765 | 1.236 | 30 |
| Gourmet grísakótilettur léttreyktar | 1.190 | 1.724 | 1.190 | 30 |
| Krónu súkkulaðikex 2 pk 500 g | 249 | 299 | 498 | 15 |
| Frón heimiliskex 500 g | 249 | 269 | 498 | 5 |
| Finish powerball töflur 66 stk. | 699 | 789 | 699 | 10 |
| Egils mix 2 l | 119 | 197 | 60 | 40 |
| Doritos Nacho cheese/Cool american 200 g | 149 | 168 | 745 | 10 |




**NÓATÚN** – Tilboðin gilda til 4. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lamba Rib eye | 2.698 | 3.298 | 2.698 | 20 |
| Lambainnralæri | 2.398 | 3.398 | 2.398 | 25 |
| Lambalundir | 2.698 | 3.898 | 2.698 | 30 |
| Ungnautagúllash í villisveppa sósu | 1.498 | 1.998 | 1.498 | 25 |
| Lambakótilettur | 1.498 | 1.898 | 1.498 | 20 |
| Steinbítssteikur m/karrý og salthnetum | 998 | 1.498 | 998 | 35 |
| McCain superfries quick 900 g | 399 | 499 | 443 | 20 |
| Goða saltkjöt | 334 | 445 | 334 | 25 |
| AB mjólkurdrykkur 3 tegundir 250 ml | 84 | 99 | 336 | 15 |
| Náttúra Rucola salat | 269 | 398 | 269 | 32 |

**BÓNUS** – Tilboðin gilda til 4. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Holta ferskar kjúklingabringur | 1.599 | 2.052 | 1.599 | 20 |
| Holta ferskir kjúklingabitar | 291 | 477 | 291 | 40 |
| Ferskt ungnautahakk | 798 | 1.169 | 798 | 30 |
| Myllu fittybollur 4 stk. | 98 | 139 | 25 | 30 |
| Sjófryst ýsuflök roðflett | 599 | 799 | 599 | 25 |
| Þorskbitar roð og beinlausir | 699 | 799 | 699 | 15 |
| Íslenskir laxabitar beinlausir | 798 | 999 | 798 | 20 |
| Þorskur 400 g | 99 | 299 | 248 | 65 |
| Ufsi 400 g | 99 | 299 | 248 | 65 |
| Bónus fetaostur 250 g | 198 | 219 | 792 | 10 |




**FJARÐARKAUP** – ekki bara verð! – Tilboðin gilda til 4. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nauthakk 2.5 kg | 2.495 | 3.210 | 995 | 20 |
| FK Bayonneskinka | 1.098 | 1.598 | | 30 |
| Ali reyktur úrb. svínahnakki | 1.273 | 1.698 | | 25 |
| Rækjur 2.5 kg | 1.998 | 2.698 | 799 | 25 |
| Kjúklingabringur m/skinni frá Ísfulg | 1.498 | 2.031 | | 25 |
| Kjúklingaleggir magnkaup | 389 | 649 | | 40 |
| Kjúklingavængir | 179 | 299 | | 40 |
| Nupo létt 3 teg | 999 | 1.424 | | 30 |
| Appelsínur | 98 | 129 | | 25 |
| Epli rauð | 109 | 159 | | 30 |
| Perur | 109 | 189 | | 40 |

**Þín verslun** – Tilboðin gilda til 7. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Franskar grillpylsur | 755 | 943 | 755 | 20 |
| Skinka 165 g | 239 | 303 | 1.448 | 20 |
| Helgargrís með indverskum hætti | 1.469 | 1.835 | 1.469 | 20 |
| Jacob's Pita gróf 400 g | 119 | 139 | 298 | 15 |
| Jacob's Pita fín 400 g | 119 | 139 | 298 | 15 |
| Build-Up 152 g | 329 | 379 | 2.164 | 15 |
| Hatting Filonino Durum 420 g | 329 | 399 | 783 | 20 |
| Hatting Panino Rustico 420 g | 329 | 399 | 783 | 20 |
| Fil. Berio ólífuolía 500 ml | 419 | 459 | 883 | 10 |
| Fil. Berio ólífuolía E.Virgin 500 ml | 479 | 579 | 958 | 15 |
| Egils gull 500 ml | 69 | 110 | 138 | 35 |
| Egils pilsner 500 ml | 69 | 105 | 138 | 35 |




# Tilboð í febrúar

***Í Bílanausti er hægt að fá ýmsar vörur á góðu verði.***

Febrúartilboð eru hafin í bílanausti og ættu allir bíleigendur að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Hard Wax bílabón sem áður kostaði 1.536 krónur kostar nú 998 krónur, toppasett með 37 hlutum sem áður kostaði 3.980 er á 2.490 og dráttarkúla kostar nú 1.450 krónur en var áður á 2.951 krónu.

Einnig er boðið upp á sérstakt þvotta tilboð og er hægt að fá fötu, tjöruhreinsi, sápu, bón, bónklút og svamp á aðeins 1.990 krónur.




Ýmsar vörur eru á góðu verði í Bílanausti.



# Opnunartilboð í Tengi

***Tilboðsdagar í verslunum Tengis.***

Nú eru tilboðsdagar í verslunum Tengis í tilefni af opnun nýrrar verslunar á Akureyri. Sem dæmi er 25 prósent afsláttur veittur af Ifö-handlaugum, Mora-blöndunartækjum og Intra-eldhúsvöskum. Gerberit-salerni og Sundance Spasheitir pottar einnig á lækkuðu verði. Verslanir Tengis að Smiðjuvegi 76 í Kópavogi og á Baldursnesi 6 á Akureyri eru hafðar opnar frá klukkan 08.00-18.00 virka daga og laugardaga á milli kl. 10.00 og 15.00. Nánar á www.tengi.is

# Tveir fyrir einn-tilboð

*Úrval af vetrarkápum og dúnúlpum á allt að 70 prósenta afslætti hjá Bernharð Laxdal.*

Útsölum fer að ljúka víða og því verðlækkun enn meiri.

Hjá Bernharð Laxdal á Laugaveginum er „tveir fyrir einn"-tilboð á öllum vörum í versluninni. Mikið úrval er af vetrarkápum, dúnúlpum ásamt peysum, bolum, og samkvæmisdressum. Mikið er af þekktum vörumerkjum.

Bernharð Laxdal er á Laugavegi 63.



Bernharð Laxdal býður allar vörur í versluninni á tveir fyrir einn. Þá er aðeins greitt fyrir dýrari vöruna.



Í versluninni Local er mikið úrval af húsgögnum og gjafavöru eftir unga og framsækna hönnuði.

# Húsgögn og gjafavara undir kostnaðarverði

*Hjá Local í Skeifunni er hægt að gera góð kaup á húsgögnum og gjafavöru undir kostnaðarverði.*

Mikill afsláttur er nú á húsgögnum og gjafavöru í versluninni Local í Skeifunni, en afsláttur er frá tíu upp í sjötíu prósent. Nýjar vörur eru einnig komnar í verslunina en eru ekki með afslætti.

Local húsgagna- og gjafavara er til húsa við Skeifuna 3a.

Nánari upplýsingar: www.local1.is

# Betri verð í Bisón

*Útsala í versluninni Bisón.*

Vörur fást nú með 50-70 prósenta afslætti í versluninni Bisón í Kringlunni. Dömuleðurjakki sem kostaði áður 24.990 kr. fæst til dæmis á 9.996 kr., ullarkápa, áður á 30.790 kr., fæst nú á 15.395 og peysa sem kostaði 8.690 kr. fæst nú á 3.476 kr. Herraullarfrakki sem kostaði 31.190 kr. er nú á 15.595 kr. og herrabuxur sem kostuðu áður 9.490 kr. eru nú á 4.745 kr. Verslunin er höfð opin mánudaga til miðvikudaga frá 10.00-18.30, fimmtudaga 10.00-21.00, föstudaga 10.00-19.00, laugardaga 10.00-18.00 og sunnudaga 13.00-17.00.



# Götumarkaður og langur laugardagur

*Útsölulok eru víða í verslunum nú um helgina, að minnsta kosti í verslunarmiðstöðvunum.*

Götumarkaðsstemning er bæði í Kringlunni í Reykjavík og Smáralind í Kópavogi nú um helgina enda er útsölum að ljúka á sunnudaginn. Verslanir eru allar komnar með varning út á gangana, breiða þar úr honum og bjóða til kaups. Verðið á vörunni lækkar líka stórlega og gefinn er allt að níutíu prósenta afsláttur af upprunaverðinu. Víða eru tilboð sem hljóða upp á tvo fyrir einn og sums staðar er hægt að prútta. Sem sagt, stuð í gangi.

Langur laugardagur er einnig í miðborginni, á hinum einu sönnu verslunargötum, svo búast má við líflegri verslun og fjöri víða.



Götumarkaðsstemning, tilboð og prútt.




NÚ LOKAR HERRA HAFNARFJÖRÐUR

FLJÓTLEGA VEGNA BREYTINGA

- Allar úlpur frá **1.990 kr.**
- Gallabuxur frá **1.990 kr.**
- Jakkaföt frá **6.900 kr.**
- Dúnvesti frá **1.990 kr.**

ALLT Á GJAFAPRÍS

Herra hafnarfjörður

Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073

PIPAR • SÍA

15% afsláttur af öllum vörum 1.- 4. febrúar

Gríptu tækifærið!

Drangey

Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is



Erum að opna snyrtistofuna Facial á Tony&Guy

Í tilefni þess bjóðum við upp á opnunartilboð.
Litun og plokkun á 2.320 í staðinn fyrir 2.900.
Andlitsbað + litun og plokkun á 6.990 í staðinn fyrir 9.690.
Fótsnyrting og vax að hnjám 4.700 í staðinn fyrir 8.400.

Bjóðum gamla og nýja viðskiptavini velkomna

Berglind Þóra og Ragnheiður

SNYRTISTOFAN Facial

Laugavegi 96 • Sími 511-6660

allt bílar

Alla laugardaga



Þessa dagana er útsala í versluninni 38 þrep á Laugavegi en þar fá aðdáendur skófatnaðar alltaf eitthvað fyrir sinn snúð.

# Ítalskir skór á góðu verði



Flott stígvél með rúnaðri tá. Kostuðu 36.000 en kosta núna 21.600 krónur.

***Verslunin 38 þrep er með vinsælli skóverslunum borgarinnar en þar fæst úrval af vönduðum og skemmtilegum skófatnaði.***

„Við erum ekkert að hlaupa á eftir almennri tísku heldur finnst okkur mikilvægt að skórnir hafi eitthvað meira fram að færa. Karakter ef svo mætti segja. Við viljum að þessir skór gefi kaupandanum eitthvað meira heldur en það sem er framleitt í massavís. Það skiptir máli að skórnir endist og að hönnunin sé góð, þá á ég við handverkið og leðrið sem er notað í skóna,“ segir Matthildur Leifsdóttir, eigandi verslunarinnar 38 þrep við Laugaveg 49.

Aðalmerki 38 ,repa eru Vic Matie, Oxs, Ixos, Moma og Gianna Meliani, allt ítalskir skór, sem eru vel þekkt merki þar í landi.

„Ítalir bera svo mikla virðingu fyrir handverki og þess vegna eru þeir þekktir fyrir að framleiða vandaða skó. Gott og vel unnið handverk getur á margan hátt reynst hagstæðara í kaupum þegar upp er staðið vegna vinnunnar sem lögð er í vöruna. Með vönduðum vinnubrögðum endist hluturinn alltaf lengur. Stundum gleymir fólk að athuga þetta og horfir því bara í verðið, en séu menn að festa kaup á sígildri vöru, sem hvorki er í tísku né á eftir að fara úr tísku, þá er alltaf skynsamlegra að velja það sem á eftir að endast,“ segir Matthildur.

*mhg@frettabladid.is*



Gylltir og svartir gelluskór. Kostuðu 29.000 en kosta nú 17.800 krónur.



„There is no place like home“ – smelltu hælunum þrisvar saman og sjáðu hvort þú endar heima. Glitrandi ballskór sem kostuðu áður 24.000 krónur en kosta nú 14.400.

ANDLITSKLÚTAR



Age Defying



Deep Cleansing



Gentle Exfoliating



Herbal Cleansing

Frískandi skrúbbandlitshreinsiklútar. Klútarnir fjarlægja dauðar húðfrumur og hreinsa húðina án þess að þurrka hana. Kjarni úr greipávöxtum frískar upp á húðina og kjarni úr sítrónugrasi tónar og örvar húðina. Klútarnir innihalda einnig B5 prívitamín og kamillukjarna sem gefa húðinni raka og róa hana. Húðsjúkdómafræðilega prófaðar.

Mildir en áhrifaríkir andlitsdjúphreinsiklútar sem fjarlægja andlitsfarða og eru góðir fyrir húðina. Náttúrulegir ávaxtakjarnar (AHA) djúphreinsa húðina, B5 próvítamín vernda hana og næra og Kamillukjarni róar húðina. Klútarnir innihalda enga olíu og stífla þar af leiðandi ekki svitaholurnar. Ofnæmisprófaðir.

Andlitshreinsiklútar sem innihalda sérstaka blöndu af andoxunarefnum til þess að hægja á öldrun húðarinnar:Coensím Q10, beta glucan, vínberjakjarnaolía, kjarni úr grænu te og E vítamín. Sæt möndluolía og B5 próvítamín gefa húðinni raka og vernda hana. Klútarnir eru mildir en áhrifaríkir og henta sérstaklega til hreinsunar á augnfarða.

Andlitshreinsiklútar sem innihalda blöndu af lækningajurtum og vítamínum til þess að hreinsa, fjarlægja farða og vernda húðina. B5 próvítamín verndar og gefur húðinni raka, kamillukjarni róar hana. Húðin verður fersk og heilbrigð útlits. Ofnæmisprófaðir.

Fást í apótekum um land allt.

# sirkus

2. febrúar 2007


## Fegurðardrottningin Unnur Birna

Kom frá Indlandi með tilboð um hlutverk í bíómynd í Hollywood upp á vasann. BLS. 2





**Kynið á að koma á óvart** Fréttakonan Sólveig Bergmann á von á sínu fyrsta barni um næstu verslunarmannahelgi.

BLS. 2



**Löðrandi í kynþokka** Íslenskar konur eru yfir sig hrifnar af handboltamönnunum **Guðjóni Val Sigurðssyni** og **Alexander Peterssyni**.

BLS. 14



**Guðbjörg í X-Factor** Hin 16 ára gamla Seltjarnarnesmær er í Sirkusnærmynd þar sem fram kemur að hún sé öguð, klár og mjög þroskuð miðað við aldur.

BLS. 10



SIRKUSMYND/PJETUR

[VIÐTAL BLS. 8] SJÓNVARPSDROTTNINGIN RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR

# BRÚÐKAUPIÐ OG BÖRNIN BÍÐA BETRI TÍMA




# fréttir

## Barnalán hjá frægum



Söng- og leikkonan **Selma Björnsdóttir** eignaðist sitt annað barn með leikarnum Rúnari Frey Gíslasyni í síðustu viku. Selma eignaðist stúlku en fyrir áttu þau einn dreng, Gísla Björn, sem er fjögurra ára. Atvinnuknattspyrnumaðurinn **Heiðar Helguson**, sem leikur með enska úrvalsdeildarliðinu Fulham, og eiginkona hans Eik Gísladóttir eignuðust í vikunni dreng en fyrir eiga þau synina Aron Dag, sjö ára, og Oliver, fimm ára. Fyrrum Herra Ísland **Páll Júlíus Kristinsson** og kærastan hans Birgitta Rós Birgisdóttir eignuðust sitt fyrsta barn fyrr í mánuðnum. Parið eignaðist dreng sem hefur fengið nafnið Júlíus Laxdal og býr fjölskyldan á Akureyri. Páll Júlíus var valinn Herra Norðurland árið 2004 og sama ár var hann valinn Herra Ísland.





## Vel launaðir bankastjórar

Þegar fyrirtæki ganga vel er yfirmönnum og stjórnendum oft umbunað. Það á við í tilfelli bankanna fjögurra, Kaupþings, Landsbankans, Glitnis og Straums-Burðaráss sem skiluðu allir methagnaði. **Sigurður Einarsson**, stjórnarformaður Kaupþings, toppar launalistann en hann fékk 170 milljónir í laun og frammistöðubónus á síðasta ári. Sigurjón Þ. Árnason, annar bankastjóra Landsbankans, fékk 153 milljónir, Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, fékk rétt rúmar 140 milljónir og Halldór J. Kristjánsson hjá Landsbankanum fékk 119 milljónir. Restina ráku svo **Þórður Már Jóhannesson**, fráfarandi forstjóri Straums-Burðaráss, með 88 milljónir og Friðrik Jóhannsson, núverandi forstjóri sama banka, með 63 milljónir.





**VAKTI ÓMÆLDA ATHYGLI** Það er óhætt að segja að Indverjar séu yfir sig hrifnir af Unni Birnu.




**MEÐ RÉTTU GRÆJURNAR** Unnur Birna lét hanna fyrir sig nafnspjöld áður en hún fór til Indlands.

FEGURÐARDROTTNINGIN UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR NÝKOMIN FRÁ INDLANDI

# MEÐ TILBOÐ FRÁ HOLLYWOOD UPP Á VASANN

Fegurðardrottningin Unnur Birna Vilhjálmsdóttir hefur dvalið á Indlandi undanfarinn mánuð við fyrirsætustörf. Óhætt er að segja að Unnur Birna hafi slegið í gegn og birtust meðal annars myndir af henni á forsíðu Bombay Times, sem er fylgirit eins víðlesnasta dagblaðs Indlands, The India Times. Unnur Birna kom heim á þriðjudagskvöldið með tilboð frá Hollywood upp á vasann.

„Já, það er rétt. Ég er með tilboð frá indverskum kvikmyndaframleiðendum sem starfa í Hollywood. Þeir eru risastórir í Bollywood-heiminum á Indlandi og hafa flutt sig til Hollywood. Ég get reyndar lítið tjáð mig um þetta þar sem allt er á byrjunarstigi. Ég á eftir að ráðfæra mig við gott fólk hér heima áður en ég tek einhverja ákvörðun en ég neita því ekki að þetta er spennandi,“ segir Unnur Birna í samtali við Sirkus.

Allar líkur eru á að Unnur Birna muni taka að sér sitt fyrsta kvikmyndahlutverk á næstunni, í myndinni Stóra planið í leikstjórn Ólafs Jóhannessonar, en hún vill sem minnst um það mál segja, segir aðeins að þau mál séu í skoðun.

Unnur Birna lét undirbúa sérstök nafnspjöld áður en hún fór út til Indlands enda snýst allt í Indlandi um „show business“ eins og hún orðar það. „Ég lét gera nafnspjöld áður en ég fór út og tók með um hundrað stykki. Þau fóru öll,“ segir Unnur Birna en á nafnspjaldinu má sjá að Unnur Birna er ekki bara fyrirsæta heldur líka dansari og leikari.

Eitt af því sem Unnur Birna ákváð áður en hún fór út var að kynnast hinu raunverulega Indlandi. „Ég bjó í íbúð ásamt vinkonu minni í miðri Bombay til þess að kynnast lífi hins almenna Indverja. Það var mjög lærdómsríkt að kynnast fátæktinni. Á kvöldin þurftum við að klofa yfir sofandi heimilislaust fólk og það var ótrúleg lífsreynsla að fá hið rétta Indland beint í æð, ekki bara það sem fólk vill að maður sjái,“ sagði Unnur Birna sem mun, ef að líkum lætur, halda til Indlands í sumarfríinu, til að sinna fyrirsætustörfum.

*Ef þú ert ekki enn búin að uppgötva Dizu, þá er rétti tíminn núna!*

peysur **30-50%** afsláttur

mikið úrval af bútasaumsefni

á **600** kr/m Ofl ofl.....

*Sjón er sögu ríkari.*

Diza

Laugavegi 44 S. 561-4000 www.diza.is

## Á von á verslunarmannahelgarbarni

„Auðvitað er ég rosalega spennt,“ segir Sólveig Kr. Bergmann, fréttakona Stöðvar 2 en Sólveig er komin rúma þrjá mánuði á leið af sínu fyrsta barni. Sólveig segist nokkuð sama hvort kynið verði og ætlar ekki að fá að vita það fyrr en barnið kemur í heiminn.

„Við ætlum að láta kynið koma okkur á óvart. Ég er sett 1. ágúst svo þetta verður verslunarmannahelgarbarn,“ segir Sólveig brosandi.

Kærasti Sólveigar, Kristján Haagensen, er að sama skapi spenntur fyrir erfingjanum en væntanlega barnið er einnig hans fyrsta barn. „Ég vona að ég geti starfað fram á síðasta dag og mér líður vel. Finn ekki fyrir ógleði eða öðru og allt er bara eins og það á að vera,“ segir Sólveig sem virðist sverja sig í fréttakonuættina því stöllur hennar, Bryndís Hólm, Svanhildur Hólm Valsdóttir, Brynhildur Ólafsdóttir, Þóra Arnórsdóttir og Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir hafa allar eignast börn á síðustu tveimur árum.



**HAMINGJA Á NJÁLSGÖTUNNI** Það ríkir mikil hamingja í litla húsinu á Njálsgötu þar sem Sólveig og kærasti hennar, Kristján Haagensen, hafa búið sér heimili.

**VERSLUNARMANNAHELGARBARN** Fréttakonan Sólveig Bergmann er ólétt af sínu fyrsta barni.

**Í LAUGUM Valtýr mætir mánudaga, miðvikudaga og föstudaga í Power-Yoga í Laugum til að hreinsa líkama og sál.**



FANGELSISMÁLASTJÓRINN VALTÝR SIGURÐSSON HUGSAR VEL UM HEILSUNA

# FÆR FRIÐ FRÁ FANGELSISMÁLUM Í JÓGATÍMUM



Að vera fangelsismálastjóri er annasamt starf. Einn daginn eru það eftirlitslausir fangar í Byrginu. Þann næsta er það ömurleg öryggisgæsla í fangelsinu á Akureyri og þann þriðja hrynja uppsagnir fangavarða inn um lúguna. Valtýr Sigurðsson, sem gegnir þessu erilsama starfi, kann hins vegar ráð við því að gleyma starfinu. Hann fer í jóga í Laugum og klífur fjöll.

„Jú, það er rétt. Ég stunda jóga og hef gert í tvö og hálft ár. Ég reyni að fara tvisvar til þrisvar í viku," segir Valtýr eldhress í samtali við Sirkus, augljóslega búinn að hreinsa líkama og sál eftir erfiði dagsins sem fólst í því að glíma við óánægða fangaverði og Helga Seljan í Kastljósi Ríkissjónvarpsins.

„Það er gott að losna frá amstri hversdagsins og komast í annað umhverfi. Þetta gerir manni mjög gott, hreinsar hugann og er fyrirtaks afslöppun," segir Valtýr, sem vill þó ekki gera mikið úr deilum við fangaverðina sem vilja hærri laun. „Þetta eru nú bara skoðanaskipti, ekki deilur. Fangaverðir eru með gilda kjarasamninga til 2008 og því erum við ekki í kjaradeilu eða viðræðum við þá," segir Valtýr léttur.

Augljóst er á Valtý að menn verða yfirvegaðri og rólegri við að stunda jóga enda íþróttin sérhönnuð til að samhæfa hug og hönd, líkama og sál. Þetta er þó ekki eina heilsuræktin sem Valtýr stundar því hann er einnig mikill útivistarmaður.

„Ég lifi lífinu, er mikið fyrir útivist og er í toppformi. Við förum alltaf í sund í hádeginu hér í Fangelsismálastofnun og síðan er ég mikið fyrir fjallgöngur. Ég komst meðal annars upp á toppinn á Mont Blanc síðasta sumar og það var ekki síst jóganu að þakka," segir Valtýr stoltur yfir því að hafa sigrað þennan hæsta tind Mið-Evrópu.



**HEILSAN NÚMER EITT Valtýr hugsar afar vel um sig, stundar jóga, syndir og klífur fjöll. Það er sennilega nauðsynlegt til að halda sönsum í annasömu starfi.**



**Á TOPPNUM Valtýr kleif upp á tind Mont Blanc í ágúst á síðasta ári og sést hér sigri hrósandi fyrir miðju ásamt Guðmundi Halldórssyni og argentínska leiðsögumanninum Octavio.** MYND ÚR EINKASAFNI

## fréttir



5 hlutir sem Kaupþing gæti keypt fyrir 85 milljarða hagnað

**1. 80 Eiði Smára Guðjohnsen** Eiður Smári kostaði átta milljónir punda, rétt rúman milljarð, þegar Barcelona keypti hann frá Chelsea í fyrrasumar. Kaupþing gæti stillt upp sjö knattspyrnuliðum með mönnum í hans verð- og gæðaflokki.



**2. 1.215 einkatónleika með Elton John** Ólafur Ólafsson borgaði Elton John 70 milljónir króna fyrir að halda klukkutíma tónleika í afmæli sínu. Kaupþing gæti boðið upp á Elton John á hverju kvöldi í þrjú ár og fjóra mánuði.

**3. 40 þúsund Toyota Corolla** Toyota er vinsælasti fjölskyldubíllinn í dag. Kaupþing gæti gefið 7. hverjum Íslendingi nýjan Toyota Corolla.



**4. 306 þúsund Sony-sjónvörp** Kaupþing gæti gefið hverjum einasta Íslendingi 40" Sony LCD flatskjá sem fæst í BT.



**5. 425 milljónir af kók og prins** Kaupþing gæti boðið hverjum Íslendingi upp á hina vinsælu blöndu kók og prins í rétt tæp fjögur ár fyrir hagnaðinn í fyrra.




# Skítamórall í London

Hljómsveitin Skítamórall mun skemmta Íslendingum á árlegu þorrablóti Íslendingafélagsins í London sem fram fer í Kensington Hall á laugardaginn.

„Þetta verður skemmtilegt. Þar sem Íslendingar í útlöndum koma saman er öruggt fjör. Hákarl og brennivín er blanda sem klikkar ekki," segir Addi Fannar, gítarleikari Skítamórals, um þorrablótið um helgina. Skítamórall hefur ekki áður spilað á þessu blóti í London en sveitin skemmti Íslendingum í Kaupmannahöfn fyrir þremur árum við góðan orstír.

Addi Fannar segir að hljómsveitin hafi sérsniðna dagskrá fyrir þorrablótið enda nauðsynlegt að ná til allra. „Við spilum okkar eigin lög í bland við klassískar íslenskar dægurflugur. Á svona skemmtanir mætir fólk á öllum aldri, frá námsmönnum til eldri borgara, og því er nauðsynlegt að gera öllum til hæfis. Þannig næst besta stemningin."



**SKEMMTA Í LONDON Hljómsveitin Skítamórall mun halda uppi stuðinu á þorrablóti Íslendingafélagsins í London á morgun, laugardag.**




G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007
Langur laugardagur á morgun..
Opið til kl.18
RAW DEFENDER
marc newson
g-star.com



Whirlpool | PHILIPS | DēLonghi | KENWOOD

Bompani | Bauknecht | BEKO | UNITED

INDESIT | GeneralFrost | TecnoWind | VESTFROST




# LANDSINS MESTA ÚRVAL?

Eitt mesta úrval landsins af heimilistækjum!

Allt í eldhúsið og meira til frá virtum framleiðendum





**Heimilistæki**

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

**REYKJAVÍK**
SÆTÚNI 8
SÍMI 569 1500

**AKUREYRI**
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

**SELFOSS**
EYRARVEGI 21
480 3700

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

# partí

## Hverjir voru hvar

Fjöldinn allur af Íslendingum fylgdi íslenska landsliðinu í handbolta til Þýskalands og fylgdist með leikjum liðsins í milliriðli heimsmeistaramótsins. **Valgerður Sverrisdóttir** utanríkisráðherra og Ólafur Davíðsson, sendiherra í Berlín, voru á meðal gesta á leik Íslendinga og Dana. Menntamálaráðherrann



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** var líka á áhorfendapöllunum á sama leik ásamt manni sínum, handboltahetjunni Kristjáni Arasyni. Fleiri gamalkunnir handboltamenn studdu landsliðið því Atli Hilmarsson,







Sigurður Sveinsson og **Geir Sveinsson** voru í stúkunni sem og unnusta Geirs, Kastljósdrottningin **Jóhanna Vilhjálmsdóttir**.



Það var venju samkvæmt fullt út að dyrum á hinum vinsæla skemmtistað Boston í miðbænum á föstudaginn. Rithöfundurinn **Hallgrímur Helgason** lék á als oddi ásamt almannatenglinum og ræðismanni El Salvador á Íslandi, **Ómari R. Valdimarssyni**. Einn af fastagestum staðarins, Henrik Björnsson, söngvari Singapore Sling, lét sig að sjálfsögðu ekki vanta.



Fyrirsætuforkólfurinn **Andrea Brabin** lýsti upp dimm skot á Sirkus en þar sáust einnig Þormóður Dagsson, trymbill og blaðamaður, sem og nýhilistinn Ófeigur Sigurðsson.



Íþróttaálfurinn **Magnús Scheving** og eiginkona hans Ragnheiður Melsted voru sæt saman á Þorrablóti Gróttu á Seltjarnarnesi á laugardaginn en engum sögum fer af því hvort Magnús hafi tekið einhverjar æfingar á dansgólfinu við undirleik hljómsveitarinnar Bermúda.





**FLOTT Á DREGLINUM Jón Ásgeir Jóhannesson**, stjórnarformaður 365, mætti með unnustu sína **Ingibjörgu Pálmadóttur** á árshátíð fyrirtækisins og gengu þau hönd í hönd eftir rauða dreglinum. SIRKUSMYND/PÁLL BERGMANN

# GLEÐI HJÁ 365 Í GULLHÖMRUM

Fjölmiðlafyrirtækið 365, sem gefur meðal annars út Sirkus, hélt árshátíð sína síðastliðið föstudagskvöld í félagsheimilinu Gullhömrum í Grafarholtinu. Veislan var hin glæsilegasta og skemmtu 500 starfsmenn fyrirtækisins sér fram undir morgun. Söngkonan unga Lay Low tók nokkur lög og stórsöngvararnir Björgvin Halldórsson og Egill Ólafsson skemmtu ásamt Sniglabandinu. Athygli vakti að öll stjórn fyrirtækisins, með stjórnarformanninn Jón Ásgeir Jóhannesson í fararbroddi, heiðraði starfsfólkið með nærveru sinni.



**KÓNGURINN Í KOMPÁS Jóhannes Kr. Kristjánsson**, ritstjóri fréttaskýringaþáttarins Kompáss, var að sjálfsögðu mættur ásamt eiginkonu sinni **Helgu Eglu Björnsdóttur**. SIRKUSMYND/PÁLL BERGMANN



**FORINGJAR Á FRÉTTASTOFUNNI** Hjónin **Sigmundur Ernir Rúnarsson**, fréttastjóri Stöðvar 2, og **Elín Sveinsdóttir**, framleiðslustjóri fréttadeildarinnar, voru glæsileg og tóku sig sérstaklega vel út á dansgólfinu undir tónum Björgvins Halldórssonar og Sniglabandsins. SIRKUSMYND/PÁLL BERGMANN



**HEITUR TEITUR** Sjónvarpsmaðurinn og sjarmatröllið **Teitur Þorkelsson** fylgdi unnustu sinni **Sigríði Vilhjálmsdóttur**, sem vinnur sem skrifta á Stöð 2. SIRKUSMYND/PÁLL BERGMANN



**SLEGIÐ Á LÉTTA STRENGI Ari Edwald**, forstjóri 365, segir hér brandara við háborðið sem virðist falla vel í kramið hjá stjórnarformanninum **Jóni Ásgeiri Jóhannessyni**. SIRKUSMYND/PÁLL BERGMANN

# Fámennt á Þorrablóti Gróttu vegna HM

Íþróttafélagið Grótta hélt árlegt þorrablót í Íþróttahúsi Seltjarnarness á laugardaginn. Um 500 manns mættu á svæðið, mun færri en venjulega, en haft var á orði að um 100 Seltirningar væru staddir á HM í handbolta í Þýskalandi. Sem er ekki skrýtið þar sem tveir leikmenn liðsins, Guðjón Valur Sigurðsson og Alexander Petersson, eiga rætur að rekja til Gróttu. Sá fyrrnefndi er uppalinn á Seltjarnarnesi en Alexander kom 18 ára gamall frá Lettlandi og spilaði í fimm ár með sameiginlegu liði Gróttu/KR.

Jóhannes Kristjánsson, eftirherman góðkunna, fór á kostum og sömu sögu er að segja af plötusnúðunum Gullfossi og Geysi. Hljómsveitin Bermúda lék síðan fyrir dansi fram á rauðanótt.



Bankastjórahjónin **Bjarni Ármannsson** og eiginkona hans, **Helga Sverrisdóttir**, skemmtu sér vel á Þorrablóti Gróttu. Hér sjást þau ásamt **Margréti Ingadóttur** og **Guðmundi Árnasyni**. SIRKUSMYND/DANÍEL



**HEILL SÉ ÞÉR... Jóhannes Kristjánsson**, hin landsþekkta eftirherma, fór á kostum á Þorrablóti Gróttu og þandi hláturtaugar Seltirninga til hins ýtrasta. SIRKUSMYND/DANÍEL



# Stílhrein hönnun frá VIOLINO

Nýjung hjá Lystadún Marco







## Kynningarverð

á Glæsilegum leðursófum og stólum.

LYSTADÚN Marco

**Opið virka daga: 10–18 og laugardaga: 11–16**

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

SJÓNVARPSDROTTNINGIN RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR ER UPPTEKIN UNG KONA

# BRÚÐKAUP OG BARNEIGNIR VERÐA AÐ BÍÐA BETRI TÍMA

**Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir hefur heldur betur slegið í gegn á skjánum undanfarið og er nýjasta verkefnið hennar að kynna í undankeppni Eurovision-keppninnar. Sigríður Hjálmarsdóttir hitti Ragnhildi og fékk að vita hvernig líf hennar hefur gjörbreyst frá því hún flutti frá Keflavík.**

viðtal



„ÉG HEF VERIÐ ALVEG ÓTRÚLEGA LÁNSÖM OG FENGIÐ AÐ GERA ALVEG FULLT."

**STÓRGLÆSILEG** Það er óhætt að segja að Ragnhildur Steinunn hafi verið stórglæsileg þegar hún kynnti annan riðil í forkeppni Eurovision um síðustu helgi.
SIRKUSMYND/VALGARÐ

Ragnhildur kemur svífandi inn á kaffihús í Kringlunni til fundar við blaðamann Sirkus. Það er mikið að gera hjá sjónvarpskonunni ungu en henni tókst að losa sig í svolitla stund fyrir viðtalið. „Það hefur mikið gerst frá því ég var lítil stelpa í Keflavík," segir Ragnhildur og brosir á meðan hún lítur á matseðil kaffihússins. „Ég hef verið alveg ótrúlega lánsöm og fengið að gera alveg fullt," bætir hún við og fer yfir það helsta sem hún hefur gert á undanförnum árum. „Ég er að mennta mig, hef leikið í söngleik og bíómynd og er í einum stærsta sjónvarpsþætti Íslands auk þess að fá að kynna allar þessar skemmtilegu hátíðir og nú síðast Eurovision-forkeppnina," segir Ragnhildur. „Þannig að það er alveg ótrúlegt að horfa til baka. Ég hefði aldrei trúað því þegar ég bjó í Heiðarhvamminum í Keflavík að þetta ætti allt eftir að gerast."

Ragnhildur segir það rosalega gaman að fara inn í stór verkefni sem eiga hug hennar allan eins og er með Eurovision. „Það verður svo mikil stemmning í kringum þetta og þá sérstaklega í hópnum sem vinnur að þessu."

Það er margt sem Ragnhildur þarf að huga að fyrir hvern þátt af Eurovision-forkeppninni en hún þarf að finna fatnaðinn, skrifa handritið, bóka viðmælendur og fleira auk þess að funda um uppbyggingu hvers þáttar ásamt öðru starfsfólki. „Ég vildi vera sem minnst inni í þáttunum sjálf og leyfa lögunum að njóta sín frekar en að vera kynnirinn sem treður sér alls staðar," segir Ragnhildur brosandi.

## Trommaði í Fame

„Við Haukur Ingi, sambýlismaður minn, fluttum til Reykjavíkur fyrir þremur og hálfu ári til að fara í Háskólann. Ég fór í sjúkraþjálfun og hann í sálfræði," segir Ragnhildur og bætir því við að það hafi verið ofsalega skemmtilegt í náminu og gengið vel.

„Síðan fékk ég hlutverk sem dansari í söngleiknum Fame. Það var æðislega gaman en ég var bara að dansa á bak við aðalleikarana." Það var síðan lán í óláni fyrir Ragnhildi að ein stúlkan í sýningunni meiddist en hún var með ágætt hlutverk. „Ég fékk það krefjandi verkefni að hoppa inn í hennar hlutverk í sýningunni daginn eftir," segir Ragnhildur og rifjar hlæjandi upp undirbúning sinn fyrir hlutverkið. „Ég lærði textann um nóttina og Haukur hjálpaði mér með setningarnar á móti. Síðan átti ég að vera á trommum í sýningunni en það hafði ég aldrei prófað áður þannig að við drógum fram potta og pönnur sem ég barði með sleifum til að reyna að ná smá tilfinningu fyrir trommunum. Þetta gekk að minnsta kosti nógu vel til þess að ég fengi að halda hlutverkinu þangað til hún kom inn aftur."

Eftir að sýningum lauk á Fame var Ragnhildur boðið í prufu fyrir unglingaþáttinn Óp á Ríkissjónvarpinu og var valin til að stjórna þættinum ásamt Þóru Tómasdóttur og Kristjáni Inga. „Við vorum einn vetur með þáttinn sem var mjög skemmtilegt og alveg frábær reynsla."

## Útskrifast í vor

Eftir að Ópið hafði verið á skjánum í eitt ár var ákveðið að setja saman Magasín þátt í Ríkissjónvarpinu. „Þar voru Mósaík, Óp og Kastljós sameinuð í einn þátt og við Þóra áttum að sjá um unglingaefni. Við vorum ótrúlega heppnar að koma beint inn í þessa hrúgu af reynslumiklu fólki," segir Ragnhildur.

„Það eru líka algjör forréttindi að fá að klára námið sitt með fullri vinnu en ég fæ alveg rosalega góðan stuðning úr vinnunni. Þar eru allir í því að stappa í mig stálinu og hvetja mig áfram. Það er alveg ofboðslega gott."

Spurð hvort hún sjái það fyrir sér að hún muni vinna sem sjúkraþjálfari á næstunni segir Ragnhildur: „Þetta er ein erfiðasta spurningin sem ég fæ og ég fæ hana oft. Mér líkar alveg ofboðslega vel í sjónvarpinu og finnst þetta rosalega gaman. Ég get nýtt þekkingu mína sem sjúkraþjálfari líka í sjónvarpinu. Þannig að ég held að ég verði eitthvað í sjónvarpinu í einhver ár, annað hvort þangað til fólk er orðið þreytt á mér eða ég þreytt á sjónvarpinu."

Ragnhildur segir sjúkraþjálfunina nokkuð sem hún geti alltaf farið í en sjónvarpið sé meira bara núna í dag, ekki endilega eftir tvö ár.

## Á hvíta tjaldinu

Eitt af því sem Ragnhildur Steinunn hefur gert meðfram náminu er að leika í kvikmyndinni Astrópíu þar sem hún er í einu af lykilhlutverkunum. Aðspurð hvernig hafi verið að leika í kvikmynd segir Ragnhildur: „Það var mjög skemmtilegt en ég hef ákveðið að ég ætla ekkert að tala um Astrópíu fyrr en að henni kemur. Það er bara eitthvað sem er ekki í gangi núna og mér finnst eiga að koma bara seinna."

Spurð út í Hostel 2, í leikstjórn Eli Roth, sem hún hefur verið orðuð við segir hún: „Hostel var bara einhver hugmynd. Þeir töluðu við mig en á þeim tíma var ég í Kastljósinu, sem átti hug minn allan. Þannig að ég veit ekki hvernig það hefði farið ef það hefði gengið eitthvað lengra. Svo er ég ekkert viss um að Hostel sé mynd sem ég myndi vilja leika í. Maður verður líka að passa sig á að velja sín verkefni."

## Góðar barnapíur

Ragnhildur Steinunn og Haukur Ingi eru búin að vera saman í tíu ár en eru enn ógift: „Já, ég er bara enn að bíða," segir Ragnhildur og hlær. „Nei, nei. Við erum bara að reyna að finna tíma. Okkur langar ekki að hafa brúðkaupið meðan við erum svona mikið upptekin heldur kannski frekar þegar allt fer að róast aftur."

Ragnhildur segir þau bæði vera ofboðslega mikið barnafólk og fullt af fólki í kringum þau sé komið með börn. „Vinkonur mínar eru komnar með börn og systir Hauks Inga er með tvær stelpur. Eins og stendur erum við bara alveg ofboðslega góðar barnapíur. Við vonum náttúrlega að Guð gefi að við getum eignast börn. Ég hugsa stundum um það eftir þann missi sem ég hef upplifað að það er örugglega ekkert yndislegra en að fá að takast á við að vera foreldri. En það kemur bara þegar það kemur."

*sigridur@frettabladid.is*



**GÓÐAR BARNAPÍUR** Ragnhildur Steinunn segir að hún og Haukur Ingi séu góðar barnapíur nú um stundir. Barneignir komi seinna.



## HVAÐ BORÐA BÖRNIN?

*Matur á leikskólum* SJÁ BLS. 6



## PRÝÐILEGIR PÚÐAR

*Mjúkir og fallegir* SJÁ BLS. 14

[ SÉRBLAÐ UM HÚS OG HEIMILI – FÖSTUDAGUR 2. FEBRÚAR 2007 ]

# Heima er best



Fréttablaðið/GVA

## EFNISYFIRLIT


LÉTTUR Á DAGINN, FÍNN Á KVÖLDIN

*Veitingastaðurinn Strikið á Akureyri* BLS. 2

AUKAPLÖTUR OG LEYNIHÓLF

*Kolbeinn Bjarnason á forláta skrifborð.* BLS. 4

RAUÐVÍN Í GLAS

*Rauðvínsglös eru af mörgum gerðum.* BLS. 4

HVAÐ FÁ BÖRNIN OKKAR AÐ BORÐA?

*Úttekt á mat í leikskólum* BLS. 6





MJÚKAR VOÐIR

*Ungar stúlkur prjóna, vefna og sauma út.* BLS. 8





LITRÍKT OG LEIKANDI

*Litið í heimsókn hjá Sigríði Ástu í gömlu húsi í Hafnarfirði* BLS. 10–12



Hollustuna heim!

Hollur og góður kínamatur,

Gefðu þér 15 mínútur og sæktu matinn til okkar þá færðu 2 lítra kók og rækjuflögur FRÍTT með!

Gildir ef pantað er fyrir 2 eða fleiri

BARNABOX

2 kjúklingaleggir franskar og kokteilsósa kinderegg

700 kr

stórir skammtar - beint heim til þín.



INDOKÍNA

ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

FRÍ HEIMSENDING

PÖNTUNARSÍMI 552 2399

| TILBOÐ 1 | TILBOÐ 2 | TILBOÐ 3 |
| --- | --- | --- |
| Djúpsteiktar rækjur Original hot and sweet svínakjöt Snöggsteikt nautakjöt í ostrusósu Kínverskar eggjanúðlur m/kjúklingi og grænmeti Hrísgrjón, súrsæt sósa, prjónar og soya sósa | Djúpsteiktar rækjur Peking kjúklingur m/kínasveppum Wok steikt lambakjöt m/svartbaunasósu Original hot and sweet svínakjöt Hrísgrjón súrsæt sósa, prjónar og soya | Rifjapartý Konton svínarif Hrísgrjón, prjóna og soya poki af Maarud |
| 1.345 á mann 2.690 fyrir tvo | 1.445 á mann 2.890 fyrir tvo | 1.250 á mann 2.500 fyrir tvo |

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGJA Í „TAKE AWAY"

# Léttur á daginn, fínn á kvöldin

Strikið á Akureyri er þekkt fyrir góða rétti á góðu verði í hádeginu. Á kvöldin er skipt um gír og breytist staðurinn í fínan veitingastað.

Kristinn Frímann Jakobsson er kokkur á Strikinu. Hann er fæddur og uppalinn Akureyringur og lærði á Bautanum líkt og Valdimar, matreiðslumeistarinn á staðnum. Strikið er aðeins rúmlega árs gamall veitingastaður en hefur getið sér góðan orðstír fyrir góðan mat á góðu verði.

„Matarframboðið á Strikinu er fjölbreytilegt. Í hádeginu er þetta léttari staður þar sem fólk sem vinnur í bænum kemur og fær sér léttan hádegisverð. Þá erum við með rétt dagsins og fisk dagsins en það er breytilegt upp á hvað er boðið. Á kvöldin skiptum við aðeins um gír og þá er þetta orðinn fínni staður. Boðið er upp á létta rétti í forrétt og alveg upp í flottar nautasteikur," segir Kristinn en reglulega er skipt um matseðil á Strikinu og verður það einmitt gert núna í byrjun febrúar. Á sama tíma verður matseðillinn stækkaður, svo og vínseðillinn.

Akureyringar eru duglegir að sækja Strikið en ferðamenn eru þó einnig áberandi meðal gesta. „Yfir sumarið erum við í sambandi við ferðaskrifstofur sem koma með hópa," útskýrir Kristinn en staðurinn tekur níutíu manns í sæti. „Við erum líka með sal í sama húsi sem heitir Parken þar sem við getum séð um veislur eða fólk nýtt hvernig sem er. Þá sýnum við þar líka fótbolta og handboltaleiki," segir Kristinn.

Strikið stendur við Skipagötu 14 þar sem Fiðlarinn var áður til húsa. Veitingastaðurinn er á fimmtu hæð og útsýnið því frábært yfir Vaðlaheiði og inn og út fjörðinn. Stórar svalir eru nýttar á sumrin og er þá vinsælt að snæða úti við í góðu veðri og líta yfir Eyjafjörðinn.

Kristinn eldaði þrjá rétti fyrir lesendur. „Ég eldaði silung sem er mjög einfaldur og góður réttur og er á matseðlinum hjá okkur. Svo eru það kjúklingabringur með villisvepparisottó sem kemur á nýja seðilinn. Í eftirrétt er það súkkulaðikaka Striksins sem er klassísk og góð."

*solveig@frettabladid.is*



Kristinn Frímann Jakobsson, kokkur á Strikinu, segir matarframboðið fjölbreytt og töfraði fram úr erminni dýrindis rétti fyrir lesendur Fréttablaðsins.

## STEIKTUR SILUNGUR MEÐ KARTÖFLUTENINGUM

*Fyrir 4*

600 g bökunarkartöflur
700 g silungsflök (ca 1 flak á mann)
100 g strengjabaunir
100 g grænn aspas, lítill
smjör og olía til steikingar
salt og pipar
sítróna
200 g blandað salat (spínat, rucola og salatblanda)

*Aðferð:*

Kartöflurnar eru skornar í teninga og soðnar í saltvatni í 3 mínútur. Vatninu hellt af. Stór panna hituð vel, smjör og olía látin á pönnuna. Silungsflökin látin á pönnuna með roðið niður, kartöfluteningum bætt út á pönnuna ásamt strengjabaununum og aspas. Kryddað með salti og pipar. Steikt á pönnu í ca 3-5 mín. bara roðmegin, bestur verður fiskurinn ef roðið verður vel stökkt og fiskurinn ekki alveg eldaður í gegn.

Silungsflökin látin yfir salatbeð á disk og kartöflurnar, aspasinn og baunirnar látin yfir fiskinn, sítrónusneið og kryddjurtadressing gefið með.

*Kryddjurtadressing*

125 g majónes
75 g sýrður rjómi
1 tsk. basil
1 tsk. kóriander
1 tsk. steinselja
salt og pipar

*Aðferð:*

Öllu blandað saman.
Smakkað til með salti og pipar.

## KJÚKLINGABRINGA MEÐ VILLISVEPPARISOTTÓ

*Fyrir 4*

4 stk. kjúklingabringur
100 ml nautasoð
200 ml marsala
3 stk. skallottlaukur
100 ml rjómi
50 ml malasian curry frá hot spot
100 g portobellosveppir eða kjörsveppir
50 g aspas, lítill

*Aðferð:*

Panna hituð og olíunni bætt á, bringurnar brúnaðar fallega á báðum hliðum, kryddað með salti og pipar, látnar í ofn á 150° C í 15-20 mín. eða þangað til að kjarnhitinn nær 70° C. Sveppir og aspas steiktir úr smjöri, kryddað með salti og pipar.



Steiktur silungur með kartöfluteningum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS



Kjúklingabringa með villisvepparisotto.



Frönsk súkkulaðikaka.

*Sósan:*

Skallottlaukurinn saxaður fínt og léttbrúnaður í potti, marsala því næst hellt út á og soðið, svo nautasoðið út á og soðið niður, rjóma og malasian curry bætt út í.

*Fondant-kartöflur*

4 stk. bökunarkartöflur
50 g smjör
salt og pipar

*Aðferð:*

Skerðu kartöflurnar í ferhyrninga og brúnaðu á pönnu og kryddaðu með salti og pipar.

Bakaðu svo kartöflurnar í ofni við 150 °C í ca 30-35 mín. eða þangað til þær eru til.

*Villisvepparisottó*

250 ml kjúklingasoð eða grænmetissoð
100 g risottógrjón (arborio-hrísgrjón)
1/2 stk. laukur
1 msk. timjan
25 g smjör
25 ml ólífuolía
25 g villisveppir
200 ml rjómi

*Aðferð:*

Leggðu villisveppina í volgt vatn. Saxaðu laukinn fínt og steiktu í heitri ólífuolíunni, timjan bætt út í, þá skaltu bæta risottógrjónunum í og steikja í smá stund. Soðinu bætt út í, smám saman í einu, og villisveppunum er bætt í rétt áður er grjónin verða al dente. (stökk undir tönn).

Kryddaðu til og bættu rjómanum og smjöri við í lokin.

## FRÖNSK SÚKKULAÐIKAKA

200 g súkkulaði
200 g smjör
80 ml vatn
200 g sykur
100 g eggjahvítur
100 g eggjarauður
40 g hveiti

*Aðferð:*

Vatn og sykur soðið í síróp. Súkkulaði og smjör brætt í örbylgjuofni og hellt út í sírópið. Eggjarauðum er bætt út í og hrært með sleikju, hvíturnar eru stífþeyttar og blandað saman og hveiti látið í restina, bökunarform smurt og smjörpappír settur í botninn. Deiginu hellt út í formið og bakað við 150° C í 20 mínútur.

*Krem*

70 g súkkulaði
30 g smjör
1 msk. hlynsíróp

*Aðferð:*

Brætt saman í örbylgjuofni og hellt yfir kökuna

## GLJÁÐUR BANANI

150 g sykur
2 msk. smjör
0,5 dl rjómi
1 stk. banani

Sykur bræddur á pönnu við lágan hita, smjöri og rjóma bætt út í og soðið saman. Bananinn skorinn í bita og soðinn í karamellunni.

Borið fram með ís og ávöxtum t.d. kumquat, mangó og jarðarberjum.







30%
30% afsláttur af rúmum
rafstillanleg og hefðbundin.
Nýtt kortatímabil
Baðsloppar
20% afsláttur
Handklæði
30% afsláttur
Rúmteppasett
20-40% afsláttur
Sængurfatnaður
20% afsláttur
Útsala
20-50% afsláttur
rúmco
Langholtsvegi 111, 104 Rvk. Sími 568 7900
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-16


SVEFN & HEILSA
GEGNIR
MIKILVÆGU
HLUTVERKI
Svefn & heilsa
EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR
VELDU ÞAÐ BESTA!
ALLT FYRIR GÓÐAN SVEFN OG BETRI HEILSU
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
iq-care.com
FRÁBÆR STILLANLEG RÚMUM Á GÓÐU VERÐI
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
iq-care.com
Svefnsófar
WALLHUGGER
Eitt með öllu!
Verð frá 79.900.- stgr.
NÝTT Á ÍSLANDI
Veggrúm sem sparar gólf pláss
Góð lausn í gestaherbergi, studíó íbúðir, barnaherbergi.
Komið og kíkið á þessa nýung
Chiropractic®
FLIPFREE
Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi
Ný sending af svefn-herbergishúsgögnum
GÆÐI
GÓÐ VERÐ
ÞJÓNUSTA
ÚRVAL
ÞEKKING
REYKJAVÍK
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Gerum tilboð fyrir hótel og gistiheimili
Verið velkomin
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00












„Pabbi var náttúrlega ekki ríkur en hlutir voru bara svo vandaðir á hans tíð," segir Kolbeinn, sem lærði við borðið flest sín skólaár.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aukaplötur og leynihólf

Kolbeinn Bjarnason flautuleikari á forláta skrifborð sem hann erfði eftir föður sinn, Bjarna Benediktsson rithöfund frá Hofteigi.

„Þetta er eikarskrifborð sem er smíðað í Svíþjóð 1947. Það er merkt SMV sem stendur fyrir Skandinavisk möbelverk," segir Kolbeinn Bjarnason flautuleikari brosandi um leið og hann sýnir gamalt skrifborð sem stendur undir súð á heimili hans í Þingholtunum. Það erfði hann eftir föður sinn, Bjarna Benediktsson rithöfund frá Hofteigi á Jökuldal sem dó árið 1978, aðeins 46 ára að aldri. Borðið er með djúpum skúffum, einni í miðjunni og fjórum hvorum megin. Aftan til í þeim eru nokkurs konar leynihólf því allar eru þær tvöfaldar. Einnig eru útdraganlegar plötur sitt hvoru megin við miðju, líkastar skurðarbrettum í eldhúsi. „Ef maður er búinn að hlaða drasli á borðið sjálft getur maður enn bætt við með því að draga þessar plötur út," segir Kolbeinn og hlær.

Borðið er Kolbeini kært enda hefur það tilfinningalegt gildi fyrir hann auk þess að vera mjög eigulegt. „Pabbi var náttúrlega ekki ríkur en hlutir voru bara svo vandaðir á hans tíð. Hann keypti þetta borð þegar hann var í námi í bókmenntafræði við Uppsalaháskóla eftir stríð og kom með það heim," lýsir hann og strýkur af natni yfir borðplötuna. „Hann vann á þessu borði allt sem eftir hann liggur. Var með Erica-ritvél sem ég á ennþá og er í nothæfu ástandi en hefur ekki verið notuð eftir að tölvurnar tóku yfirhöndina,"

Kolbeinn kveðst hafa fengið skrifborðið fljótlega eftir lát föður síns. Lært við það þegar hann var í Laugarnes- og Laugalækjarskóla, Menntaskólanum við Tjörnina og síðar Háskólanum en notað það minna eftir að hann sneri sér að tónlistinni. Um tíma hafði hann heimilistölvuna á því og geymdi lyklaborðið í miðskúffunni. „Ég íhugaði meira að segja að gera breytingar á borðinu svo það nýttist betur. Taka framstykkið af skúffunni til að geta dregið þar tölvuborð út en svo áttaði ég mig á að það væri fullkomin eyðilegging á þessari ágætu mublu," viðurkennir hann. „Nú erum við búin að hagræða þannig á heimilinu að tölvan hefur verið færð og gamla borðið heldur sínum virðuleik."

*gun@frettabladid.is*

# Rauðvín á vetrarkvöldi

Það getur verið notalegt að sitja við kertaljós á köldum vetrarkvöldum og dreypa á rauðvíni. Þá er nú ekki verra að glösin séu falleg en það ýtir bara enn frekar undir stemninguna. Víða má finna falleg rauðvínsglös og má segja að almennt sé einfaldleikinn ráðandi í glösunum í dag. Þá er bara að finna hvað fólki líkar best því úr nógu er að velja. Hér má líta eitthvað af því úrvali sem er í boði í verslunum um þessar mundir. *- sig*



Húsasmiðjan, 6 vínglös, á mismunandi lituðum fæti + karafla 1.427 krónur á tilboði.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Kristall og postulín í Bæjarlind, High Class Platinum, 2.800 krónur stykkið.

Kristall og postulín í Bæjarlind, High Class Platinum, minni gerð, 2.800 krónur stykkið.



Unika, Villa Collection, 2.480 krónur stykkið.

Kristall og postulín í Bæjarlind, Royale Platinum, 1.990 krónur stykkið.

Feim – Lene Bjerre í Bæjarlind, Plaza með platínurönd, 1.500 krónur stykkið.

# Golden Sands - perla Svartahafsins

## Hvergi meira frí fyrir peninginn!

**frá 29.990 kr.**



Bókaðu núna á www.terranova.is

Tryggðu þér bestu gististaðina og lægsta verðið.

Fyrstu 500 sætin
**10.000 kr.**
afsláttur á mann
Veldu bestu gistinguna og fáðu mesta afsláttinn.
Gildir ekki um flugsæti eingöngu.
Einungis takmarkaður fjöldi sæta í boði á hverri dagsetningu.

# Búlgaría 2007

## Glæsileg hótel og íbúðir á frábæru verði!









### Frábær íbúðagisting

**Glarus** Íbúðir ☆☆☆☆



Frábær íbúðagisting

**kr. 47.295 í viku**
**kr. 57.495 í 2 vikur**

m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, á Glarus í 1 eða 2 vikur, 21. maí, 28. maí eða 4. júní

### Með allt innifalið

**Madara** Hótelherbergi ☆☆☆+



Með allt innifalið

**kr. 59.790 í viku**
**kr. 77.090 í 2 vikur**

m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Madara í 1 eða 2 vikur, 21. maí, 28. maí eða 4. júní

## Verðlag í Búlgaríu er ótrúlegt!

### Endalausir möguleikar á afþreyingu

- Sjóstangaveiði
- Bogfimi
- Hjól og mótorhjól
- Mini golf
- Vatnaskemmtigarðurinn Aquapolis
- Teygjustökk
- Köfun
- Keila
- Tennis
- Strandblak
- Sjóskíði
- Seglbretti
- Kajakar

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000 · www.terranova.is · Hafnarfjörður sími: 510 9500
Akureyri sími: 461 1099

TERRA NOVA

# Hvað fá börnin okkar að borða?

Svikinn héri, saltfiskur og sætindi eða hollusta í fyrirrúmi á leikskólum höfuðborgarsvæðisins?

Flestir foreldar gera sitt besta til að börnin þeirra fái hollan og næringarríkan mat að borða. Samfélagið er einnig ábyrgt á þessu sviði þar sem börnin dveljast yfirleitt meira eða minna á stofnunum meðan foreldrarnir eru útivinnandi.

Til að ýta undir ábyrgð leikskólastjóra á þessu sviði var árið 2005 gefin út Handbók um leikskólaeldhús á vegum Lýðheilsustöðvar, en Anna Sigríður Ólafsdóttir, lektor í næringarfræðum við Kennaraháskóla Íslands, var meðal þeirra sem ritstýrðu handbókinni.

Markmiðið með útgáfu handbókarinnar var að starfsfólk leikskóla ætti greiðan aðgang að hagnýtum leiðbeiningum um hollustu og samsetningu fæðunnar, matseðlagerð, matreiðslu, sérfæði, hreinlæti og innkaup. Einnig var í henni kynnt ný fyrirmynd að æskilegri samsetningu máltíða sem samræmist ráðleggingum um mataræði og næringarefni.

„Á leikskólanum gefst einstakt tækifæri til að móta neysluvenjur barnanna og um leið er hægt að kenna þeim að njóta góðrar og hollrar fæðu," segir Anna Sigríður. „Þannig ættu matráðar og leikskólastjórar sérstaklega að huga að fjölbreyttu fæðuvali, neyslu á grænmeti og ávöxtum og því að börnin drekki nóg af vatni. Í handbókinni er einnig fjallað sérstaklega um matarumhverfi, hvar og hvernig er borðað, hreinlæti, samsetningu og fleira, en þetta skiptir allt saman miklu máli."

Reykjavíkurborg, eða bæjarfélög almennt, hafa lítil sem engin áhrif á hvaða matur er keyptur inn á leikskólana. Þessu stjórna matráðar í samvinnu við leikskólastjóra en Lýðheilsustöð hvetur stjórnendur til að móta stefnu með mataræðinu. Anna Sigríður bendir á að í handbókinni séu dæmi um heppilega matseðla en tekur það fram að þeir séu ekki reglugerð eða nokkuð sem ekki megi hnika frá.

„Það mikilvægasta er að bera fram réttar samsetningar, fjölbreytta ávexti og grænmeti á hverjum degi. Grænmeti á reyndar að bera fram með öllum meginmáltíðum og eins er æskilegt að hafa heita grænmetisrétti inni á milli kjöt- og fiskrétta," segir Anna Sigríður og tekur fram að stundum krefjist það svolítillar þolinmæði að kenna börnunum gott að meta. „Sumar grænmetistegundir eru vinsælli en aðrar, en með þolinmæði er vel hægt að kenna börnum að borða margar tegundir grænmetis. Það tekur stundum lengri tíma að kynnast bragðinu af grænmeti og því má ekki hætta við þó að börnin borði ekki allt í fyrstu tilraun. Matráðurinn þarf að vita hvernig gengur að kynna ný matvæli og boðleiðir starfsfólksins verða að vera í góðu lagi."

Eftir að handbókinni var dreift á leikskóla borgarinnar var Jóhanna Eyrún Torfadóttir næringarfræðingur ráðin til starfa sem ráðgjafi fyrir mötuneyti á vegum borgarinnar en Anna Sigríður segir það mikilvægt að faglært fólk sé í þessum störfum.



Börn á Mánagarði bragða á þorramat. „Fyrir leikskólabörn er mjög saltaður matur ekki heppileg fæða. Bragðskyn barna er mjög næmt þegar þau eru ung, bragðlaukarnir viðkvæmir og þess vegna er ekki æskilegt að nota mikið salt þegar matreitt er fyrir þau." - Anna Sigríður Ólafsdóttir.

„Matráðar verða að hafa annað hvort þekkingu eða menntun á þessu sviði og það er mikilvægt að leiðbeiningum sé fylgt eftir. Til dæmis er ákaflega þýðingarmikið að varlega sé farið með saltan og fituríkan mat. Fyrir leikskólabörn er mjög saltaður matur ekki heppileg fæða. Bragðskyn barna er mjög næmt þegar þau eru ung, bragðlaukarnir viðkvæmir og þess vegna er ekki æskilegt að nota mikið salt þegar matreitt er fyrir þau. Saltbragð er svolítið sem börnin læra inn á. Því meira af söltum mat sem haldið er að þeim, því meira salt þurfa þau til að finnast bragð af matnum og þannig getur þetta haldið áfram."

Fréttablaðið fór á netið og skoðaði matseðla nokkurra leikskóla, en algengt er að forráðamenn setji matseðla vikunnar á netið svo að foreldrar geti fylgst með því hvað börnin fá að borða. Öfugt við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar er sums staðar boðið upp á mikið unnan og saltan mat. Saltfiskur, plokkfiskur, hangikjöt og kjötfars. Nokkuð sem margir kalla „heimilismat" til aðgreiningar frá hamborgurum eða pylsum.

Sólveig Eiríksdóttir, metsöluhöfundur bóka um hollt mataræði og sérfræðingur á því sviði, segir í samtali við blaðamann að það komi sér ekki á óvart að þetta sé kallað dæmigerður „heimilismatur" en bendir jafnframt á að við höfum öðlast mikla þekkingu á sviði næringarfræða undanfarin ár og að úrval matvæla hafi aukist gífurlega frá því sem áður var: „Þar sem árið er 2007 og úrvalið af grænmeti og ávöxtum hefur aukist til mikilla muna, ásamt því að verðið hefur lækkað, hefði ég kosið að sjá grænt salat með hverri máltíð, meira af hýðishrísgrjónum, bakaðan, soðinn eða gufusoðinn mat - ekki steiktan, ekkert sem heitir eitthvað „saltað", að unnum kjötvörum sé haldið í algeru lágmarki, að pasta sé annað hvort úr heilhveiti eða spelti og svo mætti bjóða upp á soðnar rófur, brokkolí, blómkál og sætar kartöflur en ekki bara kartöflur með heitum mat. Ef byrjað væri á þessum einföldu atriðum er ég viss um að matseðlarnir yrðu mun hollari," segir hún og bætir því við að þetta ætti að vera mjög auðvelt þar sem þetta séu alls ekki róttækar breytingar.

Anna Sigríður tekur undir orð Sólveigar um að við höfum öðlast mikla þekkingu á sviði hollustunnar undanfarna áratugi.

„Með orðinu „heimilismatur" er yfirleitt átt við mat sem var mikið eldaður hérna fyrir þrjátíu árum og síðan þá hefur mikið breyst. Grænmetis- og ávaxtaneysla hefur til dæmis verið að aukast hægt og rólega en enn er hún allt of lítil. Íslensk börn borða minnst af grænmeti af öllum börnum í Evrópu og því er mjög mikilvægt fyrir okkur að leggja áherslu á þetta. Börn eru fimm daga vikunnar á leikskólanum, flest frá morgni og fram á eftirmiðdaginn, þannig að þau borða morgunmat, millibita að morgni, hádegismat, kaffi og síðdegishressingu á leikskólanum og eina máltíðin sem er eftir er kvöldmaturinn heima. Þetta segir okkur að matseðlar leikskólanna vega mjög þungt og skipta í raun meira máli en mataræðið annars staðar.

*„Með orðinu „heimilismatur" er yfirleitt átt við mat sem var mikið eldaður hérna fyrir þrjátíu árum og síðan þá hefur mikið breyst."*

Á leikskólanum er matarsmekkurinn mestmegnis mótaður og með því er verið að hafa áhrif á heilsufar barnsins í framtíðinni. Foreldar þurfa þó eftir sem áður líka að leggja sig fram. Til dæmis er mikilvægt að þeir fái ýtarlegar upplýsingar um hvað er á borðum í leikskólanum því það þarf að samræma matinn á heimilinu svo að fæða barnsins verði ekki of einhæf. Forráðamenn leikskólanna ættu alltaf að sjá til þess að foreldrar fái ýtarlegar upplýsingar um mataræði barnsins. Hollusta snýst nefnilega ekki bara um staka máltíð heldur allt sem barnið borðar yfir daginn og samsetningu fæðunnar í heild sinni."

*margret.hugrun@frettabladid.is*

---

Fréttablaðið valdi af handahófi nokkra leikskólamatseðla af leikskólum á höfuðborgarsvæðinu og fékk Jóhönnu Eyrúnu Torfadóttur, matvæla- og næringarfræðing og ráðgjafa við mötuneyti Reykjavíkurborgar, til að gefa álit sitt á því sem boðið er upp á í hádegisverð en álit hennar byggist fyrst og fremst á þeim opinberu ráðleggingum sem koma fram í Handbók Lýðheilsustöðvar fyrir leikskólaeldhús frá árinu 2005.



Jóhanna Eyrún Torfadóttir næringarfræðingur.

**Sjónarhóll:**

**Soðinn fiskur, kartöflur og grænmeti.**
**Skyr, brauð og álegg.**
**Hakk og spaghetti.**
**Steiktur fiskur, kartöflur, tómatar og gúrkur.**
**Þorramatur (grjónagrautur).**

Ég geri engar sérstakar athugasemdir við þessa viku. Vil reyndar sjá grænmeti hvort sem það er hrátt eða soðið með hverri hádegismáltíð og það væri æskilegast að slíkt myndi koma fram á matseðlinum. Passa þarf upp á að fiskmáltíðir séu nægjanlega orku- og fituríkar og því er gott að bera fram feita sósu, mjólkurglas, rúgbrauð með smjöri eða annað hitaeiningaríkt með slíkum máltíðum. Það er mælt með því að 2-5 ára gömul börn fái á bilinu 330-390 hitaeiningar í hádegismáltíð og hlutfall fitu af heildarorku ætti að vera um það bil 30 prósent.

**Grænaborg:**

**Steiktur fiskur, salat og sósa.**
**Kjöt í karrý.**
**Kjötsúpa og brauð.**
**Fiskibúðingur, kartöflur og salat.**
**Tortillur með öllu.**

Þessi vika lítur vel út. Eins og áður hefur komið fram þá vona ég að það sé grænmeti og/eða ávextir með hádegismatnum alla daga vikunnar. Það er mín reynsla að ekki er alltaf allt skráð á matseðilinn sem er á boðstólum hverju sinni. Einnig þarf að passa upp á þegar fiskmáltíðir eru, að hafa máltíðina nógu orkuríka þar sem fiskur er fremur hitaeiningasnauður og því gott að bjóða t.d. upp á mjólkurglas, fituríkari sósu, rúgbrauð með viðbiti eða eftirrétt ásamt því meðlæti sem vanalega er með fiskmáltíð.

**Klambrar:**

**Soðinn fiskur, kartöflur og hrásalat.**
**Slátur, kartöflumús og soðnar rófur.**
**Grænmetis lasagna og brauð.**
**Grjónagrautur og slátur.**
**Lax, kartöflur og rófur.**

Mér líst mjög vel á þessa viku. Það er gaman að sjá að boðið er upp á feitan fisk og svo er líka grænmetis-lasagna á boðstólum þessa vikuna. Reyndar er slátur á boðstólum tvisvar sömu vikuna og það er gott mál, en það þarf að gæta þess börnin fái kannski ekki of mikið af lifrarpylsu þar sem hún er mjög A-vítamínrík. Þegar á heildina er litið er gott að sjá að allir leikskólarnir fara eftir viðmiðinu um að vera með fisk á borðum að minnsta kosti tvisvar í viku og er það ánægjulegt. En það þarf að leggja mikla áherslu á að hafa grænmeti með öllum hádegismáltíðum og svo þarf að gæta þess að hafa saltan mat mjög sjaldan á boðstólum sem aðalrétt.

**Hjalli:**

**Steiktur fiskur með kartöflum og grænmeti.**
**Svínasneiðar með kartöflum.**
**Plokkfiskur og rúgbrauð.**
Skyr og melónur.
Grænmetisbuff.

Aftur þykir mér gaman að sjá að boðið er upp á grænmetisbuff á föstudeginum, en auðvitað þarf að vera eitthvað meðlæti og það væri heppilegra ef það kæmi fram hvað það er. Enn vil ég ítreka að hrátt eða soðið grænmeti ætti að vera með öllum hádegismáltíðum. Á fimmtudeginum er boðið upp á skyr og melónur.

Hér vona ég að það hafi gleymst að skrifa á matseðilinn fleira sem er á boðstólum, því með próteingjafa eins og skyri ætti að bjóða samhliða uppá trefjaríkt brauð, með viðbiti og áleggi eða til dæmis lifrarpylsu og/eða blóðmör.

Diskamódelið, á bls. 13 í handbók Lýðheilsustöðvar, hjálpar til við að sýna hvernig æskilegt er að byggja upp hverja máltíð.

**Sæborg:**

**Baunabuff með hrísgrjónum og grænmeti.**
**Fiskibollur með kartöflum og grænmeti.**
**Kjötsúpa.**
**Soðin ýsa með kartöflum og grænmeti.**
**Pasta með grænmeti og brauði.**

Hér er gaman að sjá að boðið er upp á baunabuff því í ráðleggingum Lýðheilsustöðvar einmitt mælt með að nota grænmeti-/baunarétti til tilbreytingar. Á föstudeginum er boðið upp á pasta með grænmeti og brauð en hérna vantar próteingjafa á borð við kjöt, fisk, egg eða baunir í máltíðina og ætti ekki að vera mikið mál að bæta úr því.

**Mánabrekka:**

**Nætursaltaður fiskur m/grænmeti og kartöflum.**
**Soðið kjötfars með hvítkáli og kartöflum.**
**Grjónagrautur, brauð og álegg.**
**Fiskur í súrsætri sósu /hrísgrjónum.**
**Bóndadagur - Þorrablót.**

Hér er fiskur tvisvar í viku sem er í samræmi við ráðleggingar. Ég myndi samt ekki mæla með að hafa saltfisk oft yfir árið, helst mjög sjaldan. Það er frekar óheppilegt að hafa kjötfars daginn eftir saltfisk þar sem kjötfars er einnig mjög saltur matur skv. næringargrunninum (www.matarvefurinn.is). Ef matvæli innihalda meira en 0,5 grömm natríum í 100 grömmum þá teljast þau saltrík (viðmið frá Matvælastofnun Bretlands). Í ráðleggingum Lýðheilsustöðvar kemur fram að velja ætti kjötvörur með minna en 15% fitu. Í næringargrunninum er kjötfarsið alveg á mörkunum. Kjötvörur eiga að vera merktar með næringargildismerkingu og því ætti að vera handhægt fyrir matráða að vita magn fitu í þeim kjötvörum sem þeir nota.

Seinni hluti vikunnar lítur ágætlega út. Vonandi er grænmeti alltaf á boðstólum með hádegismatnum þó það sé ekki skrifað á matseðilinn og jafnvel stundum ávextir. Ég geri samt ráð fyrir að ávextir séu oft í boði í sérstökum ávaxtastundum, með morgunmat eða í kaffitíma. Skoða þarf hvaða þorramatur er á boðstólum á föstudeginum og mætti hann ekki vera mjög saltur þar sem það væri hreinlega allt of mikið að bjóða þrisvar sömu vikuna upp á mjög saltan mat.




Faxafeni • Esso Ártúnshöfða • Esso Borgartúni • Esso Hringbraut • Esso Reykjavíkurv. Hafnarfirði • Esso Mosfellsbæ • Dalbraut 1 Akranesi • Kringlunni
Smáralind • Austurstræti • Hamraborg Kópavogi • Hringbraut 121 • Spönginni Grafarvogi • Kaupvangsstræti Akureyri • Hafnargötu Keflavík • Eyrarvegi 2 Selfossi



„Það er ótrúlega fljótlegt og skemmtilegt að vefa," segir Sigurborg Skúladóttir, sem er með veggstykki með rósabandsmynstri í stólnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hrund Hermannsdóttir vefur sjónvarps-teppi.

# Marglit veggstykki og mjúkar voðir

Í virðulegu húsi við Sólvallagötu í Reykjavík sitja ungar stúlkur og nema listir eins og útsaum, prjón og vefnað.

Það er hannyrðatími í Húsmæðraskólanum í Reykjavík þegar Fréttablaðsfólk kíkir í heimsókn. Í stórri og bjartri stofu eru stúlkur að prjóna lopasokka og tátiljur undir leiðsögn Eddu Guðmundsdóttur handavinnukennara. Flestar eru að prjóna hæl í fyrsta skipti. Blaðamaður fyllist lotningu yfir því þar sem sú list hefur aldrei legið vel fyrir honum. „Þetta er bölvað vesen," viðurkennir ein þeirra. „En það verður auðvelt," bætir hún svo við brosandi. Tátiljurnar skarta kaðlaprjóni og það er líka kúnst sem gaman er að kunna. Ungbarnahúfur með gataprjóni og lopapeysur eru á verkefnalistanum og líka þæfing á ull.

Í næstu stofu er Helga Friðriksdóttir að kenna útsaum og þegar forvitnast er um verkefnið sem námsmeyjarnar eru með milli handanna lýsir hún því. „Í byrjun fá stúlkurnar lítil bróderiskæri og merkja þau með litlum rósapúðum. Nú eru þær að sauma hulstur í kramarhúsastíl utan um skærin, meðal annars til að vernda viðkvæman skæraoddinn. Í leiðinni læra þær alls konar útsaumsspor," segir hún og nefnir tunguspor, klóspor, leggsaum, lykkjuspor, spánskan saum, aftursting og fræhnúta.

Stúlkurnar hófu námið í Húsmæðraskólanum um miðjan janúar og verða fram á vor. Þær læra undirstöðuatriði heimilishalds svo sem matargerð, bakstur og margs konar handverk í skólanum og allar sem spurðar eru lýsa yfir ánægju með viðfangsefnin. „Ég hef áhuga á að læra þetta allt" og „þetta er allt ótrúlega skemmtilegt" er meðal þess sem blaðamaður fær að heyra.

Að síðustu er haldið niður í kjallarann og þaðan yfir í vefstofuna sem er veröld út af fyrir sig. Þar eru einstök listaverk að verða til eins og marglit veggstykki og mjúkar voðir.

*- gun*



Steinunn Björg Ólafsdóttir nýtur sín vel í handavinnunni.



Vöggusett með kontórsting og lykkjusporum.



Band í mörgum litatónum hangir á vegg nærri vefstofunni.



Einbeitingin er ósvikin yfir prjónaskapnum. Gunnhild Gylfadóttir, Sigurborg Skúladóttir, Ásdís Ármannsdóttir, Elín Guðný Hlöðversdóttir, Kristín Amelía Þuríðardóttir og Hrund Hermannsdóttir.



Útsaumur í vöggusett. Flatsaumur, kontórstingur og fræhnútar.



Helga Friðriksdóttir kennari leiðbeinir Sigríði Haraldsdóttur í saumaskapnum.



„Hvernig gerir þú hælinn?" gæti Elín Guðný Hlöðversdóttir verið að spyrja Kristínu Amelíu Þuríðardóttur.



Helga Kristrún Unnarsdóttir, Lilja Dögg Þorbjörnsdóttir og Berglind Kristinsdóttir eru komnar langt með skærahulstrin.




Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRÝÐI

HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 6177 & 553-1400

allt heimili
Alla fimmtudaga



ÁSTUND

Full búð af nýjum og flottum vörum



- Reiðtygi
- Hnakkar
- Reiðfatnaður
- Íþróttavörur
- Dans- og ballettvörur
- Fimleikafatnaður.
- Útivistarfatnaður

Verið velkomin

AIGLE
Fatnaður hinna vandlátu

ÁSTUND

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík • Sími 568 4240
www.astund.is • astund@astund.is

PIPAR • SÍA • 60704



## HEILLUÐ FRÁ FYRSTU STUND

*Blíðir Rottweiler-hundar* SJÁ BLS. 15



## HLÝLEGAR HUNDAPEYSUR

*Lopi fyrir litla hunda* SJÁ BLS. 2

[ SÉRBLAÐ UM GÆLUDÝR – FÖSTUDAGUR 2. FEBRÚAR 2007 ]

# Dýrin okkar



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## EFNISYFIRLIT

**HEILLAÐIST STRAX**
*Árdís Pétursdóttir á þrjá Rottweiler-hunda.* BLS. 2

**HÚSBÓNDINN Á HEIMILINU**
*Snjólfur er myndarlegur köttur í Reykjavík sem við fyrstu sýn gæti átt ættir að rekja til ísbjarna.* BLS. 4



**VEL SNYRTIR HUNDAR**
*Nóg er um að vera á snyrtistofu Dýrabæjar í Kópavogi.* BLS. 6

**HAMINGJUSAMIR HUNDAR**
*Hundafimi í reiðhöll Gusts* BLS. 6



**BISKUPSFRÚIN FÆDD Í RUSLAGEYMSLU**
*Anna Tryggvadóttir á kisuna Ragnheiði.* BLS. 6


# Hundagallerí

Smáhundaræktun



Við ræktum: Papillon, Chihuahua, Pomeranian, Japanese Chin, Pug, French bulldog, Cavalier King Charles, Spaniel, Miniature Pinscher, Miniature Púðli, Pekingese, Silky Terrier

Dalsmynni *116 Reykjavík, Sími:566-8417 Fax:5668457 hundagalleri@simnet.is, www.dalsmynni.is



Árdís komst fyrst í kynni við Rottweiler sem barn og eftir það varð ekki aftur snúið. Nú eru þeir orðnir þrír og Árdís gæti ekki hugsað sér lífið án Ísisar, Diablo og Nikítu. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



# Heilluð af Rottweiler frá fyrstu stund

Árdís Pétursdóttir á þrjá Rottweiler-hunda og segir þá blíða og barngóða ef þeir alast upp við réttar aðstæður.

„Ég kynntist Rottweiler fyrst sem krakki í Noregi og heillaðist gjörsamlega. Síðan fékk ég minn fyrsta úti í Kaliforníu og á núna þrjá með kærastanum,“ segir Árdís Pétursdóttir Rottweilereigandi.

Þegar Árdís sneri aftur til Íslands varð fyrsti Rottweilerinn eftir í Bandaríkjunum en þá kynntist hún Ísis. „Það var ekki á stefnuskránni að eignast hund þegar ég sneri aftur til Íslands. En þegar ég sá Ísis fyrst, þriggja daga gamla, var hún svo yndisleg að það varð ekki aftur snúið,“ segir Árdís.

Síðan eru liðin tvö og hálft ár og hundarnir orðnir þrír. „Ég og kærastinn minn eigum sitt hvorn hvolpinn úr sama goti sem heita Diablo og Nikita og það má segja að hundarnir hafi komið okkur saman,“ segir Árdís brosandi.

Það er mikið fjör í kringum hundana, sem eru í eðli sínu vinnuhundar. „Þeir þurfa mikla hreyfingu, lágmark klukkutíma á dag. Ég fer oft með þá út fyrir bæinn eða niður í fjöru til að hleypa þeim. Annars verða þeir eirðalausir og líður illa,“ segir Árdís.

Rottweiler-hundar þurfa mikinn aga enda mjög ákveðnir en eru líka blíðir og góðir barna- og fjölskylduhundar. „Rottweiler-hundar þurfa strangt uppeldi enda getur verið auðvelt að missa þá út í vitleysu ef maður er óvanur hundahaldi. Ég mæli ekki með Rottweiler fyrir byrjendur,“ segir Árdís.

Hvolpanámskeið er góð leið fyrir Rottweiler og aðra hunda til að læra æskilega hegðun frá upphafi en Árdís hefur síðan sjálf tekið að sér að þjálfa Ísis í sporaleit og víðavangshlaupi.

Hún segir það mikinn misskilning að hundarnir séu rífandi óargadýr og aðeins notaðir sem varðhundar. „Misskilningurinn um hundana á sín upptök í amerískum bíómyndum þar sem hundarnir sjást sem æstir varðhundar en það á við í fæstum tilvikum og alls ekki á Íslandi,“ segir Árdís.

Þeir sem hafa áhuga á Rottweiler ættu að kynna sér vel tegundina, heilsufar foreldra, geðslag og ætterni. „Mikilvægast er að fólk finni rétta hundinn fyrir sig og fái sér ekki Rottweiler bara af því að því finnst hann kúl. Það er hörkuvinna að sinna þeim, en ef þeir alast upp í æskilegu umhverfi eru þetta blíðir og góðir hundar sem gefa manni mjög mikið mikið,“ segir Árdís

Árdís er í forsvari fyrir netsíðuna www.rottweiler.is þar sem er að finna miklar og góðar upplýsingar um Rottweiler-hunda ásamt spjallvef þar sem fólk getur leitað ráða og komið með spurningar.

*rh@frettabladid.is*

**Enn meiri verðlækkun**

**Gólfflísar frá 1.000 kr fm • Veggflísar frá 300 kr fm**

**Sturtuklefar t.d. 90x90 25.000 kr**

HÚSHEIMAR

Lækjargötu 34c, 220 Hfj, s. 553 4488





Guðbjörg dýralæknir og frænka hennar Þórdís Hulda Árnadóttir með Bichon Frisé-tíkina Snædísi færa í flestan sjó. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hlýlegar hundapeysur

Lopapeysur á litla hunda fást í Dagfinni dýralækni á Skólavörðustíg 35.

„Þegar kalt er eru lopapeysur alveg dásamlegar fyrir litlu hundana, rétt eins og fólkið. Þeir eru það skinnkaldir og gjarnir á að skjálfa,“ segir Guðbjörg Þorvarðardóttir dýralæknir, sem rekur stofuna Dagfinn dýralækni. „Þessi litlu kríli eru líka svo mikið inni við að þau þurfa helst einhvern galla þegar þau fara út í íslenskt vetrarveður. Þá er fátt betur viðeigandi en lopapeysan,“ bætir hún við. Spurð um tilurð peysanna upplýsir hún að móðursystir hennar, Beta Einarsdóttir, prjóni þær og segir þær vekja athygli og aðdáun viðskiptavina. „Fólki finnst gaman að hafa hundana þjóðlega klædda um leið og því er varnað að þeir fái kvef og jafnvel lungnabólgu,“ segir Guðbjörg.

*- gun*

Tilboðsdagar

10-50% AFSLÁTTUR

Tilboðsdögum lýkur laugardaginn 3. feb.

VERIÐ

Sængurfataverslun, Glæsibæ • sími 5520978

www.damask.is

Opið mán.-fös. Kl. 10-18, kl. 10-16




Úrval ...mmmmm

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 | sími 540 3300 | www.gardheimar.is



Halla Sigrún Sigurðardóttir. „Snjólfur er einstaklega ljúfur og félagslyndur kisi. Hann er töluverður hefðarköttur, elskar hið ljúfa líf og er afar heimaríkur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Húsbóndinn á heimilinu

Að vera eða vera ekki köttur? Það er spurningin.

Snjólfur er myndarlegur köttur í Reykjavík sem virðist við fyrstu sýn jafnvel geta átt ættir að rekja til ísbjarna. Hann er stór og stæðilegur, með þykkan hvítan feld og örlítið yfir kjörþyngd, eða um átta kíló. Það stendur hins vegar allt til bóta þar sem Snjólfur er í megrun og kvartar hann mikið yfir því. Snjólfur er þó alíslenskur fjósaköttur frá Flúðum og var bjargað frá svæfingu þegar hann var fjögurra mánaða. Þá skipti hann líka um kyn en fram að fjögurra mánaða aldri hafði hann verið kallaður Snæfríður þar sem allir héldu að hann væri læða. Nú er Snjólfur sex og hálfs árs og er hann hinn hressasti.

Halla Sigrún Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs Flugmálastjórnar Íslands, er stoltur eigandi kattarins Snjólfs. Halla er hins vegar ekki viss um að Snjólfur átti sig á því, hann lítur frekar svo á að þau séu sambýlisfólk og telur Halla jafnvel óvíst að Snjólfur átti sig á því yfirhöfuð að hann sé köttur. Hann vill sofa í rúmi eigandans, samkjaftar með mjálmi og vill fá sérsæti í partíum.

Um sambýlinginn segir Halla: „Snjólfur er einstaklega ljúfur og félagslyndur kisi. Hann er töluverður hefðarköttur, elskar hið ljúfa líf og er afar heimaríkur. Það hefur reyndar aukist með aldrinum og verður hann sífellt vanafastari. Hann vill stjórna sínu svæði og eitt af fáum skiptum sem hann reynir að vera ógnandi er í kringum hunda. Honum er rosalega illa við hunda og gerir sjálfan sig enn stærri þegar þeir eru nálægt og eltir



þá. Hann skilur því ekki alveg hver á í raun að flýja. Hann umber börn en er þó ekki yfir sig hrifinn af þeim og reynir að forða sér en í kringum fullorðna er hann hrókur alls fagnaðar.“

Snjólfur er líkt og flestir kettir afskaplega forvitinn og fylgist grannt með öllum framkvæmdum á heimilinu. Hann er duglegur að ferðast og slappar bara af í búrinu sínu í ökuferðum, enda vanur þeim. Hann hlýðir kalli og þekkir nafnið sitt og er hann vel kunnugur fólkinu í hverfinu. Halla segir að sumir þekki hana jafnvel á kettinum og átti sig á því hver hún sé þegar hún er tengd við stóra hvíta köttinn! Snjólfur er því vinsæll kisi og vekur athygli víða. Halla er afar ánægð með sambýlinginn sem fylgt hefur henni meira og minna í rúm sex ár: „Það er mjög notalegt að koma heim og fá blíðar móttökur. Það eina sem ég gæti kannski sett út á Snjólf er að hann mætti vera aðeins minna frekur við að troða sér í rúmið en annars er hann yndislegur.“ *- hs*

# Tryggingar fyrir ferfætlinga

Undanfarin ár hefur gæludýrum fjölgað gríðarlega og um leið hefur verðið hækkað á ákveðnum tegundum hunda og katta. Ekki er óalgengt að fólk eigi hund og kött fyrir 3-400.000 krónur þannig að dýrin eru orðin heilmiklar fjárfestingar.

Tryggingafélög hafa boðið upp á gæludýratryggingar undanfarin ár og var Tryggingamiðstöðin með þeim fyrstu til að taka upp slíkar tryggingar hér á landi. Sigmar Scheving, vörustjóri hjá TM, segir félagið hafa boðið fyrst upp á gæludýratryggingar árið 2003. „Það er hægt að fá tryggingar fyrir allar




Sigmar Scheving hjá Tryggingamiðstöðinni segir það fara eftir verðmati gæludýranna hversu dýrt sé að tryggja þau. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Það felast oft mikil verðmæti í dýrunum en margir kaupa hunda og ketti fyrir háar fjárhæðir og því ekki óeðlilegt að tryggja dýrin eins og hver önnur verðmæti.

helstu dýrategundir eins og hunda, ketti og fugla. Það er alveg hægt að fá tryggingu fyrir músina sína líka þótt fæstir séu nú í því,“ segir Sigmar og bætir því við að hestatryggingar séu í sérflokki.

„Við bjóðum upp á sjúkratryggingar fyrir kanínur, páfagauka og hamstra en mest eru þó keyptar tryggingar fyrir þau dýr sem kosta 50.000 krónur og þar yfir.“ Sigmar segir dýratryggingarnar skiptast í fernt. „Það eru líf- og sjúkdómatryggingar ef dýrið drepst eða missir algerlega heilsu, sjúkratrygging ef þarf að fara með dýrið mikið til dýralæknis, ábyrgðartrygging fyrir þeim skaða sem dýrið veldur á eignum og loks gæslutrygging til að greiða fyrir gæslu á dýrinu ef eigandi þess veikist það mikið að hann geti ekki annast dýrið sjálfur.“

Að sögn Sigmars fer það algjörlega eftir verðmati á dýrinu hvað kostar að tryggja það. „Síðan eru náttúrlega ákveðin aldursmörk á tryggingunum og fellur hundatrygging til dæmis niður við átta ára aldur en kattatrygging við ellefu ára aldur,“ segir Sigmar. *- sig*

Hundaól fyrir fína hunda en hún er úr gæðaleðri með ásettum glitrandi steinum og kostar 11.805 krónur í Dýraríkinu Grensásvegi.



Hi-Craft hundaól úr Dýraríkinu við Grensásveg. Mikil gæðaól sem kostar 7.995 krónur.

## Heyrðu snöggvast, Snati minn, snjalli vinur kæri

Þegar talað er um hundaól hugsa sjálfsagt flestir um stóra leðuról með hring fyrir tauminn. Sumir ganga jafnvel svo langt að ímynda sér gadda á ólinni eins og sumir pönkarar hafa tileinkað sér að ganga með.

Úrval hundaóla hefur hins vegar aukist gríðarlega hin síðari ár með tilkomu aukinnar hundaeignar og þá sérstaklega smáhundaeignar. Litlar, mjóar og fínlegar ólar, settar gimsteinum og öðru skrauti. Hér eru tvö dæmi um slíka skartgripi fyrir besta vininn.

HÁGÆÐA

Hill's*

# SCIENCE PLAN*

GÆLUDÝRAFÓÐUR

# nature's best*



## Náttúruleg hráefni
## Náttúrulegt heilbrigði

Einstök samsetning náttúrulegra hráefna að viðbættum vítamínum, steinefnum og öðrum fóðurbætiefnum.

Hill's*

Vörumerkið er eign Hill's Pet Nutrition,
© 2003 Hill's Pet Nutrition, Inc.

*Fóðrið sem dýralæknirinn velur fyrir sín eigin gæludýr!*

# Mikið að gera í kringum fermingar

Nóg er að gera á hunda- og kattasnyrtistofunni í Dýrabæ í Kópavogi. Þar ræður Guðríður Vestars ríkjum.

„Ég byrjaði árið 1999 að flytja inn gæludýrafóður sem er aukaefnalaust og inniheldur ekki rotvarnarefni, hveiti eða maís. Í kjölfarið fór ég að starfa með annarri konu á snyrtistofu og fór síðan utan til að læra þetta á ýmsum námskeiðum,“ segir Guðríður um upphaf ferils síns sem dýrasnyrtir. Guðríður á og rekur Dýrabæ sem hefur verið til húsa í Hlíðarsmára í Kópavogi síðastliðin fjögur ár en hefur verið við lýði í nær átta ár. Gæludýrasnyrtinguna hefur Guðríður síðan haft að meginstarfi síðustu þrjú ár.

Guðríður segir gríðarmiklar breytingar hafa orðið á hundahaldi síðustu ár. „Það hefur orðið mikil fjölgun á hundum, sérstaklega smáhundum sem þurfa á snyrtingu að halda. Fólk er líka orðið miklu meðvitaðra um að það þurfi að fara með hundinn og láta snyrta hann og klippa, sérstaklega þessa feldhunda,“ segir Guðríður en tekur þó fram að til þeirra komi alls konar hundar og líka kisur. Kettirnir eru þó sjaldnast venjulegir húskettir heldur síðhærðir persar og skógarkettir.

„Kettirnir eru alltaf svolítið sjálfstæðir og ekkert allt of hrifnir af því að láta halda á sér. En þeir láta þetta yfir sig ganga og bíða eftir að þetta klárist,“ segir Guðríður kímin. „Hundarnir eru allt öðruvísi og yfirleitt mjög þægir,“ bætir hún við og útskýrir út á hvað heimsókn til gæludýrasnyrtis gengur. „Við byrjum yfirleitt á að baða, með sjampói, næringu, flækjuspreyi og því sem þarf. Svo eru dýrin þurrkuð með mjög kröftugum hárþurrkum og greidd í leiðinni. Sum þarf síðan að klippa en önnur þarf rétt að snyrta, klippa klær og hárin undir þófunum. Guðríður segir mjög misjafnt hve oft dýrin komi. „Sumir hundar koma á þriggja vikna fresti, aðrir koma tvisvar á ári og sumir bara einu sinni fyrir jólin. Svo koma fermingar og það er alltaf mikið að gera í kringum þær. Í mörgum fjölskyldum er hundurinn fjölskyldumeðlimur og fær að vera með á fermingarmyndinni,“ útskýrir hún hlæjandi. *solveig@frettabladid.is*



Íslenski fjárhundurinn Máni er stóránægður með meðferð Kolbrúnar dýrasnyrtis en hann fékk bað, þurrkun og greiðslu.



Suma hunda þarf að raka og klippa. Hér metur Guðríður verk sitt á kóngapúðlatíkinni Penný. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



„Treat ball“ eða nammibolti fyrir ketti. Kattanammi er sett inn í boltann og veltur út úr eitt í einu þegar kisa veltir boltanum á undan sér. Fínt fyrir ketti að dunda við heima fyrir.

## Aukahlutir fyrir dýrin

Þegar fólk er með gæludýr finnst því ekki alltaf nóg að kaupa bara mat handa þeim heldur vill gera meira fyrir þau enda eru til ótrúlega margir skemmtilegir hlutir handa gæludýrunum.

Í gæludýraverslunum má finna allt frá skrautlegum matardöllum upp í fallegan fatnað fyrir dýrin svo hægt er að gleyma sér löngum stundum við að kanna allt úrvalið.

Hér á síðunni má líta ýmislegt spennandi fyrir ketti, mýs, fugla og fiska. *- sig*



Fallegur hlutur í fiskabúrið úr Dýraríkinu í Blómavali, Skútuvogi. Þetta fiskabúrsskraut kostar 3.293 krónur.



Hús fyrir mús frá Dýraríkinu í Blómavali, Skútuvogi. Húsið kostar 985 krónur.



Leikfangasett fyrir fugla og páfagauka frá Dýraríkinu á Grensásvegi. Leiksettið kostar 3.146 krónur.




Ívar með hundunum sínum, borderblendingnum Pele og þýska fjárhundinum Casper. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hamingjusamir hundar á fiminámskeiði

Í Reiðhöll Gusts í Kópavogi eru haldin námskeið í hundafimi. Þangað koma hundaeigendur með hunda sína sem spreyta sig á hinum ýmsu þrautum og hafa gaman af.

Ívar Bergsteinsson er leiðbeinandi á námskeiðunum sem hann vill helst kalla hamingjunámskeið fyrir alla hunda.

„Það er alveg kjörið að fara á hundafiminámskeið eftir hvolpa- og hlýðninámskeiðin til þess að viðhalda hlýðninni sem hundarnir læra þar,“ segir Ívar en hann segir það alls ekki sjálfgefið að hundarnir muni allt sem þeir læra á námskeiðum þegar þeir eru litlir. „Þetta er frábær leið til að leyfa hundinum að gera eitthvað skemmtilegt með eiganda sínum og bætir sambandið á milli þeirra, auk þess að gera hundinn hamingjusaman,“ segir Ívar og bendir á að öllum hundum þyki gaman að leika sér.

Hundafiminámskeiðin eru vikulega í átta vikur, klukkustund í senn. „Þegar hundurinn hefur lokið námskeiðinu getur hann komið í opna tíma til að æfa sig og leika sér ásamt eigandanum,“ segir Ívar en stundum er keppt í hundafimi og er keppendum þá skipt í stærðarflokka.

Ívar segir sumar hundategundir flinkari en aðrar í hundafiminni en að sjálfsögðu skipti það gríðarlegu máli að hundurinn og þjálfarinn nái vel saman. - sig

# Biskupsfrúin fæddist í ruslageymslu

Anna Tryggvadóttir laganemi fékk lifandi afmælisgjöf fyrir tveimur mánuðum. Það er læða sem fljótlega var skírð Ragnheiður eftir biskupsfrú á Hólum á 17. öld.


Anna með kisuna Ragnheiði sem er líkt og peysufataklædd og heitir eftir biskupsfrúnni á fimmþúsundkallinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Kisan mín heitir Ragnheiður og er nefnd eftir biskupsfrúnni sem er á fimmþúsundkallinum,“ byrjar Anna frásögnina af sinni fallegu kisu sem er svört með hvíta bringu. „Við grínumst stundum með það að hún hafi verið fædd í peysufötum því það er eins og hún sé með slifsi um hálsinn,“ segir hún hlæjandi. Svo lýsir hún uppruna læðunnar. „Við fengum Ragnheiði hjá góðri konu sem tók hana að sér um stundarsakir. Það var reyndar þannig að kærastinn minn gaf mér hana í afmælisgjöf alveg óvænt. Hún er um fimm mánaða núna en við vitum ekki alveg hvenær hún er fædd því hún fannst í ruslageymslu í Hlíðunum, ásamt mömmunni og fimm öðrum kettlingum.

Allri fjölskyldunni var komið fyrir í Kattholti í stuttan tíma. Þá tók góð kona hópinn að sér því það er erfitt að hafa smáa kettlinga í Kattholti vegna fjölskrúðugrar bakteríuflóru.

Mamman virtist frekar húsvön en þó var það þannig að fyrst þegar hún slapp út á nýja staðnum fór hún í næstu ruslafötu og kom til baka með hálfétnar kótelettur eða kjúklingabita í búið. Var ekki alveg búin að venjast siðmenningunni.“

„Ragnheiður biskupsfrú er kona sem ljómar af gjöfulum dyggðum,“ er þýðing úr latínu á fornu brúðkaupskvæði. Það kemur því ekki á óvart þegar Anna upplýsir að hennar Ragnheiður sé fyrirmyndarköttur. „Hún er svona að læra á lífið. Er aðeins farin að fara út. Þorir bara rétt upp úr kjallaratröppunum núna en fer alltaf lengra og lengra. Hún lenti samt í smá slysi hérna heima, við vitum ekki alveg hvernig. Kettlingar á þessum aldri eru svolitlir kjánar og hún fór með skottið sitt einhvers staðar á milli og rófubrotnaði en nú er hún eiginlega gróin sára sinna.“

Uppeldið virðist ganga býsna vel eftir því sem Anna lýsir. „Ragnheiður er fjörug en ágætlega hlýðin. Hún er dálítill miðpunktur á heimilinu um þessar mundir og mikið uppáhald. Sefur til dæmis alltaf uppi í hjá okkur. Það átti nú bara að vera í byrjun og við sjáum til hvort það gengur upp þegar hún fer að fara út.“

*gun@frettabladid.is*

**fróðleikur }**



## Gæludýraspjall á vefnum

Á vefnum Gæludýraspjall er ýmis fróðleikur um gæludýr. Þar er að finna fróðleik um fiska, vatnadýr, hunda, ketti, fugla, nagdýr, hesta og framandi dýr.

Á vefnum er spjallrás þar sem einnig er að finna myndir af dýrum og ýmsar hagnýtar upplýsingar. Þar er hægt að hitta aðra gæludýraeigendur sem deila reynslu sinni og veita ráð. www.dyraspjall.com

## Hundaþjálfun



Hundaþjálfunarskólinn K-9 býður upp á hvolpaskóla og hlýðni- og húsþjálfun þar sem einnig er tekist á við hegðunarvanda hunda.

Við skólann er einnig starfrækt hótel þegar hundaeigendur þurfa að bregða sér í frí. Hundaskólinn býður upp á ráðgjöf um val á hvolpum auk þess að veita alhliða ráðgjöf.

Atli Þorsteinsson, eigandi skólans, er viðurkenndur hundaþjálfari með próf frá National K9 School for Dog Trainers í Columbus í Ohio-ríki í Bandaríkjunum. Nánari upplýsingar: http://k9.mitt.is



# Ég heiti Hektor

## og er íslenskur og alþjóðlegur meistari





## Mitt fóður er Pedigree






Pedigree

Fyrir hundinn þinn

**Pedigree býður upp á fjölbreytt úrval hundafóðurs sem uppfyllir allar þarfir.**

# Heitt á hellunni

Eldavélarhellur eru til í ýmsum útfærslum.

Hér áður fyrr notaðist fólk nánast eingöngu við rafmagnshellur til að elda mat. Í dag er úrvalið meira og hægt að velja um nokkrar tegundir af hellum. Miklu máli skiptir hversu mikla orku þarf til að hita upp hellurnar og hversu auðvelt er að elda á þeim. Þó virðist það vera smekkur hvers og eins sem ræður því hvernig helluborð eru valin í eldhúsið.

Steyptar hellur eru eyðslufrekar og hætta er á því að maður noti annað hvort of litla eða of stóra potta. Of lítill pottur getur valdið því að hellan rifnar og ofhitnar. Hætta er á því að of stór pottur verpist þar sem hann hefur bara stuðning að hluta botnsins. Hellurnar eru lengi að hitna og lengi að hita pottinn.
Litri af vatni að suðu: 14 mínútur.

Keramikhellur eru með tveimur mismunandi orkugjöfum, rapid og highlight. Rapid-hellur eru þó að mestu leyti að hverfa og highlight hellurnar að taka við. Helmingi fleiri vafningar eru í highlight perunni sem gefur meira afl af minni orku.
Lítri af vatni að suðu: 8-12 mínútur.



Steyptar hellur eru orkufrekar og hita hægt. Þessar eru af gerðinni Whirlpool og fást í Heimilistækjum.

Gasið hefur verið vinsælt undanfarið en þar sem gaslagnir eru ekki í húsum þarf að notast við gaskút og fylla hann reglulega. Hitunin er hins vegar hraðari og maður er fljótari að ná upp suðu sem veldur því að ódýrara er að nota gas en rafmagn.
Lítri af vatni að suðu: 3-3,5 mín.



Gashellur eru fljótar að hita en eru orkufrekar. Þessar eru af gerðinni Whirlpool og fást í Heimilistækjum.

Span-hellan hitnar aldrei, bara potturinn og því er engin hætta á að fólk brenni sig á hellunni. Auk þess er engin íkveikjuhætta og þegar botninn ofhitnar slekkur helluborðið á sér. Ef sýður upp úr slekkur hellan á sér, þannig að öryggið er mikið. Ekkert brennur heldur á hellunum því þær eru kaldar. Span-hellan er heldur hraðvirkari en gasið, og hún notar innlendan orkugjafa. Ekki er hægt að nota álpotta á span-hellurnar.
Lítri af vatni að suðu: 1-1,5 mín.

Útsala
10-70% afsl.



39.900 kr
13.500 kr
Frá 16.900 kr
34.000 kr
Gerið góð kaup, mörg húsgögn undir kostnaðarverði, full búð af nýjum vörum á tilboði.
local
Húsgögn og gjafavara
Skeifan 3A við hlið Atlantsolíu 108 Reykjavík
Sími: 517 3600 • Fax: 517 3604
mylogo@mmedia.is
www.local1.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Þórdís, Svava og Guðný

touch
HÁRSTOFA

Touch hárgreiðslustofa
opnar í dag
nýja og glæsilega stofu
í Austurveri, Háaleitisbraut 68.
**Tökum vel á móti öllum.**
Tímapantanir í síma
553 7171.

L'ANZA®
HEALING HAIRCARE


Sigga Ásta með sýnishorn af hönnun sinni, kraga úr þæfðri og litaðri ull.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Heimili Siggu Ástu og fjölskyldu við Suðurgötu í Hafnarfirði. Hér má sjá smá sýnishorn af fjölbreyttum gluggum.

# Litríkt og leikandi

## Heimsókn til hönnuðarins og blaðamannsins, Sigríðar Ástu Árnadóttur, í einstakt hús í Hafnarfirðinum.

Sigríður Ásta, eða Sigga Ásta eins og hún er oftast kölluð, er nýflutt í glæsilegt einbýlishús við Suðurgötu í Hafnarfirði. Húsið er þó ekki nýtt af nálinni og á sér töluverða sögu. Það var hannað af Einari Sveinssyni og var byggt árið 1942. Valgarð Thoroddsen, fyrrum rafveitustjóri og athafnamaður í Hafnarfirði, lét byggja húsið fyrir sig og var hann kunnugur arkitektinum. Þetta er eitt af fáum einbýlishúsum sem Einar Sveinsson teiknaði. Hann var borgararkitekt í Reykjavík og teiknaði aðallega opinberar byggingar og fjölbýlishús í Reykjavík. Má þar meðal annars nefna Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg og Laugarnesskóla. Einnig teiknaði hann blokkir í Vesturbænum sem bera greinileg einkenni hans sem arkitekts eins og bogadregnar svalir og sérkennilega og fjölbreytta glugga. Hús Siggu Ástu er til að mynda nánast með enga eins glugga. Þeir eru ýmist litlir og hringlaga, stórir og opnir eða franskir.

Sigga Ásta var rótgróinn Vesturbæingur áður en hún flutti í fjörðinn. „Ég hef hingað til verið Vesturbæingur í húð og hár og tókst einnig að gera Vesturbæing úr eiginmanninum. Svo var það að við ákváðum að flytja hingað í Hafnarfjörðinn og var það ekki síst vegna þess að okkur langaði að eignast garð meðan börnin væru ekki orðin allt of gömul og að komast í meira prívathúsnæði. Það er bara svo dýrt að kaupa einbýlishús í Vesturbænum og því hefðum við ekki getað komist í það draumahús fyrr en kannski milli fimmtugs og sextugs. Okkur fannst þetta því álitlegri kostur eftir því sem við hugsuðum þetta meira.“ Sigga Ásta segir að á einhverju stigi málsins hafi hún tekið ástfóstri við gamla hluta Hafnarfjarðar og finnst hún sjá þar margt af því sem hún kann að meta við Vesturbæinn eins og t.d. góða sundlaug, höfnina, falleg gömul hús og gróin hverfi. Þegar hún síðan leit húsið augum á netinu fóru hjólin að snúast og heilluðust þau hjónin af því strax við fyrstu skoðun.

framhald á næstu opnu


Borðstofuskenkurinn (eða „buffet“) er úr borðstofusetti og kemur frá langafa og langömmu Siggu Ástu. Þau fengu þetta glæsilega húsgagn í brúðargjöf. Langafi Siggu Ástu hét Páll Einarsson og var eitt sinn borgarstjóri í Reykjavík og sýslumaður í Hafnarfirði. Borðstofuhúsgögnunum var síðar skipt upp milli afa Siggu Ástu og systkina hans og hann fékk skenkinn. Þetta forláta húsgagn hafði verið í geymslu árum saman þar sem það passaði ekki inn á nýtískulegt heimili þess tíma og fékk Sigga Ásta gripinn á endanum. Skenkurinn er líklega frá því um aldamótin nítjánhundruð og ættaður frá Danmörku en þó er ekki vitað nákvæmlega um uppruna hans.


Sigga Ásta er þriggja barna móðir og hér sést inn í barnaherbergi annarrar dóttur hennar. Húsgögnin eru úr IKEA en barnavagninn er frá sjötta áratugnum og fékk móðir Siggu Ástu hann að gjöf þegar hún var barn að aldri. Rúmfötin eru úr Habitat.


Snyrtiborðið er eldgamalt og hefur verið í ættinni í áraraðir. Í raun mætti kalla það „Sigríðarborðið“ þar sem amma Siggu Ástu (sem hét Sigríður) erfði það eftir aðra Sigríði og eru um 3 eða 4 Sigríðar búnar að eiga þetta borð.


Ljónalampinn ofan á píanóinu er í klassískum art deco-stíl og fylgdi einnig með píanóinu.


Ljósakrónan í svefnherberginu fylgdi með í kaupunum og er upprunaleg.


Stofugluggann mætti einnig nota sem legubekk þar sem gluggasyllan er vegleg. Eftir að risastórt grenitré var fellt sem hafði hreiðrað um sig í garðinum árum saman flæddi birtan óhefluð inn. Út um gluggann er síðan fallegt útsýni niður á höfn. Ljósastjörnurnar í gluggunum eru fengnar héðan og þaðan en stór hluti þeirra fékkst þó í versluninni Í húsinu sem var eitt sinn í Kringlunni. Sigga Ásta hefur safnað þeim í gegnum tíðina og þegar hún flutti í þetta stóra hús, með öllum sínum fjölbreyttu gluggum, fannst henni bráðvanta fleiri. Stjörnurnar hafa einnig fengist í Blómavali og víðar. Hún setur þær upp snemma fyrir jólin og tekur þær seint niður.


Séð upp stigann í miðju húsinu. Hér er einn af sérkennilegum gluggum hússins sem gefur því mikinn svip og birtu. Stiginn sjálfur er úr dökkum við.


Séð ofan í efstu skúffuna á snyrtiborðinu. Líkt og sjá má er hún hólfuð niður og hentar því vel til að geyma ýmsa fjársjóði. Litríkur stíll Siggu Ástu leynir sér ekki. Í horninu glittir í forláta þjóðhátíðardunk úr Fríðu frænku.



# Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN

*Óteljandi möguleikar*

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

KORTER

## framhald

Sigga Ásta er hönnuður og blaðamaður á Vikunni. Hún endurvinnur gömul ullarteppi og ullarpeysur og býr til mjög litríkan fatnað sem hún selur undir nafninu Kitschfríður. Flíkurnar hennar fást í Kirsuberjatrénu og hjá Rögnu Fróða.

Eftir að hún flutti á Suðurgötuna hefur hún gott pláss og vinnuaðstöðu og starfar því mikið heima við. Líkt og sjá má á heimili Siggu Ástu og hönnun þá hefur hún mjög litskrúðugan og fjörugan stíl.

Hún er óhrædd við að setja saman liti, ólík mynstur og hluti hvert úr sinni áttinni. Hún er ekki mikið fyrir að vera með allt í stíl. „Einu sinni ákváðum við hjónin að safna stelli sem mér fannst tímamótaákvörðun.

Það leið ekki á löngu áður en ég fór að safna öðru stelli líka, öllu skrautlegra, og hræra þessu öllu saman. Þetta fannst manninum mínum algjör fjarstæða en ég stóð fast á mínu og sagðist ætla að safna þremur, jafnvel fimm, og er þetta eiginlega mjög lýsandi fyrir mig og minn stíl." Sigga Ásta heldur tryggð við fortíðina og hefur alist upp við að kunna að meta hana.

Það eru því ýmsir gamlir hlutir með sál sem prýða heimili hennar og er það mjög viðeigandi þar sem húsið á sér líka sína sögu. *- hs*



Píanóið átti langamma Siggu Ástu, Emilía Bjarnadóttir, og var hún einleikari. Þetta er danskt Hornung og Møller-píanó en langamma Siggu Ástu lærði í Kaupmannahöfn. Þegar heim kom spilaði hún m.a. undir þöglar bíómyndir í Reykjavík. Hún lét binda allar nóturnar sínar inn og hafa Siggu Ástu áskotnast þær sem og nótnarekkinn sem þær voru geymdar í. Stóllinn við píanóið er eldgamall orgelkollur líkt og finna má í ýmsum sveitakirkjum víða um land og hefur hann fylgt píanóinu frá fyrstu tíð.



Kryddskúffan er brúðargjöf frá föður Siggu Ástu. Hún var keypt í indverskri búð í New York.



Glerdiskurinn er eftir vinkonu tengdamömmu Siggu Ástu sem heitir Sigríður Friðriksdóttir, kölluð Sísí.





Séð inn í eldhúsið. Eldhúshillan er gott dæmi um litríkan og leikandi stíl Siggu Ástu. Hér má finna hluti úr ýmsum áttum. Nestisboxið efst í horninu er úr Sipu á Laugaveginum (sem nú heitir Liggalá), hin blómlega og bleika kaffikanna er frá Þorsteini Bergmann á Skólavörðustígnum og kínverski kaffibrúsinn er úr Tiger. Þarna má einnig sjá röndóttar Iittala skálar, Tivoli útvarp og fleira.



Hönnuðurinn að störfum í vinnuherbergi sínu. Í horninu má sjá peysu eftir Siggu Ástu eða Kitschfríði.



Arininn teiknaði Gunnlaugur Halldórsson arkitekt en hann teiknaði líka hús afa og ömmu Siggu Ástu. Hann og Einar Sveinsson voru jafnaldrar en Einar var meira í gamla stílnum meðan Gunnlaugur aðhylltist fremur módernisma.



Stólarnir eru hin kunnuglega sjöa Arne Jacobsen og er dúkurinn á borðstofuborðinu frá Marimekko. Ljósakrónuna yfir borðstofuborðinu keyptu Sigga Ásta og eiginmaður hennar í London í sumar. Hún er mjög sérstök þar sem hún skiptir litum og fylgir með henni fjarstýring þar sem hægt er að stýra litunum. Utan á ljósakrónunni eru díóðuseríur sem skipta litum og innan í henni er glært ljós ef maður vill hafa venjulega birtu. Verkfræðingurinn á heimilinu féll fyrir tæknilegu hliðum ljósakrónunnar en hönnuðurinn og listamaðurinn féll fyrir litadýrðinni. Einnig hefur ljósakrónan vakið mikla lukku meðal yngri kynslóðarinnar. Hönnuðurinn heitir Oliver Heath og hefur hannað töluvert af ljósum. Honum er annt um endurvinnslu og er ljósakrónan m.a. úr endurunnu plasti.




bruste

ÚTSÖLUSTAÐIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU: Blómaval I Tekk-Company I Blómagallerí

info@bergis.is I 587 8877 I Lynghálsi 4

BERGÍS


30%
FATA OG BÚTASAUMSEFNI
Tilboðsborð aðeins þrjú verð: kr. 200 400 og 600
30%
VALIN GARDÍNUEFNI
Vogue
Afgreiðslutími virka daga 10-18 og laug. 11-15
Mörkinni 4, Reykjavík, sími: 533 3500 - Hofsbót 4, Akureyri, sími: 462 3504
Miðvangi 1, Egilsstöðum, sími: 471 2954



Fíngerðar strútsfjaðrir eru meðfram jöðrunum á þessum púða frá Mante Lassi. Hann fæst í Mirale á Grensásvegi og kostar frá 19.900 krónum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Þessi glitrandi púði er með semilíusteinum og perlum. Hann fæst í versluninni Unika við Fákafen og kostar 8.900 krónur.



Eðalpúði með strútsfjöðrum frá Mirale á Grensásvegi. Púðinn er af gerðinni Mante Lassi og fæst í mörgum gerðum á verði frá 19.900 krónum.



Hér má sjá aflangan og glansandi púða frá Lene Bjerre en hann kostar 8.900 krónur og fæst í Feim í Bæjarlind.

# Prýðilegir púðar á rúmið

Fjölmargir leggja mikið upp úr því að hafa rúmið sitt fagurlega umbúið yfir daginn og breiða þá yfir það rúmteppi og setja jafnvel fallega púða ofan á. Slíka púða má finna víða í húsgagna- og gjafaverslunum í mörgum stærðum og gerðum en hér má sjá nokkra klassíska og góða. *- sig*



Klassískur og ljós púði úr bómull frá Verinu í Glæsibæ. Púðinn er úr setti með „Queen size" rúmteppi og tveimur púðum. Settið kostar 13.250 krónur.


LÚR
BETRI HVÍLD

Komdu við í verslun okkar í Smáranum. Við erum staðsett rétt fyrir ofan Smáralindina á horni Hlíðasmára og Smárahvammsvegs.



Opnunartímar:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

LÚR - BETRI HVÍLD • HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100 • WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Ótrúleg tilboð í gangi
á rúmum, rúmgöflum, svefnsófum og náttborðum

Rýmum fyrir nýjum vörum og seljum mjúk rúm á ótrúlegu verði



Þú sefur betur í rúmi frá Lúr


Eldbakaðar handverkspizzur af bestu gerð!
Erum með bestu speltpizzur í heimi!
Eldbakaðar pizzur | Speltpizzur | Kaffihús | Súrdeigsbeyglur og samlokur
Heilsuvafningar og súpur | Kósí krá á kvöldin
REYKJAVÍK
PIZZA
COMPANY
„Skemmtistaður bragðlaukanna“
Laugavegi 81 - 101 Reykjavík - Sími 561 3838
Grafíska smiðjan ehf. 2006

HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

# ÚTSALA

JBL BÍLHÁTALARAR, BÍLBASSAR OG BÍLMAGNARAR MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

JVC TÖKUVÉLAR MEÐ HÖRÐUM DISK MEÐ ALLT AÐ 30% AFSLÆTTI

JVC LCD SJÓNVÖRP, MARGAR GERÐIR, AFSLÁTTUR ALLT AÐ 50%

OLYMPUS STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 20.000 KR. AFSLÆTTI

THOMSON LCD SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 150.000 KR. AFSLÆTTI

MIKIÐ MAGN TÆKJA Á TILBOÐI – FERÐATÆKI, HLJÓMTÆKI, BÍLTÆKI OFL. OFL.

## LOKADAGUR Á MORGUN

# SÍÐASTI SÉNS

## LOKADAGUR Á MORGUN

OPIÐ Á MORGUN KL. 10 -16

TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2007

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS




# Bættu andrúmsloftið með Nicorette og Lyfju

## Fáðu nýjan bækling og ráðgjöf um hvaða nikótínlyf hentar þér best




Innsogslyf 42 stk. | Dagplástur 15mg / 14 stk. | Nefúðalyf | Tungurótartöflur 105 stk. | Nikótíntyggigúmmí 2/4 mg 210 stk.

Smáralind, Smáratorgi og Lágmúla

LYFJA

- Lifið heil

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.Handhafi markaðsleyfis: Pfizer Denmark PCH ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.




**YNGSTI KEPPANDINN** Þrátt fyrir að vera aðeins sextán ára hefur Guðbjörg Hilmarsdóttir vakið verðskuldaða athygli í X-factor.

## SIRKUS-NÆRMYND AF GUÐBJÖRGU HILMARSDÓTTUR Í X-FACTOR

# Mjög þroskuð, öguð og klár

Guðbjörg Hilmardóttir er yngsti keppandinn í X-factor. Guðbjörg hefur, eins og aðrir keppendur sem komnir eru í Vetrargarðinn í Smáralind, lifað af niðurskurð dómaranna og er nú komin í hóp Ellýjar þar sem hún hefur heillað dómara þáttarins og áhorfendur heima fyrir með söng sínum. Guðbjörg fæddist árið 1990 og er því aðeins 16 ára. Hún er fædd og uppalin á Seltjarnarnesi og er elst í hópi systkina sinna en mamma hennar er flugumferðarstjóri og pabbi hennar viðskiptafræðingur. Guðbjörg gekk í Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla en stundar í dag nám í Menntaskólanum í Reykjavík þar sem hún er á fyrsta ári.

### Alltaf verið músíkölsk

Þeir sem þekkja hana best segja að hún hafi alltaf verið músíkölsk og að hún hafi sungið frá því hún byrjaði að ganga. Guðbjörg hefur stundað fiðlunám frá fimm ára aldri og stundar enn í dag auk þess sem hún hóf söngnám í unglingadeild Söngskóla Sigurðar Demetz fyrir tveimur árum svo hún er enginn nýgræðingur í tónlist.

Eins og áður sagði hefur Guðbjörg alltaf verið músíkölsk. Hún hefur alltaf átt auðvelt með að læra texta og þeir sem þekkja hana best segja að hún hafi til dæmis kunnað öll versin af Maístjörnunni þegar hún var afar ung að árum. Eins og margir unglingar á hennar aldri hlustar Guðbjörg á popptónlist og samkvæmt mömmu hennar er söngkonan Christina Aguilera í sérstöku uppáhaldi hjá henni. Tónlistin og skólinn hafa átt hug hennar allan upp á síðkastið enda nóg að gera í fiðlu- og söngnámi með tónfræði, hljóðfræði, strengjasveit og öðru sem tilheyrir tónlistinni.



**Í UPPÁHALDI** Christina Aguilera er í sérstöku uppáhaldi hjá Guðbjörgu.

### Með mjög þroskaða rödd

Hallveig Rúnarsdóttir, sem kennir henni söng, þekkir Guðbjörgu sennilega betur en flestir enda hefur hún kennt henni undanfarin tvö ár.

„Guðbjörg er alveg frábær stelpa. Hún er skynsöm, klár og með mjög þroskaða rödd. Hún veit að það þýðir ekkert að ofmetnast enda hefði hún aldrei fengið að taka þátt í þessari keppni ef slíkt hefði verið upp á teningnum. Hún þurfti leyfi frá skólanum til að taka þátt og ég hefði aldrei leyft henni að vera með ef hún væri þessi týpíski 16 ára unglingur. Hún er mjög þroskuð, öguð og klár, og ég þakka það bæði tónlistinni og uppeldinu sem hún hefur fengið. Hún er með forgangsröðina á hreinu og sækir bæði skólann og söngtíma hjá mér ásamt því að taka þátt í keppninni,“ segir Hallveig, sem horfði á fyrsta þáttinn í Smáralindinni og kaus að sjálfsögðu sína manneskju.

### Aldurinn skiptir ekki öllu

Söngkonan Brynja Valdimarsdóttir tók á sínum tíma þátt í Idol-stjörnuleit. Brynja var yngsta stelpan sem komst í tíu manna hópinn en segir að ungur aldur hafi ekki skemmt fyrir henni.

„Ég hafði alveg ofsalega gaman af

**sirkus nærmynd**

þessu og held að í rauninni hafi bara verið gott hversu ung ég var. Þessi lífsreynsla þroskaði mig mikið og reynslan sem ég fékk var ómetanleg og hefði ekki getað komið á betri tíma. Aldurinn skiptir heldur ekki öllu heldur það hversu þroskað fólk er,“ segir Brynja sem líst vel á Guðbjörgu.

„Mér finnst hún alveg rosalega efnileg, allavega það sem ég hef séð af henni,“ segir Brynja.

### Hörkutöggur í henni

Einari Bárðarsyni, einum af þremur dómurum X-factor, líst vel á Guðbjörgu þrátt fyrir að hún sé ekki í hans hópi. „Guðbjörg er lítil og sæt stelpa sem syngur af öllum krafti og það er hægt að hafa gaman af henni,“ segir Einar og bætir við að allur hópurinn sé afar flottur. „Þetta er mjög gott lið sem er þarna að keppa og þótt mínir keppendur skari fram úr eru hinir að gera fína hluti líka,“ segir Einar og hlær.

Aðspurður hvort hann hafi áhyggjur af ungum aldri Guðbjargar segir hann það fljótlega koma í ljós hvort hún þoli pressuna sem keppninni fylgi. „Það er undir Ellý komið að hjálpa henni í gegnum þetta en það fer eftir fólki hversu mikla pressu það þolir. Ég hef fylgst með ungum krökkum í Idolinu sem hafa náð langt í þeirri keppni en fipast svo allt í einu vegna stress og taugaveiklunar. Ég veit samt ekki hvernig þetta verður hjá henni, það verður að koma í ljós. Mér líst vel á þessa stelpu, það er hörku töggur í henni og það verður gaman að sjá hvernig hún fótar sig í þessu öllu saman.“

Hvort Guðbjörg nái langt í X-factor keppninni er erfitt að segja enda sterkur hópur saman kominn. Guðbjörg hefur þó allt til brunns að bera til að slá í gegn í tónlistinni. Þrátt fyrir ungan aldur er röddin ótrúlega flott og framkoman einnig svo gaman er að horfa á þessa flottu stelpu.

*indiana@frettabladid.is*
*oskar@frettabladid.is*



**SÖNGKENNARINN** Hallveig Rúnarsdóttir kennir Guðbjörgu söng og segir hana hafa mjög þroskaða rödd.

# Pevaryl®

*(ekónazól)*






## Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum!

### Kannast þú við einkennin?

**Kláði í og umhverfis leggöng**

**Hvítleit, kornótt útferð**

**Rauðir og þrútnir barmar**



## Fæst án lyfseðils í apótekum

**Pevaryl®, Pevaryl Depot®** (ekónazól) krem (skeiðarkrem) 1%, skeiðarstílar 150 mg og skeiðarstílar með forðaverkun 150 mg. Lyfið er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfærum af völdum sveppsins candida albicans. Lyfið er ekki ætlað börnum. Þeir sem hafa snertiofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðilagt hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota Pevaryl skeiðarstíla og krem með þessum getnaðarvörnum. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. **Lesið vandlega leiðarvísi sem fylgir hverri pakkningu lyfsins. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.**

JANSSEN-CILAG

# Hollywood Hanna

## Isaiah vantaði!



MYNDARLEGUR HÓPUR Isaiah Washington sem leikur hinn myndarlega dr. Burke í þáttaröðinni Grey's Anatomy mætti ekki á SAG-verðlaunahátíðina vegna ummæla um meðleikara sinn.

Hinn bráðskemmtilegi þáttur Grey's Anatomy kom, sá og sigraði á SAG-verðlaunahátíðinni sem haldin var á dögunum. Leikarar þáttarins skemmtu sér vel eftir sigurinn, en eitthvað vantaði. Leikarinn Isaiah Washington sem leikur dr. Burke í þáttunum mætti ekki á hátíðina en mikið hefur verið deilt um framkomu hans eftir að hann kallaði T.R. Knight, sem leikur George, „fagga". Isaiah er nú kominn í einhvers konar meðferð vegna orða sinna og framkomu og verður spennandi að sjá hvað framleiðendur þáttarins ákveða að gera við kappann. Já, það er ekkert grín að tala af sér í Hollywood.

## STELUR STÍL FYRRVERANDI EIGINKONU





GUÐDÓMLEG KONA Við erum fegin að Dita Von Teese skildi við Marilyn Manson.

Dita Von Teese sótti um skilnað frá eiginmanni sínum Marilyn Manson fyrir nokkrum vikum, en svo virðist sem Manson hafi ekki verið hinn fullkomni eiginmaður. Hverjum kemur það svo sem á óvart? Hann er nú þegar kominn með nýja stúlku upp á arminn og er það hin unga Evan Rachel Wood.
Marilyn Manson er greinilega með sérstaka týpu og er litla Evan orðin meira og meira eins og Dita — hvít húð og rauður varalitur. Húm, það er eitthvað mjög furðulegt við þetta.

NÝJA KÆRASTAN Evan Rachel Wood er orðin ótrúlega svipuð Ditu í útliti.

## Við viljum þessa Nicole aftur

Ah, einu sinni var stúlka sem hét Nicole Richie. Hún var ung og villt með nokkur aukakíló á líkama sínum. Það mikilvægasta við hana var að hún var skemmtileg. Í dag er hún nánast óþekkjanleg og alveg rosalega leiðinleg týpa. Við viljum hressu Nicole til baka. Sirkus gróf upp nokkrar gamlar og góðar myndir af fröken Nicole Richie.



Í DAG Hverjum er ekki sama um þessa horrenglu? Það er ekkert spennandi við hana.



VILLTAR VINKONUR Paris Hilton og Nicole Richie voru alltaf saman – og alltaf svolítið villtar.



MEÐ GUÐFÖÐUR SÍNUM Hver hefði trúað þessu? Nicole er nánast óþekkjanleg á þessari mynd.

MADONNA OG FJÖLSKYLDA KÍKTU ÚT Á LÍFIÐ

# Of mikið flass fyrir litla Rocco

Það er ekkert grín að þurfa að díla við ljósmyndara og venjuleg manneskja myndi örugglega fara yfir um út af öllu flassinu. Madonna, eiginmaður hennar Guy Richie og börn komu öll saman í London á frumsýningu teiknimyndarinnar Arthur and the Invisibles. Það sést langar leiðir að Lourdes litla er orðin vön sviðsljósinu, en bróðir hennar Rocco er ekki alveg jafn sjóaður í þessum bransa. Á rauða dreglinum gat hann alls ekki haldið augunum opnum, enda hundruð ljósmyndara að smella af með sterkum flössum. Það er alveg fáránlega sætt og segja myndirnar meira en nokkur önnur orð.



ÖLL FJÖLSKYLDAN MÆTT Þessi fallega fjölskylda geislaði á frumsýningu Arthur and the Invisibles. Takið eftir því hvað Rocco er kraminn í framan. Hann getur ekki haldið augum sínum opnum vegna flassins.



ÓVANUR SVIÐSLJÓSINU Rocco á eftir að venjast flassi ljósmyndara, en systir hans þykir nokkuð sleip á þessu sviði.



ER ALLT Í GÓÐU? Madonna, Guy og Lourdes tékka hvort allt sé ekki í góðu hjá litla Rocco.




## Svona gera þær þetta!

Aha, Katie Holmes hefur upplýst um leyndarmál Hollywood-kvennanna. Það er ekki mjög sexí, en það greinilega virkar.

Er frú Cruise, sem yfirleitt er talin vera mjög grönn manneskja, steig út úr bíl í París á dögunum kom í ljós að hún gengur í grenningarnærbuxum.

Ekki hefði maður haldið að Katie þyrfti á svona nærbuxum að halda, en ef hún gengur í þeim eru án efa tonn af leikkonum sem ganga líka í svona. Það er samt ekki séns að Tom sé slefandi á eftir unnustu sinni er hún labbar um heimili þeirra í þessum.



LEYNDARMÁLIÐ UPPLÝST Katie Holmes flassar hér mest ókynæsandi nærbuxum veraldar. Þær eru án efa í miklu uppáhaldi hjá Tom Cruise.



MJÖG GRÖNN Katie Holmes er rosalega grönn stelpa og ekki hefði maður haldið að hún þyrfti að ganga í svona shock-up naríum.

# FYRSTA HJÁLP

## - við kvefi!



## + OTRIVIN NEFÚÐI

Fyrir börn og fullorðna.




## + STREPSILS HÁLSTÖFLUR

4 bragðtegundir, fæst einnig sykurlaust.




## + VECTAVIR FRUNSUKREM

Verkar á öllum stigum frunsunnar.




## + VOLTAREN DOLO

Fljótvirkt verkjalyf, verkjastillandi og hitalækkandi.




Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

# helgin

## Við mælum með



„Ég mæli með súpunni á Tíu dropum. Franska kjötsúpan og tómatsúpan eru báðar alveg dásamlegar. Svo mæli ég með því að þegar fólk er búið í vinnunni að það fari heim, setji tónlistina í botn og dansi svo eins og brjálæðingar.“

**Íris Eggertsdóttir fatahönnuður**



„Ég mæli með froðupúðri frá Lancome. Ég er alveg rosalega ánægð með þetta og það er svo gaman að uppgötva nýjar snyrtivörur. Ég mæli með að stelpur prófi þetta púður, það er eins og froða en breytist í púður og jafnast vel húðinni.“

**Ásdís Rán Gunnarsdóttir, athafnakona**



„Ég mæli með leikritinu Mein Kampf í Borgarleikhúsinu. Þetta er frábær sýning og Bergur Þór Ingólfsson fer á kostum í hlutverki Hitlers. Sýningin er fyndin en um leið mjög óhugguleg. Manni rennur kalt vatn milli skinns og hörunds á meðan maður hlær.“

**Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona**



„Ég mæli með dekri á hárstofunni Molekúl. Ég mæli sérstaklega með góðum þvotti, höfuðnuddi og svo er hægt að toppa dekrið með góðum blæstri. Eins mæli ég með því að við styðjum strákana okkar áfram í handboltanum.“

**Rúna Magdalena fyrirsæta**


sirkus

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm.
**Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is,
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000
**Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is


# Hvað á að gera um helgina?



„Ég verð í X-factor í kvöld og mun sjá um að þjálfa liðið hans Palla. Það er alveg æðislega gaman að taka þátt í þessu. Á laugardaginn og sunnudaginn verð ég svo með söngnámskeið og fer einnig eitthvað út bænum til að funda.“

**Margrét Kristín Sigurðardóttir söngkona**

„Ég hugsa bara einn dag í einu. Ég var að koma frá Frakklandi og er nýlent og ætla að halda upp á afmæli stráksins míns í dag. Helgin er enn óráðin, enn í þoku. Vonandi á ég rólegan og góðan tíma með fjölskyldunni en svo getur allt gerst.“

**Alda Guðjónsdóttir stílisti**



„Ég ætla að halda partý um helgina. Við ætlum að hittast nokkrar úr Tinu Turner sýningunni, fá okkur góðan mat og kampavín. Svo langar mig að fara í leikhús og sjá Stórfenglegg og Karíus og Baktus með börnunum. Svo vona ég að maðurinn minn bjóði mér eitthvað fínt út að borða.“

**Bryndís Ásmundsdóttir leikkona**

„Ég verð að gera lítinn ljósmyndaþátt fyrir MAC á Íslandi. Fyrirmyndin er Barbie og við erum að vinna með Svölu Björgvinsdóttur sem módel svo þetta er voðalega skemmtilegt verkefni. Helgin mun snúast um vinnuna því á sunnudaginn verð ég að vinna við auglýsingar.“



**Hera Björk Þórhallsdóttir söngkona**

HANDBOLTAMENNIRNIR GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON OG ALEXANDER PETERSSON

# HORNAMENN MEÐ HAFSJÓ AF KYNÞOKKA

Guðjón Valur Sigurðsson og Alexander Petersson, hornamenn íslenska landsliðsins í handknattleik, hafa vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína á HM í Þýskalandi. Þeir hafa líka vakið athygli fyrir útlit enda báðir afar myndarlegir. Sirkus fékk fimm konur til að segja álit sitt á þeim.

### Guðjón Valur Sigurðsson

„Guðjón Valur er pottþétt módel, með há kinnbein og sterkan svip. Hefði getað orðið Herra Ísland.“
Elín Gestsdóttir, framkv.stjóri fegurðarsamkeppni Íslands

„Guðjón Valur hefur staðið sig eins og hetja. Þvílíkt góður í góðu formi eins og sést á myndinni.
Algjör snillingur með boltann og hottie.“
Kristín Ruth Jónsdóttir útvarpskona

„Guðjón er góðlegur og eins og sýnishorn af dæmigerðum Íslendingi. Þetta eru auðvitað sannir víkingar, það er engin spurning. Þessir menn fá stelpurnar til að horfa á handbolta.“
Brynja Björk Garðarsdóttir blaðakona

„Glæsilegur fulltrúi Íslands í íþróttum. Fyrirmynd ungu kynslóðarinnar og íslenskra karlmanna í handbolta. Guðjón er alltaf í toppformi, mikill afreksíþróttamaður og mjög sterkbyggður.“
Unnur Pálmarsdóttir líkamsræktardrotting

„Þeir eru báðir ofboðslega myndarlegir og það lekur af þeim kynþokkinn. Þrusukroppar. Ég myndi alveg vilja vera fluga á vegg í búningsklefanum hjá þeim.“
Elísabet Thorlacius fyrirsæta



**HEITIR HORNAMENN Guðjón Valur Sigurðsson og Alexander Petersson þykja mikið fyrir augað.** SIRKUSMYND/PJETUR

### Alexander Petersson

„Gæti alveg séð hann fyrir mér í Armanifötum á sýningarpalli – flott týpa.“
Elín Gestsdóttir, framkv.stjóri fegurðarsamkeppni Íslands

„Alex er algjörlega fyrir augað. Handbolti verður aukaatriði þegar hann er inni á vellinum. Svakalega heitur. Úff.“
Kristín Ruth Jónsdóttir útvarpskona

„Vélmennið, eins og hann er kallaður í handboltaheiminum, er í sínu besta líkamlegu formi, gefst aldrei upp og er sterkur persónuleiki. Hefur unnið hug og hjörtu íslensku þjóðarinnar.“
Unnur Pálmarsdóttir líkamsræktardrotting

„Alex er dálítið suðrænn í útliti og vinkonur mínar eru vitlausar í hann. Annars finnst mér hvorugur þeirra komast með tærnar þar sem maðurinn minn hefur hælana.“
Brynja Björk Garðarsdóttir, blaðakona

„Ég er aðeins meira fyrir dekkri týpurnar. Alex er flottur með smá bringuhár og tveggja daga skeggrót.“
Elísabet Thorlacius, fyrirsæta

## ÁLITSGJAFAR SIRKUSS



Elín Gestsdóttir



Kristín Ruth Jónsdóttir



Brynja Björk Garðarsdóttir



Unnur Pálmarsdóttir



Elísabet Thorlacius

# Eurovision-þátttaka Dr. Gunna er ekkert djók

Tónlistarmaðurinn Dr. Gunni hefur hingað til ekki verið þekktur fyrir að tengjast Eurovision-keppninni á nokkurn hátt. Í ár er þó breyting á því hann á lag ásamt Heiðu Eiríksdóttur í þriðja riðli undankeppni Eurovision sem fram fer á morgun, laugardag.

„Þetta er ekkert djók. Við erum hérna núna hjá danshöfundi og ætlum síðan að fara í búningana á eftir. Síðan mun Þorvaldur Bjarni útsetja lagið. Það er bara fagfólk sem kemur að þessu atriði,“ sagði Dr. Gunni þegar Sirkus ræddi við hann í vikunni.

Aðspurður sagðist hann ekki vera sigurviss. „Ég veit ekki hvort þetta gengur. Það þýðir líka lítið að vera með Sylvíu Nótt númer tvö. Ég er auðmjúkur og ætla ekki að vera með neinar yfirlýsingar. Þetta er í fyrsta sinn sem ég er með í einhverju sem tengir saman dægurlagatónlist og keppni. Nú er ég kominn hingað og allt sem gerist eftir það er bara plús. Ég lít alls ekki á það sem niðurlægingu að komast ekki áfram. Ef svo fer þá bít ég bara í það súra epli og kem tvíefldur til leiks á næsta ári með tíu lög í farteskinu,“ segir Doktorinn fullur hógværðar.

Dr. Gunni segir þessa keppni vera svolítið öfugsnúna. „Þetta ætti auðvitað að vera keppni um besta lagið en er í staðinn svolítið eins og keppni um vinsælasta flytjandann. Það er búið að vera þannig undanfarið. Til að mynda fóru þeir frægustu áfram í síðasta þætti. Ég er því búinn að búa mig undir það versta enda er ég langt frá því að vera frægur,“ segir Dr. Gunni, sem telur lag Hafsteins Ingólfssonar vera helsta keppinaut sinn um sæti í úrslitum. „Ég er búinn að hlusta á þetta á netinu og fannst þarna lagið með danstaktinum [Þú tryllir mig með Hafsteini Ingólfssyni] eina lagið sem kveikti einhvern neista hjá mér,“ segir Doktorinn.



**UNUN ENDURVAKIN Dr. Gunni og Heiða Eiríks voru saman í hljómsveitinni Unun og ættu ekki að vera í vandræðum með að stilla saman strengi sína á Eurovision-kvöldinu.** SIRKUSMYND/ANTON BRINK

# BT

# AMILO PI CORE 2 VISTA

15.4"

VAR AÐ LENDA



NÝTT!

- Flottara
- Öruggara
- Einfaldara

Nýja stýrikerfið frá Microsoft : Windows Vista

NÝTT!

Bættu við 1.416- kr á mánuði (Vísa vaxtalaust) fyrir:
79G-00007
OFFICE 2007 fyrir heimili
Inniheldur leyfi fyrir 3 tölvur

FYLGIR 4.999

14419-TRU
TRUST FARTÖLVUTASKA

FYLGIR 4.999

14272-TRU
Trust fjarstýring fyrir fartölvur

**MEDION**

CCN:ISL-110103-001
FSC AMILO PI CORE2 VISTA
Intel Core 2 Duo T5500
15.4" WXGA Crystal View
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
- up to 512MB Hypermemory
1024MB DDR533 Vinnsluminni
160GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
7.1 Hljóð í gegnum SPDIF
Express Card rauf
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
Windows Vista lyklaborð

Microsoft Windows Vista Premium
Microsoft Works Vista
Norton Internet Security Suite 2007
PowerDVD

Core 2 Duo 7200 -Fyrir kraftinn
ATI Radeon X1400 -Fyrir leikina
1GB minni -Fyrir vinnsluna
160GB harður diskur -fyrir gögnin
DV Ready -Fyrir tökuvélina
CrystalView -Skjár

**6.658****

| 6.658 | 14.999 | 179.988 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | *Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## WINDOWS VISTA STÝRIKERFIÐ FRÁ MICROSOFT



- Flottara
- Öruggara
- Einfaldara

Fæst í BT

## OFFICE 2007 HUGBÚNAÐURINN FRÁ MICROSOFT



Fæst í BT

*Loksins komið!*

# MEDION CORE 2 X-LINE

LENDIR Á FÖSTUDAG

19"



NÝTT!

Nýja stýrikerfið frá Microsoft Windows Vista

- Flottara
- Öruggara
- Einfaldara

NÝTT!

Bættu við 1.416- kr á mánuði (Vísa vaxtalaust) fyrir:
79G-00007
OFFICE 2007 fyrir heimili
Inniheldur leyfi fyrir 3 tölvur

**MEDION**

6365IS
Medion Core2 X-Line
Intel Core 2 Duo E4300
ATI Radeon X1650SE - 256 MB
- TV-out - D-SUB/DVI-I
1024MB DDR533 Vinnsluminni
320GB SATA 7200rpm Harður diskur
LightScribe DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Medion Media Bay
IEEE 1394 - DV Ready
Sjónvarpskort og fjarstýring
Microsoft Windows Vista Premium

**6.723****

Core 2 Duo -40% hraðvirkari
ATI Radeon X1650 -Fyrir leikina
1GB minni -Fyrir vinnsluna
320GB harður diskur -fyrir gögnin
Sjónvarpskort -Og fjarstýring
Þráðlaust net -Til þæginda

| 6.723 | 14.999 | 179.988 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | *Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |




Rekstur snyrtistofu á Austurlandi til sölu. Uppl. í síma 868 1689, á kvöldin.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Gítarnámskeið**
Guðmundur Pétursson tekur í einkatíma. Uppl. í s. 698 3409, gumip@mi.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Alþjóðleg hundasýning HRFÍ**
**Sýningin fer fram í Reiðhöllinni Víðidal 3. - 4. mars 2007. Hundar með ættbók frá HRFÍ eða félögum viðurkenndum af HRFÍ hafa þátttökurétt. Skráning og nánari uppl. á www.hrfi.is eða í s. 588 5255. Skráningarfrestur rennur út í dag! Skrifstofan er opin til kl. 16, en vefskráning til miðnættis.**

## Antík

Til sölu antík svefnherbergishúsgögn: 2 rúm, 2 kommóður, spegill, náttborð og stóll. Uppl. í 863 6803 milli 16-18.

## Húsgögn

Innleggsnóta í húsgagnaverslunina „Heima" Síðumúla 30 að upphæð 78.000 kr. selst á 70.000 þús. Útsala stendur þar yfir núna. Einnig innleggsnóta í Bræðurnir Ormsson að upphæð 40.000. Selst á 35.000 kr. Upplýsingar í síma 691 1991, Stefán.

Til sölu vel með farið king size rúm frá Svefn & Heilsu. Verð 40 þús. Uppl. í s. 567 5516.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Meðleigjandi. Herb. og stofa til leigu í Vesturbæ. Skammt frá HÍ. Aðg. að eldh., baði og þvottah. 45þ. Uppl. í s. 869 5515 e. kl. 16.

200 fm einbýlishús til leigu í Vogum á Vatnaleysu. M/heitum potti, tvöldum bílskúr, stutt í skóla. S. 862 4104 & 848 5868.

Til leigu nú þegar, góð 2herb. íb. við Reynimel ( 107), góðar suðursvalir, sameiginlegt þvottarhús. Leiguverð 98þ. á m. Innifalinn hiti og hússjóður, aðeins reglusamir skilvísir leigendur koma til greina. Uppl. í s. 898 1188 milli kl 18 - 19 í kvöld.

## Húsnæði óskast

Tveimur stelpum sárlega vantar 3 herb. íbúð í Rvk. sem fyrst. Erum mjög reglusamar og skilvísum greiðslum er auðvitað heitið. Uppl. í s. 616 1016, Erna & 661 7266 Gugga.

Óska eftir stórri íbúð, helst 4 herb. sem fyrst og helst með húsgögnum. S. 897 8978.

## Sumarbústaðir

Einstakt tækifæri til að eignast mjög gott land í Grímsnesi, landið liggur að skemmtilegum læk með fossum og flúðum, afgirt vel gróið og skjólsælt, 4,3 ha að stærð, upplýsingar í síma 482 4000.

## Atvinnuhúsnæði

óska eftir húsnæði fyrir veitingarekstur á höfuðb.sv. uppl.Anna s.8222966

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**DAGRÆSTING OG STUÐNINGUR VIÐ ALDRAÐA**
Hlutastörf
Félagsmiðstöðin Norðurbrún 1
Kröfur:
-Reynsla af ræstingum
-Góð íslenskukunnátta
-Færni í mannlegum samskiptum
Umsækjandi þarf að geta byrjað sem fyrst.
Frekari upplýsingar veittar í síma 5686960.

**Húsasmiður óskast!**
**Húsasmiður óskast, um er að ræða framtíðarvinnu, einnig vantar mann með réttindi á byggingakrana. Góð laun fyrir rétta menn.**
**Nánari uppl. í s. 898 2805.**

MEST

**Kranaþjónusta MEST ehf.**
**Vegna aukina verkefna vantar okkur 2 til 3 laghenta starfsmenn í kranaþjónustu MEST sem sér um viðhald og þjónustu við byggingakrana. Við leitum að góðum manneskap og kostur ef umsækjendur eru með rafvirkja eða vélstjóramenntun. Nánari upplýsingar veitir Árni Már, deildarstjóri þjónustuvers MEST í síma 825 0722. Umsóknum skal skilað á netfangið umsoknir@mest.is eða í pósti stílað á MEST ehf. Fornubúðum 5, 220 Hafnarfirði.**

**Kökuhornið**
**Óskum eftir að ráða hressan og duglegan starfskraft í verslun okkar að Bæjarlind 1-3. Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

serrano

**Serrano Hringbraut & Kringla: Afgreiðsla - Kvöld og helgarvinna**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu á Serrano Hringbraut og í Kringlunni. Um er að ræða hlutastarf á kvöldin og um helgar. Einnig er möguleiki á næturvöktum um helgar. Við erum að leita eftir jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna**
**Nánari upplýsingar veitir Lena í síma 899 8947 eftir klukkan 2 á daginn.**

**Veislulist Skútan**
**Óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og önnur störf. Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810 & 822 8253.**

**Helgarvinna**
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 7.30 - 16.30 laugardag og sunnudag. Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 553 5280 eða 660 2153.**

# TIL SÖLU






**Kokkarnir veisluþjónusta.**
Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bilstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru.
Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við.
Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.
Furðufiskar ehf
Fiskislóð 81a
101 Reykjavík

**Veitingahúsið Nings Suðurkandsbraut**
Óskar eftir að ráða vaktstjóra í fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 23 ára.
Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8835 eða á www.nings.is

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirtalin störf. Frá 06.30 - 13.00 virka daga, og einn dag aðra hverja helgi. Einnig eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

**Ræsting**
Gæðaræsting ehf. óskar eftir starfsmönnum í ræstingar á svæði 110 eftir kl. 17. Uppl. í s. 891 7515, milli kl. 10 og 17.

Leikskólinn Ösp Óskum eftir deildarstjóra og/eða leikskólakennara/leiðbeinanda í 100% stöðu, einnig vantar þroskaþjálfa í 50% stöðu í sérkennslu. Óskum eftir starfsmanni í skilastöðu, vinnutími frá c.a. kl. 15.30-17.30. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við leikskólastjóra í s. 557 6989.

**Bókhaldskunnátta**
Viltu fá aukapening. Óska eftir manneskju strax. Þarf að kunna á DK bókhaldskerfi. Uppl. í s. 897 0600.

Björnsbakarí óskar eftir að ráða starfskraft. Vinnutími er frá kl: 13-18.30 daglega. Helga veitir frekari upplýsingar í síma: 699-5423

SPENNANDI TÆKIFÆRI! Vantar 2 rafvirkja og 4 smiði í vinnu í Danmörku. Uppl í s:6942561

**Rafvirki**
Rafvirki eða nemi í rafvirkjun óskast. Ákvæðisvinna. Sendið uppl. á toti@ljosblik.is eða í s. 897 2404.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
í eftirtalin störf :
Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.
SAS Starfsmannaleigan.
Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

## Ýmislegt



**Uppskriftir**
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál






Til sölu Polaris Sportsman 500 sexhjól, árg. 2005. Gott og vel með farið hjól með vsk. Uppl. í s. 894 0632.



Til sölu Viðis sófasett og danskt sófaborð,í góðu ástandi. Auk þess bókaskápur, Aton ruggustóll og fallegur útvarpsskenkur (Telefunken). Allt frá um 1950. Sanngjarnt verð. Bjarni s. 588 6185/861 6185.







TIL SÖLU






GULL
BYLGJAN
909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

## ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

*Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.*



# SJÓNARHORN



AUÐNUTITTLINGUR KÚRIR UM STUND.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Á HVAÐ ERTU AÐ HLUSTA?

## *Helstu smellir McDonalds*

Natalie Guðríður Gunnarsdóttir, athafnakona, plötusnúður og klappari kann vel að meta Michael McDonald, fyrrum söngvara Doobie Brothers „Michael McDonald sem söng eitt sinn með Doobie Brothers er í mjög miklu uppáhaldi hjá mér, en þegar hann hóf sólóferil sinn þá fóru virkilega hlutirnir að gerast hjá honum,“ segir Natalie um þennan ágæta mann. „Ég hlusta mjög mikið á Greatest Hits plötu með Michael McDonald en á henni er hvert lagið öðru betra. What a fool believes, er alveg frábært lag en annars eru þau öll góð. Þetta er mikil gleðitónlist sem er þó svolítið dramatísk á köflum, en fyrst og fremst fallegar melódíur og yndislegur söngur,“ segir þessi hressa athafnakona að lokum. -mhg






Natalie Guðríður Gunnarsdóttir starfar meðal annars við gerð þáttanna um Næturvaktina en um helgar er hún plötusnúður.


# Opið hús

## Föstudag og laugardag



Kynning á ýmsum nýjungum
Gler, leir, smelti og perlur

Tilboð á glerslípivélum

www.glit.is

GLIT ehf.
HEILDVERSLUN
KRÓKHÁLSI 5 · 110 REYKJAVÍK
SÍMI 587 5411 · FAX 587 4611


## VISSIR ÞÚ ...

... að Bandaríkjamaðurinn Jackie Bibby hefur sett flesta lifandi skröltorma upp í sig? Jackie, sem er betur þekktur sem Snákamaðurinn, hélt á átta demantsskröltormum með munninum í tólf og hálfa sekúndu hjálparlaust í skemmtigarðinum Guinness World Records Experience, í Orlando 19. maí 2001. Hver þeirra var 75 sm langur. Líf Jackie hefur verið snákum stráð. Hann kvæntist meira að segja þriðju eiginkonu sinni í keri sem í voru 300 skröltormar.

... að japanski köngulóarkrabbinn (Macrocheira kaempferi) er stærsta krabbadýrið? Skjöldur hans er að jafnaði 25 x 30 cm og leggir spanna 2-3 m. Stærsti krabbinn af þessari tegund sem vitað er um vó 18,6 kg og leggirnir spönnuðu 3,69 m.

... að Tyrkinn Safa Önal er afkastamesti handritshöfundur sem sögur fara af? Eftir höfundinn liggja handrit að 395 kvikmyndum, frá ferli sem stóð frá 1969-2004.

... að grettistök eru stórir hnullungar sem eru úr ólíku bergi og aðrir steinar í nágrenninu? Á meðan á síðustu ísöld stóð, en henni lauk fyrir tíu þúsund árum, rifu skriðjöklar hnullungana upp frá upprunastað sínum og báru þá langar leiðir. Þegar jöklarnir bráðnuðu urðu grettistökin svo eftir.




ENGINN HÁVAÐI
ENGIN HOPP
PILATES-ÁHÖLD

# BODY & MIND
# ALL AMERICAN PILATES

Hugur, líkami og sál endurnærist með góðum æfingum og slökun í tímunum hjá **Önnu Haraldsdóttur**. **Body& Mind** námskeiðin eru haldin í húsnæði Technosport í Hafnarfirði. Þátttakendur hafa náð frábærum árangri í vetur með fjölbreyttum æfingum. Enginn hávaði og engin hopp. Pilates hringir, teygjur, létt lóð, litlir og stórir boltar. Góð slökun í lok hvers tíma.

UPPLÝSINGAR HJÁ ÖNNU HARALDSDÓTTUR
Í SÍMA 899 7909

# Meirapróf – Nýir tímar

Nýlegir kennslubílar sem uppfylla
Euró 2 mengunarstaðal, lærðu í nútímanum



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið hefst 7. febrúar

# Allt láta Íslendingar yfir sig ganga

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál


MARGRÉT JÓNSDÓTTIR

Nú er enn einn styrkurinn til sauðfjárbænda í höfn. Enn eitt óréttlætið. Og ekki bara óréttlæti að hygla svona að einni stétt atvinnurekenda, heldur líka það, að við erum jafnframt að BORGA með áframhaldandi OFBEIT á fátæklegum gróðri landsins. Og hver er svo afsökunin? Jú, að aðrar þjóðir borgi líka með sínum landbúnaði. En ekki er nefnt að það er hjá langflestum þjóðum aðeins bara brotabrot af þeirri upphæð sem við borgum með okkar óskynsamlegu kjötframleiðslu. Auk þess segir landbúnaðarráðherrann að „allir“ Íslendingar séu „sáttir“ við þetta, því lömbin séu svo krúttleg á vorin og svo sé svo gasalega gaman í göngum og réttum á haustin. Þvílík aulafyndni. Og hvað gerum við? Jú, drepumst úr hlátri fyrir framan sjónvarpið og segjum: „Ó, guð, hann Guðni er svo skemmtilegur, hann er eins og besti trúður, við verðum að fá hann sem skemmtikraft á næsta þorrablóti“. Svo gleymum við þessu, því við erum svo vön að láta valta yfir okkur. Og hvað munar okkur svo sem um nokkra skitna milljarða í viðbót til að þessir ræflar af gróðri sem eftir eru á afréttum hverfi með öllu er fram líða stundir.

Fyrverandi forseti, frú Vigdís Finnbogadóttir, hefur miklar áhyggjur af dómi afkomenda okkar í framtíðinni, þegar við verðum búin að skera landið út og suður með veituskurðum. Þessi ágæta kona skal bara vita það að við erum nú þegar með dóminn á bakinu. Við erum fyrir löngu búin að eyðileggja landið. Fyrir utan allar hinar sundurskornu jarðir bænda þvers og kruss um landið er gróðurinn sem einu sinni þakti það, nú bæði lítill og gauðrifinn. Þetta okkar svokallaða „ósnortna“ og „óspillta“ land sem er svo „einstakt“ í okkar blindu augum, var þegar orðin stærsta manngerða eyðimörk í Evrópu fyrir 100 árum. Og ástandið versnar stöðugt þrátt fyrir mikinn dugnað Landgræðslunnar í hinni vonlitlu baráttu við eyðimörkina í þessa heilu öld sem liðin er síðan þá.

Nú langar mig til að leggja nokkrar spurningar fyrir stjórnmálamenn sem vonast eftir atkvæði mínu í vor.

**1.** Hefur flokkur ykkar kynnt sér ástand gróðurs í landinu?

**2.** Hefur hann áhyggjur af því að við landnám þakti gróður um 75% af landinu en núna aðeins um 25%?

**3.** Veit flokkurinn að þessi 25% eru gatslitin? Aðeins um 4-5% eru alveg heil. Engar áhyggjur?

**4.** Segjum að flokkurinn hafi áhyggjur af þessari stærstu manngerðu eyðimörk í heimi, hvað hyggst hann gera til að endurheimta horfinn gróður og jarðveg? Ég veit allt um það hvað gert er í dag, en það er einfaldlega allt of lítið og sumt kolrangt (óheft beit um allt land).

**5.** Hefur flokkurinn heyrt talað um beitarhólf?

**6.** Hefur flokkurinn hugleitt að friða allt kjarr sem eftir er í landinu?

**7.** Hefur flokknum aldrei dottið í hug að afnema þessar óréttlátu beingreiðslur en nota heldur peningina í eitthvað annað, svo sem eins og enn meiri stuðning við uppgræðslu á nöktum heimamelum, enn meiri skógrækt, enn meiri landgræðslu í eyðimörkum, til að fylla upp í skurði, eða í girðingar fyrir beitarhólf? Eða bara jafnvel í tvöföldun vega? Það mundi jú vernda lífið á landsbyggðinni, ekki satt?

**8.** Finnst flokknum eðlilegt að mismuna svona atvinnurekendum í landinu?

**9.** Ef flokkurinn kemst í stjórn á næsta kjörtímabili, hvað ætlar hann að gefa Landgræðslunni í 100 ára afmælisgjöf?

Kæru landsmenn! Vaknið nú upp af ykkar þyrnirósarsvefni og skoðið landið okkar í nýju ljósi. Eruð þið sáttir við allar þessar eyðimerkur, allan þennan jarðveg sem fýkur árlega út í hafsauga, alla þessa hálfberu mela og alla þessa sundurtættu gróðurhulu?

Ef þið látið ekki í ykkur heyra verða engar breytingar til batnaðar.

*Höfundur er aðstoðarmaður húsamálara.*

## AF NETINU

### Toppar eiginmanninn

**Björn Ingi Hrafnsson skrifar um Jón Baldvin og Bryndísi.**

Gamli krataforinginn Jón Baldvin Hannibalsson átti stjórnuleik í Silfri Egils á sunnudag þar sem hann birtist endurfæddur sem stjórnmálaforingi og vandaði eftirmönnum sínum á vinstri vængnum ekki kveðjurnar. Samfylkingin saup hveljur og hefur verið í áfallahjálp síðan.
Og í dag settist Bryndís Schram í fallegu loðkápunni sinni fyrir framan stórvirkar vinnuvélar í Álafosskvosinni, þar sem rústa á fallegri náttúru fyrir tengibraut og stoppaði framkvæmdir. Og Vinstri græn supu hveljur og veitir hvorki af áfallahjálp né verulegra snjallri pólitískri ráðgjöf.
Hver gat eiginlega toppað Jón Baldvin og frammistöðu hans í Silfrinu, nema þá eiginkona hans?

**Af http://bingi.blog.is**

### Þeir eiga að borga sem menga

**Dofri Hermannsson skrifar um „einkabílisma“**

Það er gott að umhverfisráðherra skuli loksins ætla að gefa eftir vsk. á strætó. Fyrr mátti vera! Það er líka gott að fólk á Akureyri fær ókeypis í strætó. Ég var farinn að óttast að sá fallegi bær myndi verða einkabílavæðingunni að bráð en nú sé ég að þarna getur hæglega myndast fallegur þéttbyggður kjarni þar sem allt er í raun innan göngu- og strætófæris.
Við í Reykjavík ættum að taka okkur þetta til fyrirmyndar. Því miður virðist það ekki endilega vera í kortunum því það er nýbúið að hækka strætógjöldin í Reykjavík og nágrenni. Formaður Umhverfisráðs sagði reyndar að það hefði engin áhrif á farþegafjölda sem er einhver ný útfærsla á lögmálinu um framboð og eftirspurn. Ég er ekki viss um að samflokksfólk hans sem stýrir Akureyri ásamt Samfylkingunni sé sammála honum.

**Af http://dofri.blog.is.**








Borgin er full af Vildarpunktum

Safnaðu þeim með því að setja fasteignagjöldin á VISA

VISA-kreditkorthöfum stendur til boða að setja fasteignagjöldin í Boðgreiðslur, þ.e.a.s. að greiða þau með reglulegum færslum af VISA-kortinu.

Þeir sem nýta sér þennan þægilega kost fá ekki lengur sendan reikning fyrir fasteignagjöldunum en þess í stað gildir færslan á VISA-yfirlitinu sem staðfesting á greiðslu.

**Allir korthafar sem eru með Vildarkort VISA og Icelandair fá Vildarpunkta af Boðgreiðsluviðskiptum.**

Þeir korthafar sem hafa áhuga á að notfæra sér þessa þjónustu geta:
Hringt í skrifstofur Reykjavíkurborgar í síma 411 3636
eða kynnt sér málin á vefsíðunni: www.visa.is

VISA Reykjavíkurborg

# Ríkisstjórnin vill gefa Landsvirkjun þjóðlendur!

**UMRÆÐAN**
Þjóðlendur


JÓN BJARNASON

Ríkisstjórnin hefur nú lagt fram frumvarp til laga um að afhenda Landsvirkjun til eignar land og vatnsréttindi á svæði Búrfellsvirkjunar. Þetta land sem um ræðir er um 25 ferkílómetrar og auðlindir sem á því eru falla innan marka þjóðlendna sem nú hefur verið úrskurðað um. Með því að gera land innan þjóðlendna að séreignarlandi er verið að varpa sprengju inn í sjóðheita þjóðlenduumræðu. Þau áform ganga í berhögg við röksemdirnar og hugmyndafræðina að baki þjóðlendulögunum. Hugtakinu þjóðlenda er ætlað að afmarka land og auðlindir sem verði ævarandi sameign þjóðarinnar og megi því ekki afhenda öðrum til eignar.

Landsvirkjun getur á hinn bóginn hæglega haldið nauðsynlegum réttindum til mannvirkjagerðar og vatnstöku fyrir Búrfellsvirkjun án þess að eignast landið.

Einkavæðing Landsvirkjunar er hafin. Orkuver og virkjanaréttur geta gengið kaupum og sölum. Markaðsvæðing raforkukerfisins er á fullu. Það reyna landsmenn nú þegar í hækkuðu verði víða um land. Almennir raforkunotendur og fyrirtækin í landinu greiða niður raforku til stóriðjunnar. Það virðist þó ekki duga því nú á að afhenda Landsvirkjun eignarrétt á landi og auðlindum innan þjóðlendna til að bæta eiginfjárstöðu hennar.

Vissulega er fjárhagur Landsvirkjunar bágborinn vegna stóriðjunnar. En þar sem ríkið á enn Landsvirkjun er það bara millifærsluatriði. Auðvitað sjá allir hvað vakir fyrir ríkisstjórnarflokkunum; að gera Landsvirkjun seljanlegri með ævarandi eignarréttindum á auðlindum landsins. Forystumenn í Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki hafa lýst því yfir að ráði þeir ferð sé ekki spurningin um hvort heldur hvenær Landsvirkjun verður seld. Er það þetta sem þjóðin vill? Ég held ekki. Að mínu mati hafa hvorki ríkisstjórn né Alþingi heimild til að afhenda til eignar land og réttindi innan þjóðlendna nema þjóðlendulögunum verði fyrst breytt.

Ein rök ríkisstjórnarinnar fyrir afhendingu á landinu er að ekki megi skerða lánshæfi Landsvirkjunar og þess vegna verði að tryggja fyrirtækinu eignarréttinn. Hvað mega aðrir segja sem nú berjast fyrir rétti sínum? Gilda ekki sömu rök varðandi aðra landeigendur?

Hvar er nú jafnræðisreglan? Hvert verður fordæmisgildið ef ríkið selur úr þjóðlendum?

Landið sem nú á að afhenda Landsvirkjun hefur verið úrskurðað þjóðlenda. Skiptir gagnvart lögunum nokkru máli hver á í hlut, hvort sama land hafi einhvern tíma verið gefið eða selt?

*Ég tel einnig að auðlindir eins og vatn, hvort sem það er heitt eða kalt, eigi að vera í sameign þjóðarinnar.*

Ég er hlynntur því að dregin séu skýr mörk eignarlanda og þjóðlendna. Ég tel einnig að auðlindir eins og vatn, hvort sem það er heitt eða kalt, eigi að vera í sameign þjóðarinnar. Landeiganda sé heimilt að nýta þessar auðlindir með skilgreindum hætti en ekki verði um séreignarhald að ræða. Þau áform ríkisstjórnarinnar að brjóta gegn öllum rökum og hugmyndafræði að baki þjóðlendulaganna er hreint glæfraspil.

Þessi einkavæðing á landi innan þjóðlendna er annaðhvort meðvituð aðgerð til að hleypa þjóðlendumálinu endanlega í uppnám eða ríkisstjórnin er rekin áfram af erlendum álfyrirtækjum sem halda stjórnvöldum í heljargreipum og krefjast varanlegs eignarhalds á auðlindum landsins.

Engan þarf að undra þótt bændur og margir aðrir landeigendur – sem upp til hópa eru náttúruverndarsinnar – treysti ekki ríkisstjórn í helgreipum erlendra álbræðslna fyrir dýrustu náttúrperlum landsins. Ekki vekur furðu þótt einstaka ráðherrar Framsóknarflokksins sem gagnrýna digurbarkalega utan þingsala sína eigin framkvæmd á þjóðlendulögunum skuli styðja þetta mál. Þeir hafa dregið einkavæðingarvagninn í raforkukerfinu og álbræðslurnar krefjast eignarhalds á auðlindunum.

Hins vegar er mikið í húfi fyrir framtíðarhagsmuni þjóðarinnar að áform ríkisstjórnarinnar um framsal eignarhalds á auðlindum og landi úr þjóðlendum til Landsvirkjunar verði stöðvuð.

*Höfundur er alþingismaður.*

# *Órökrétt skólagjöld*

**UMRÆÐAN**
Skólagjöld


ARNALDUR SÖLVI KRISTJÁNSSON

HRÖNN GUÐMUNDSDÓTTIR

Í sumar gaf OECD út skýrslu um háskólastigið á Íslandi, þar var m. a. fjallað um fjármögnun háskólanna. Þegar stjórnmálamenn tala um fjármál háskólanna þá vitna þeir iðulega í skýrsluna eina og sér til að rökstyðja mál sitt í stað þess að segja „mér finnst...“ eða „ég vil...“. Ef stjórnmálamenn álíta að þeir þurfi ekki að taka fram hvað þeim finnst þá hljóta rök skýrslunar að vera það góð að þau nægja ein og sér. Í skýrslunni er mælt með skólagjöldum jafnvel þó höfundar taki fram að þeir vilji ekki taka afstöðu til fjármögnunar háskólastigsins. Þrátt fyrir þessa mótsögn þá er ljóst að sérfræðingar OECD eru hlynntir skólagjöldum í opinberum háskólum og eru rökin eftirfarandi:

**1. Rök OECD:** Skólagjöld þurrka út skakka samkeppnisstöðu.

Hægt er að þurrka út skakka samkeppnisstöðu með því að auka fjárframlög til opinberra háskóla umfram þá einkareknu eða draga skólagjöld frá ríkisframlaginu til einkarekinu skólanna, slíkt tíðkast víða.

**2. Rök OECD:** Háskólanemendur eru sá hópur sem mun njóta mestu forréttinda í samfélaginu.

Vilja stjórnmálamenn einungis einblína á þá sem mestra forréttinda njóta þegar rætt er um háskólamenntun? Ef forréttindi eru tekjur að loknu námi þá eru auðvitað ekki allir tekjuháir að háskólanámi loknu. Þannig að þessi staðhæfing er í meira lagi varhugaverð einfölduð fyrir stóran hóp samfélagsins.

**3. Rök OECD:** Samfélagið hagnast á aukinni menntun vinnuafls, sá ávinningur vegur hins vegar minna en yfirburðirnir sem einstaklingar öðlast.

Hvaða viðmið eiga stjórnmálamenn að hafa þegar þeir taka ákvörðun um skólagjöld, er það samfélagslegur ávinningur eða ábati einstaklingsins? Skólagjöld auka misskiptingu í skólakerfinu og því munu hinir efnaminni síður fá tækifæri til að efla yfirburði sína.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra fagnaði því eitt sinn á Alþingi að Háskólinn á Akureyri skyldi innrita nemendur sem ekki höfðu stúdentspróf og þar með gera samfélagið ríkara og auðugara með hærra menntastigi.

Ófullnægjandi röksemdafærsla OECD

Hvorki eru rök sérfræðinga OECD fyrir skólagjöldum um fleiri né ýtarlegri en þeim er lýst hér á undan. Það er alltof algengt að stjórnmálamenn noti skýrsluna eina og sér til að rökstyðja þörf á skólagjöldum. Nýlegt dæmi er: „Ég tel að erfitt verði að horfa framhjá þeim sjónarmiðum [um skólagjöld] sem þarna [í skýrslu OECD um háskólastigið] koma fram.“ (Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir á málþingi um úttekt OECD á íslenska háskólastiginu 8. september 2006.) Menntamálaráðherra hefur margsinnis lýst því yfir að hún sé hlynnt skólagjöldum og í því ljósi þykir okkur röksemdafærsla sem þessi alls kostar ófullnægjandi.

*Höfundar eru nemar við HÍ og eiga sæti á listum Röskvu til háskólafundar og stúdentaráðs.*

**Rafræn bókaútgáfa**

**Félag íslenskra bókaútgefenda býður til morgunverðarfundar þar sem litið verður yfir stöðu rafrænnar bókaútgáfu á Íslandi og rædd helstu úrlausnarefni og tækifæri á þeim vettvangi.**

**Morgunverðarfundur á Grand Hótel 9. febrúar kl. 8.30**

**Dagskrá:**

**Rafræn útgáfa – hvernig fer hún fram?**
**Tryggvi Jakobsson** útgáfustjóri Námsgagnastofnunar gerir grein fyrir reynslu fyrirtækisins af rafrænni útgáfu.

**Innskönnun og varðveisla**
**Ingibjörg Sverrisdóttir**, sviðsstjóri varðveislusviðs Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, fjallar um áform safnsins um stafræna endurgerð íslensks prentefnis og varðveislu rafrænna texta.

**Að verja og selja rafbækur**
**Hildur Anna Hjartardóttir** framkvæmdastjóri og **Rúnar Oddur Rafnsson** stjórnarformaður Urðar ehf. fjalla um möguleika á verndun fyrir ólöglegri afritun og dreifingarmöguleika rafrænna bóka.

**Nýting rafræns efnis**
**Eiríkur Rögnvaldsson**, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, fjallar um hvernig nýta má rafræna texta til rannsókna og kennslu.

**Umræður**

Fundurinn verður haldinn á **Grand Hótel föstudaginn 9. febrúar nk. og hefst kl. 8.30.**
Fundarstjóri er **Kristján B. Jónasson**, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda

**Allir velkomnir**
Vinsamlegast staðfestið þátttöku fyrir 7. febrúar í tölvupósti á tölvupóstfangið **baekur@simnet.is** eða í síma **5118020**

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

# Fagmennsku í skólum

**UMRÆÐAN**
Vinaleið


REYNIR HARÐARSON

Enn má finna fólk sem skilur ekki hvernig nokkur nennir að agnúast út í Vinaleiðina í ljósi þess að henni er aðeins ætlað að hjálpa nemendum og enginn er neyddur til að nýta sér þjónustu prests eða djákna í skólum. Þeir eru þó sífellt fleiri sem skilja að trúarleg starfsemi á ekkert erindi inn í grunnskóla, sér í lagi í ljósi þess að grunnskólalög leggja blátt bann við mismunun nemenda vegna trúarbragða. En kristileg sálgæsla snýst umfram allt um trú, samkvæmt skilgreiningu biskups.

Þegar ég benti skólastjóra Hofsstaðaskóla á þá meinbugi sem eru á starfi prests í skólanum fullvissaði hann mig um að presturinn færi ekki inn í tíma til barnanna. Það taldi ég eðlilegt í ljósi þess að engin leið er að vita um trúfélagaskráningu foreldra barna í hverjum bekk (sú skráning ætti vitaskuld ekki að skipta neinu máli). Nýjar tölur þjóðskrár herma að einn af hverjum fimm sé ekki í þjóðkirkjunni og einn af hverjum tíu ekki í kristnum söfnuði. Það eru 3-5 í hverjum bekk! Í þættinum Ísland í bítið 9. janúar fullyrti Jóna Hrönn Bolladóttir, prestur Garðasóknar, líka að fulltrúar Vinaleiðar færu ekki inn í bekki.

*Trúverðugleiki fæst ekki með lögbrotum, undanbrögðum, blekkingum og ósannindum þeim sem einkennt hafa framgöngu kirkjunnar manna í Vinaleiðarmálinu.*

Því miður er sannleikurinn í málinu allt annar. Til eru lýsingar Þórdísar Ásgeirsdóttur, djákna í Mosfellsbæ, á því þegar hún fer inn í bekki til að kynna starfsemi sína og líka til að sækja nemendur í viðtöl. Þá rétta gjarnan fleiri upp hönd til merkis um að þeir vilji ræða við hana, jafnvel þótt það sé til þess eins að losna úr tíma! Og í Garðabæ er presturinn ötull við að koma sér í mjúkinn hjá börnunum í frímínútum og á matartíma en hann fer líka í tíma. Hann raðar nemendum í hring og biður þá svo að sýna sér ör á líkama sínum og segir að þessi ör beri þeir alla tíð. Svo fer hann að tala um sálina og að við getum borið ör á henni líka. Spjallinu lýkur svo með því að prestur segir að hann geti fjarlægt þessi ör af sálinni ef börnin komi að máli við hann!

Lýsingu á þessu má lesa á vef Siðmenntar (www.sidmennt.is) og jafnframt er greint frá óánægju móður með þessa nálgun prestsins, og skal engan undra. Það er ekki lítið sem presturinn virðist lofa börnunum. Í hvaða aðstöðu eru foreldrar komnir ef grunlaus börn þeirra vilja nýta sér þetta kostaboð prestsins?

Margir foreldrar telja prestinn alls ekki hæfan til að sinna svona þjónustu. Í kynningu á Vinaleiðinni er tekið fram að viðtöl við nemendur séu stuðningsviðtöl en ekki meðferðarviðtöl. Sannleikurinn virðist annar því enginn veit hvernig presturinn ætlar að gæta þess að fara ekki út í meðferð og það má vera öflugur stuðningur sem fjarlægir ör af sálinni. Þarna er presturinn kominn út í allt aðra sálma en hann er fróður um og ættu skólasálfræðingar, námsráðgjafar og aðrir fagmenn í skólum að spyrna hér við fótum.

Einhverjir foreldrar eru líka annarrar trúar en presturinn eða engrar og geta ekki hugsað sér að boðberi boðandi kirkju krukki í börnum þeirra. Af hverju ekki? Vegna þess að yfirlýst markmið og stefna kirkjunnar með Vinaleiðinni er að gera alla að lærisveinum Krists, enda eru prestar og djáknar í skólum „erindrekar Krists“ og eiga að „miðla“ kristinni trú með störfum sínum. Allt þetta má lesa í ályktun Kirkjuþings, æðsta valds þjóðkirkjunnar, frá því í haust.

Sumir eiga bágt með að trúa að starfsemi Vinaleiðarinnar sé trúboð, þrátt fyrir ofangreindar upplýsingar, enda hafa biskup Íslands og fulltrúi Biskupsstofu þrætt fyrir það í blöðum. Í kjölfar gagnrýni á Vinaleiðina voru samdar siðareglur þessa fyrirbæris og eitt ákvæðið í þeim hljóðaði svo: „Vinaleiðin er ekki trúarleg boðun.“ Ég benti á að það væri kirkjunnar mönnum til háðungar að neita því að boðun væri hluti af starfi og köllun presta og djákna. Ágætir kirkjunnar menn hafa enda tekið undir þá gagnrýni mína. Nú bregður svo við að ofangreint ákvæði er horfið úr siðareglunum á vef kirkjunnar. Það hvarf í skjóli nætur enda neyðarlegt fyrir kirkjuna að viðurkenna trúboð í skólum. En þessi breyting er auðvitað slík viðurkenning. Það vill svo grátlega til að kærleiksþjónustan átti að auka trúverðugleika kirkjunnar en trúverðugleiki fæst ekki með lögbrotum, undanbrögðum, blekkingum og ósannindum þeim sem einkennt hafa framgöngu kirkjunnar manna í Vinaleiðarmálinu.

Nú ætti öllum að vera ljóst að Vinaleiðin er vel meint en illa ígrundað klúður og kristilegt fúsk. Börnin okkar og íslenskt menntakerfi á betra skilið.

*Höfundur er sálfræðingur.*

www.icelandexpress.is/afangastadir

# Snoppufríðar þjóðbúningadúkkur, Strikið, Kompassen, Munch-safnið, legókallar, Rynkeby, síld úr norsk-íslenska stofninum, kjötbollur og kóngafólk, súðbyrt langskip, Póseidon, ABBA, Akersbryggjan, ljósir lokkar og blá augu, Taj Mahal, Dodo & The Dodos, grúsk í Gamla Stan, Louisiana...

**13** ÁFANGASTAÐIR










**ÞEIR FYRSTU FÁ BESTA VERÐIÐ! BÓKAÐU NÚNA Á www.icelandexpress.is**

» Frændur okkar á Norðurlöndum hafa margt forvitnilegt fram að færa, svo mikið er víst. Og leiðin er greið fyrir þig, því Iceland Express flýgur á hverjum degi til Kaupmannahafnar og í sumar bætast svo við Billund, Stokkhólmur, Gautaborg og Ósló þegar áfangastaðirnir verða þrettán í Evrópu. Til að tryggja sér besta verðið er um að gera að bóka draumafríið núna á www.icelandexpress.is. Þú finnur allar nánari upplýsingar um sumaráætlun Iceland Express og áfangastaðina á www.icelandexpress.is/afangastadir

» **VERÐ FRÁ:**
**7.995 kr.**
Aðra leið með sköttum.

» **BÖRN:**
**50%**
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

» www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fíton/SÍA



✝

*Okkar ástkæra*

**Ingibjörg Helgadóttir**
Álfaskeiði 92, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 25. janúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Ljóssins.

**Fyrir hönd allra aðstandenda,**

**Þórður Einarsson**
**Ragnar Þórðarson** **Margrét Arngrímsdóttir**
**Einar Borg Þórðarson** **Gerður Guðmundsdóttir**
**Jakob Helgi Þórðarson**



✝

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar*

**Jóhanns Pálmasonar**
Framnesvegi 26b, Reykjavík.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem veitt hafa okkur ómetanlegan stuðning.
Guð blessi ykkur öll.

**Ragnheiður Gísladóttir og fjölskylda.**



✝

*Elskulegur sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Gunnar Friðrik Ólafsson**
Háholti 14, Hafnarfirði,

lést mánudaginn 29. janúar.

**Guðlaug Hanna Friðjónsdóttir**
**Hulda Ólafsdóttir Scoles** **Dave Scoles**
**Anna Ólafsdóttir**
**Guðrún Ólafsdóttir** **Adolf Örn Kristjánsson**
**Friðjón Ólafsson** **Erna Herbertsdóttir**
**og frændsystkini.**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristfinnur Ingvar Jónsson**
bifreiðasmíðameistari, Blásölum 24,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi 25. janúar.

**Sigrún Sigurjónsdóttir**
**Jón Ragnar Kristfinnsson**
**Edda Þórey Kristfinnsdóttir** **Sigurjón Guðmundsson**
**Sverrir Kristfinnsson**
**Guðrún, Kristrún, Einar, Birgir, Tara, Sigrún Ösp, Guðmundur og langafabörn.**

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.




**LEGSTEINAR**

**TILBOÐSDAGAR**
**allt að 50% afsláttur**
af legsteinum og fylgihlutum

Sendum myndalista

***MOSAIK*** Hamarshöfða 4 110 Reykjavík
sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.



**JAMES JOYCE (1882-1941) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI**

*Gjörðir manna túlka hugsanir þeirra best.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. FEBRÚAR 1971

## *Idi Amin verður forseti*

Á þessum degi árið 1971 lýsti hershöfðinginn Idi Amin sig forseta Úganda og yfirmann herafla landsins. Viku áður steypti Amin Milton Obote af stóli en Amin hafði verið yfirmaður land- og flughers í stjórn hans frá árinu 1966.



Amin stjórnaði landinu með harðri hendi. Árið 1972 hóf hann ofsóknir á hendur þeim sem voru af ættbálki Lango og Acholi. Sama ár rak hann 60 þúsund Indverja og Pakistana úr landi. Árið 1976 lýsti hann sjálfan sig forseta til lífstíðar og herti á ofsóknum gegn ýmsum þjóðarbrotum og skar upp herör gegn pólitískum andstæðingum sínum.

Árið 1978 réðst hann inn í Tansaníu í þeim tilgangi að innlima Kagera-hérað. Ári síðar sneri Tansanía vörn í sókn með aðstoð Frelsishers Úganda, sem samanstóð aðallega af útlögum frá Úganda. Amin og ríkisstjórn hans flúðu land en Obote sneri aftur úr útlegð og tók aftur við embætti forseta landsins. Amin fékk skjól í Sádí Arabíu þar sem hann lést 16. ágúst 2003. Talið er að hann hafi borið ábyrgð á dauða 300 þúsund landa sinna en hann var aldrei dreginn til ábyrgðar fyrir ódæði sín.

UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR: DVALDI EINN MÁNUÐ Á INDLANDI

# Komin heim breytt kona

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, laganemi og fyrrverandi Ungfrú alheimur, er komin aftur heim eftir að hafa dvalið mánuð á Indlandi. „Mér var boðið út af Eskimo Models sem eru með starfsemi þarna og sló til,“ segir Unnur Birna. „Ég tók að mér ýmiss konar verkefni á þeirra vegum, sat bæði fyrir, lék í sjónvarpsauglýsingum og þar fram eftir götunum.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Unnur Birna heimsækir Indland og hún segir ferðina hafa haft mikil áhrif á sig. „Mig hefur lengi langað að fara þangað en ástandið kom mér dálítið í opna skjöldu. Ég hélt að Indland væri lengra á veg komið í þróunarátt en bilið á milli hinna fátæku og þeirra sem eru að gera það gott er gífurlegt. Ég var í Bombay, þar sem búa átján milljón manns og þar af eru þrjár milljónir heimilislausar. Hvert sem maður fór blasti örbirgðin við; betlarar fylltu gangstéttirnar, veikt fólk og fatlað. Þeir heimamenn sem hafa eitthvað á milli handanna kippa sér ekki upp við þetta en það var erfitt fyrir mig að horfa upp á þetta á hverjum degi. Enda lít ég íslenskt samfélag öðrum augum en áður, við erum virkilega heppin hér á landi.“

Eins og Fréttablaðið sagði frá á dögunum birtist mynd af Unni Birnu á forsíðu The Bombay Times á mánudag og Unnur segir að þó nokkrir hafi þekkt hana þarna úti. „Fegurðarsamkeppnir eru risastórt fyrirbæri í Indlandi enda hafa fimm eða sex stúlkur þaðan hreppt titilinn Ungfrú alheimur. Það er dálítið þverstæðukennt en skemmtanabransinn er númer eitt, tvö og þrjú þarna; allt sem er einhvers virði tengist Bollywood eða öðrum afþreyingariðnaði.“



**UNNUR BIRNA ÁSAMT HEIMAMANNI** Unnur segir að örbirgðin sem blasti alls staðar við úti hafi breytt hugsunarhætti hennar.

Unnur segir ekki loku fyrir það skotið að hún snúi aftur til Indlands í náinni framtíð, hún hafi fengið nokkur tilboð um frekari verkefni. „Það er hins vegar ekki tímabært að tala um það enda allt á samningastigi. Næst á dagskrá er að hespa af eins og einu verkefni í eignarrétti.“

**bergsteinn@frettabladid.is**



✝

*Ástkær faðir okkar,*

**Guðmundur Friðriksson**
rafvirkjameistari frá Seldal, Norðfirði,

lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 31. janúar.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Ríkey Guðmundsdóttir** **Sigurliði Guðmundsson**
**Friðrik Guðmundsson** **Þórheiður Einarsdóttir**
**Elma Guðmundsdóttir**



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Högni Jónsson**
Grandavegi 47,

lést á heimili sínu hinn 31. janúar.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jón V. Högnason** **Þórunn E. Baldvinsdóttir**
**Gunnar Högnason**
**Sveinbjörn Högnason** **Sigríður Jónsdóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samhug og vináttu við fráfall og útför*

**Svölu Guðmundsdóttur**
í Selsundi.

**Sverrir Haraldsson og aðrir aðstandendur.**



✝

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og hjálp við andlát og útför okkar elskulega*

**Guðmundar Eiðs Guðmundssonar**
Skólatúni 4, Álftanesi.

Sérstakar þakkir til séra Friðriks J. Hjartar fyrir allan þann stuðning og vináttu sem hann hefur veitt okkur.
Guð blessi ykkur.

**Ásta Angela Grímsdóttir** **Guðmundur Viggó Sverrisson**
**Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir** **Andrés Skúli Pétursson**
**Fanney Elínrós Guðmundsdóttir** **Gunnar Ellertsson**
**Pálmi Grímur Guðmundsson** **Bjarney Katrín Gunnarsdóttir**
**og systkinabörn hins látna.**

# MARKAÐURINN

# Einfalt mál




## EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skorinort.




**Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga**



**Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2**



**Markaðurinn á Vísi alla daga**

**VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR**

Fiton/SÍA FI019902





## STUÐ MILLI STRÍÐA Verslað í rólegheitum

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** ER EIN Í HEIMINUM



Stundum er eins og maður sé einhvern veginn á skjön við alla í kringum sig og einmitt þannig er mér búið að líða upp á síðkastið.

Þetta byrjaði þegar ég hringdi í vinkonu mína eitt kvöldið og þar sem hún er venjulega frekar róleg brá mér töluvert þegar hún svaraði með því að öskra á mig: „Emilía! Það eru þrjátíu sekúndur eftir!“ Svo heyrðust skruðningar þegar hún henti símanum frá sér. Það passaði akkúrat að ég var ekki búin að átta mig þegar hún kom aftur í símann og útskýrði að hún hefði verið að horfa á Íslendinga spila handbolta og spurði svo hvernig ég gæti verið svona óméðvituð.

Ég skammast mín bara ekkert fyrir að vera óméðvituð um handbolta. Þrátt fyrir almennt áhugaleysi mitt á íþróttum kemst ég líka venjulega ekki hjá því að verða vör við stórmót og get endalaust pirrað mig á því að barnaefni og fréttatímar sé látið víkja fyrir einhverju jafn léttvægu og gaurum sem hlaupa um á stuttbuxum.

Hingað til hef ég ekki talið mig vera eina í liði en allt í einu virðast allir í mínu nánasta umhverfi vera farnir að horfa á handbolta. Fyrst fannst mér svolítið leiðinlegt að vera svona ein í heiminum alltaf þegar Íslendingar voru að keppa en svo uppgötvaði ég kosti þess.

Þegar allir aðrir eru heima að horfa á handbolta er hægt að athafna sig að vild á hefðbundnum háannatíma í Kringlunni án þess að þurfa nokkurs staðar að bíða, helstu umferðaræðar borgarinnar eru eins og fáfarnir sveitavegir og á Læknavaktinni þar sem er venjulega fullt út úr dyrum er tómt.

Núna finnst mér ágætt að svona mót séu haldin annað slagið og er hætt að hafa áhyggjur af barnaefninu. Sonur minn er nefnilega hættur að gráta það og er orðinn jafn upptekinn og aðrir af boltanum. Á þeim tíma sem hann hefur hingað til setið rólegur og horft á barnaefnið heyrast nú stanslaus öskur úr stofunni: „Mamma! Þeir skoruðu!“ Eins og mér sé ekki sama.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Pú og pa** Eftir SÖB




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott






***Gullnu reglur Græna ljóssins***

**1** ***Ekkert hlé*** Myndin sýnd í einum rykk

**2** ***Minna af auglýsingum*** Sýning myndarinnar byrjar fyrr

**3** ***Engin truflun*** Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.

Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna ljósið

*- Ekkert hlé á góðum myndum*

***www.graenaljosid.is*** – Skráðu þig á póstlistann og þér verður boðið á forsýningar allra mynda Græna ljóssins

! **Kl. 11.00**
*Í Gerðarsafni stendur yfir samsýning Gullpenslanna svokölluðu. Á sýningunni Indigo sýna Birgir Snæbjörn Birgisson, Daði Guðbjörnsson, Eggert Pétursson, Helgi Þorgils Friðjónsson, JBK Ransu, Jóhann Ludwig Torfason, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson og Sigurður Árni Sigurðsson. Sýningin stendur til 11. febrúar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Ungskáld á Andarunganum*

Útgáfufélagið og skáldakompaníið Nykur efnir til upplestrarkvölds á Litla ljóta andarunganum í Lækjargötu í kvöld. Félagsskapurinn Nykur var stofnaður af nokkrum ungum skáldum sem bókmenntavettvangur og sjálfshjálparbókarforlag árið 1995. Á vegum Nykurs komu fyrstu verk skálda og rithöfunda á borð við Andra Snæ Magnason, Davíð A. Stefánsson, Steinar Braga, Ófeig Sigurðsson og fleiri. Alls komu út 13 bækur á vegum Nykurs til ársins 2003, en þá sneri hann aftur í tjörnina og beið færis.

Nykurinn hefur þó vaknað af dvala en nýlega komu út þrjár ljóðabækur hjá forlaginu og munu skáldin þrjú lesa úr verkum sínum. Emil Hjörvar Petersen les úr bók sinni Gárungagap, Kári Páll Óskarsson úr Oubliette og Arngrímur Vídalín úr bók sinni Endurómun upphafsins.

Auk þess lesa Jón Örn Loðmfjörð og Bjarney Gísladóttir úr verkum sínum en sérlegur gestur kvöldsins er skáldið Kristín Svava Tómasdóttir.

Dagskráin hefst kl. 21 í kvöld og er enginn aðgangseyrir á samkomuna og ljóðavinir hvattir til að fjölmenna.



**KÁRI PÁLL ÓSKARSSON** Les úr ljóðabók sinni Oubliette í kvöld.

## > Ekki missa af …

opnunum um helgina. **Birta Guðjónsdóttir** afhjúpar sýningu sína í **Listasafni Reykjavíkur**, Hafnarhúsi kl. 17 í dag en á morgun opnar **Aðalheiður Eysteinsdóttir** sýningu í Anima gallerii sem og **Eygló Harðardóttir** sem sýnir í Listasafni ASÍ, og á Akureyri opnar **Kristín Guðmundsdóttir** sýningu á Café Karólínu.





**LANGAFI HEFUR ALLTAF TÍMA FYRIR ÖNNU** Aino Freyja Järvelä og Bjarni Ingvarsson leika í Langafa prakkara.

## Prakkari snýr aftur

Möguleikhúsið hefur nú nýhafið sýningar á hinu vinsæla barnaleikriti Langafa prakkara sem byggt er á sögum Sigrúnar Eldjárn. Leikritið var fyrst sýnt á vegum Möguleikhússins á árunum 1999 til 2001 og urðu sýningar þá rúmlega 150 talsins. Bækur Sigrúnar Eldjárn um Langafa prakkara hafa um árabil notið mikilla vinsælda meðal yngstu lesendanna. Í þessari leikgerð er stuðst við bækurnar Langafi drullumallar og Langafi prakkari.

Í leikritinu segir frá lítilli stúlku og langafa hennar. Þó að langafi sé blindur og gamall er hann alltaf til í að taka þátt í einhverjum skemmtilegum uppátækjum með Önnu. Hann passar hana á daginn þegar pabbi hennar og mamma eru í vinnunni og hefur nægan tíma til að gera ýmislegt skemmtilegt. Langafi og Anna eru leikin af Bjarna Ingvarssyni og Aino Freyju Järvelä, leikstjóri og höfundur leikgerðar er Pétur Eggerz, búninga gerði Katrín Þorvaldsdóttir, leikmynd er eftir leikhópinn og tónlist er eftir Vilhjálm Guðjónsson.

Fyrsta sýningin verður í Möguleikhúsinu við Hlemm næstkomandi sunnudag kl. 14, en sýningum verður síðan fram haldið í leik- og grunnskólum.

# Sjónþing um Rúrí í Gerðubergi

**Á laugardag verður Sjónþing í Gerðubergi um verk og feril listakonunnar Rúríar. Umsjónarmaður þess er Laufey Helgadóttir listfræðingur en spyrlar eru Gunnar J. Árnason listheimspekingur og Halldór Björn Runólfsson listfræðingur.**



**MYNDLIST** Rúrí við framkvæmd á gerningi sínum Tileinkun í Drekkingarhyl á Þingvöllum í fyrra.
MYND/FRIÐRIK ÖRN HJALTESTED

Sjónþingið hefst kl. 13 en að því loknu verður opnuð sýning á sýnishornum verka frá 33 ára listferli Rúríar – allt frá fyrstu verkunum er hún kom af fullum krafti fram á sjónarsviðið árið 1974, að verki sem gert er á þessu ári og tileinkað einum af Íslands fögru fossum, um. Sýningin stendur til 15. apríl. sem ef til vill á þá framtíð að hverfa komandi kynslóðum sjón-

Rúrí er löngu landsþekkt fyrir listaverk sín og gjörninga: Regnbogann við Flugstöðina í Keflavík þekkja allir, færri vita að hún á verkið Fyssu í Grasagarðinum í Reykjavík. Í fersku minni er gjörningur hennar frá í fyrra við Drekkingarhyl og stórverk hennar á Kirkjulistahátíðinni í Hallgrímskirkju 2005: Ljós heimsins – Salt jarðar, ásamt Röddun. Hún vakti mikla athygli strax í upphafi ferils síns tuttugu og þriggja ára gömul þegar hún átti stórt verk á útisýningu Myndhöggvarafélagsins á Lækjartorgi: gylltan Mercedes Benz sem hún eyðilagði með sleggju. Ári síðar tók hún þátt í samsýningu SÚM og náði þá athygli allra viðstaddra: Framan af opnuninni sat hún í hvítum gifshjúp í stól eins og stytta, en stóð svo upp og gekk út.

Verk hennar eru því hugmyndafræðilegs eðlis, en eru sett fram með margvíslegri tækni, og má þar finna skúlptúr, innsetningar, margmiðlunarverk, gjörninga, bókverk, kvikmyndir, vídeó, hljóðverk, blandaða tækni, tölvuvædd og gagnvirk verk. Hún hefur unnið í margs konar form en verk hennar öll eiga sér skýran hugmyndalegan bakgrunn. Hún var fulltrúi Íslands á Tvíæringnum í Feneyjum og hefur það verk farið víða, Archive – endangered waters.

Fram undan eru einkasýningar í Bandaríkjunum og Þýskalandi hjá Galerie Dorothea van der Koelen; nýtt útilistaverk á Íslandi er í vinnslu og stórt inniverk í vinnslu fyrir einkaaðila. Auk þess tekur Rúrí brátt þátt í samsýningu með Ólafi Elíassyni og bandarísku listakonunni Pat Steir í vestursal Kjarvalsstaða þar sem viðfangsefnið er fossar.

Yfirskrift sýningarinnar, Tími – afstæði – gildi, vísar til viðfangsefna Rúríar á liðnum 33 árum, viðfangsefna sem eru sígild en einnig áríðandi á hverjum tíma. Myndhverfast þessi hugtök í samspili fyrstu verka Rúríar og hinna síðari, eins og sjá má á sýningunni, og einnig í meðfylgjandi fléttumynd, þar sem afstæði tíma og gildis framkallar á óvæntan hátt tímaleysi góðra hugmynda og spurninga sem maðurinn verður ávallt að spyrja sjálfan sig, um það hver hann er, hvaðan hann kemur og hvert hann stefnir.

Um verk sín og feril segir Rúrí: „Fyrir mér er list heimspeki, verk mín fjalla um tengsl manns og jarðar sem og alheims. Manninn í óratíma veraldar – mannlegar skynjanir. Verk mín eru aðeins brot af heildinni. Það hefur stundum verið sagt að listamenn séu skynjarar þjóðfélagsins – að þeir nemi breytingar á ástandi þess og komi þessum upplýsingum frá sér. Listamenn eru þannig sífellt að velta upp nýjum flötum á sama veruleikanum og skoða þá frá nýjum sjónhornum. En hversu frumleg sem við viljum vera þá vinnum við í raun ávallt út frá sömu grunnforsendunum, sem eru jörðin í alheiminum og tilvera mannanna á jörðinni. Maður og menning í tengslum við náttúru, jörðu og alheim."

Það er skammt stórra högga á milli: sjónþingið gefur mönnum gott tækifæri til að heyra listakonuna rekja eitt og annað frá ferli sínum sem síðan má sannreyna á því yfirliti sem sett er upp í Gerðubergi.

pbb@frettabladid.is


*Hárný*

Í tilefni af opnun okkar á endurbættri og glæsilegri hársnyrtistofu að Nýbýlavegi 28, Bjóðum við viðskiptavinum okkar velkomna laugardaginn 3. febrúar frá kl. 17-19



*Sjón er sögu ríkari!*

(efri röð frá vinstri) Helena, Lovísa, Edda, Dísa, Telma, Selma
(neðri röð frá vinstri) Orri og Bjarni


# Strákarnir okkar

Það verða ljúfar ballöður og þekktir slagarar á efnisskrá næstu TÍBRÁR-tónleika í Salnum. Á morgun koma félagarnir Bjarni Thor Kristinsson bassasöngvari og Jónas Ingimundarson píanóleikari fram á tónleikum Salarins og flytja hlustendum íslensk sönglög eftir Sigfús Halldórsson, Karl Ottó Runólfsson og Sveinbjörn Sveinbjörnsson, þýskar ballöður eftir Carl Loewe og enska og ameríska slagara.

Jónas Ingimundarson þarf vart að kynna fyrir íslenskum tónlistarunnendum en hann er sérlegur tónlistarráðunautur Kópavogsbæjar og einn af frumkvöðlum TÍBRÁR-tónleikaraðarinnar.

Bjarni Thor sló eftirminnilega í gegn á haustmánuðum í hlutverki Osmins í margrómaðri uppfærslu Íslensku óperunnar á Brottnáminu úr kvennabúrinu eftir Mozart. Hann hefur tvímælalaust unnið sér sess í landsliði íslenskra söngvara á erlendri grundu og hefur sungið undir stjórn heimskunnra hljómsveitarstjóra víða um Evrópu. Næstu verkefni Bjarna eru Rósariddarinn í Berlín, Hollendingurinn fljúgandi í Barcelona og Fáfnir í Feneyjum.

Tónleikarnir á morgun hefjast kl. 16.



**BJARNI THOR OG JÓNAS INGIMUNDARSON** Koma fram á tónleikum í Salnum á morgun.

# ÞVOTTADAGAR

## EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS




Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.




### AEG LAVAMAT 76820
ÞVOTTAVÉL
með íslensku stjórnborði

• Taumagn: 7 kg • Vinduhraði 1600/1200/1000/600 s/mín.
• 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
• Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull

### AEG LAVATHERM 57820
ÞURRKARI
barkalaus með íslensku stjórnborði

• Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær
• Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig

**TILBOÐ: Kr. 175.000 / PARIÐ** (Áður: Kr. 213.900)

KVIKA

## GÆÐINGAR Á GÓÐU VERÐI:




SAMSUNG Q1457 / Q1657

**SAMSUNG þvottavél**
1400 snúninga, 7,5 kg.
Óvenju stór tromla – 57,5 l.
Vatnsnotkun 60 l pr. 7,5 kg.
Mjög hláðlátar – aðeins 50. db

**TILBOÐ:**
**Kr. 99.900** (1400 snún.)
**Kr. 109.900** (1600 snún.)




SAMSUNG P1253 / B1445

**SAMSUNG þvottavél**
1200 snúninga, 6 kg.
Mjög hláðlátar
Tölvustýrð
Hraðþvottur á aðeins 30 mín.

**TILBOÐ:**
**Kr. 59.900** (1200 snún.)
**Kr. 69.900** (1400 snún.)




LAVAMAT 52820

**AEG þvottavél**
1200 snúninga, 6 kg.
Fjöldi prógramma
Íslenskt stjórnborð

**TILBOÐ:**
**Kr. 69.900**
(Áður: Kr. 85.914)



AEG 50862U-W Hvít
**TILBOÐ:**
**Kr. 79.900**
(Áður: Kr. 96.667)

AEG 50862U-W Stál
**TILBOÐ:**
**Kr. 89.900**
(Áður: Kr. 107.419)

AEG 50862U-W og 50862U-M

**AEG uppþvottavél**
5 kerfi,
Íslenskt stjórnborð,
**Mjög hljóðlát – aðeins 41 db**

**NÝ TÆKNI**
**SILVER NANO**
**sem drepur bakteríur.**
Svitalykt hverfur úr fötunum jafnvel án þvottaefna.
Þetta hefur sérstaklega áhrif á föt sem þarf að þvo við lágan hita t.d. íþróttaföt.

**Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á TILBOÐSVERÐI!**

## GERÐU HREINLEGA GÓÐ KAUP!

# ORMSSON

www.ormsson.is

... og hjá UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 · ORMSSON RADIONAUST SÍMI 461 5000 · ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · MODEL AKRANESI SÍMI 431 3333 · ÁRVIRKINN SELFOSSI SÍMI 480 1160 · ÞRISTUR ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · VÍK NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · VÍK REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 · VÍK EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · BÓKABÚÐIN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515

# Ævisaga Sylvíu



**SYLVIA KRISTEL** Starfaði líka sem fyrirsæta.

Hin þekkta leikkona Sylvia Kristel hefur gefið út ævisögu sína sem heitir á frummálinu Nue – Nakin. Undrar það svo sem engan sem þekkir til starfa hennar á hvíta tjaldinu en Sylvia varð fræg á sínum tíma fyrir leik sinn í Emmanuelle-myndunum. Talið er að aðdáendur hennar, sem flestir eru komnir yfir miðjan aldur, telji hátt í 500 milljónir og hugsa því útgefendur víða um lönd sér gott til glóðarinnar. Þegar mun ákveðið að tóna niður lýsingar Sylvíu á raunum sínum í enskum útgáfum verksins en hún hefur lengi haldið því fram að ljótir kallar hafi vélað sig til leiks í ljósbláum kvikmyndum. Það er útgáfan Harper og Collins sem sér um ensku útgáfuna en hún gefur líka út Biblíuna. Hjá henni mun bókin heita „Emmanuelle klædd úr“. Nú er bara spurning hvort íslenskir útgefendur Biblíunnar – JPV útgáfa – hafa tryggt sér útgáfuréttinn á æviraunum Sylvíu hér á landi.

**- pbb**



**AÐSTANDENDUR GRETTIS FYRR OG NÚ** Söngleikurinn um nútímahetjuna Gretti fer á fjalir Leikfélags Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Samtímastríð Grettis

Leikarar og aðstandendur söngleiksins Grettis mættu á fyrsta samlestur á verkinu í gær. Söngleikur þessi eftir þá Ólaf Hauk Símonarson, Þórarin Eldjárn og Egil Ólafsson var frumsýndur árið 1980 og naut þá mikilla vinsælda.

Aðalsöguhetjan er hinn lánlausi Grettir sem leikarinn Halldór Gylfason lýsir sem kærulausum, hugmyndaríkum en dálítið utangátta ungum strák. „Það er ýmislegt á hann lagt og annað fólk notfærir sér sakleysi hans – hann lendir á glapstigum og verður allt í einu gífurlega vinsæll,“ segir Halldór og vísar þar til frama Grettis á sjónvarpssviðinu þegar hann tekur að sér hlutverk í seríu byggðri á Íslendingasögunum. Þar kemur forn fjandvinur til sögunnar en glíman við Glám, sem leikinn er af Magnúsi Jónssyni, leikur unga manninn grátt, hann sér óvin sinn í hverju horni og átök þeirra enda með ósköpum.

Halldór segir að verkið um Gretti eigi ekki síður vel við nú á dögum þegar sýndarmennskan veður uppi og fjölmiðlar noti fólk markvisst til eigin framdráttar. „Hvern hefði til dæmis grunað að gullkálfur Skjás eins ætti eftir að verða sveitaballasöngvari að austan,“ spyr leikarinn spokskur. „Þetta verk fjallar um hvernig enginn vill vera meðal-maður, enginn vill vera venjulegur – það vilja allir vera frægir og ríkir og æðislegir.“

Halldór Gylfason er ekki ókunnur hljóðnemanum þó að hann hafi ekki gert sig mjög gildandi á söngleikjasviðinu fyrr. Hann er til að mynda forsöngvari hljómsveitarinnar Geirfuglarnir og félagi í skemmtidúettinum Reynistaðabræður. „Þetta er mjög skemmtileg áskorun fyrir mig og músíkin hans Egils Ólafssonar er alveg frábær,“ segir leikarinn að lokum.Meðal annarra leikara í sýningunni eru Jóhann Sigurðarson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Marta Nordal, Bergur Þór Ingólfsson og Arnbjörg Hlíf Valsdóttir.

Leikstjóri sýningarinnar er Rúnar Freyr Gíslason, tónlistarstjóri Hallur Ingólfsson, leikmynd gera Egill Ingibergsson og Móeiður Helgadóttir en búningahönnuður er Filippía Elíasdóttir. Grettir verður frumsýndur 23. mars.

**- khh**



**HALLDÓR GYLFASON ER GRETTIR** Sakleysinginn Grettir lendir í klóm tálkvendis, draugs og bíræfinna sjónvarpsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

30 31 1 **2** 3 4 5

### Föstudagur

**SKEMMTANIR**

- 22.30 **Seth Sharp**, stórsöngvari með meiru, og skífumeistarinn **DJ Shaft** leiða saman hesta sína og kynna: **Vocal House** kvöld á skemmtistaðnum **Deco**. Seth Sharp syngur klassísk houselög meðan DJ Shaft mixar grúvið. Rúsínan í pylsuendanum verður svo frumflutningur á lögum sem Seth hefur tekið upp með Shaft og DJ Tomma White.
- 23.00 **Vinir vors og blóma** spila og skemmta sér og öðrum á **Players** í **Kópavogi**.

**DANSLIST**

- 20.00 **Stúdentadansflokkurinn** frumsýnir verki **Sannar sögur** í **Tjarnarbíó**. Verkið vinnur flokkurinn í samvinnu við danshöfundinn **Helenu Jónsdóttur**. Fjórar sýningar verða á verkinu en hinar 9., 11. og 16. febrúar.

**SÝNINGAR**

- 10.00 Sýning á bókverkum **Sigurborgar Stefánsdóttur** stendur yfir í **Þjóðarbókhlöðunni**. Á sýningunni **Spari bækur** eru myndverk í formi bóka en verkin á sýningunni eru um það bil 30 talsins en hún stendur út febrúarmánuð.
- 11.00 Í **Gerðarsafni** stendur yfir samsýning **Gullpenslanna** svokölluðu. Á sýningunni **Indigo** sýna **Birgir Snæbjörn Birgisson, Daði Guðbjörnsson, Eggert Pétursson, Helgi Þorgils Friðjónsson, JBK Ransu, Jóhann Ludwig Torfason, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og **Sigurður Árni Sigurðsson**. Sýningin stendur til 11. febrúar.
- 11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fuglø**, **Astri Luihn**, **Sigrun Gunnarsdóttir**, Torbjørn Olsen, **Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningarmiðstöð **Hafnarfjarðar** í **Hafnarborg**. Sýningin stendur til 4. febrúar.
- 13.00 Í **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast Les yeux de l'ombre jaune eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Bateman ber heitið **Tyrfingar**.
- 13.00 **Bryndís Brynjarsdóttir** sýnir í **Listasal Mosfellsbæjar**. Sýningin ber yfirskriftina **Hið óendanlega rými og form** og stendur til 17. febrúar.
- 14.00 **Stephan Stephensen**, öðru nafni **President Bongo** sýnir í **101 Gallery** við Hverfisgötu. Sýningin ber yfirskriftina **IF YOU WANT BLOOD... YOU'VE GOT IT !** og er opin milli 14-17, þriðjudaga til laugardaga til 15. febrúar.
- 14.00 **Þórhallur Sigurðsson** sýnir í **Gallerí Úlfi** á **Baldursgötu 11**. Sýninguna kallar hann **Fæðingu upphafs** og stendur hún til 20. febrúar. Opið mán-föst kl. 14-18. Laug og sun kl. 16-18.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Lau 3/2 kl. 20 Fös 9/2 kl. 20
Sun 18/2 kl. 20 Fim 22/2 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Í kvöld kl. 20 UPPS. Lau 10/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20 Fös 2/3 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPSELT
Fim 17/5 kl. 20 UPPSELT
Fös 18/5 kl. 20
Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPSELT
Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 UPPSELT

**MEIN KAMPF**
Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 4/2 kl. 20 UPPSELT
Fös 9/2 kl. 20 Sun 11/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20 Sun 18/2 kl. 20

**LADDI 6-TUGUR**
Lau 17/2 kl. 20 UPPSELT
Lau 24/2 kl. 20 UPPSELT
Lau 3/3 kl. 20 UPPSELT
Fim 8/3 kl. 20 Miðaverð 3.400

**DAGUR VONAR**
Lau 3/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 4/2 kl. 20 UPPSELT
Fös 9/2 kl 20 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 20 UPPSELT
Lau 17/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 18/2 kl. 20, Fös 23/2 kl. 20
Sun 25/2 kl. 20, Lau 3/3 kl. 20
Sun 4/3 kl. 20, Fim 8/3 kl. 20 UPPSELT
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 4/2 kl. 14 Sun 11/2 kl. 14
Sun 18/2 kl. 14 Sun 25/2 kl. 14
Sýningum fer fækkandi

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 8/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20
Fim 22/2 kl. 20 Síðustu sýningar

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 4/2 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
Sun 18/2 kl. 13, 14,15 UPPSELT
Sun 25/2 kl. 13,14,15 UPPSELT
Sun 4/3 kl. 13,14, 15 UPPSELT
Sun 11/3 kl.13, 14, 15 UPPSELT
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
AUKASÝNINGAR Í SÖLU NÚNA!
Sun 1/4 kl. 13 UPPSELT Sun 1/4 kl. 14
Sun 1/4 kl. 15 Sun 15/4 kl. 13
Sun 15/4 kl. 14 Sun 15/4 kl. 15
Sun 22/4 kl. 13 Sun 22/4 kl. 14
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.
Í kvöld fös. 2/2 örfá sæti laus, fös. 9/2 uppselt. Aðeins þessar tvær sýningar eftir!

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 4/2 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 10/2 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 11/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau.17/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2** kl. 20:00, **sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus**.

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes.
Lau. 3/2 nokkur sæti laus. **Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýninguna.** Síðasta sýning!

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar fim. 1/3, fös. 2/3 og lau.3/3. Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 **örfá sæti laus**, 3. sýn. lau. 10/3 **örfá sæti laus**, 4. sýn. mið. 14/3 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 15/3 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus**, 7. sýn. lau. 17/3 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus**.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Í kvöld fös. 2/2 **örfá sæti laus,** mið. 7/2 **örfá sæti laus,** lau. 10/2, lau. 17/2 **kl. 16:00 örfá sæti laus, þri. 20/2** uppselt, mið. 21/2 uppselt, **fim. 1/3 kl. 13:00** uppselt, **þri. 6/3 kl. 17:00** uppselt.
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kassinn kl. 20:00**

**SÆLUEYJAN** eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
**Í kvöld fös. 2/2, lau. 10/2 nokkur sæti laus, fös. 16/2.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
**Lau. 3/2 kl. 11:00 uppselt, 12:15 uppselt og kl, 14:00 uppselt, sun. 4/2 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 uppselt og kl. 14:00. Síðustu sýningar!**

**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs**
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00 **örfá sæti laus**, sun. 18/2 kl. 13.30 **örfá sæti laus** og kl. 15:00, lau. 24/2 kl. 13:30 og 15:00, sun. 25/2 kl. 13:30 og 15:00.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**

**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.**



AUSTURBÆR

Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER
Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20

Verzlunarskóli Íslands kynnir SEXTÁN
Fim 1. feb kl. 10 uppselt / Fim 1. feb kl. 14 uppselt /
Sun 4. feb kl. 19 / Mið 7. feb kl. 19 / Sun 11. feb kl. 16

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is





FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress
Frumsýning sun. 9. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
2. sýn: sun. 11. feb.
3. sýn: fös. 16. feb.
4. sýn: sun. 18. feb.
5. sýn: fös. 23. feb.
6. sýn: sun. 25. feb.
7. sýn: fös. 2. mars - ALLRA SÍÐASTA SÝNING
ALLAR SÝNINGAR HEFJAST KL. 20 - KYNNING Í BOÐI VIÐ KL. 19.15
IGOR STRAVINSKY
Flagari í framsókn
Landsvirkjun
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN



KRINGLU KRÁIN

Hljómsveitin
Sykurpabbar
í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum



Unaðslegar stundir

með spennandi fjögurra rétta kvöldverði á aðeins 3.900.- allar helgar í janúar, febrúar og mars

rauða húsið restaurant Eyrarbakka



Rauða Húsið · Sími: 483-3330
Búðarstíg 4 · 820 Eyrarbakka
www.raudahusid.is

# Um rússneska hugsuði

Fyrr í vetur frumsýndi Lincoln Centre tvö verk úr þríleik breska leikskáldsins og handritahöfundarins Tom Stoppard. Verkið heitir Coast of Utopia – Strönd staðleysunnar og lýsir hugmyndahræringum um aldamótin 1900 í andlegu lífi Rússlands. Það spannar þrjátíu ára sögu og þótti mönnum vonlítið að það kæmi aftur á svið eftir að það var frumflutt í London fyrir fáum árum: persónur eru feikimargar og það er ekki á færi nema auðugustu leikhúsa að setja slíkar sýningar á svið. Í verkinu rekur Stoppard þróun í hugmyndalegum átökum um þriggja áratuga skeið og um leið sögu Rússlands. Hann byggir á frægu safnriti ritgerða eftir Isaiah Berlin, Russian Thinkers, en þar er



**LEIKLIST** Breska leikskáldið Tom Stoppard

frægust ritgerða The Hedgehog and the Fox – Broddgölturinn og hérinn.

Sala á þessu safni hefur verið heldur dræm um margra ára skeið: Penquin segist hafa selt 36 eintök á mánuði í Bandaríkjunum öllum. En eftir að fyrri verkin tvö í þríleiknum hafa komið á svið, það þriðja verður frumsýnt í þessum mánuði, hefur salan rokið upp. Nú er bókin uppseld og 2.000 pantanir liggja fyrir. Er nú verið að flytja 3.500 eintök yfir hafið til að mæta eftirspurn. Kannast menn ekki við álíka smit síðan English Patient leiddi til vaxandi áhuga á verkum Heródótusar og Il Postino vakti áhuga fólks á ljóðum Pablo Neruda.

Strönd staðleysunnar er gríðarlega stórt verk í umfangi hvað varðar svið, búninga og fjölda leikara. Það tæpir á andstæðum hugmyndum um lýðræði, einræði og stjórnleysi og var Stoppard heillengi að koma því saman. Því hefur verið feikilega vel tekið vestanhafs, en sýningin er af slíkri stærðargráðu að vonlítið er að það fari víða.

Það vekur svo umhugsun um stöðu bókarinnar í Bandaríkjunum að það skuli talið fréttnæmt að bók seljist í par þúsundum eintaka.

**- pbb**



**BÓKMENNTIR** Bók Yrsu Sigurðardóttur mun koma út í Taívan og Hong Kong.

# Yrsa í Kína

Bókaforlagið Veröld hefur gengið frá samningum við China Times í Taívan um útgáfu á Þriðja tákninu eftir Yrsu Sigurðardóttur. Þar með er ljóst að þessi frumraun Yrsu á glæpasagnasviðinu kemur á markað á 26 tungumálum um víða veröld, auk þess sem þýskur framleiðandi hefur tryggt sér kvikmyndaréttinn á henni. Þá mun önnur glæpasaga Yrsu, Sér grefur gröf, koma út á þrettán tungumálum en samningaviðræður standa nú yfir um útgáfu á bókinni í fleiri löndum.

Það er China Times, sem er eitt öflugasta bókaforlag Taívan, sem hefur keypt réttinn á Yrsu en það gefur meðal annars út bækur Dans Brown, höfundar Da Vinci lykilsins. Forlagið festi kaup á útgáfuréttinum á bók Yrsu fyrir Taívan og Hong Kong en samningaviðræður standa nú yfir við forlög í Kína um útgáfu á Þriðja tákninu þar í landi.

**- pbb**



**MYNDLIST JAKOBS JÓHANNSSONAR** Heldur sína fyrstu einkasýningu hérlendis.

# Listin að lifa

Jakob Jóhannsson heldur sína fyrstu einkasýningu hér á landi og opnar sýningu á Kaffi Sólon á morgun, laugardag. Á sýningunni sýnir listamaðurinn myndir sem hann hefur málað á undanförnum fjórum árum í Svíþjóð og á Íslandi en þær eru ýmist málaðar með akríl eða olíu á striga.

Jakob stundaði nám við Myndlistaskólann á Akureyri og á myndlistarbraut MA og útskrifaðist þaðan árið 1986. Þaðan lá leiðin í grafíska hönnun í Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Yfirskrift sýningarinnar er „Listin að lifa“ en Jakob leggur mikið upp úr því að myndir hans sýni augnablik sem geta komið áhorfandanum skemmtilega á óvart og vakið upp jákvæðar og ánægjulegar tilfinningar hjá sem flestum.

Sýningin stendur til 2. mars og er opin á þjónustutíma veitingastaðarins.

**- khh**

ÓFAGRA VERÖLD
SÝNING LAUGARDAG 3.FEB

..."Ófagra veröld er að mínu mati besta leiksýningin sem sést hefur á stóra sviði Borgarleikhússins um nokkurt skeið..." ÞES/Víðsjá

"Ekki missa af þessari"
SA/Tímarit Máls og menningar

"Ef þér finnst gaman að Lísu í Undralandi en finnst ekki nóg af kynlífi og ofbeldi í henni þá er Ófagra veröld leikritið fyrir þig"
Anthony Neilson höfundur verksins

"Þetta er falleg sýning, samstillt, skopleg, grimm og grátleg" PBB/ FBL

"Flott frammistaða LR" PBB/FBL

ÓFAGRA VERÖLD
EFTIR ANTHONY NEILSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



EILÍF HAMINGJA
Fyrsta íslenska millistjórnendadramað



SÝNT Í BORGARLEIKHÚSINU
★★★★ Fyndin hugmynd útfærð á frumlegan hátt með frábærum leikurum. Fréttablaðið

TILBOÐ 2 FYRIR 1
Viðskiptavinir Glitnis fá tvo miða á verði eins ef greitt er með greiðslukorti Glitnis.
GLITNIR
FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

útsala í heima
15-50%
afsláttur



áður 31.000
núna á 19.800



Sófi + stólar 3+1+1, áður 269.800
nú 199.800
Sófi 3ja sæta, áður 129.800
nú 99.800
Leður. Litir: Svart og hvítt.

Stór og glæsileg verslun með fjölbreytt úrval af húsgögnum og smávöru fyrir heimilið að Síðumúla 30
heima
síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242


THE EARLIES


KRISTIN HERSH

## Í SPILARANUM

Norah Jones - Not Too Late
Kristin Hersh - Learn to Sing Like a Star
Of Montreal - Hissing Fauna, Are You The Destroyer?
The Long Blondes - Someone To Drive You Home
The Earlies - Enemy Chorus

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Benni og Lekman syngja saman

Sænski tónlistarmaðurinn Jens Lekman leggur Benna Hemm Hemm lið í einu lagi á vínylútgáfu plötu hans, Kajak, sem kom út nýverið hjá Morr Music. Umrætt lag heitir Aldrei og er á Kajak. Á vínylútgáfunni er lagið líka í annarri útgáfu og þar syngur Lekman með Benna á íslensku.

Tónlistarvefurinn Pitchforkmedia greinir frá þessu og segir raddir Benna og Lekman passa vel saman. „Lagið er á íslensku svo við getum ekki greint hvort sungið er um hjólastóla eða sætar stelpur," segir í greininni.

Jens Lekman spilaði á Airwaves-hátíðinni í Reykjavík í október á síðasta ári. Þá aðstoðuðu meðlimir Benna Hemm Hemm hann lítillega í einu lagi. Jens Lekman tók upp söng sinn í Aldrei í þessari heimsókn sinni hingað í október.


**JENS LEKMAN** Syngur á íslensku í lagi Benna Hemm Hemm.


**BENNI HEMM HEMM** Fær góða aðstoð á vínylútgáfu Kajaks.




## > Plata vikunnar

Clap Your Hands Say Yeah - Some Loud Thunder

★★★

„Plata sem á nokkra eftirminnilega spretti en þegar á heildina er litið siglir hún einum of lygnan sjó þrátt fyrir tilraunir til annars."

SHA



## TÓNNINN GEFINN
**Freyr Bjarnason**

## *Hvað næst?*

Nýverið sá ég áhugaverða heimildarmynd um gerð meistarverks hljómsveitarinnar Pink Floyd, Dark Side of the Moon. Síðan platan kom út árið 1973 hefur hún selst í tugum milljónum eintaka og ekkert lát er á sölunni. Í myndinni kom fram að platan hafi ekki selst mikið til að byrja með, sérstaklega í Bandaríkjunum. Plötufyrirtæki sveitarinnar sá samt eitthvað við plötuna og ákvað að ráða mann til að auglýsa hana og hljómsveitina upp á hinum gríðarstóra Bandaríkjamarkaði, þar sem Pink Floyd hafði áður farið í vel heppnaða tónleikaferð. Smáskífan Money var gefin út og við það brustu allar flóðgáttir. Meðlimum Pink Floyd hafði tekist ætlunarverkið, sem var að þeirra eigin sögn að verða ríkir og frægir. Hvaða lag hentaði betur til þess að láta drauminn rætast en Money? Eftir vinsældir Dark Side of the Moon sátu þeir Pink Floyd-liðar eftir í tilvistarkreppu með spurninguna; „hvað næst?" Miðað við það sem kom fram í myndinni áttu þeir erfitt með að fóta sig eftir þessar vinsældir og virtust í raun vera orðnir saddir, enda markmiðinu náð.



Það er ekki oft sem maður heyrir það hreint út að meginmarkmið hljómsveita sé að verða ríkar og frægar. Vafalítið er þetta raunin með flestar hljómsveitir en fáar eru tilbúnar að viðurkenna það hreint út. Meðlimir Pink Floyd voru snemma á ferlinum búnir að ákveða þetta sín á milli og þá hlýtur maður að spyrja sig hvar tónlistarlegi metnaðurinn liggi, ekki nema hann sé bara aukaatriði í stóru heildarmyndinni. Hvað sem þessu líður þá er Pink Floyd einn af risunum í tónlistarsögunni og mun verða það um ókomna tíð. Vitaskuld var mikill metnaður að baki plötunum þeirra en spurningin er bara hvort rétt sé að stofna hljómsveit einungis með þeirri forsendu að verða rík og fræg.


Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006


# Bloc Party opnar sig

**Hin alþjóðlega Bloc Party mun senda frá sér sína aðra breiðskífu í næstu viku. Steinþór Helgi Arnsteinsson skoðaði gripinn og komst í leiðinni að ýmsu sem ekki hefur áður komið fram hjá þessari fínu sveit.**


**BLOC PARTY** Hljómurinn á nýrri plötu sveitarinnar er mjög frábrugðinn þeim sem var á Silent Alarm, plötu Bloc Party sem sló í gegn fyrir tveimur árum.

Hljómsveitin Bloc Party gerði fyrst usla í bresku tónlistarlífi með smáskífum sínum, Banquet og She's Hearing Voices. Snemma árs 2005 kom síðan út fyrsta breiðskífan, Silent Alarm. Platan seldist gríðarlega vel í Bretlandi og náði platínumsölu auk þess að vera valin plata ársins af NME. Margir urðu hins vegar fyrir vonbrigðum með plötuna og náði Bloc Party ekki alveg að standast þær væntingar sem gerðar höfðu verið til sveitarinnar.

Hinn nígeríski aðalmaður bandsins, Kele Okereke, ásamt gítarleikaranum Russel Lissack, bassaleikaranum Gordon Moakes og trommuleikaranum Matt Tong, sem er hálf kínverskur, stefndu að því að gera betur á næstu plötu sinni. Strax um hálfu ári eftir útgáfu Silent Alarm sagðist sveitin eiga nógu mikið af efni fyrir tvær nýjar breiðskífur.

### Helgi í stórborginni

A Weekend in the City heitir gripurinn sem er ætlað að fylgja eftir vinsældum Silent Alarm og kveða niður gagnrýnisraddir í leiðinni. Nafnið á plötunni endurspeglar vel innviði plötunnar. „Fyrir mér er platan algjörlega um lífið í borginni og ég held að mörg af þeim þemum sem óma á plötunni séu að miklu leyti um hversdagslegt líf í stórborginni," sagði Okereke í viðtali á síðasta ári þegar platan var enn í vinnslu.

### Fjölbreytt viðfangsefni

Þemað um lífið í stórborginni kemur bersýnilega fram í textum plötunnar. Fjallað er meðal annars um eiturlyf, líf innflytjenda og lífsstíl úthverfakrakka. Nokkur lög, til dæmis Kreuzberg og I Still Remember bera síðan með sér augljósan keim af samkynhneigð. Kynhneigð Okerekes hefur lengi verið umfjöllunarefni breskur pressunnar og verður vafalaust enn fyrirferðarmeiri eftir þessa plötu.

Í nýlegu viðtali við The Guardain sagði Okereke ekki með berum orðum að hann væri samkynhneigður en ýjaði samt nokkuð að því. „[...] það eru lög á þessari plötu sem virðast fjalla um þrá, löngun," sagði Okereke meðal annars í viðtalinu.

### Frábrugðinn tónn

Platan var tekin up af Jacknife Lee sem áður hefur til dæmis unnið með U2, Snow Patrol og Kasabian. Lee á að hafa gert mixteip handa strákunum áður en þeir mættu í upptökuverið og innihélt það meðal annars teknóhausinn Isolée, lög með ungverska tónskáldinu György Ligeti og lagið One Thing með r&b gellunni Amerie og segir Okereke að það lag hafi haft sérstaklega mikil áhrif á sig. Aðrir áhrifavaldar voru víst einnig Philip Glass og Timbaland.

Hljómurinn á nýju plötunni er vissulega frábrugðinn þeim sem heyrðist á Silent Alarm. Tónninn er mun alvarlegri og rólegri en jafnframt væminn, tilraunkenndari og ekki eins rokkaður. Þannig fær hinn frábæri trommari sveitarinnar Matt Tong ekki að njóta sín nógu vel. Tong lenti reyndar í því eftir tónleika sveitarinnar í Atlanta í nóvember síðastliðnum að lungu hans féllu saman. Hvað sem því líður verður hins vegar að viðurkennast að platan er örlítil vonbrigði. Ekkert lag heltekur mann líkt og Banquet gerði eða gefur manni gæsahúð eins og Like Eating Glass. Sæmilegur gripur engu að síður en það býr meira í Bloc Party.

## BRENNSLAN HELGI SVAVAR HELGASON

## Reggí og spuni

„Eftir á virðist vera mikið af Reggae-músík hjá mér, veit ekki hvað er að gerast!!!, en líka mikið af tónlist sem inniheldur spuna. Þetta eru allt lög sem ég hlusta gríðarlega mikið á og hafa öll haft mikil áhrif á mig," segir Helgi Svavar Helgason, trommari Flís, um brennsluna sína.

**Lag 1: Best Friend (W/ Love Joy)- Rythm & Sound**
„Set þetta oft á til að upplifa heitt og fallegt sánd."

**Lag 2: Don't Rock My Boat - Bob Marley and the Wailers**
„Þetta er bara svo gott stöff."

**Lag 3: Zombie - Fela Kuti**
„Innblástur fyrir daginn og nóttina."

**Lag 4: You'll Never Change - Gus Gus**
„Kemur mér alltaf í gang."

**Lag 5: Fisherman - The Congos**
„Lag sem ég á aldrei eftir að gleyma eftir að hafa spilað með þeim á Jamaica."

**Lag 6: Stuttbylgja - Adanak**
„Eitt það skemmtilegasta sem ég hef lent í á tónleikum."

**Lag 7: Hinei Ma Tov Dub - David Gould**
„Massíft gyðinga-Dub ha??????"

**Lag 8: Skew - Chris Speed**
„Frumkraftur á ferð."

**Lag 9: My Heart Stood Still - Chet Baker**
„Verður ekki fallegra án þess að verða væmið."

**Lag 10: New Millennium Cyan - Meshuggah**
„Sá þá óvænt í Danmörku á litlum bar og allt var að springa!!!"


**HELGI SVAVAR HELGASON** Hlustar mikið á reggí- og spunatónlist.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Starfsmannahljómsveit Skífunnar stjörnum prýdd

Skífan á Laugavegi státar væntanlega af bestu starfsmannahljómsveit sem til er. Hana skipa meðal annars Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, betur þekkt sem Lay Low, plötusnúðurinn Gísli Galdur, sem einnig spilar með Trabant, Benedikt Freyr Jónsson eða DJ B-Ruff, og söngkonan Lára Rúnarsdóttir. Níu manna sveitin, sem hlotið hefur nafnið SKLA, leggur land undir fót í dag og treður upp á ísfirska kaffihúsinu Langa Manga í kvöld.

„Ég er víst bossinn og þarf að fara með þau í starfsmannaferð,“ sagði verslunarstjórinn og Vestfirðingurinn Halldór Gunnar Pálsson. „Við spilum á Langa Manga og svo ætlum við að fara á þorrablót á Flateyri og skemmta okkur. Tónleikarnir eru svona bónus, svo þetta standi undir kostnaði,“ sagði Halldór kíminn.

Hljómsveitin varð til fyrir starfsmannagleði á vegum Skífunnar. „Við áttuðum okkur á því að allir sem voru að vinna hérna voru í einhverjum hljómsveitum og að spila úti um allt. Svo við tróðum upp þar og þetta verður gigg númer tvö,“ útskýrði Halldór, sem segir fátt betur til þess fallið að hrista starfsmannahóp saman en að stofna hljómsveit. „Ég skora bara á önnur fyrirtæki að reyna þetta,“ sagði hann.

Nafngift hljómsveitarinnar lá beint við, að sögn Halldórs. „Inni í kerfinu hjá okkur er þetta skammstöfun fyrir Skífuna á Laugavegi, svo það kom eiginlega ekkert annað til greina,“ sagði hann. Starfsliðið mun hópast inn í rútu í dag og keyra sem leið liggur á Flateyri, þar sem góðvinur Halldórs hefur lofað höfðinglegum móttökum. Þó er ekki alveg allt klappað og klárt, því enn á eftir að úthluta eina starfsmanninum sem ekki spilar á hljóðfæri eða er viðriðinn tónlist hlutverki.

„Það er búið að prófa ýmislegt,“ sagði Halldór hlæjandi. „Við höfum reynt tambúrínu og trommur og söng. Hún kemst ekkert undan því að spila samt. Við látum hana ekki sitja eina úti í sal, það er ekki hægt í svona hópferð,“ sagði hann.

- sun



**AF NÆGUM HÆFILEIKUM AÐ TAKA** Þau Ísabella Björnsdóttir, Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, eða Lay Low, Halldór Gunnar Pálsson og Benedikt Freyr Jónsson, eða B-Ruff, eru á meðal þeirra níu tónlistarmanna sem mynda SKLA. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK



**THE FLAMING LIPS** Bandaríska hljómsveitin hefur hannað stuttermaboli fyrir Playboy.

## Stuttermabolir fyrir Playboy

The Flaming Lips, Kasabian, Soulwax og Metric eru á meðal þeirra hljómsveita sem hafa hannað eigin stuttermaboli fyrir erótíska tímaritið Playboy.

Bolirnir verða sýndir á sex blaðsíðum í tónlistartengdri útgáfu Playboy sem kemur út í mars. Bolirnir verða síðan seldir í sumar í takmörkuðu upplagi og mun allur ágóði renna til hjálparsamtaka sem berjast gegn alnæmi.



**NICK DRAKE** Ný plata með Nick Drake er væntanleg í sumar. Heitir hún Family Tree.

## Nick Drake snýr aftur

Ný plata með Nick Drake er væntanleg í sumar og mun hún heita Family Tree. Á plötunni verða sjaldheyrð lög eftir Drake auk laga sem hafa aldrei komið áður upp á yfirborðið.

Heimildarmynd um Nick Drake verður jafnframt frumsýnd á South by Southwest hátíðinni hinn 17. mars. Nefnist hún A Skin Too Few: The Days of Nick Drake. Á hátíðinni verður einnig umræðufundur um Nick Drake þar sem systir hans Gabrielle, fyrrverandi upptökustjóri hans John Boyd, Paul Weller og Robert Kirby munu flytja erindi.

Nick Drake, sem er þekktur fyrir lágstemmda kassagítartónlist sína, lést árið 1974 aðeins 26 ára að aldri eftir að hafa tekið inn of stóran lyfjaskammt. Hann barðist við þunglyndi og svefnleysi alla sína ævi og endurspeglaðist það víða í textum hans.

Drake gaf út þrjár hljóðversplötur á ævi sinni sem fengu litla athygli. Hafa vinsældir hans aukist jafnt og þétt á undanförnum árum.



fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

REYKJAVÍKURNÆTUR HÖRPU PÉTURSDÓTTUR GRUNAR AÐ RIDDARINN Á HVÍTA HESTINUM SÉ MÆTTUR

# *Tími kominn til að þegja*

Jæja, það er víst komið að því að ég fari að þegja. Ég er búin að láta dæluna ganga vikulega síðastliðin tvö ár og mörgum finnst eflaust nóg komið af bullinu í mér. Þeir geta því tekið gleði sína á ný og eiga ekki von á meiri frásögnum af misheppnuðum stefnumótum, glötuðum gæjum og gellum, daglegu lífi einstæðinga og af skakkaföllum mínum og vinkvenna minna. Svona til að segja ykkur allt af létta þá er hvorki smekklegt né við hæfi að ég tali meira um það hvernig það er að vera „single“. Þannig er nefnilega mál með vexti að í allgóðan tíma hef ég nokkuð mikið verið við einn ákveðinn mann kennd. Á venjulegri íslensku heitir það víst: ég álpaðist til að eignast kærasta! Ég er búin að reyna að halda það út sem lengst að skrifa en allt kom fyrir ekki og ég verð að láta af rausinu. Það er þó ekki bara vegna þess að ég er komin á fast heldur líka vegna þess að þegar maður á mann þá bara gerast ekki allir þessir undarlegu hlutir sem henda hjá þeim sem einir búa og málkvörnin stansar af illri neyð. Ég reyndi þó að kreista út sögur og skrifa um vinkonur mínar en heppnin virðist ekki ætla að vera með mér í þessum málum því þær eru allar orðnar hálfgiftar í dag og skandalarnir eru orðnir afar óspennandi og ófyndnir. Þeir geta eiginlega ekki flokkast sem slíkir.

Ég er ekki að segja að „married life“ sé leiðinlegt eða óspennandi en staðreyndin er þó sú að þegar maður eyðir frístundum sínum í það að sitja og kjafta yfir rauðvíni, fara út að borða og í bíó, alltaf með sama manninum sem maður þekkir út og inn og deilir rúmi með þeim hinum sama, þá er ekki frá svo mörgu að segja. Að minnsta kosti ekki í dagblöðunum! Það er meira svona innan vinkonuhópsins.



En af þessum skrifum mínum kom þó eitt í ljós; þolinmæðin þrautir vinnur allar! Það hefur sem sagt komið á daginn, að þrátt fyrir vikur og mánuði af gráum dögum og misheppnuðum deitum, getur birt til og ólíklegustu hlutir gerst! Hvort þetta er riddarinn á hvíta hestinum á enn eftir að koma í ljós en ég skal þó segja ykkur að hann lofar góðu!

En þetta er búið að vera gaman og mikil útrás fyrir mig að fá að deila með ykkur þeim hlutum sem ég ímynda mér að þið þekkið af eigin raun eða gætuð mögulega haft gaman af sjálf og vona svo sannarlega að þið hafið ekki hlotið varanleg mein af. Svo kem ég kannski sterk inn einn daginn með heilan haug af sögum af misheppnuðu sambandi og sturta því yfir ykkur í bútum vikulega. Við skulum þó krossleggja fingurna og vona að svo verði ekki!

Lifið í lukku en ekki í krukku!

# Spennan magnast

Ellefu keppendur standa eftir í X-Factor-þætti Stöðvar 2 en í kvöld. Að venju munu dómarar berjast um hylli áhorfenda og skarst í brýnu með þeim Ellý og Páli Óskari síðast. Í síðustu viku var Tinna send heim.



**GYLFI**
Nothing in my way
**UPPHAFLEGUR FLYTJANDI:** KEANE
**HÓPUR:** ELLÝ
**SÍMANÚMER:** 900 9005



**JÁ -**
Kids
**UPPHAFLEGUR FLYTJANDI:** ROBBIE WILLIAMS OG KYLIE MINOGUE
**HÓPUR:** PALLI
**SÍMANÚMER:** 900 9004



**INGA SNÆLAND**
Simply the Best
**UPPHAFLEGUR FLYTJANDI:** TINA TURNER
**HÓPUR:** EINAR
**SÍMANÚMER:** 900 9009



**GÍS -**
It is Raining Men
**UPPHAFLEGUR FLYTJANDI:** WEATHER GIRLS
**HÓPUR**: PALLI
**SÍMANÚMER:** 900 9001



**JÓGVAN**
Time after Time
**UPPHAFLEGUR FLYTJANDI:** JOURNEY SOUTH
**HÓPUR:** EINAR
**SÍMANÚMER:** 900 9011



**GUÐBJÖRG -**
Hurt
**UPPHAFLEGUR FLYTJANDI:** CHRISTINA AGUILERA
**HÓPUR:** ELLÝ
**SÍMANÚMER:** 900 9002



**HARA -** You keep me hangin on
**UPPHAFLEGUR FLYTJANDI:** DIANA ROSS AND THE SUPREMES
**HÓPUR:** PALLI
**SÍMANÚMER:** 900 9010



**ALAN**
Rock with you
**UPPHAFLEGUR FLYTJANDI:** MICHAEL JACKSON
**HÓPUR:** EINAR
**SÍMANÚMER:** 900 9003



**JOHANNA**
Out of Reach
**UPPHAFLEGUR FLYTJANDI:** GABRIELLE
**HÓPUR:** ELLÝ
**SÍMANÚMER:** 900 9008



**SIGGI**
I'll be right here waiting for...
**UPPHAFLEGUR FLYTJANDI:** RICHARD MARX
**HÓPUR:** EINAR
**SÍMANÚMER:** 900 9006



**FJÓRFLÉTTA**
Wishin and Hopin
**UPPHAFLEGUR FLYTJANDI:** DUSTY SPRINGFIELD
**HÓPUR:** PALLI
**SÍMANÚMER:** 900 9007






# Glæsileg uppskeruhátíð

**Mikið var um dýrðir þegar Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í Borgarleikhúsinu í fyrrakvöld. Lay Low var sigurvegari kvöldsins með þrenn verðlaun.**

Fólk mætti í sínu fínasta pússi til athafnarinnar, sem var öll hin glæsilegasta. Þessi uppskeruhátíð íslenska tónlistariðnaðarins hefur rækilega fest sig í sessi síðan hún hóf göngu sína árið 1993 og í ár var hún líklega skemmtilegri en nokkru sinni fyrr.



**ÞRENNA** Lay Low fékk þrenn verðlaun, þar á meðal sem söngkona ársins.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HEIÐURSVERÐLAUN** Ólafur Gaukur Þórhallsson fékk heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna.



**BESTA POPPPLATAN** Hafdís Huld tekur á móti verðlaunum fyrir sína fyrstu sólóplötu, Dirty Paper Cup.



**GAMAN SAMAN** Þau Rósa Guðmundsdóttir, Hörður Torfason og Erla virtust skemmta sér vel í Borgarleikhúsinu.



**SKÁL!** Meðlimir hljómsveitarinnar Reykjavík! skáluðu fyrir ljósmyndarann.



**NÖFNUR** Nöfnurnar Andrea Gylfadóttir og Andrea Jónsdóttir voru í góðum gír á Íslensku tónlistarverðlaununum.



**VÍSNAVINIR** Vísnavinirnir Bergþóra Árnadóttir og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson ásamt Álfgrími Aðalsteinssyni.



**HEIÐA OG FRIÐRIK** Eurovision-hetjurnar Heiða og Friðrik Ómar létu sig ekki vanta á samkomuna.

# Stórútsölu-markaður

**Fjöldi kvikmynda-, tónlistar- og tölvuleikjatitla á ótrúlegu verði!**

## Geisladiskar

verð frá 499kr

## Kvikmyndir

verð frá 99kr

## Tölvuleikir

verð frá 499kr

**VERÐDÆMI:**

99kr, 499kr, 799kr, 999kr, 1499kr

**Fyrstur kemur fyrstur fær!**

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í Kringlu, Skeifu og á Akureyri

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla







# Hita upp fyrir útgáfu

Dúettinn Indigó heldur tónleika á Kaffi Babalú í kvöld. Indigó mun þann 19. mars gefa út samnefnda plötu hjá Smekkleysu og er þetta í fyrsta sinn sem sveitin gerir slíkan útgáfusamning. Áður hefur hún gefið út tvær plötur á eigin vegum. „Þetta er æfing fyrir útgáfutónleika sem verða í lok mars," segir Ingólfur Þór Árnason úr Indigó. „Við ætlum að taka plötuna á tónleikunum og kannski tvö til þrjú glæný lög." Tónleikarnir á Kaffi Babalú hefjast um tíuleytið.



**INDIGÓ** Ingólfur Þór og Vala Gestsdóttir, liðsmenn Indigó.

# Fer á Hróarskeldu

Tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir mun spila á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku í sumar. Þetta verða einu tónleikar hennar á Norðurlöndunum á þessu ári.

Áður hafði Kaliforníusveitin Red Hot Chili Peppers boðað komu sína á hátíðina. Björk kom síðast fram á Hróarskeldu árið 2003 á lokatónleikum hátíðarinnar. Hrifust þá áhorfendurnir, sem voru 50 þúsund talsins, mjög af frammistöðu hennar, auk þess sem dönsk ir fjölmiðlar höfðu uppi stór lýsingarorð um tónleikana. Töldu viðstaddir að tónleikarnir hefðu verið á meðal þeirra bestu í sögu Hróarskeldu.

Björk, sem gefur út nýja plötu í vor, mun einnig spila á Coachella-tónlistarhátíðinni í Bandaríkjunum í lok apríl og á Glastonbury í Bretlandi í lok júní.

Miðasala á Hróarskeldu fer fram á midi.is og kostar miðinn 19.500 kr. Frekari upplýsingar má finna á www.roskilde-festival.is.



**Á HRÓARSKELDU** Björk vakti mikla lukku þegar hún kom fram á Hróarskelduhátíðinni árið 2003.



# Heimurinn allur á róluvelli

Úrvalið í kvikmyndahúsum í Reykjavík er óvenju gott þessa dagana og framboð mynda sem örva hugsun áhorfenda frekar en sljóvga hana er með besta móti. Í þessu sambandi má nefna Little Miss Sunshine, Children of Men, Babel, Blood Diamond og Little Children.

Í Little Children segir Todd Field sögu nokkurra einstaklinga sem allir glíma við sína djöfla innri og ytri og lýsir því hvernig leiðir þeirra skerast með bæði góðum og misskelfilegum afleiðingum.

Sarah (Kate Winslet) er vansæl heimavinnandi húsmóðir sem situr uppi með leiðinlegan eiginmann sem er háður netklámi. Á róluvellinum kynnist hún hinum fjallmyndarlega Brad, heimavinnandi húsbónda, sem hefur ekki döngun í sér til að ljúka lögmannsprófi og er undir hæl framagjarnrar eiginkonu (Jennifer Conely). Yfir tilveru þessa fólks vomir svo ógn í gervi Ronnies (Jackie Earle Haley). Perverts sem hefur gert sig sekan um að bera sig fyrir framan börn. Hann er nýkominn úr fangelsi og flytur inn til aldraðrar móður sinnar í rólegu hverfinu en tilkoma hans sáir fræjum ótta og efasemda í hjörtu foreldranna sem stunda rólóinn með börnum sínum.

Styrkur þessarar litlu úthverfasögu er ekki síst fólginn í því að hana má sprengja út í stærri vídd ir og í raun stendur þessi litli heimur sem hverfist um einn róluvöll fyrir heiminn eins og hann leggur sig. Firrta og sjúka veröld sem er byggð fólki sem er fórnarlömb eigin fordóma, vanmáttar, örvæntingar og ráðaleysis. Áhrifamáttur Little Children er fólginn í því að myndin er að einhverju leyti um okkur öll og á því skilyrðislaust erindi við samtímann.

Öflugir leikarar undir yfirveguðri stjórn Fields reka síðan smiðshöggið á þessa eftirminnilegu mynd en þar fara þau fremst í flokki Kate Winslet og Jackie Earle Haley sem bæði uppskáru Óskarsverðlaunatilnefnigu fyrir frammistöðu sína.

Við allt þetta má svo bæta að Little Children dettur inn í íslensk kvikmyndahús á hárréttu augnabliki í miðri og heitri þjóðfélagsumræðu um barnaníðinga en rétt eins og Happiness og The Woodsman nálgast hún einstaklinga í þessum fordæmda hópi sem manneskjur og neyðir áhorfandann til að horfa á þá sem slíka. Djarfur leikur en áhrifaríkur og gerir myndinna erfiða á að horfa um leið og hún minnir harkalega á að barnaníð er mein sem ekki verður upprætt með upphrópunum, múgæsingu og ofbeldi.

**Þórarinn Þórarinsson**

**KVIKMYNDIR**

**Little Children**

Leikstjóri: Todd Field

Aðalhlutverk: Kate Winslet, Brad Adamson, Jennifer Connelly, Jackie Earle Haley

★★★★

Lágstemmd en um leið firnasterk og áleitin mynd. Hæg sagan laumar sér inn á mann og hittir í hjartastað og skilur við mann hristan og hrærðan. Farið bara og sjáið hana. Punktur.






**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DREAMGIRLS | kl. 6 - 9 - 10:20 | Leyfð | THE CHILDREN OF MEN | kl. 8 | B.i.16 |
| BLOOD DIAMOND | kl. 6 - 9 | B.i.16 | FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 | B.i. 16 |
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 | Leyfð | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| BABEL | kl. 6 - 9 | B.i.16 | | | |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MAN OF THE YEAR | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.7 | FORELDRAR | kl. 4:10 - 8:15 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND | kl. 5:30 - 8 - 10:50 | B.i.16 | THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 |
| BLOOD DIAMOND VIP | kl. 8 - 10:50 | | STRANGER THAN FICTION | kl. 10:10 | Leyfð |
| VEFURINN HENNA... Ísl tal. | kl. 4:10 - 5:50 | Leyfð | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:20 | Leyfð |
| BABEL | kl. 8 - 10:50 | B.i.16 | HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 3:20 | Leyfð |
| BABEL VIP | kl. 5 | | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:20 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN OF THE YEAR | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i.7 | |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 - 10:50 | B.i.16 | DIGITAL |
| VEFURINN HEN... M/- Ísl tal | kl. 3:50 - 6 | Leyfð | DIGITAL |
| CHARLOTTE... M/-Ensk tal | kl. 3:50 - 6 - 8 | Leyfð | DIGITAL |
| THE PRESTIGE | kl. 10 | B.i.12 | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| APOCALYPTO | kl. 8 | Leyfð |
| BABEL | kl. 8 | Leyfð |
| VEFUR KARLOTTU m/ísl. tali | kl. 5:50 | Leyfð |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5:45 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| VEFURINN HENN... m/ísl. tali | kl. 6 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND | kl 8 - 10:30 | B.i.16 |
| FORELDRAR | kl 8 - 10 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |

www.SAMbio.is 575 8900

Skráðu þig á SAMbio.is

# Sérstök árshátíð fyrir kennarana

**Sérstök árshátíð fyrir kennara verður haldin í fyrsta sinn á Bifröst. Hingað til hafa þeir skemmt sér með nemendum.**

„Nei, nei, nei, þetta er allt miklu einfaldara. Starfsmenn hér langar einfaldlega til að hafa sína árshátíð alveg eins og er í velflestum fyrirtækjum," segir Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst.

Í gærkvöldi fór fram söngvakeppnin Bifróvisjón á Hótel Sögu. Þessi viðburður er stór í félagslífi skólans en hann hefur jafnframt þjónað hlutverki árshátíðar bæði fyrir nemendur sem og kennara.



**ÁGÚST EINARSSON** Með sérstakri árshátíð fyrir starfslið skólans er ekki verið að koma í veg fyrir of náin samskipti nemenda og kennara.

Greiddur hefur verið af hálfu skólans miði fyrir kennara á Bifróvisjón og það látið duga sem ígildi árshátíðar. En nú hefur verið gripið til þess að halda sérstaka hátíð fyrir starfsmenn.

Skólastjórinn segir aðspurður það af og frá að með því sé verið að stuðla að auknum aðskilnaði kennara og nemenda þegar skemmtanalífið er annars vegar. Að hindra of náið samneyti kennara og nemenda í ljósi reynslunnar. Og er þá vísað til frétta frá því fyrir nokkrum mánuðum af sambandi Runólfs Ágústssonar, fráfarandi skólastjóra, og afdrifaríku sambandi hans við fullorðinn nemanda skólans. Engu slíku sé til að dreifa. Kennurum ýmsum hafi einfaldlega þótt óþægilegt að halda sína árshátíð með nemendum. En öðrum gott eins og gengur.

„Kennarar hafa oft farið á árshátíð nemenda. Þeir munu gera það eftir sem áður, þeir sem svo kjósa. Það nýja í þessu er að nú munu kennarar og starfsmenn aðrir koma saman til árshátíðar einhvern tíma nú á þessum hefðbundna árshátíðartíma. Mjög góður andi er meðal starfsmanna í Bifröst og hugur í fólki til sóknar fyrir skólann. Og þar erum við samstiga nemendum." -jbg

# Potter kemur í júlí

Harry Potter and the Deathly Hallows, síðasta bókin um galdrastrákinn Harry Potter, verður gefin út í Bretlandi hinn 21. júlí. Þetta tilkynnti höfundur Potterbókanna, JK Rowling, á heimasíðu sinni.

Hún staðfesti jafnframt að tvær persónur muni deyja í bókinni. Hafa margir velt vöngum yfir því hvort aðalpersónan sjálf mun gefa upp öndina. Hér á landi er talið að bókin komi út í íslenskri þýðingu í haust.

Bækurnar um Harry Potter hafa selst í 325 milljónum eintaka um allan heim og hafa þær verið



**HARRY POTTER** Síðasta bókin um galdrastrákinn Harry Potter er væntanleg 21. júlí.

þýddar á 64 tungumál. Jafnframt hafa fimm kvikmyndir verið gerðar eftir bókunum. Næsta mynd, sem er byggð á bókinni Harry Potter og Fönixreglan, kemur í kvikmyndahús um miðjan júlí.

# Gunnar tekur við V-deginum

„Ég er alinn upp af sterkum konum þannig að jafnréttissýnin er mér í blóð borin," segir Gunnar Sigurðsson, nýráðinn framkvæmdastjóri V-dagssamtakanna. Samtökin berjast gegn ofbeldi gegn konum og eru kennd við V-daginn svonefnda sem haldinn er árlega víða um heim, þar á meðal á Íslandi allar götur síðan 2002.

Gunnar er stjórnmálafræðingur að mennt. Hann tekur við starfi framkvæmdastjóra samtakanna af Hildi Sverrisdóttur sem hefur gegnt því frá upphafi. Hann segist hafa sóst eftir starfinu þar sem samtökin berjist fyrir málefni sem hafi verið sér hugleikið lengi. „Þetta er sannkallað þjóðþrifamál. Ofbeldi gegn konum er viðbjóðslegt samfélagsmein sem þarf að uppræta sem fyrst og markmið þessara samtaka er að gera það."

Gunnar segir það alls ekki skjóta skökku við að karlmaður sé í forsvari fyrir samtök sem berjast gegn þessu starfi. „Þvert á móti. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem beita konur ofbeldi eru karlar. Að því leyti er það okkar að takast á við þetta og það má jafnvel vera að karlmaður sé betur til þess fallinn að höfða til kynbræðra sinna en konur."

Fyrsta verkefni Gunnars í starfi er að skipuleggja næstu V-dagshelgi um miðjan mars. Í fyrra fengu samtökin þingkonur til að setja leikritið Píkusögur upp og framkvæmdastjórinn segir að ekki sé von á minni viðburði í ár. „Við tjöldum öllu til, þó ég vilji ekki gefa neitt upp strax. Maður á ekki að opna jólapakkana of snemma." - bs



**GUNNAR SIGURÐSSON** Hans fyrsta verk í starfi er að skipuleggja næsta V-dag um miðjan mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## > Óhræddur við samkeppnina

Hannes Þ. Sigurðsson er enn á mála hjá danska úrvalsdeildarliðinu Bröndby en félagaskiptaglugginn í Danmörku lokaði í fyrradag. Það er því útlit fyrir að hann verði áfram um sinn hjá félaginu þó svo að nýr þjálfari liðsins hafi sent honum þau skilaboð að Hannes sé ekki í hans plönum. „Þrátt fyrir þessi orð þjálfarans er ég síður en svo hræddur við samkeppnina. Við sjáum hvað setur,“ sagði Hannes. Félagaskiptaglugginn í Noregi og Svíþjóð lokar ekki fyrr en í lok mars og því möguleiki að hann fari til liðs þar.



**sport**

sport@frettabladid.is

SUNDSAMBAND ÍSLANDS: EFNIR TIL NÁMSKEIÐS Í SUNDKNATTLEIK UM HELGINA

# *Stefnum á Ólympíuleikana árið 2016*



Þegar Íslendingar kepptu í fyrsta sinna í hópíþrótt á Ólympíuleikum þá var það ekki í handbolta, fótbolta, körfubolta eða öðrum þekktari hópíþróttum hér á landi. Íslendingar tóku nefnilega þátt í sundknattleik á Ólympíuleikunum í Berlín 1936. Nú er Sundsamband Íslands að kanna hvort íþróttin gæti skotið rótum á nýjan leik hér á landi. Sundknattleiksnefnd SSÍ stendur fyrir námskeiði fyrir sundþjálfara, íþróttafræðinga og sundknattleiksáhugafólk í Laugardal í dag og á morgun. Námskeiðið hefst klukkan 17.30 í dag.

„Með tilkomu innilaugarinnar í Laugardalshöllinni hefur Sundknattleiksfélag Reykjavíkur verið stofnað og sundknattleiksnefnd innan Sundsambandsins,“ sagði Jóhannes Benediktsson, meðlimur í stjórn SSÍ. „Það er einnig aðstaða fyrir hendi í Reykjanesbæ og hefur sundknattleikur verið æfður reglulega á þessum stöðum.“

Á námskeiðinu verður farið yfir undirstöðuatriði sundknattleiks, uppsetningu á æfingum, æfingasafn, hvernig samtvinna má æfingar sundmanna og sundknattleiksmanna. Námskeiðinu lýkur með leikjum í sundknattleik þar sem Kent mun dæma og leiðbeina öðrum í dómgæslu. Leiðbeinandi á námskeiðinu er Kent Sörensen frá Danmörku. Kent er 43 ára og hefur mikla reynslu sem sundþjálfari, sundknattleiksþjálfari og alþjóðlegur dómari í sundknattleik. Hann hefur meðal annars dæmt í úrslitum á Evrópumótinu auk þess að dæma í Meistaradeild Evrópu.

Jóhannes segir mikinn hug í Sundsambandinu. „Nú hefst vonandi uppbygging og hefur stefnan verið sett á að senda lið til þátttöku á Ólympíuleikunum árið 2016.“



**NIÐURLÚTUR** Guðjón Valur átti erfitt með að trúa úrslitum leiksins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Guðjón Valur Sigurðsson:

## Ekki nógu klókir

**HANDBOLTI „Mér finnst það engin afsökun að halda því fram að menn hafi verið bensínlausir. Ég vil frekar segja að þeir hafi verið skynsamari og leituðu vel að sínum færum á meðan við tókum fáranleg skot á köflum,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson sem stóð vel fyrir sínu.**

**„Menn voru ekki nógu klókir. Það eru allir þreyttir á þessu stigi mótsins og það eru klókari leikmennirnir sem vinna leikina. Þrátt fyrir tapið ber ég þá von í brjósti að við getum sýnt góðan leik á laugardag.“ - hbg**

Þýska úrvalsdeildin:

## Þrír þjálfarar missa vinnuna

**FÓTBOLTI** Þrjú þýsk knattspyrnulið misstu þolinmæðina og skiptu um þjálfara sína í vikunni. Á 48 tímum misstu þeir Felix Magath (Bayern Munchen), Jupp Heynckes (Borussia Monchengladbach) og Thomas Doll (SV Hamburg) vinnuna. Magath og Doll voru reknir en Heynckes sagði sjálfur upp. Doll var sá síðasti til þess að vera rekinn eftir 1-1 jafntefli SV Hamburg við Energie Cottbus. Fyrir vikið sat liðið á botni deildarinnar með aðeins 15 stig í 19 leikjum. - óój

Birkir Bjarnason:

## Birkir skoraði fyrir Viking



BIRKIR BJARNASON

**FÓTBOLTI Unglingalandsliðsmaðurinn Birkir Bjarnason skoraði fyrra mark norska úrvalsdeildarliðsins Viking gegn HamKam í vikunni. Liðin áttust við í æfingaleik og vann Viking, 2-0.**

**Birkir var í byrjunarliðinu og kom Viking á bragðið á 74. mínútu. Honum var svo skipt af velli á 87. mínútu.**

**Í haust skrifaði hann undir nýjan samning við Viking og má búast við að hans hlutverk með liðinu næsta sumar verði stórt.**

**- esá**

HM Í ÞÝSKALANDI

# Strákarnir köstuðu frá sér sigrinum

**Strákarnir okkar munu spila við Spánverja um sjöunda sætið á HM. Það varð ljóst eftir að liðið gaf Rússum sigur í skelfilegum handboltaleik í Hamborg. Leikur íslenska liðsins hrundi í lokakafla leiksins í gær.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsiðið mun leika um sjöunda sætið á HM og það er grátleg niðurstaða í lok móts sem hefur verið frábært hjá strákunum. Þeir voru sjálfum sér verstir á ný í gær er þeir gáfu þungum Rússum sigur í leik sem þeir áttu að vinna. Niðurstaðan þriggja marka tap, 25-28, sem er mikil vonbrigði.

Hann var ekki burðugur handboltinn sem boðið var upp í fyrri hálfleik í gær og í raun var hann alveg skelfilegur. Það var þungt yfir íslenska liðinu og ljóst að tapið sára gegn Dönum sat enn í mönnum og það skiljanlega. Strákarnir voru augljóslega í vandræðum með að rífa sig upp og var lítið talað og stemningin takmörkuð.

Sóknarleikurinn í fyrri hálfleik var mjög mistækur hjá okkar mönnum og strákarnir gerðu sig seka um hræðileg mistök hvað eftir annað. Svo voru þeir að taka slök skot sem hinn rússneski Kostygov varði auðveldlega en hann verður seint talinn öflugur markvörður.

Rússarnir léku mjög hægan og leiðinlegan sóknarbolta en þeir eru seigir og skoruðu oft eftir langar sóknir. Íslenska vörnin var slök en Birkir Ívar varði ágætlega þar fyrir aftan.

Það er miklu meiri hraði í íslenska liðinu og ljóst að ef liðið fengi smá vörn og markvörslu myndi það keyra hraðaupphlaup og um leið sökkva rússneska birninum. Það gerðist í tvígang og þá náði Ísland tveggja marka forystu sem það tapaði niður jafn harðan.

Síðustu mínúturnar í fyrri hálfleik hjá strákunum okkar voru mjög vondar en eftir að hafa komist yfir, 12-11, hrundi leikur liðsins algjörlega, Rússar skoruðu fimm mörk í röð og komust fjórum mörkum yfir, 12-16. Þann mun náði Ísland að laga rétt í blálok hálfleiksins og munurinn því tvö mörk í leikhléi, 14-16.




**SVEKKTUR** Sigfús Sigurðsson var ekki ánægður með leik sinn í gær ef marka má viðbrögð hans á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Síðari hálfleikur byrjaði skelfilega hjá íslenska liðinu. Vörnin var í molum og hinn þungi rússneski björn skoraði að vild án nokkurra vandræða. Í sókninni skutu strákarnir hvað eftir annað í Kostygov en þeir gerðu slíkt hið sama fyrir tveim árum í Túnis.

Birkir Ívar hrökk þá í gírinn og þökk sé honum byrjaði Ísland að saxa niður forskot Rússanna sem var aftur orðið fjögur mörk. Ísland fékk í kjölfarið fjölda hraðaupphlaupa og jafnaði leikinn, 20-20.

Strákarnir tóku í kjölfarið öll völd á vellinum og náðu tveggja marka forskoti, 24-22. Þá hrundi leikur liðsins til grunna á ný og þess utan fóru strákarnir hrikalega að ráði sínu einir gegn Kostygov.

Rússar gengu á lagið og komust í þriggja marka forskot, 24-27, og leiknum lokið. Rússarnir brugðu einnig á það ráð að taka Ólaf Stefánsson úr umferð á þessum tíma og íslensku strákarnir urðu ráðalausir fyrir vikið.

Íslenska liðið skoraði aðeins eitt mark síðustu 13 mínútur leiksins og kastaði frá sér unnum leik. Strákarnir hreinlega gáfu Rússum sigurinn. Það var þungt yfir liðinu eins og búast mátti við og menn orðnir þreyttir en það afsakar ekki þessa frammistöðu. Hún var mjög vond og vonandi að leikmenn nái að þjappa sér saman fyrir Spánarleikinn.



HM Í ÞÝSKALANDI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
*skrifar frá Hamburg*
henry@frettabladid.is



**SÉRFRÆÐINGURINN** GEIR SVEINSSON FJALLAR UM HM Í HANDBOLTA

## *Skelfilegar lokamínútur*

Því miður fyrir íslenska liðið tapaðist leikurinn við Rússa, leikur sem við höfðum alla burði til þess að vinna.

Leikurinn í gær var mjög köflóttur svo ekki sé meira sagt. Eftir frekar slaka byrjun tókst okkur smátt og smátt að koma okkur inn í leikinn og snúa honum okkur í hag. Sá viðsnúningur var því miður skammvinnur og Rússum tókst að komast í forystu á nýjan leik. Þeir leiddu í hálfleik með tveimur mörkum.

Varnarleikurinn var illa leikinn en Birkir Ívar var engu að síður traustur í markinu. Ef ekki hefði verið fyrir markvörslu hans í fyrri hálfleik og þá sérstaklega af sex metra færi hefði forskot Rússa sennilega verið meira.

Við áttum í miklum erfiðleikum í sóknarleik okkar í fyrri hálfleiknum og tæknileg mistök voru afar mörg. Það leiddi til þess að Rússar skoruðu fjölda marka úr hröðum upphlaupum.

Eina ljósglætan í fyrri hálfleik auk markvörslu Birkis Ívars voru hröðu upphlaupin okkar. Átta mörk, 60% allra marka okkar, komu eftir slík upphlaup í fyrri hálfleik.

Í síðari hálfleik var allt annað að sjá til íslenska liðsins og varnarleikur þess var mun betri. Alfreð breytti úr 6/0 vörn í 5/1 og leikmenn voru miklu ákveðnari í sínum varnaraðgerðum. Liðið hélt áfram að keyra hraðaupphlaupin og smátt og smátt tókst okkur að snúa leiknum okkur í hag.

Þegar um tíu mínútur voru eftir virtist sem svo að leikurinn væri í okkar höndum. Og fengum í raun nokkur góð tækifæri til að gera út um leikinn. En Maximov þjálfari Rússa sýndi klókindi þegar hann tók til þeirra ráða að taka Ólaf úr umferð. Við það virtist leikur okkar hreinlega hrynja.

Lokamínúturnar voru skelfilegar og töpuðust þær 5-1. Niðurstaðan var því þriggja marka tap. Það var sárgrætilegt að sjá liðið missa leikinn gjörsamlega úr höndunum.

Leikur liðsins í heild sinni var allt of kaflakenndur og of fáum leikmönnum tókst að sýna sitt rétta andlit. Allt of mikið hringl var með stöðu línumanns og sömu sögu má segja um vinstri skyttustöðuna. Markús fékk of lítið tækifæri til að spila sig inn í leikinn og hafði greinilega ekki nægilegt traust þjálfarans.

Langflest mörk Rússanna komu af miðjusvæðinu og vantaði alla stjórnun í varnarleik íslenska liðsins.

Okkar banabiti reyndist vera þegar Ólafur var tekinn úr umferð og því miður virtumst við ekki eiga svör við því. Niðurstaðan er því leikur um sjöunda sæti mótsins sem við verðum að vinna viljum við eiga þess kost að komast á Ólympíuleikana í Peking á næsta ári.

Arsenal mætir Chelsea í úrslitaleik enska deildabikarsins sem fram fer í Cardiff 25. febrúar:

# Ætlar ekki að nota Henry í úrslitaleiknum

**FÓTBOLTI** Arsenal er komið í úrslitaleik enska deildabikarsins eftir 3-1 sigur á Tottenham í framlengdum seinni undanúrslitaleik liðanna. Úrslitaleikurinn verður gegn Englandsmeisturum Chelsea og fer fram í Cardiff 25. febrúar. „Það er frábært að sjá svona unga leikmenn vinna vel út úr pressunni og klára svona stóran leik. Þeir eru allir staðráðnir í að ná langt og ég er mjög stoltur af því sem þeir hafa afrekað hingað til,“ sagði Arsene Wenger. „Þetta lið hefur verið fimm ár í þróun og þetta eru bestu ungu leikmennirnir sem ég hef nokkurn tímann unnið með,“ sagði Wenger ennfremur og þetta eru stór orð fyrir stjóra sem er orðinn goðsögn í lifandi lífi fyrir vinnu sína með ungum knattspyrnumönnum.

Úrslitaleikurinn við Chelsea er fram undan og Wenger ætlar ekkert að breyta neinu þó að titilinn sé í boði. „Ég mun reyna að finna rétta blöndu á milli ungra og reyndari manna eins og hingað til,“ sagði Arsene Wenger eftir að Arsenal tryggði sér sæti í úrslitaleik enska deildabikarsins. „Þeir sem ekki hafa spilað í keppninni til þessa munu ekki spila úrslitaleikinn. Úrslitaleikurinn er verðlaun fyrir þá sem komu okkur þangað,“ bætti Frakkinn snjalli við en Thierry Henry, markahæsti leikmaður og fyrirliði liðsins, hefur ekki spilað í deildabikarnum á þessu tímabili. Wenger var þó ekki alveg tilbúinn að svara því með hundrað prósent öryggi að hann myndi ekki nota Henry í úrslitaleiknum. „Við verðum að bíða og sjá til hver staðan á leikmannahópnum verður og hvort það verði mikið um meiðsli í hans stöðu,“ sagði Wenger en deildabikarinn er eina keppnin sem hann hefur ekki unnið í enska boltanum. - óój



**HENRY OG WENGER** Thierry Henry kemur væntanlega ekki við sögu í úrslitaleik deildabikarkeppninnar. NORDIC PHOTOS/GETTY



**ÓSTÖÐVANDI** Boston-menn réðu ekkert við Kobe Bryant sem setti niður 7 af 9 þriggja stiga skotum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY

NBA-deildin í körfubolta:

## Sýning hjá Kobe Bryant

**KÖRFUBOLTI** Kobe Bryant átti frábæran leik þegar Los Angeles Lakers vann 111-98 sigur á gömlu erkifjendum sínum í Boston í fyrrinótt. Bryant kom aftur inn í Lakers-liðið eftir að hafa verið dæmdur í eins leiks bann fyrir að slá til Manu Ginobili í leik gegn San Antonio Spurs.

„Þegar þú missir af leik þá kemur þú til baka uppfullur af orku. Ég var mjög spenntur fyrir að spila á ný,“ sagði Bryant sem skoraði 43 stig, tók 8 fráköst og gaf 8 stoðsendingar í leiknum. Í lok leiksins kölluðu áhorfendur „MVP“ ítrekað honum til heiðurs en það stendur fyrir mikilvægasti leikmaðurinn sem eru merkilegustu einstaklingsverðlaunin sem leikmaður getur unnið til í NBA-deildinni. Bryant, sem er á sínu 11. ári í deildinni, hefur aldrei hlotið þau en hann hefur skorað 28,4 stig og gefið 5,5 stoðsendingar að meðaltali í vetur. - óój

LeBron James hjá Cleveland:

## Táin til trafala í allan vetur

**KÖRFUBOLTI LeBron James hefur bæst í hóp með köppum eins og Shaquille O´Neal og fleirum sem hafa þurft að glíma við támeiðsli. James hefur hvílt tána í tveimur af síðustu þremur leikjum Cleveland og hefur jafnframt hagað æfingum þannig að táin hefur fengið smá hvíld. „Ég vona að hún verði ekki til trafala en ég held samt að svo verði þróun mála,“ sagði James og bætti við: „Þetta er svipað og maður fær framan á fingurinn eða tognar á ökkla. Þetta eru meiðsli sem þú þarft að lifa með og ná ekki að lagast að fullu fyrr en eftir tímabilið.“** - óój



**ASHLEY COLE** Meiddist í fyrradag. GETTY

Enn meiðslin hjá Chelsea:

## Mourinho óttast um Cole

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, stjóri Chelsea, hefur miklar áhyggjur af alvarleika þeirra meiðsla sem Ashley Cole varð fyrir í 3-0 sigri Chelsea á Blackburn í vikunni. „Hann er að drepast í hnénu og þar sem hann getur ekki stigið í fótinn hlýtur þetta að vera alvarlegt. Við verðum að bíða í nokkra daga til þess að vita nákvæmlega hvað er að en svona meiðsli enda vanalega á aðgerð og ég óttast því það versta,“ sagði Mourinho eftir leikinn. Chelsea-liðið hefur verið meiðslahrjáð síðustu mánuðina en sem betur fer fyrir Mourinho er von á varnarmönnunum Khalid Boulahrouz og John Terry aftur inn í liðið á næstunni. - óój







Sony Ericsson Z530i
Verð aðeins:
14.900 kr.

**Kauptu þér glæsilegan Z530i farsíma eða skráðu þig í 0 kr. innan fjölskyldunnar og þú gætir átt lúxussalinn!**
Einn heppinn viðskiptavinur verður dreginn út og getur unnið forsýningu í lúxussal fyrir allt að 28 manns á hina frábæru gamanmynd **Music and Lyrics** með Hugh Grant og Drew Barrymore. Dregið verður 15. febrúar.
Nánari upplýsingar á **siminn.is**.

Hægt er að kaupa símann í verslunum Símans eða á vefversluninni á **siminn.is**



**BARÁTTA** Davor Dominikovic og Renato Sulic verjast Spánverjanum Alberto Entrerrios. NORDIC PHOTOS/AFP

Baráttan um 5. til 8. sætið:

## Átta marka sigur Króata

**HANDBOLTI Króatar unnu átta marka sigur á Spánverjum, 35-27, í leik um að fá að spila um 5. sætið á morgun. Króatar voru fjórum mörkum yfir í hálfleik, 16-12, en misstu átta marka forskot niður í 3 mörk þegar tólf mínútur voru eftir. Spánverjar komust hins vegar ekki lengra og spila því um 7. sætið á morgun. Ivano Balic átti frábæran leik með Króatíu, skoraði 9 mörk úr 11 skotum og gaf 6 stoðsendingar. Victor Tomas Gonzalez var markahæstur Spánverja með sex mörk en þetta er slakasta titilvörn heimsmeistara síðan að Sovétmenn urðu í 10. sæti á HM í Sviss 1986.** - óój



**LOGI** Átti erfitt uppdráttar eins og svo margir aðrir íslenskir leikmenn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Logi Geirsson:

## Ég er alveg búinn á því

**HANDBOLTI** „Það var svakalega þungt í okkur og þreytan er klárlega farin að segja til sín," sagði Logi Geirsson sem gat ekki neitað því að hann væri orðinn örmagna.

„Ég er alveg búinn á því og rétt svo dríf á markið. Álagið er orðið það mikið og svo taka meiðslin líka sinn toll. Þetta eru tvö áföll í röð en vonandi náum við okkur á strik gegn Spánverjum." - hbg



**BIRKIR ÍVAR** Varði vel. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Birkir Ívar Guðmundsson:

## Vantaði neista

**HANDBOLTI Markvörðurinn Birkir Ívar Guðmundsson átti mjög góðan leik í gær og hann hefur staðið sig alveg frábærlega á þessu móti.**

**„Mér fannst þetta vera mjög slakur leikur hjá okkur og það vantaði allan neista. Menn virtust ekki vera búnir að jafna sig eftir Danaleikinn. Það er ömurlegt að enda mótið svona eftir að hafa verið búnir að gera góða hluti," sagði Birkir Ívar.** - hbg

Þýskaland komst áfram í úrslitaleikinn á HM í Þýskalandi eftir ótrúlega viðureign gegn Frökkum:

# Henning Fritz enn á ný hetja Þjóðverja

**HANDBOLTI** Henning Fritz var hetja þýska landsliðsins í gær. Hann varði skot Frakka á síðustu sekúndu síðari framlengingar leiksins í undanúrslitunum gegn Frökkum. Þar með unnu Þjóðverjar leikinn, 32-31.

Eins og gefur að skilja var leikurinn ævintýralega spennandi. Grípa þurfti tvívegis til framlengingar og ekki mátti miklu muna að leikurinn hefði ráðist í vítakeppni.

Frakkar voru þó með pálmann í höndunum. Þegar tæpar tvær mínútur voru til leiksloka var staðan jöfn og Þjóðverjar manni færri. Bæði lið skoruðu þó sitt markið hvort og Frakkar héldu í sókn þegar þrjátíu sekúndur voru til leiksloka.

Klaufaleg mistök urðu til þess að Frakkar misstu boltann en náðu honum þó aftur fimmtán sekúndum síðar. En Þjóðverjar vörðust vel og héldu út til leiksloka.

Gríðarlegur fögnuður var í höllinni í Köln þar sem nítján þúsund áhorfendur voru viðstaddir.

Heiner Brand, landsliðsþjálfari Þjóðverja, virtist merkilega rólegur á hliðarlínunni og hann hafði skýringu á því í leikslok.

„Ég einfaldleg naut þess að horfa á leikinn. Fyrir tveimur vikum hefði mig aldrei órað fyrir því að við kæmumst í þessa stöðu," sagði Brand kampakátur.

- esá



**HETJAN** Henning Fritz var valinn maður leiksins í gær og hylltur af áhorfendum í Köln. NORDIC PHOTOS/AFP



**LEIKHLÉ** Alfreð Gíslason reynir að stappa stálinu í menn sína. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Við gáfum þeim leikinn

**Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari var þungur á brún eftir Rússaleikinn enda niðurstaðan gríðarleg vonbrigði. Fyrir vikið leikur Ísland um 7. sæti mótsins.**

**HANDBOLTI** „Tapið gegn Dönum sat enn í mönnum og svo er liðið orðið frekar þreytt þar sem við getum ekki skipt eins mikið og aðrar sterkari þjóðir. Í dag var það samt þannig að við vorum komnir með þennan leik í hendurnar og ég veit ekki hvað við klúðrum mörgum dauðafærum á síðustu mínútunum. Það var með hreinum ólíkindum. Það er hundfúlt að hafa kastað leik sem við vorum með frá okkur. Við gáfum þetta hreinlega," sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari eftir leik en hann var eðlilega frekar þungur á brún.

„Við erum ekki að fá nein mörk af bekknum í leiknum. Ásgeir finnur sig ekki sem var slæmt því við þurftum á því að halda er Rússarnir tóku Óla úr umferð. Síðan koma nánast engin mörk úr vinstri skyttunni og á móti svona liði er það dauðadómur," sagði Alfreð sem gat ekki neitað því að það væri erfitt að kyngja niðurstöðunni á mótinu eftir að hafa verið hársbreidd frá því að komast í undanúrslit.

„Það er mjög fúlt en þetta er þannig að með hverjum leik verður þetta erfiðara og þeir sem minna hafa spilað verða að skila meiru en þeir gerðu í dag. Róðurinn þyngist með hverjum leik út af álaginu. Það er verðugt verkefni að koma mönnum á lappir fyrir Spánverjaleikinn því hann verður mjög erfiður enda Spánn með mun betra lið en Rússland. Menn verða bara að rífa sig í gang á ný," sagði Alfreð en efstu sjö sætin á HM gefa rétt á sæti í riðlakeppni fyrir Ólympíuleikana en líklegt er að áttunda sætið muni einnig gefa sæti í riðlakeppninni en þá í erfiðum riðli með tveim öðrum Evrópuþjóðum. henry@frettabladid.is



**HM Í ÞÝSKALANDI**
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
*skrifar frá Hamburg*
henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*HM í handbolta*

**UNDANÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| ÞÝSKALAND-SPÁNN | 32-31 |

Eftir tvöfalda framlengingu. Staðan eftir venjulegan leiktíma var 21-21 og 27-27 eftir fyrri framlenginguna.

DANMÖRK-PÓLLAND

Umfjöllun um leikinn má finna á blaðsíðu 50.

**LEIKIR UM 5.-8. SÆTI**

| | |
|---|---|
| SPÁNN-KRÓATÍA | 27-35 |
| RÚSSLAND-ÍSLAND | 28-25 |

**Mörk Íslands (skot)**: Ólafur Stefánsson 7/3 (13/4), Alexander Petersson 6 (11), Guðjón Valur Sigurðsson 5 (8), Snorri Steinn Guðjónsson 3/1 (7/1), Logi Geirsson 1 (7), Sigfús Sigurðsson 1 (1), Markús Máni Michaelsson 1 (3), Arnór Atlason (1), Róbert Gunnarsson (2).
**Varin skot**: Birkir Ívar Guðmundsson 16.
**Hraðaupphlaup**: 12 (Guðjón 5, Alexander 5, Snorri 2).
**Fiskuð víti**: 5 (Alexander 2, Ólafur, Guðjón, Róbert).
**Utan vallar**: 8 mínútur.
**Mörk Rússlands**: Vitali Ivanov 6, Alexey Rastvortsev 5, Egor Evdokimov 4, Alexey Kaynarov 3, Denis Krivoshlykov 3, Mikhail Chipurine 3, Oleg Kuleshov 2, Dmitry Kovalev 1, Konstantin Igropulo 1.
**Varin skot**: Alexy Kostygov 19.
**Hraðaupphlaup**: 8.
**Utan vallar**: 8 mínútur.



**REYNIR SKOT** Alexander Petersson reynir hér skot að rússneska markinu í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ólafur Stefánsson fyrirliði er ekki hættur með íslenska landsliðinu í handbolta:

# Held áfram ef krafta minna er óskað

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson var einna best stemmdur í íslenska liðinu í gær og dró vagninn lengi vel en þegar hann var tekinn úr umferð hrundi leikur íslenska liðsins.

„Þetta var næstum því jafn slappt og gegn Úkraínu. Rússarnir voru ekki góðir og Birkir varði vel í markinu. Við gáfum þennan leik í dag. Það er ekkert öðruvísi," sagði Ólafur sem var augljóslega mjög vonsvikinn.

„Það er vissulega búið að vera erfitt eftir Danaleikinn en þetta er það sem þessar keppnir ganga út á. Þær eru ekki auðveldar og í svona leik kemur í ljós hvaða lið hefur meiri vilja og þol. Þetta var mjög dapurt," sagði Ólafur sem er ekki hættur að leika með landsliðinu.

„Ég stefni ótrauður á Ólympíuleika með landsliðinu og vil halda áfram að spila með landsliðinu á meðan ég spila með Ciudad. Á meðan menn vilja nýta krafta mína þá býð ég mig fram í landsliðið." - hbg



**ERFITT** Ólafur Stefánsson ætlar að halda áfram með íslenska landsliðinu. Hér er hann í erfiðum leik gegn Rússum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

GOTT FÓLK McCANN



**ALAN** 900-9003 / SMS X 3 Í NÚMERIÐ 1918
MICHAEL JACKSON „ROCK WITH YOU“



**JOHANNA** 900-9008 / SMS X 8 Í NÚMERIÐ 1918
GABRIELLE „OUT OF REACH“



**JÓGVAN** 900-9011 / SMS X 11 Í NÚMERIÐ 1918
JOURNEY SOUTH „TIME AFTER TIME“



**TINNA**
DATT ÚT 26. JANÚAR



**SIGGI** 900-9006 / SMS X 6 Í NÚMERIÐ 1918
RICHARD MARX „I'LL BE RIGHT THERE“



**GÍS** 900-9001 / SMS X 1 Í NÚMERIÐ 1918
WEATHER GIRLS „IT'S RAINING MEN“



**GYLFI** 900-9005 / SMS X 5 Í NÚMERIÐ 1918
KEANE „NOTHING IN MY WAY“



**FJÓRFLETTA** 900-9007 / SMS X 7 Í NÚMERIÐ 1918
DUSTY SPRINGFIELD „WISHIN AND HOPIN“



**INGA** 900-9009 / SMS X 9 Í NÚMERIÐ 1918
TINA TURNER „SIMPLY THE BEST“



**JÁ** 900-9004 / SMS X 4 Í NÚMERIÐ 1918
ROBBIE WILLIAMS „KIDS“



**GUÐBJÖRG** 900-9002 / SMS X 2 Í NÚMERIÐ 1918
CHRISTINA AGUILERA „HURT“



**HARA** 900-9010 / SMS X 10 Í NÚMERIÐ 1918
DIANA ROSS „YOU KEEP ME HANGING ON“

X FACTOR

# BEIN ÚTSENDING
## KL. 20:30 Í KVÖLD

MIÐASALA
Miðasala á 10 atriða úrslit 9. feb. hefst
á morgun í Nesti Ártúnshöfða og Fossvogi

Esso



**GATTUSO** Þykir með eindæmum skrautlegur knattspyrnumaður. NORDIC PHOTOS/AFP

Gennaro Gattuso:

## Framlengir samning sinn

**FÓTBOLTI** Ítalski knattspyrnumaðurinn Gennaro Gattuso hefur framlengt samning sinn við AC Milan til ársins 2011. Það þykir því líklegt að Gattuso muni ljúka ferli sínum á San Siro en hann er nú 29 ára gamall. Hann hefur verið hjá AC Milan síðan 1999.

Fyrr í vikunni samdi hinn hollenski Clarence Seedorf við Milan til ársins 2011. **- esá**



**SAVIOLA** Eiður Smári kemur hér inn á fyrir Javier Saviola fyrir stuttu. NORDIC PHOTOS/AFP

Juan Laporta, forseti Barca:

## Ánægður með Saviola

**FÓTBOLTI Samningur Javier Saviola við Barcelona rennur út í sumar en forseti félagsins, Juan Laporta, hefur ekki áhyggjur af framtíð hans. Saviola hefur farið á kostum með Barcelona undanfarið í fjarveru Samuels Eto'o og Lionels Messi. Hefur hann haldið Eiði Smára Guðjohnsen úr byrjunarliðinu undanfarið.**

**„Ég er gífurlega ánægður með þau mörk sem Saviola hefur skorað. Hann reynist alltaf vel þegar mest á reynir. Við erum ánægðir með hann og ég óttast ekki að hann fari í sumar, þótt hann óski þess. Verði hann áfram hjá Barca verður það vegna þess að hann langar til þess sjálfur.“** **- esá**

John Terry:

## Verður með um helgina

**FÓTBOLTI** John Terry, fyrirliði Englandsmeistara Chelsea, hefur náð sér af meiðslum sínum og verður með liðinu um helgina er liðið mætir Charlton. Jose Mourinho viðurkenndi að hans hafi verið sárt saknað undanfarnar vikur.

„John Terry er okkur mikilvægur leikmaður. Við höfum saknað hans og er mikilvægt að hann sé orðinn klár í slaginn, sérstaklega nú þegar við höfum misst marga leikmenn vegna meiðsla.“ **- esá**


## Aðalfundur 2006

FYLKIR

Aðalfundur Íþróttafélagsins Fylkis og allra deilda þess verður haldinn í Fylkishöll fimmtudaginn 15. febrúar 2007 kl. 20.30.

Dagskrá;
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

**Stjórn Íþróttafélagsins Fylkis.**


Keflavík vann sinn fyrsta deildarsigur á útivelli síðan 3. desember í Hafnarfirði í gær:

# Fyrirhafnarlítill sigur Keflvíkinga á Haukum

**KÖRFUBOLTI** Það fór eins og flestir bjuggust við á Ásvöllum í gær og Keflvíkingar sóttu bæði stigin úr viðureign sinni gegn Haukum. Keflavík vann 95-70 sigur á útivelli og er liðið því komið með átján stig í fimmta sæti deildarinnar.

„Við höfum spilað illa í vetur og eins og staðan er í dag þá erum við miðlungslið sem ætlar að toppa á réttum tíma. Við stefndum á að fara í gang í þessum leik og spiluðum vel. Við fengum mörg stig á okkur í byrjun en löguðum vörnina svo sannarlega í seinni hálfleik,“ sagði Sverrir Sverrisson, leikmaður Keflavíkur, eftir leik.

Það voru tíu stig sem skildu liðin að fyrir þennan leik en Haukar voru í næstneðsta sæti deildarinnar og þurfa nauðsynlega að fara að ná sér í stig. Keflvíkingar mættu án bandarísks leikmanns í leikinn í gær og því væntanlega einhverjir Hafnfirðingar sem voru bjartsýnir á að ná fram óvæntum úrslitum.

Haukar byrjuðu leikinn betur en Keflvíkingar voru alltaf á hælunum á þeim í fyrsta leikhluta og staðan 29-28 að honum loknum. Keflavík náði tökum á leiknum í öðrum leikhluta en Wayne Arnold í liði Hauka sá til þess að forysta gestanna var aðeins sex stig í hálfleik.

Í seinni hálfleik náðu Keflvíkingar fram góðum varnarleik og náðu tökum á leiknum. Sigur þeirra var aldrei í hættu, þeir voru einfaldlega betri, náðu öruggri forystu og virtist sigur þeirra heldur fyrirhafnarlítill.

„Við höfðum gaman af hlutunum í þessum leik og við spiluðum vel sem lið. Það vantaði menn í okkar lið og við vissum að þetta yrði hörkuleikur enda Haukar í mikilli baráttu á botninum. Nú þarf bara að halda þessu áfram,“ sagði Sverrir en Sebastian Hermenier var stigahæstur í liði Keflavíkur með 24 stig, þar af 18 í fyrri hálfleik. **- egm**



**GUNNAR EINARSSON** Skoraði 21 stig fyrir Keflavík í Hafnarfirði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ

# Höfum spilað langt undir getu

**Grindavík hefndi tapsins í undanúrslitaleiknum með því að vinna ÍR-inga á þeirra eigin heimavelli. ÍR-ingar misstu Hreggvið Magnússon meiddan af velli og virtust vera komnir með hugann við bikarúrslitin.**

**KÖRFUBOLTI** Grindavík hefndi tapsins í undanúrslitum bikarsins með því að vinna öruggan tólf stiga sigur, 81-93, á ÍR í Seljaskólanum í gær. Grindvíkingar mættu grimmuir til leiks og voru greinilega í miklum hefndarhug. Þeir unnu frákastabaráttuna og sóttu grimmt á ÍR-inga. Grindavíkurliðið fór kannski óvanalegar leiðir að þessu því liðið skaut aðeins þremur þriggja stiga skotum í seinni hálfleik og skoraði ekki þrist fyrr en eftir 25 mínútur.

ÍR-liðið mátti lítið við því að missa Hreggvið Magnússon út af eftir aðeins sex mínútna leik. Hreggviður varð fyrir meiðslum aftan í læri í bikarleiknum á sunnudaginn og þau meiðsli tóku sig upp strax í upphafi leiks. Hreggviður yfirgaf völlinn í stöðunni 16-12 fyrir ÍR og þrettán mínútum seinna þegar liðin gengu til hálfleiks voru Grindvíkingar komnir tíu stigum yfir, 37-47.

Í seinni hálfleik komu ÍRingar muninum niður í sjö stig en komust ekki nær og leikurinn var búinn þremur mínútum fyrir leikslok þegar munurinn var kominn upp í 21 stig, 66-87. ÍR-liðið bjargaði andlitinu í lokin en það er áhyggjuefni fyrir Breiðhyltinga ef að þeir eru komnir með hugann við bikarúrslitin strax því liðið er langt frá því að vera öruggt inn í úrslitakeppnina.

„Menn lögðust á eitt að breyta nokkrum áherslum frá því í síðustu leikjum og það virkaði. Það er leiðinlegt að segja það að það þurfi tap í undanúrslitum í bikar til þess að vekja okkur en kannski var það þannig. Við vorum með bikarleikinn en svo byrjuðum við að verja boltann og hættum að sækja. ÍR-ingarnir gengu á lagið og stálu þeim leik frá okkur. Í þessum leik héldum við okkar striki, keyrðum upp hraðann og vorum grimmir allan leikinn,“ segir Páll Axel, fyrirliði Grindavíkurliðsins sem vonast til að þessi leikur sé boðberi þess sem koma skal hjá liðinu. „Við höfum verið að spila mjög illa og það er það sem þurfum fyrst og fremst að laga. Við leggjum aðaláhersluna núna á það að koma nýjum manni inn og vera komnir á réttan kjöl þegar í úrslitakeppnina er komið,“ segir Páll Axel sem vill sjá meira frá liðinu en í undanförnum leikjum. „Við höfum verið að spila langt undir getu. Við byrjuðum tímabilið á að spila mjög vel með hraðan og skemmtilegan bolta en síðan stoppaði það og við fórum að spila hægan og leiðinlegan bolta. Við höfum verið að vinna í þessum hlutum og erum að reyna að setja líf í þetta aftur,“ sagði Páll Axel að lokum.

Páll Axel Vilbergsson geymdi þriggja stiga sýninguna sína þangað til í seinni hálfleik þegar hann setti fimm þrista niður en framan af leik lögðu Grindvíkingar upp með að fara inn í teig með góðum árangri. Páll Axel endaði leikinn með 25 stigum þar af komu 19 þeirra í seinni hálfleik. Grindvíkingurinn Calvin Clemmons var illviðráðanlegur inn í teig og endaði leikinn með 23 stig og 15 fráköst. Nýi bandaríski leikmaðurinn Jonathan Griffin reyndi mikið og skilaði 25 stigum en 20 skot og 8 tapaðir boltar var kannski of mikill fórnarkostnaður fyrir þau stig.

Nate Brown var aðalmaður í liði ÍR og barðist eins og ljón allan leikinn. Aðrir voru langt frá sínu besta og þurfa að gera betur ætli liðið sér inn í úrslitakeppnina.

**ooj@frettabladis.is**



**STIGAHÆSTUR** Jonathan Griffin skoraði 25 stig í Seljaskóla í gær. VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS

Æsispennandi viðureign Danmerkur og Póllands í undanúrslitum:

# Pólland áfram í úrslitaleikinn

**HANDBOLTI** Danir og Pólverjar áttust við í æsispennandi viðureign í undanúrslitum heimsmeistaramótsins í Þýskalandi í gær. Rétt eins og í hinum undanúrslitaleiknum þurfti að tvíframlengja leikinn. Pólverjar keyrðu svo yfir Dani á síðustu mínútum seinni framlengingarinnar og unnu sætan sigur, 36-33.

Pólverjur stjórnuðu leiknum lengst af í venjulegum leiktíma. Danir létu hins vegar aldrei segjast og undir lokin tókst þeim að jafna metin og áttu meira að segja möguleika á því að gera út um leikinn.

Pólverjar gáfust hins vegar ekki upp, jöfnuðu leikinn sem var þá framlengdur.

Þegar tvær mínútur voru eftir af fyrri framlengingunni höfðu Pólverjar eins marks forystu en misstu svo mann af velli vegna brottvísunar. Danir jöfnuðu metin tvívegis á lokamínútunum í kjölfarið. Pólverjar áttu hins vegar lokasókn framlengingarinnar en misstu marks.

Danir komust yfir snemma í síðari framlengingunni, 31-30 en fóru illa að ráði sínu eftir það. Klaufaleg mistök kostuðu þá dýrmætar sóknir og Pólverjar skoruðu fyrir vikið næstu þrjú mörkin.

Þeir dönsku náðu að vísu að minnka muninn en Pólverjar héldu ótrauðir áfram og tryggðu sér að lokum þriggja marka sigur, 36-33.

Vonbrigði frænda okkar því mikil, svo skömmu eftir þá gríðarmiklu gleði sem greip dönsku þjóðina eftir sigurinn á Íslandi í fjórðungsúrslitum.

Pólland og Þýskaland eigast því við í úrslitum HM en Danir og Frakkar í leik um bronsið. **- esá**



**STOPP** Lars Madsen, hetja Dana gegn Íslandi á þriðjudagginn, er hér haldið af Pólverjanum Rafal Kuptel í leik liðanna í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Iceland Express deild karla*

| | |
|---|---|
| HAUKAR-KEFLAVÍK | 70-95 |

**Stig Hauka**: Wayne Arnold 36, Roni Leimu 11, Predrag Novakovic 10, Sævar Haraldsson 10, Kristinn Jónsson 4, Kestutis Jurgelevici 2.

**Stig Keflavíkur**: Sebastian Hermenier 24, Gunnar Einarsson 21, Sverrir Sverrisson 15, Arnar F. Jónsson 15, Sigurður G. Þorsteinsson 7, Halldór Ö Halldórsson 6, Jón N. Hafsteinsson 3, Axel Margeirsson 2, Jón G. Jónsson 1, Þröstur Jóhannsson 1.

| | |
|---|---|
| ÍR-GRINDAVÍK | 81-93 |

**Stig ÍR**: Nate Brown 19, Eiríkur Önundarson 14, Steinar Arason 11, Ómar Sævarsson 11, Sveinbjörn Claessen 10, Fannar Helgason 8, Ólafur Sigurðsson 3, Keith Vassel 3, Hreggviður Magnússon 2.

**Stig Grindavíkur**: Páll Axel Vilbergsson 25, Jonatha Criffin 25, Calcin Clemmons 23, Adama Darbol 6, Páll Kristinsson 6, Þorleifur Ólafsson 4, Sigurður Sigurbjörnsson 2, Björn Brynjólfsson 2.

| | |
|---|---|
| HAMAR/SELFOSS-SKALLAGRÍMUR | 77-99 |
| ÞÓR ÞORLÁKSHÖFN-SNÆFELL | 81-78 |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **NJARÐVÍK** | **14** | **12** | **2** | **1212-1122** | **24** |
| SKALLAGR. | 15 | 11 | 4 | 1355-1249 | 22 |
| **KR** | **14** | **11** | **3** | **1235-1104** | **22** |
| SNÆFELL | 15 | 11 | 4 | 1205-1103 | 22 |
| **KEFLAVÍK** | **15** | **9** | **6** | **1358-1256** | **18** |
| GRINDAVÍK | 15 | 8 | 7 | 1296-1218 | 16 |
| **TINDASTÓLL** | **14** | **6** | **8** | **1234-1288** | **12** |
| ÍR | 15 | 5 | 10 | 1246-1300 | 10 |
| **HAMAR/SELF.** | **15** | **5** | **10** | **1122-1228** | **10** |
| ÞÓR ÞORL. | 15 | 4 | 11 | 1241-1365 | 8 |
| **FJÖLNIR** | **14** | **3** | **11** | **1177-1272** | **6** |
| HAUKAR | 15 | 3 | 12 | 1233-1409 | 6 |



MAX
VALDAR VÖRUR
15-90%
AFSLÁTTUR
ÖRFÁ VERÐ DÆMI
14.899 kr.
Fullt verð 19.999
Sarotech Abigs DivX
• 3.5" sjónvarpsflakkari
• Með USB
• Tengist beint í sjónvarp
1.499 kr. CD
Fullt verð 2.299
ÍTV 2007 - CD
ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2006
THE ICELANDIC MUSIC AWARDS
28.999 kr.
Fullt verð 41.988
Sarotech Abigs DivX
• Sjónvarpsflakkari
• DVI/Lan
• Með USB
• Svartur eða rauður
• Tengist beint í sjónvarp
2.999 kr.
Remington S8660
• Remington Multistyler Kit
• Keramik og Ionic-tæki
• Sléttir, krullar, gerir slöngulokka, bylgjur o.fl.
• Tækið hitnar á 60 sek.
Fullt verð 3.999
1.489 kr.
Fullt verð 2.299
Lay Low - CD
CD
LAY LOW
PLEASE DON'T HATE ME
1.699 kr.
Fullt verð 2.199
Norah Jones - CD
CD
18.999 kr.
PLAYSTATION PSP
Flottasta leikjavélin á markaðnum í dag!
Fullt verð 23.999
2.499 kr.
Remington CS5001
• Keramik sléttujárn
• Hitnar á 60 sek.
• Hitnar í 200 gráður
Fullt verð 3.499
1.799 kr.
Fullt verð 2.499
Rokkland 2006 - 2 CD
2CD
9.999 kr.
Fullt verð 12.999
1.999 kr.
HELSTU ATBURÐIR 20. ALDAR
DVD
Fullt verð 3.499
20. öldin - 3 DVD
1.999 kr.
Sopranos
PS2
Fullt verð 4.999
Sopranoes - PS2
699 kr.
NEMO
PC
Fullt verð 2.499
Finding Nemo - PC
1.999 kr. DVD+CD
Björgvin og Sinfó - 3 DVD
Fullt verð 3.199
PLAYSTATION 2
Playstation leikjavélin vinsæla, mest selda leikjavélin frá upphafi.
MAX RAFTÆKI
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Við erum beint á móti IKEA
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

## > SHARON STONE

Fædd 10. mars 1958. Var fædd og uppalin í Meadville, litlum bæ í Pennsylvaníu. Hún var önnur af fjórum systkinum. Hún var mjög gáfað barn og mikill bókaormur. Foreldrarnir spáðu því að hún yrði lögfræðingur en sjálf heillaðist hún af hvíta tjaldinu, Sautján ára sigraði hún fegurðarsameppni í Pennsylvaniu. Hennar fyrsta hlutverk í bíómynd var í mynd Woody Allen, Stardust Memories 1980. Hún lék í Cold Creek Manor sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON HEFUR TRÚ Á OFURHETJUM

# *Ofurmannlegir athyglisþjófar*

Eftir draugfúla sjónvarpsmánuði í lok árs hrúgast nú inn áhugaverðir þættir á alla helstu sjónvarpspósta. Þættir sem hafa þegar fest sig í sessi eru áberandi og það er lítil hætta á því að maður fari að snúa baki við 24, Lost!, Desperate Housewives og Rome.

Það er hins vegar ekki eftirsóknarvert hlutskipti að eyða lunganum af frítíma sínum fyrir framan sjónvarpið þannig að maður getur ekki leyft sér að ánetjast öllum nýliðunum sem munu reyna að stela dýrmætum klukkustundum úr lífi manns næstu vikurnar.

Raðmorðinginn Dexter sem byrjar á Skjá einum í næstu viku hefur ákveðna forgjöf á aðra þar sem hann hefur þegar verið kynntur til leiks í ágætri glæpasögu sem kom út fyrir jólin 2005. Þessi blóðslettusérfræðingur lögreglunnar á Miami sem dundar sér við að drepa illmenni utan vinnutíma var heillandi á pappírnum og maður mun láta hann njóta þess á skjánum. Í það minnsta til að byrja með.



**UNGAR OFURHETJUR** Lofa góðu á skjánum.

Annars hef ég ákveðið að láta allt nýmeti lönd og leið fyrir utan Heroes, sem eru komnir á þriðju viku á Skjá einum. Þættirnir lofa góðu og það þurfti ekki nema þá tvo fyrstu til þess að festa mann við þessa mislitu hjörð ungs fólks sem kemst óvænt að því að það býr yfir ofurmannlegum hæfileikum.

Ofurhetjan hefur verið að sækja í sig veðrið í kvikmyndum á liðnum árum og hefur gert leiftursókn af blaðsíðum myndasögubóka yfir á hvíta tjaldið. Það hlaut að koma að því að þær sæktu fram í sjónvarpi og takist liðinu í Heroes að hasla sér völl í imbakassanum munu sjálfsagt fleiri fylgja í kjölfarið. Ekkert að því. Ofurhetjur eru hressar og sem betur fer oftast skemmtilegar.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** There´s Something About Mary STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05** The Simpsons STÖÐ 2



▶ **21.55** Punk´d STÖÐ 2



▶ **23.00** Porn Star SIRKUS



▶ **00.10** Indiana - LA Lakers SÝN

## SJÓNVARPIÐ

**12.00 HM í handbolta (e)** Ísland-Rússland, keppt um 5-8 sæti í Hamborg.

**13.30 HM í handbolta** Leikur Íslendinga og Frakka í Magdeburg.

**14.00 HM í handbolta (e)** Undanúrslit, Pólland-Danmörk í Hamborg.

**15.30 HM í handbolta (e)** Undanúrslit, Þýskaland-Frakkland í Köln.

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Snillingarnir** (21:28)

**18.25 Ungar ofurhetjur** (13:26)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins**

**20.25 Tannálfurinn** (Toothless) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1997. Meðal leikenda eru Kirstie Alley, Dale Midkiff, Ross Malinger og Lynn Redgrave.

**21.50 Sár Krists** (Stigmata) Bandarísk bíómynd frá 1999. Prestur úr Páfagarði er sendur til að kanna hvað hæft sé í því að blæði úr augum á styttum í kirkju í brasilískum smábæ. Leikstjóri er Rupert Wainwright og meðal leikenda eru Patricia Arquette, Gabriel Byrne, Jonathan Pryce og Nia Long. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**23.30 Verndarengillinn (e)** (Angel Eyes) Bandarísk bíómynd frá 2001 um dularfullan mann sem þykist vera verndarengill lögreglukonu.

**01.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Race to Space** (Kapp út í geim)

**08.00 Interstate 60** (Þjóðvegur 60)

**10.00 Down With Love** (Ástsýki)

**12.00 There´s Something About Mary**

**14.00 Race to Space** (Kapp út í geim)

**16.00 Interstate 60** (Þjóðvegur 60)

**18.00 Down With Love** (Ástsýki)

▶**20.00 There´s Something About Mary** Aðalhlutverk: Matt Dillon, Ben Stiller, Cameron Diaz. 1998. Leyfð öllum aldurshópum.

**22.00 X-Files: Fight the Future** 1998. Stranglega bönnuð börnum.

**00.00 Rules of Attraction** (Leikreglur ástarinnar) Stranglega bönnuð börnum.

**02.00 May** Stranglega bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**07.00 Animaniacs** (Villingarnir)

**07.20 Grallararnir** (Tiny Toons)

**07.40 Taz-Mania 1**

**08.00 Oprah**

**08.45 Í fínu formi 2005**

**09.00 Bold and the Beautiful**

**09.20 Related** (2:18) (Systrabönd)

**10.05 Ganga stjörnurnar aftur?** (2:8)

**11.15 60 mínútur**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.40 Nágrannar**

**13.05 Valentína**

**14.35 Hot Properties** (9:13)

**15.00 Jack Osbourne - No Fear** (1:4)

**15.50 Hestaklúbburinn**

**16.13 Nýja vonda nornin**

**16.33 Kringlukast**

**16.58 Titeuf**

**17.23 Pingu**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar** (Neighbours)

**18.18 Íþróttir og veður**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

▶**20.05 The Simpsons** (5:22)

**20.30 X-Factor** (11:20) Úrslitakeppnin í X-Factor er hafin í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind.

▶**21.55 Punk´d** (2:16) (Gómaður)

**22.25 X-Factor - úrslit símakosningar**

**22:50 Rabbit-Proof Fence** (Kanínugirðingin) Sannsöguleg kvikmynd sem gerist á 4. áratug síðustu aldar og lýsir á átakanlegan hátt því gróflega misrétti sem ástralskir frumbyggjar þurftu að sæta. Aðalhlutverk: Everlyn Sampi, Tianna Sansbury, Laura Monaghan. Leikstjóri: Phillip Noyce. 2002. Leyfð öllum aldurshópum.

**00.20 Cold Creek Manor** Dulmagnað spennudrama með Dennis Quaid og Sharon Stone um fjölskyldu sem flytur úr borginni í afskekkt og niðurnítt ættaróðar sem á sér dularfulla og ógnvekjandi fortíðAðalhlutverk: Dennis Quaid, Sharon Stone, Stephen Dorff. Leikstjóri: Mike Figgis. 2003. Stranglega bönnuð börnum.

**02.15 Open Range** Aðalhlutverk: Robert Duvall, Kevin Costner, Annette Benning. 2003. Bönnuð börnum.

**04.30 The Simpsons** (5:22)

**04.55 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Entertainment Tonight (e)**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 American Dad 3 (e)**

**19.55 3. hæð til vinstri** (2:30) Í blokk einni í Reykjavík búa vinirnir Bragi og Hrafntinna. Bragi er bókmenntafræðingur sem þráir ekkert heitar en að gerast kennari en Fjóla er listamaður. Dag einn flytur bróðir Braga inn til vinanna og lífið í íbúðinni raskast við það. Til þess að halda friðinn í íbúðinni ákveða þau að videoblogga um líf sitt á heimilinu og fá þannig útrás fyrir reiðina. 3. hæð til vinstri er fimm mínútna videoblogg á hverjum degi á Sirkus klukkan 19:55

**20.00 Sirkus Rvk (e)**

**20.30 South Park (e)** Níunda serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi.

**21.00 Chappelle´s Show 1 (e)**

**21.30 Star Stories (e)** Gamanþættir þar sem gert er grín að stjörnunum og lífi þeirra.

**22.00 Brat Camp USA (e)**

▶**23.00 Porn Star: The Legend of Ron Jeremy** Kvikmyndahátíðin "Yfir Strikið" er á dagskrá Sirkus öll föstudagskvöld klukkan 23. Mynd kvöldsins: Porn Star: The Legend of Ron Jeremy Stranglega bönnuð börnum!

**00.30 Pepper Dennis (e)** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicago borgar. En því miður fyrir hana þá er búið að ráða í stöðuna.

**02.10 Entertainment Tonight**

**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210 (e)**

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Melrose Place (e)**

**14.15 The King of Queens (e)**

**14.45 Vörutorg**

**15.45 Skólahreysti - NÝTT (e)**

**16.45 Beverly Hills 90210**

**17.30 Rachael Ray**

**18.15 Melrose Place**

**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**

**19.30 Trailer Park Boys**

**20.00 One Tree Hill** Bandarísk unglingasería þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantík fara saman.

**21.00 The Bachelor VIII**

**22.00 Kojak - Lokaþáttur** Sköllótta löggan með rauða sleikipinnann er mætt aftur. Nú er það Ving Rhames sem leikur Kojak. Seinni hluti lokaþáttarins og Kojak er enn að rannsaka morðið á ástmanni Kate McNeill (Dana Delany), eiginkonu lögreglustjórans.

**22.50 Everybody Loves Raymond**

**23.15 Nightmares and Dreamscapes** Saga kvöldsins kallast The End of the Whole Mess og þeir Henry Thomas og Ron Livingston leika aðalhlutverkin. Ungur snillingur finnur upp lyf sem getur komið í veg fyrir frekara ofbeldi í heiminum. Bönnuð börnum.

**00.05 House (e)**

**00.55 Close to Home (e)**

**01.45 Beverly Hills 90210 (e)**

**0.:30 Vörutorg**

**03.30 Melrose Place (e)**

**04.15 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

## SKJÁR SPORT

**07:00 Liðið mitt (e)**

**14:00 Reading - Wigan (frá 30.jan)**

**16:00 Newcastle - Aston V. (frá 31.jan)**

**18:00 Upphitun**

**18:30 Liðið mitt (e)**

**19:30 Þrumuskot (e)**

**20:30 Chelsea - Blackburn (frá 31.jan)**

**22:30 Upphitun (e)**

**23:00 West H. - Liverpool (frá 30.jan)**

**01:00 Upphitun (e)**

**01:30 Dagskrárlok**


ENNEMM / SIA / NM25945

One Tree Hill



Í KVÖLD KL. 20
Á SKJÁEINUM

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

### X-Factor í beinni



Annað úrslitakvöldið í X-Factor fer fram í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind í kvöld. Úrslitakeppnin hófst með látum um síðustu helgi þar sem fyrsti keppandinn var látinn taka pokann sinn. Það var Sigurbjörg Tinna Gunnarsdóttir, en kröftugur flutningur hennar á „You Ought To Know", sem Alanis Morissette flutti upphaflega, dugði henni ekki til áframhaldandi þátttöku. Það vakti sérstaka athygli hversu hart dómararnir deildu í fyrsta þætti úrslitakeppninnar – einkum þau Palli og Ellý. Ef framvindan verður hins vegar eitthvað í ætt við hvernig breski X-Factor hefur þróast þá eiga átökin milli dómaranna eftir að magnast enn frekar.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ STIGMATA RÚV KL. 21.50

Bandarísk bíómynd frá 1999. Prestur úr Páfagarði er sendur til að kanna hvað hæft sé í því að blæði úr augum á styttum í kirkju í brasilískum smábæ og í framhaldi af því hefur hann kynni af stúlku sem virðist upplifa þjáningar Krists. Leikstjóri er Rupert Wainwright og meðal leikenda eru Patricia Arquette, Gabriel Byrne, Jonathan Pryce og Nia Long. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.50** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.00** Fréttir **14.03** Útvarpssagan: Eftir örstuttan leik **14.35** Miðdegistónar **15.00** Fréttir **15.03** Flakk **16.00** Fréttir **16.10** Veðurfregnir **16.13** Hlaupanótan

**17.00** Fréttir

**17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir

**18.24** Auglýsingar

**18.25** Spegillinn

**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar

**19.00** Lög unga fólksins

**19.30** Óvissuferð - allir velkomnir

**20.10** Síðdegi skógarpúkanna

**21.05** Sögumenn: Að leggja heiminn undir fótinn

**21.55** Orð kvöldsins

**22.00** Fréttir

**22.10** Veðurfregnir

**22.15** Litla flugan

**23.00** Kvöldgestir

**00.00** Fréttir

**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**16.05 Spænska bikarkeppnin** (Sevilla - Betis)

**17.45 Presidents Cup 2007 - Official**

**18.10 Gillette World Sport 2007**

**18.40 PGA Tour 2007 - Highlights**

**19.35 Spænski boltinn - upphitun** (La Liga Report) Upphitun fyrir helgina.

**20.00 Ameríski fótboltinn**

**20.30 Pro bull riding**

**21.30 World Supercross GP 2006-2007**

**22.30 Football and Poker Legends** (Football and Poker Legends) Í þessum pókerþætti er spilað pókerafbrigðið Texas Holdem no limit sem farið hefur sigurför um heiminn. Í Bandaríkjunum og Evrópu eru starfræktar keppnismótaraðir sem njóta mikillar hylli en keppendur eru mest megnis atinnumenn.

▶**00.10 NBA deildin** (Indiana - LA Lakers) Bein útsending frá leik Indiana Pacers og LA Lakers. Pacers eru gjarnan erfiðir heim að sækja enda mikil körfuboltahefð á þessu svæði en þaðan er til dæmis goðsögnin Larry Bird. Hefðin er ekki síðri hjá Lakers en þar er Phil Jackson smám saman að púsla saman sterku liði.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**8.30** Børneblæksprutten **8.45** Ungdomsprogram **9.00** Viften **9.30** Kend dit hus **10.00** Siriuspatruljen: Den tredje mand **10.30** Kender du typen **11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Grøn glæde **12.00** Rabatten **12.25** Aftenshowet **13.20** Filmtricks - hundrede år med Nordisk Film **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Becoming **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** SvampeBob **16.00** Max **16.30** Hunni*show **16.45** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Vejret på DR1 **18.00** Disney Sjov **19.00** Dansk Melodi Grand Prix 2007 **20.00** TV Avisen **20.30** Vinderne af 2. semifinale **20.45** Kodenavn: Mercury **22.35** Tilståelsen **0.25** Boogie Listen

### NRK 1

**8.30** Klasse 9a **9.00** Siste nytt **9.05** Schrödingers katt **9.30** Newton **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20 Fra Oslo og** Akershus **13.40** Fra Åstfold **14.00** Siste nytt **14.05** Anne fra Bjørkely **15.00** Siste nytt **15.03** VG-lista Topp 20 1**6.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VG-lista Topp 20 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Franklin **17.15** Mekke-Mikkel **17.25** Pingvinen Jasper **17.30** Lure Lucy **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Først & sist **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Seks fot under **23.05** Chuck Berry - live fra BBC Theatre i 1972 **0.00** Sorte orm

### SVT 1

**8.30** Samtal med **8.45** Ramp höjdare **9.15** Extra **9.40** Born Wild **9.45** Under stjärnorna **10.15** Ramp höjdare **11.00** Rapport **11.05** På spåret **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Konståkning: EM **17.00** Höjdarna **17.25** Budfirman Bums **17.30** Pelikanmannen **18.00** Mitt liv som en Popat **18.30** Rapport **19.00** Så ska det låta **20.00** Brandvägg **21.30** Konståkning: EM **22.30** Rapport **22.40** Kulturnyheterna **22.50** We Were Soldiers **1.05** Sändningar från SVT24




## HRÓSIÐ ...



*... fær Emiliano Monaco og félagar hans í Reykjavík Documentary Workshop, sem hyggjast hefja heimildamyndir til vegs og virðingar og kynna þær almennilega fyrir landsmönnum.*

# Barði með lag í lesbíuþættinum L-Word

„Þetta er mjög fínt, aðallega fjárhagslega,“ segir Barði Jóhannsson en lagið hans Dream hljómar í næstu þáttaröð The L-Word sem sýnd verður Skjá einum í haust. Söngkonan Noemi Brosset syngur lagið en Barði segir að þau hafi samið það saman. Tónlistarmaðurinn vissi ekki undir hvaða aðstæðum það myndi hljóma. Og hafði sjálfur ekki séð þættina. „Nei, ég verð nú að viðurkenna það en mikið af fólki í kringum mig horfir á þessa þætti og hefur gaman af,“ segir Barði. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem Barði á lag í bandarískum sjónvarpsþætti því hann átti lag í síðustu seríu af O. C.



**BARÐI** Hefur ekki séð þættina og vissi ekki undir hvaða aðstæðum lagið fengi að hljóma.

Fjöldi þekktra tónlistarmanna hefur komið við sögu í þáttunum og nægir þar að nefna Íslandsvininn Peaches. Í þáttinum sem lag Barða fær að hljóma kemur síðan Goldfrapp fram. Barði hefur töluverða reynslu af tónsmíðum við leikið efni, á lög í tveimur kvikmyndum um þessar mundir en hann samdi sem kunnugt er tónlistina ásamt Mínus við kvikmyndina Strákarnir okkar. Sem fjallaði líka um samkynhneigð, hommalið í knattspyrnu.



**THE L-WORD** Þættirnir um lesbíurnar í Los Angeles hafa notið þónokkurra vinsælda.

The L-Word þættirnir hafa notið töluverðra vinsælda hér heima og vestanhafs en þeir þykja opinskáir í umfjöllun sinni um lesbíurnar tólf í Los Angeles. Barði er hins vegar ekki eini íslenski tónlistamaðurinn sem bandarískir sjónvarpsframleiðendur hafa fallið fyrir því Emilíana Torrini átti lag við dramatískar aðstæður í Grey's Anatomy og lag tónlistarmannsins Eberg hljómaði einnig í unglingasápunni O.C. -fgg



**LÁRÉTT 2** endaveggur **6** í röð **8** þrí **9** bókstafur **11** ryk **12** froða **14** flatfótur **16** berist til **17** rá **18** for **20** tveir eins **21** faðmlag.

**LÓÐRÉTT 1** viðlag **3** bardagi **4** viðhald **5** festing **7** umorðun **10** mas **13** suss **15** glyðra **16** hryggur **19** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** gafl, **6** tu, **8** trí, **9** emm, **11** ím, **12** frauð, **14** ilsig, **16** bt, **17** slá, **18** aur, **20** ll, **21** knús.

**LÓÐRÉTT: 1** stef, **3** at, **4** friðill, **5** lím, **7** umritun, **10** mal, **13** uss, **15** gála, **16** bak, **19** rú.

vísir

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

www.visir.is



## GÍSLI EINARSSON: LAND ROVER ´66 OG BROT ÚR SVEITINNI Í AFMÆLINU

# Fékk 80 umferðarpunkta í fertugsafmælisgjöf

„Þetta var stórkostlegt afmæli. Ég væri til í að verða fertugur aftur bara upp á það,“ segir Gísli Einarsson frétta- og Mýramaður með meiru í samtali við Fréttablaðið.

Um síðustu helgi var slegið upp heljarinnar veislu í tilefni dagsins. Gísli varð fertugur og afmælisbarnið forsýndi í Landnámssetrinu á Borgarnesi við það tækifæri, hálfkláraða sýningu sem heitir Mýramaðurinn. Gísli segir hana í anda Davids Attenborough en þar er vísindalega farið yfir þróun Mýramannsins frá steinöld til vorra daga. Verkið er flutt af Gísla og inn á milli er brugðið upp kvikmyndabrotum.

„Já, ég held að verkið varpi nýju ljósi á þessa tegund þannig að menn átti sig betur á hegðunarmunstrinu sem einkennir menn á borð við Magnús Scheving og Guðlaug Þór Þórðarson svo dæmi séu nefnd,“ segir Gísli sem sýnir verkið um þessar mundir í Landnámssetrinu.

Afmælisbarnið er afskaplega ánægt með hvernig til tókst enda steig hin fornfræga hljómsveit Upplyfting á svið og Gísli segir uppnuminn: „Elton John hvað? Ég hefði getað notað hann í dinnerinum. En hann er ekkert á borð við Upplyftingu.“

En þó sýning Gísla sæti tíðindum og fjörið í veislunni eru það ekki síst afmælisgjafirnar sem vekja athygli: Brot úr Lundareykjadal sem innihélt þrjár þúfur, gaddavír og sitthvað fleira en einmitt þar sleit Gísli barnsskónum og forláta Land Rover árgerð 1966. Gangfær og nýskoðaður. Ýmsir mektarmenn úr sveitinni gáfu Gísla þessa höfðinglegu gjöf.



**GÍSLI OG LAND ROVERINN GÓÐI** Hann kemst í 70 km hraða undan brekku og í hagstæðri vindátt.

„Hann kemst upp í 70 km hraða, þá niður brekku og í hagstæðri vindátt,“ segir Gísli sem kann að lesa í skilaboðin sem felast í gjöfinni. Er þá ónefnd sú gjöf sem Gísla þótti einna mest til koma. Allir gestir í veislunni lögðu fram á löggiltum skjalapappír yfirlýsingu afsals á einum umferðarpunkti hver til Gísla. Samtals 80 umferðarpunktar.

„Yfirfærsla á kvóta. Það er ekkert leyndarmál að ökuferill minn er ævintýralegur. Já, ég hef misst prófið. Fyrir að fara yfir á punktum. Ég er með hreinan skjöld núna en gott að eiga 80 umferðarpunkta upp á að hlaupa. Ég á eftir að þinglýsa þeim en veit ekki hvernig það mun ganga.“

jakob@frettabladid.is



**GÍSLI, RAKEL BRYNDÍS OG GUÐRÚN HULDA PÁLMADÓTTIR** Kona Gísla og svo frumburðurinn sem steig á svið og söng fyrir föður sinn mikinn brag.



**UPPLYFTING HIN FORNFRÆGA** Sigurður Dagbjartsson, Magnús Stefánsson og Kristján Björn Snorrason. Gísli gefur lítið fyrir Elton í samanburði.



**BROT ÚR LUNDAREYKJARDAL** Partur af versta vegi sem um getur, þrjár þúfur og brennivínsflaska tilheyrðu einni afmælisgjöfinni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslendingar hafa verið áberandi á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg sem stendur nú sem hæst. Fimm nýjar íslenskar kvikmyndir verða kynntar með einum eða öðrum hætti en það eru Börn og Foreldrar eftir **Ragnar Bragason**, Anna og skapsveiflurnar, Köld slóð og Astrópía en hún verður í flokki með verkum sem eru rétt ókláruð. Athygli vekur að tvær íslenskar kvikmyndir eru meðal þeirra kvikmynda sem valdar voru á sérstaka yfirlitssýningu vegna þrjátíu ára afmælis hátíðarinnar en það eru Börn náttúrunnar í leikstjórn **Friðriks Þórs Friðikssonar** og Hrafninn flýgur eftir **Hrafn Gunnlaugsson**.



Veitingahjónin **Garðar Kjartansson** og **Ingibjörg Örlygsdóttir**, sem seldu Nasa á síðasta ári, eiga nú í viðræðum við Guðvarð Gíslason um kaup á veitingastaðnum Apótekinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru samningaviðræður langt komnar en stutt hlé hefur nú verið gert á þeim. Ástæðan er sú að Guffi, eins og Guðvarður er jafnan kallaður, er staddur erlendis á skíðum.

- fgg/óhþ



FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðavogi 44, s. 588 8686.
Opið alla laugardaga 11-14

SÚR HVALUR - SÚRT RENGI
HARÐFISKUR



# Nýtt fréttastef hjá RÚV

„Nú eru allir fréttatímar komnir með sama auðkennið,“ segir Óðinn Jónsson, fréttastjóri Ríkisútvarpsins. Margir hlustendur hrukku í kút þegar nýtt stef hljómaði í undan hádegisfréttunum í gær. Hið gamla er löngu orðið samgróið fréttaflutningi gömlu Gufunnar, hefur verið spilað í nærri aldarfjórðung.

„Við vildum bara minna hlustendur okkar á að við erum nútímaleg og kjarkmikil fréttastofa og þetta var eitt af þeim atriðum sem við vildum breyta,“ útskýrir Óðinn og segir að ekki hafi staðið á viðbrögðunum en þau hafi flest öll verið á jákvæðu nótunum. „Við erum ekki að biðla til fólks að það hoppi um af kæti og vissulega eru margir hugsi yfir þessu,“ útskýrir Óðinn. „Fólk verður líka að fá tækifæri til að venjast þessu nýja stefi.“



**ÓLAFUR JÓHANNSSON** Stef lýtur öðrum lögmálum en önnur tónlist,, er ekki lag heldur meira eins og merki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÓÐINN JÓNSSON** Kominn tími á að breyta um stef eftir aldarfjórðung

Höfundur nýja stefsins er Ólafur Jóhannsson en hann starfar alla jafnan sem tæknimaður hjá Útvarpinu. Ólafur naut liðsinnis Viðars Hákons úr hljómsveitinni Trabant og segir höfundurinn að þeir hafi legið vel og lengi yfir stefinu. „Ég forðast reyndar þá hugsun að stefið eigi eftir að hljóma næstu 25 árin,“ segir Ólafur sem hafði fengið ólík viðbrögð við þessari breytingu. „Sumir hafa hugsað okkur þegjandi þörfina fyrir að vera breyta lífi þeirra enn einu sinni. Unga fólkið tekur þessu hins vegar fegins hendi.“ -fgg


MAX
...SÍÐASTA LOTAN!
ROCKY BALBOA
FRUMSÝND Í DAG!
BOÐSMIÐI
ROCKY BALBOA
KEYPTU EINHVERJAR TVÆR ROCKY DVD MYNDIR Í MAX Á TILBOÐI OG ÞÚ FÆRÐ TVO BÍÓMIÐA Á NÝJU ROCKY MYNDINA*
* meðan birgðir endast
ROCKY
ROCKY II
ROCKY III
ROCKY IV
ROCKY V
1.499 kr.
hver mynd
SMÁRABÍÓ
REGNBOGINN
Borgarbíó
MAX RAFTÆKI
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR
SIGURJÓNS KJARTANSSONAR

## Nóg að gera

Þegar tveir Íslendingar hittast á förnum vegi er vaninn að annar spyrji: „Hvað segirðu gott?“, „Heyrðu, bara allt það fína,“ er þá venjulega svarið og í kjölfarið kemur iðulega spurningin: „Nóg að gera?“

**ÞETTA** er staðreynd. Okkur finnst fátt mikilvægara en að vera önnum kafin og viljum meðbróður okkar ekkert minna. Ef ekki er nóg að gera hjá einhverjum, þá er eitthvað að.

**„ÉG** er bara búinn að vera svo bissí“ er afsökun sem flestir Íslendingar taka með miklum skilningi. Við kinkum samþykkjandi kolli og segjum: „Sama hér.“ Sá þykir skrítinn sem ekki er eitthvað að vinna á kvöldin og um helgar. „Er síminn kannski ekkert að hringja hjá honum eða …?“

**ÞESSI** spurning; „Er nóg að gera?“ er svo samofin vitund minni að það þurfti mann sem hefur búið í Danmörku í fimm ár til að benda mér á þetta. Meðan Danir heilsast með því að metast um frítíma, heilsast Íslendingar með metingi um hvor vinni meira.

**EN** Danir eru nú engir snillingar. Það er nú til gamalt og gott máltæki sem segir að vinnan sé systir hamingjunnar og með því að spyrja hvort nóg sé að gera er maður í raun að spyrja hvort viðkomandi sé ekki hamingjusamur. Það er að segja ef viðkomandi er karlmaður.

**ÞVÍ** konur fá þessa spurningu mun sjaldnar en karlar. Kannski er það vegna þess að við vitum innst inni að það er alltof mikið að gera hjá flestum konum. Ef við myndum aulast til að spyrja konu þessarar spurningar þá kæmi hrollvekjandi holskefla af upplýsingum um barnauppeldi, Bónusferðir og þvott, auk þess sem hún skilar a.m.k. átta stunda vinnudegi og er líka í námi. En hún leggur þetta á sig vegna þess að það er svo mikið „nóg að gera“ hjá manninum hennar, því sá sést varla nema yfir blánóttina.

**OG** hann er hetjan í fjölskylduboðunum. Hann er týndi sonurinn sem sýndi og sannaði að hann er enginn aumingi. Í dag hefur hann svo mikið að gera að börnin hans þekkja hann ekki. Þannig var það líka með pabba hans, sem nú bætir fyrir samskiptaleysið við soninn með því að vera góður við barnabörnin. „Það er fjör í sonarsyninum. Hann verður mikill vinnumaður þegar hann verður stór. Það verður örugglega nóg að gera hjá honum.“







1997-2007
FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ATLANTIC AIRWAYS

flugfelag.is

# Flug til Færeyja

## - brú milli bræðra og góðra granna



### Viðskiptatækifæri - ferðaævintýri

Færeyjar eru heillandi heimur rétt við bæjardyr okkar Íslendinga. Þar sem þær rísa úr hafi bíður okkar gestrisin og vingjarnleg þjóð, litskrúðugt mannlíf, stórbrotin náttúra og þróttmikið samfélag með ótal möguleikum og opið fyrir nýjum hugmyndum.

Í samvinnu við Atlantic Airways býður Flugfélag Íslands reglubundnar flugferðir milli Íslands og Færeyja allan ársins hring. Fram til 24. mars er flogið tvisvar í viku, á mánudögum og föstudögum. Frá 25. mars er flogið þrisvar í viku, á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum.

Verð frá **23.470** kr., báðar leiðir með sköttum.

Færeyjaflug í samvinnu við Atlantic Airways.

ÍSLENSKA SIA.IS FLU 35884 01.2007